





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

qu'il
e cet
t de vue
age
cation
qués

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

„BÓKASAFN LÖGBERGS“

LEIKINN GLÆPAMADUR

EFTIR

RODRIGUES OTTOLENGUI

Arnþjotur B. Olson

657457



WINNIPEG
PRENTAD Í PRENTSMÍÐUM LÖGBERGS
1900

[Faint, illegible text on the left page]

[Faint, illegible text on the right page, partially obscured by a vertical line]

MA

er
ko

sv
hi
sv
ač
fe
st
fle

h
„E
in

Arnaldur B. Olson

LEIKINN GLÆPAMADUR.

I. KAPÍTULI.

MADUR NOKKUR ÁLÍTUR, AÐ HANN GETI DRÝGT GLÆP
ÁN ÞESS AÐ VERDA UPPVÍS AÐ ÞVI.

„JACK BARNES verður aldrei strandaglópur, það er áreiðanlegt“, sagði farþeginn um leið og hann komst upp á tröppuna á svefnvagninum.

„Hér skall nú samt hurð nærri hælum“, sagði svefnvagns þjónninn, sem hafði hjálpað Mr. Barnes í hinni ofdirfskufullu tilraun hans að koma upp í svefnvagninn á miðnætur-bradlestinni, þegar hún var að renna út úr Boston-borg og var komin á mikla ferð. „Ég ráðlegg yður að leika það ekki oft, að stökkva upp í járnbrautarlestir sem eru komnar á fleygiferð“.

„Ég þakka yður fyrir góða ráðleggingu og fyrir hjálpina, sem þér veittuð mér“, sagði farþeginn. „Hérna er skildingur henda yður. Vísid mér á deildina, sem ég á að sofa í, því ég er dauðþreyttur“.

„Efra rúmið í 10. deild, fylgið mér eftir, herra minn“, sagði þjónninn. „Hvítan er uppbáin, svo þér getið strax lagt yður fyrir“.

Þegar Mr. Barnes kom inn í vagninn, var enginn maður sjáanlegur í honum. Ef nokkrir aðrir farþegar voru í honum, þá voru þeir allir gengnir til rekkju. Fáum mínútum seinna var Mr. Barnes kominn upp í hvílu sína og var að berja tvo litla dúnsvæfla, sem hann hafði látið hvern ofan á annan í þeim árangurslitla tilgangi að þeir gætu notast sem einn koddli. Hann hafði sagt þjóninum að hann væri dauðþreyttur, og þetta var líka satt og hann hefði átt að sofna strax. En þrátt fyrir þetta var heili hans sérlega starfandi, svo mannum var ómögulegt að sofna.

Mr. Barnes — hann hafði nefnt sig Jack Barnes þegar hann talaði við svefnvagns-þjónninn — var leyuilögreglumadur, og var talinn einhver hin allra kænasti maður í þeirri stöðu í New York, enda var hann yfirmaður privat uppgötvunar-skrifstofu, er hann hafði sjálfur stofnað. Hann hafði rétt lokið við uppgötvunar-verk, sem hann áleit að hefði tekist mjög ánægjulega. Stórþjófnadur hafði verið framinn í New York-borg, og mjög sterkur grunur hafði fallið á ungan mann nokkurn, sem hafði strax verið tekinn fastur, kærður um glæpinn. Í tju daga höfðu blöðin í New York verið að prófa mál hins grunaða og sanna sök á hann, en á meðan á því stóð hafði Mr. Barnes laumast burt úr borginni. Hálfum sólarhring áður en vér hittum hann á járnbréutar-lestinni, höfðu

peir sem lásu blöðin yfir morgunverði sínum orðið forviða yfir að lesa það, að hinn grunaði maður væri saklaus og að hinn slungni Jack Barnes væri búinn að taka hinn sanna sökudólg fastan. Og það sem enn meira þótti í varið, hann hafði náð í hið stolna fé, sem var þrjátíu þúsundir dollara að upphæð.

Mr. Barnes hafði elt manninn, sem hann grunaði, í marga daga, fylgt honum eftir borg úr borg eins og skugginn hans, og haft nákvæmar gætur á honum bæði nótt og dag. Ástæðan fyrir að Barnes fór að elta mann þenna var sú, að hann hafði fundið ofurlitinn leidarvísí, er hann hafði örugga trú á að mundi verða að gagni. Þar eð Barnes var nú búinn að koma flóttamanninum inn í fangelsi í Boston, þá var hann nú á leiðinni til New York, því skyni að sækja hin nauðsynlegu skjöl til þess að geta flutt manninn þangað, svo mál hans yrði rannsakað þar. Hann var þreyttur, eins og hann hafði sagt, en þrátt fyrir að hann þarfnadist að fá fullkomna hvíld, þá gat hann ekki varist því að yfirfara aftur í huga sínum allar hinar flóknu ályktanir sem höfðu leitt til þess, að honum hafði tekist að leysa ráðgátuna. Degar hann nú lá þarna vakandi í efra rúminu í 10. deildinni í svefnvagninum, bárust honum þessi orð til eyrna:

„Ef ég vissi að þessi Barnes væri að elta mig, þá gæfi ég mig blátt áfram sjálfur á vald réttvísinnis.“

Þessi orð gáfu von um, að þau væru byrjun á fróðlegu samtali; og þar eð Mr. Barnes gat ekki sofn-

að, þá bjó hann sig undir að hlusta á samtalið. Hin víðtæka reynsla hans sem leynilögreglumaður hafði gert það að verkum, að hann hafði fyrir löngu gleymt hinni heimspekilegu röksemdafærslu með og móti því að standa á hleri. Röddin, sem hafði dregið athygli hans að sér, var lág, en heyrn hans var skörp. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að röddin kæmi úr næstu deild fyrir framan hann, nefnilega úr nr. 8. Önnur rödd svaraði nú og sagði:

„Ég efast ekki um, að þér gerðuð það. Þér gerid of mikið úr hæfileikum leynilögreglumanna vorra daga. Mér skyldi bara þykja gaman að því að einn þeirra væri að elta mig. Það væri svo mikil unun í því og ég ált það svo vandalaust, að komast undan honum“.

Rödd þess, er síðar talaði, var hljómfögur og hann bar orðin fram mjög skýrt, þótt hann vogaði sér ekki að tala öllu hærra en þegar hátt er hvíslað. Mr. Barnes lyfti höfðinu upp varlega og hagræddi koddan sínum þannig, að eyra hans yrði fast við hið þunna skilrúm milli deildanna. Til allrar hamingju fyrir Mr. Barnes höfðu mennirnir leigt alla deildina og voru báðir í neðra rúminu, en efra rúminu hafði ekki verið hleypt niður. Mr. Barnes komst því strax að því, að hann gat hæglega fylgst með samtali þeirra, sem hljóðaði þannig:

„Já, en gætið að hvernig Barnes þefaði upp slóð þessa Pettinills og elti hann nótt og dag, þangað til hann veiddi hann í gildru sína“, sagði sá er

byrjað hafði talið. „Einmitt þegar maðurinn áleit að hann væri óhultur, þá var hann tekinn fastur. Þér verðið að játa, að það var fimlega gert“.

„Ó, já, það var all-fimlega gert á sinn hátt, en það kom engin sérleg list fram í sambandi við það“, sagði sá er síðar hafði tekið til máls. „Ég vil ekki segja, að það væri leynilögreglumanninum að kenna. Það var ekkert tækifæri til að sýna neina list“. Samt sem áður hafði Mr. Barnes einmitt sagt við sjálfan sig, að það hefði verið list í því hvernig hann hafði farið að í þessu máli. Maðurinn í rúminu hélt áfram og sagði: „Það kom engin list fram í glæpnum sjálfum. Pettingill gerði klaufastryk, Barnes var nógu kænn til að taka eftir hvar honum hafði yfir sést, og sökum reynslu hans og fimleika í þannig löguðum málum, hlaut endirinn að verða sá, sem hann varð“.

„Mér virðist, að annaðhvort hafði þér ekki lesið alla sögu málsins, eða, að öðrum kosti, að þér kunnið ekki að meta verk leynilögreglumannsins“, sagði hinn. „Allur leiðarvísirinn, sem hann hafði til að byrja með, var hnappur“.

„Já, einungis hnappur—en hvíllkur hnappur var það ekki!“ sagði sá er síðar hafði tekið til máls. Það er ástæðan fyrir að ég segi, að glæpamaðurinn hafi verið klaufi. Hann hefði ekki átt að týna hnappnum“.

„Ég býst við að það hafi verið slys, sem hann ekki gat gert að“, sagði sá er byrjað hafði samtalið. „Það var eitt af vandræðunum, sem samfara voru glæp hans“.

„Dað er einmitt eins og þér segið“, sagði hinn síðari; „og það eru þessi smáslys, sem aldrei sjást fyrirfram, en sem stöðugt eru að koma fyrir, sem eru orsök í að svo margir glæpamenn eru hengdir, svo margir settir í fangelsi, og sem gera veginn til frægðar svo auðfarin fyrir leynilögreglumennina. Dað er aðal-atriðið í öllu saman. Dað er ójafn leikur, þessi leikur milli glæpamannsins og leynilögreglumannsins.“

„Ég skil ekki til hlftar hvað þér eruð að fara“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Ég skal halda fyrir yður ræðu um glæpi“, sagði hinn síðari. „Takið nú eftir! Í vanalegum starfsmálum er það heili sem berst við heila. Læknirinn, lögfræðingurinn, o. s. frv. berst við starfsbróður sinn, og hver þeirra sem ætlar sér að vinna í skeiðhlaupinu til auðs, verður að sýna að hann hafi betri heila. Kaupmaðurinn keppir við aðra kaupmenn, sem allir eru eins fimir eins og hann er sjálfur. Dannig gengur það til alt frá lögfræðingnum niður að lásasmiðnum, frá prestinum niður til húsamálarans. Dað er heili sem keppir við heila, og ávöxturinn af þessari samkeppni eru hinar fullkomnustu hugsanir. Dannig fer vísindum ráðvands lífennis áfram“.

„Hvað kemur þetta við glæpamönnum?“ spurði sá er byrjað hafði samtalið.

„Bíðið við; látið heimspekinginn kenna yður á sinn eigin hátt“, sagði hinn. „Dað er alt öðru máli að gegna með glæpamanninn. Hann verður að keppa

við menn sem hafa yfirburði yfir hann. Aðrir glæpamenn keppa ekki á móti honum; þeir eru öllu fremur félagar hans—bræður hans, eins og þeir nefna það. Hinir einu keppinautar glæpamannsins eru leynilög-reglumennirnir, sem tákna mannfélagið og réttvísina. Ég býst ekki við, að nokkur maður hafi af náttúruhvöt eða fúsum vilja valið sér það hlutskifti, að verða glæpamaður, og það er nauðsyn glæpamannsins sem leiðir til þess, að hann verður uppvisi“.

„Eftir þessu ætti að vera hægt að ná öllum glæpamönnum“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Já, allir glæpamenn ættu að geta náðst“, sagði hinn. “Það, að þeir nást ekki, er sterk röksemd á móti leynilögreglunni; því það er óhætt að segja að það er nauðsynin, sem rekur glæpamennina áfram, og í því er mögulegileikinn að sigra þá innifalinn. Þér getið t. d. haldið því fram, að æfður innbrotsþjófur hugsí alt ráð sitt fyrirfram, og að þar eð hann drygi glæpin þannig af yfirlögðu ráði, þá ætti hann að geta undirbúið alt svo vandlega fyrirfram, að hann skilji ekki eftir nein þau ummerki, er leiði til þess, að rekja megi slóð hans. En þetta á sér nú samt sem áður sjaldan stað, og orsökkin til þess er sem fylgir: Það sem hann átti alls ekki von á, kemur oft eða nærri ætíð fyrir, og við þessu var hann ekki búinn. Alt í einu sér hann fangelsið fram undan sér, og ótti hans við það stelur burt varkárni hans, svo að hann, eins og við höfum rekið okkur á, lætur eftir sig einhvern leiðarvísí“.

„En þar sem þér segið að hið óvænta komi oftast fyrir, þá játið þér með því, að mögulegt sé, að það geti skeð sem engum gat dottið í hug, og þess vegna er ómögulegt að varast“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Það er alveg satt, eins og hlutunum er nú varið“, sagði hinn. „En tókum burt nauðsynina sem rekur glæpamanninn áfram, og gerum blátt áfram úr honum vísindamann, er leggur glæpi fyrir sig sem list! Til að byrja með, þá mundi sá maður vera við fleiri óhöppum búinn, og svo mundi hann vita hvernig bezt væri að snúa sér, þegar einhver óvænt hættu bæri að höndum, á meðan hann væri að drygja glæp sinn. Til dæmis—fyrirgefið sjálfstraustið—ef ég skyldi reyna að drygja glæp, þá mundi ég geta komist hjá að verða uppvis að honum“.

„Ég ímynda mér, sökum reynsluleysis yðar sem glæpamaður, að þér munduð verða eltur uppi—jæja, hér um bil jafn fljótt og þessi maður Pettingill“, sagði sá er byrjað hafði talið. „Þetta var fyrsti glæpur hans, eins og þér vitið“.

„Vilduð þér veðja nokkru um það?“ sagði hinn. Þessi spurning gerði Mr. Barnes reglulega forviða, því hann skildi strax hvað maðurinn var að fara, þótt félagi hans gripi það ekki alveg strax. Mr. Barnes beið því óþreyjufullur eftir svarinu.

„Ég skil yður ekki“, sagði sá er byrjað hafði talið. „Veðja um hvað?“

„Þér sögðuð, að ef ég skyldi drygja glæp, þá

mundi ég verða fangaður hér um bil jafn fljótt sem þessi Pettingill“, sagði hinn. „Ef þér æskið þess, þá skal ég veðja við yður um, að ég skal drygja glæp, sem eins mikið verði talað um eins og glæp hans, og að ég skuli ekki verða fangaður, eða, ég sætti öllu heldur að segja, að þú þurpurinn verði ekki sannaður á mig. Ég vil ekki veðja um að ég verði ekki tekinn fastur; því eins og við höfum séð í þessu máli, sem við vorum að tala um, þá eru saklausir menn stuðnum teknir fastir. Þess vegna geri ég það að skilryði, að sök verði sönnuð á mig“.

„Á ég að skilja yður svo, að yður sé alvara, að þjóða að drygja glæp í því skyni einungis að skera úr veðmáli?“ sagði sá er byrjað hafði talið. „Dér gerið mig forviða“.

„Ég geri yður líklega ekki meira forviða en Pettingill gerði vini sína“, sagði hinn. „En óttist ekki; ég skal taka alla ábyrgðina upp á mig. Munið líka eftir því, að það eru ekki glæpirnir sjálfir, sem menn hleypa brúnum yfir á þessari öld, heldur því, að verða uppvís að þeim. Ég veðja við yður um að verða ekki uppvís. Jája, hvað segið þér um þetta; skal veðmálið vera eitt þúsund dollara? Mig langar í eitthvað, sem getur komið mér í geðshræringu!“

„Jája, þér skuluð fá ósk yðar uppfyllta“, sagði sá er byrjað hafði talið; „að minsta kosti skuluð þér fá þá geðshræringu sem því er samfara að borga mér þúsund dollarana; því þótt ég áltíð sé þér í raun og veru hafð alls ekki í hyggju að gerast glæpamaður,

þá mætti ég eins vel, í hverju tilfallinu sem er, auðgast á tilboði yðar“.

„Hvað meinið þér með orðunum ‘í hverju tilfallinu’ sem er?, spurði hinn.

„Ég meina auðvitað, að ef þér drygið ekki glæpinn, þá verðið þér að borga mér veðmálið; og að ef þér drygið glæpinn, þá er ég viss um að hann verður sannaður á yður. Ef svo færi, þá geri ég yður nú aðvart um það, að hversu mikið sem mér þætti fyrir að þér kæmust í skömm, þá hefði ég ekkert saman við yður að selda eftir það, en tæki samt veðféð“.

„Dér samþykkið þá veðmálið?“ sagði hinn.

„Já, ég geri það“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Þá er það orðinn samningur“, sagði hinn. „Nú er einungis eftir að ákveða skilmálana. Ég skal hafa einn mánuð til að gera ráð mín og drygja glæpinn, og eitt ár til þess að komast undan leynilögleglum mönnum. Það er að segja, ef ég er frjáls maður þegar eitt ár er liðið og get sannað yður að ég drygði glæp innan þess tíma, eins mánaðar frá miðnætti nú, eins og samið er um, þá hef ég unnið veðmálið. Ef ég er í fangelsi þegar árið er liðið og bíð eftir að mál mitt verði rannsakað, þá skal ekki gert út um hvor unnið hefur fyr en málið er útklárað og ég annaðhvort fundinn sýkn eða sekur. Erud þér ánægður með þetta?“

„Já, hæstánægður“, sagði sá er byrjað hafði talið. „En hvaða tegund af glæp ætlið þér að drygja?“

„Dér eruð forvitinn, vinur minn“, sagði hinn.
 „Við höfum nú veðjað, svo nú byrjar varkárinn, er ég var að gorta af. Dess vegna má ég ekki segja yður neitt um eðli glæpsins!“

„Nú, ímyndið þér yður að ég mundi svikja yður í trygðum?“ sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Já, mér kemur til hugar að það gæti átt sér stað“, sagði hinn. „Takið nú eftir því sem ég segi. Eins og ég hef áður sagt, þá er það nauðsyn glæpamannanna, sem er hefndarnorn þeirra. Í nauðsyninni felst augnamið glæpanna. Detta er æfinlega góður depill að byrja á, þegar ræða er um leyndardómsfull glæpamál. Því óvanalegra sem augnamið glæpsins er, þess betra, af því að þá er um færri að gera, sem líklegir eru til að hafa drýgt hann. Djófnadur er algengasta augnamiðið, og þess vegna ef til vill vandasamast að finna hinn söka. Hefnd er einnig algengt augnamið, en hægra við að eiga vegna þess, að hin sérstaka hefnd, sem lýsir sér í glæpum, hlýtnr að benda til hins sérstaka manns, sem líklegastur er til að hafa komið hefndinni fram. Í þessu tilfelli—ég meina í mínu eigin máli—þá er augnamið glæpsins svo sérlegt, að leynilögreglumadurinn, sem uppgötvar það, ætti að geta sannað sök á mig. Að fremja glæp í því augnamiði að vinna veðmál, er ef til vill alveg nýtt.“

„Fágæti augnamiðsins er vafalaust bezta vernd yðar“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„En samt er hægt að uppgötva það á tvo vegu,

og það eru helmingi fleiri vegir en sættu að vera“, sagði hinn. „Ef ég hefði tekist þetta á hendur allveg heimuglega, þá hefði í rauninni einungis verið einn vegur til þess að uppgötva leyndarmálið,—eigin játning mín. Þar eð menn hafa áður verið nógu kjarklitlir til að meðganga glæpi sína, þá hefði ég jafnvel haft varúðarreglur í þessu efni. En það, að annar maður veit þetta leyndarmál mitt, gerir málið margbrotnara“.

„Ég fullvissa yður um og legg drengskap minn við, að ég skal ekki svikja yður í tryggðum“, sagði sá er byrjað hafði samtalið. „Ég samþykki að greiða fimmm sinnum meiri upphæð, en veðmálið er um, ef ég skyldi svikja yður í þessu máli“.

„Ég kys heldur að þér hafið fult frelsi í þessu efni“, sagði hinn. „Ég á von á að þetta fari eins og ég nú segi: Þér eruð sannfærður um í huga yðar, sem stendur, að ég mundi ekki framkvæma ásetning minn að drýgja glæp. Þess vegna er vinátta yðar við mig óhögguð. Þar næst gerði þér ráð fyrir, með sjálfum yður, að ef ég frem glæp, þá verði hann svolstílfjörlegur, að þér getið fengið samvizku yðar til að afsaka mig undir kringumstæðunum. En setjum nú svo, að einhver verulega mikill glæpur verði framinn og að þér af einhverri ástæðu grunið mig um hann. Ef svo skyldi fara er ég viss um, að þér verðið kominn til herbergja minna áður en ég kemst úr rúminu næsta morgun og spyrjið mig breint og beint hvort ég sé sekur. Og þar eð ég mundi jafn hreint

og beint neita að fræða yður nokkuð um það efni, þá munduð þér skoða það sem játningu um sekt. Þér munduð ef til vill álykta með sjálfum yður, að ef grunur yðar væri á rökum bygður, þá væruð þér meðsekur ef þér þegðuð, og til þess að sjá sjálfum yður borgið og til að gera borgaralega skyldu yðar, þá munduð þér fara og segja lögreglunni upp alla söguna“.

„Mér er nú farið að þykja við yður, Bob“, sagði sá er byrjað hafði talið. „Ég hélt ekki að þér munduð bera svona lítið traust til mín!“

„Reiðist ekki, gamli kunningi“, sagði hinn. „Munið eftir því, að það eru ekki liðnar nema fáar mínútur síðan að þér aðvöruðuð mig um, að þér munduð ekki hafa neitt saman við mig að sælda eftir að uppvist væri að ég hefði drygt glæp. Við listamenn í glæpum verðum að vera búinir við öllu, sem fyrir getur komið.“

„Ég hugsaði mig ekki um áður en ég talaði; ég meinti ekki það, sem orðin benda til“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Ó, jú, þér meintuð það, en ég er ekki neitt reiður út af því“, sagði hinn. „Látum það vera áskilið, að þér skulið hafa rétt til að se. ja frá veðmálinu og hvernig það atvikaðist, ef samvizkan skyldi ónáða yður. Það er bezt fyrir mig að búast við, að þér gerið það, og vera undir það búinn. En þér hafði ekki spurt mig hver hin hættan er, að þetta komist upp. Getið þér gizkað á það?“

„Nei, ekki nema ef það væri það, sem þér mintust á, að þér játuðuð glæpinn á yður“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Nei, það er ekki rétt til getið, þótt það sé þriðji möguleglegleikinn“, sagði hinn. „En samt sem áður er vandalaust að gizka á það. Hafði þér tekið eftir, að það heyrir til manns sem hrytur?“

„Nei“, svaraði sá er byrjað hafði talið.

„Hlustið þú eitt augnablik“, sagði hinn. „Heyrið þér ekki til hans nú? Það eru ekki reglulegar hrotur, heldur öllu fremur erfiður andadráttur. Þessi maður, sem við heyrum til, er í þriðju deild frá okkur. Skiljið þér nú hvað ég er að fara?“

„Ég verð að játa, að ég mundi aldrei geta orðið leynilögreglumadur“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Jæja, góðurinn minn, það sem ég meina er það, að fyrst við getum heyrt til þessa manns, því gæti þá ekki einhver í næstu deild við okkur verið að hlusta á samtalið okkar?“ Mr. Barnes varð glóðheitur af aðdáun yfir því, hve nákvæmlega maður þessi skoðaði sérhvert atriði og athugaði alla möguleglegleika.

„Ó, ég býst ekki við, að nokkur maður sé að hlusta á okkur; allir eru steinsofandi“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Hinn algengi glæpamaður er nauðbeygður til að hafa margt þessháttar á hættunni, án þess að taka það með í reikninginn“, sagði hinn. „En ég ætla mér ekki að gera það. Það er nú mögulegt, þótt

það sé ekki mjög líklegt, að einhver maður, t. d. í 10. deild, hafi heyrt samtál okkar. Það gæti jafnvel verið að það væri leynilögreglumaður, og, sem verst er, það gæti verið Mr. Barnes sjálfur.“

„Jæja, ég verð að segja það, að ef þér eruð við svona ólíklegum hlutum búinn, þá verðskuldið þér að sleppa hjá því að verða uppvis!“ sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Það er líka einmitt það sem ég ætla að gera“, sagði hinn. „En þetta, sem ég mintist á, er ekki eins ólíklegt eins og þér ímyndið yður. Ég las það í einu blaðinu, sem út kom seinnipartinn í dag, að Mr. Barnes hefði beðið í Boston yfir daginn, til þess að sjá um að fangi hans yrði vel geymdur, en að hann ætlaði að fara til New York í kvöld. Auðvitað getur verið, að blaðið hafi farið skakt með þetta; að þegar það sagði „í kvöld“, þá hafi það ekki verið nákvæmt. En setjum svo að þessi staðhæfing hafi verið rétt, þá hafa þrjár járnbrautarlestir farið frá Boston til New York síðan, og gat hann farið með hverri þeirra sem var, nefnil. með lestinni kl. 7, kl. 11 og þessari lest, sem við erum á. Einn í þremur er ekki mikill fjöldamunur.“

„En jafnvel þótt Mr. Barnes væri á þessari lest, þá eru tíu farþega-vagnar í henni“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Yður yfirséast enn“, sagði hinn. „Eftir hinn langa eltingaleik sinn við Pettingill, vökur o. s. frv., hefur hann vafalaust farið í svefnvagni. Eins og þér

að líkindum munið, þá réð ég ekki við mig að fara til New York í kvöld fyrir ein seinustu mínútna. Þá komumst við að því, að við gátum ekki fengið heila deild í svefnvagninum og vorum í þann veginn að láta okkur nægja neðra rúmið í einni deildinni, en þá báðu ymsir fleiri um pláss í svefnvagninum, svo félagið komst að þeirri niðurstöðu að bæta öðrum svefnvagni í lestina. Þess vegna er áreiðanlegt, að Mr. Barnes hefur verið vísað í þennan vagn, sem við erum í, nema með því móti að hann hafi keypt rekkju-sæðil sinn fyrri um daginn“.

„Hafið þér nokkra sérstaka ástæðu til að stinga upp á að hann kunni að vera í 10. deild?“ spurði sá er byrjað hafði samtalið.

„Já“, svaraði hinn. „Ég veit að enginn er í 8. deild. En einmitt um leið og við fórum frá Boston, kom einhver inn í þennan vagn, og ég held að hann hafi farið í efra rúmið í 10. deild“.

Mr. Barnes fór að halda, að það mundi verða örðugt verk fyrir sig að koma upp um þennan mann, ef hann skyldi í raun og veru fara til og drygja glæp, þrátt fyrir að hann vissi eins mikið og hann vissi fyrirfram. Samtalið hélt áfram sem fylgir:

„Dannig sjáið þér að það eru tveir vegir til þess, að augnamið mitt með að drygja glæp verði kunnugt, og er það mjög alvarlegt, ef ekki er við því gert í tíma. En þar eð ég skil mögulegleikann fyrirfram, þá stafa alls engin vandræði af því og vitneskjan um það verður engum leynilögleglumanni

ad neinu gagni, jafnvel þó það væri þessi Mr. Barnes“.

„Hvernig ætlið þér að komast hjá þeirri hættu?“ spurði sá er byrjað hafði samtali“.

„Kæri lagsmaður“, sagði hinn, „hvernig getið þér fmyndað yður það eitt augnsblík, að ég muni svara þvílíkri spurningu, eftir að vera búinn að benda á, að það geti vel verið, að leynilögreglumadur hafi hlustað á samtali okkar? Ég skal nú samt sem áður gefa yður hugmynd um það. Ég skal akfira fyrir yður hvað ég meinti þegar ég sagði, að Pettingill hefði farið klaufalega. Þér sögðuð að hann hefði einungis týnt hnapp, og yður þótti að Barnes hafa verið alingur að rekja slóðina frá hnappnum. En hnappur getur verið mjög þýðingarmikill hlutur. Ef ég skyldi týna einum af hnappunum í vestinu mínu, á meðan ég væri að dýrja glæp, þá mundi Mr. Barnes geta þefað upp slóðina mína og náð í mig á tlu dögum, og ástæðan fyrir þessu er sú, að hnapparnir eru hinir einu af sinni tegund í allri veröldinni“.

„Hvernig stendur á því?“ spurði sá er byrjað hafði samtalið. „Ég fmyndaði mér, að hnappar væru búnir til í þúsundatali“.

„Ekki allir hnappar“, sagði hinn. „Af ástæðum e ég þarf ekki að segja leynilögreglumanninum, sem ef til vill er að hlusta á okkur, þá lét vinur minn einn, sem var að se dást erlendis, búa hnappa þessa til áerst klega, og fær“ né þá sem gjöf. Þeir eru

sex að tölu, og eru gerðir þannig, að í þeim eru gimsteinar með upphleyptum myndum, á þremur af þeim hliðarmynd af Juliet, og á hinum þremur hliðarmynd af Romeo“.

„Þetta er þá skálda-æfintýri“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Það gerir hvorki til né frá“, sagði hinn. „Setjum svo, að ég skyldi undirbúa þjófnað eða rán, til þess að gera út um þetta veðmál. Þar eð alls engin nauðsyn rekur mig áfram, hvorki hvað snertir stund eða stað, þá gæti ég valið tækifærið, segjum þegar einungis ein manneskja væri að verja fjár-sjóðinn. Hana mundi ég svæfa með klóróformi, og binda þar að auki. Þar næst mundi ég taka fjár-sjóðinn, sem ég ætlaði mér að stela eða ræna. En setjum svo, að rétt þegar ég væri að fara, þá skyldi vakna og stökkva upp ofurlitill hundur, sem ég hefði ekki tekið með í reikninginn, og gelta eins og hann væri sæður? Setjum svo, ennfremur, að ég gripi til hundsins og að hann biti mig í hendina; að ég þá tæki utan um hálsinn á hundinum og kyrkti hann; en að á meðan ég væri að því, þá skyldi hann, í dauftateggjunum, bita í hnapp á vestinu mínu, slíta hann af því, og hnappurinn detta niður á gólfid án þess ég tæki eftir þessu. Loks mundi hundurinn verða yfirbugaður. En þá mundi vanalegur innbrotþjófur vera orðinn svo kjarklaus, að hann mundi flyta sér burt, og þess vegna ekki taka eftir að hann hefði verið bitinn, að blóð hefði runnið úr hönd hans, né

heldur að hann hefði tapað hnappnum. Daginn eftir mundi Mr. Barnes koma í húsið, til að rannsaka mála-vöxtu. Húsmóðirin mundi hafa þokumann sinn grun-aðan, og Mr. Barnes mundi samþykkja að láta taka hann fastan, ekki af því að hann álitir þokumanninn sekan, heldur vegna þess að húsfreyjan álitir að hann væri það, en sérslagi vegna þess, að þetta mundi svæfa allan ótta hjá hinum sanna sakamanni. Mr. Barnes mundi taka eftir blóðinu á gólfinu og á tryni hundsins, og mundi finna hnappinn. Af hnappnum mundi hann rekja slóðina og finna Mr. Djóf m bitna höndina, og svo væri altsaman búið.

„En hvornig munduð þér komast hjá því?“ spurði sá er byrjað hafði samtalið.

„Til að byrja með mundi ég ekki, ef ég væri í raun og veru hygginn, hafa á mér óvanalega hnappa ef ég væri að fremja glæp.“, sagði hinn. „En setj. svo, að ég hefði ekki getað valið tímann til að vinna verkið, þá er mögulegt að hnapparnir hefðu verið á mér. Þar eð ég væri þess fallviss, að eina manneskjan í húsinu svæfi af klóróformi og væri bundin, þá mundi ég ekki hafa tapað kjarki eins og hinn maðurinn, sem ég var að tala um. Ég mundi heldur ekki hafa látið hundinn bíta mig, en hefði það komið fyrir, þá mundi ég hafa beðið og þvegsð blóðsletturarnar af gólfabreið- unni, á meðan blóðið var óstorkið, og einnig af tryni hundsins. Ég mundi hafa uppgötvað, að ég hefði tapað hnappnum, leitað að honum og fundið hann, eyst hina bundnu manneskju og opnað glugga þu, til

þess að klóróform-lyktin ryki burt um nóttina. Hin einu merki um glæpinn, er sæjust morgunina eftir, mundu þá hafa verið hinn kyrkti hundur og að felið var horfið“.

„Það er vandastíð að segja hvað maður hefði gert í smynduðu tilfalli“, sagði sá er byrjað hafði samtalið. „En ég efa t um, ef þér hefðuð verið í sporum Pettingill's að þér hefðuð haldið rósemi yðar og fundið hnappinn, sem leiddi til þess að hann var tekinn fastur“.

„Það má vera, að þér hafið rétt fyrir yður í því“, sagði hinn; „því ef ég hefði verið Pettingill, þá hefði nauðsynin rekið mig áfram eins og hann. En ég held, að ég hefði ekki áformað annan eins þjófnað og hann, valið tsmann eins og hann gerði, eða haft á mér annan eins hnapp. En eins og ég hef áður sagt, þá útheimti það ekki mikla list af hálfu Mr. Barnesar. Hnappurinn var gerður úr gömlum, fágætum peningi. Barnes leimsótti alla kaupmenn í borginni, sem verzla með þessháttar, og uppgötvaði loks manninn, er hafði selt Pettingill peninginn. Það, sem þá var eftir að gera, var mjög vandaraust“.

„Jæja, þér hafið mikið sjálfstraust, og mér þykir ekkert fyrir að græða eitt þúsund dollara á eigingirni yðar“, sagði sá er byrjað hafði talið. „En ég er nú orðinn syfjaður, svo nú ætla ég að bjóða yður góða nátt“.

„Góða nátt, kunningi“, sagði hinn. „Látið yður dreyma um, hvernig þér eigið að fara að því að

græða eitt þúsund dollara aukreitis, því ég mun vinna veðmálið“.

Hvað Mr. Barnes snerti, þá var honum nú enn ómögulegra en áður að sofna. Detta nýja mál—hann skoðaði það þannig—dró huga hans að sér, og hann var ákveðinn í að veiða manninn, er hafði veðjað á móti skarpskygni hans sem leynilögreglumannu. Það, að hann vissi það sem hann hefði heyrt þegar í byrjun, var langt spor í áttina til þess að honum hefnaðist fyrirætlan sín. Mr. Barnes var ákveðinn í að missa ekki sjónar á manni þessum þann mánuð, er hann átti að hafa til að drygja glæpin. Hann hlakkaði til þess, að lofa mannum að drygja glæp sinn og standa hann að því. Hann klæddi sig mjög varlega og fór mjög hægt ofan úr hvílu sinni. Hann læddist yfir í rúm, sem var rétt á móti, þar sem hann gat haft auga á 8. deildinni, og bjó sig til að vakna og vakta alla nóttina.

„Mig skyldi ekki undra, þótt þessi hárbeyti djöfull drygði glæp sinn nú í nótt“, tautaði Mr. Barnes við sjálfan sig. „Ég vona að hann geri það, því að öðrum kosti kemur mér ekki dúr á zuga fyrir en hann er búinn að því“.

II. KAPÍTULI.

DJARFUR LESTAR ÞJÓFNAÐUR, SEM HEPNAÐIST VEL.

Járnbrautarlestin var að nálgast Stamford, og Mr. Barnes var að horfa á blóðrauða sólina, koma upp yfir hæðirnar, úr glugganum á svefnvagns-deildinni, sem hann var í, þegar hann varð vær við að þjónninn, er hafði hjálpað honum til að komast upp á lestina kvöldið áður, nálgadist hann. Maðurinn var að gefa honum einkennileg teikn, og skildi Mr. Barnes á því að einhver vildi finna hann. Hann stóð því á fætur og fylgdi þjóninum eftir inn í reykinga-herbergið.

„Mig minnir að þér nefnduð yður Barnes, þegar þér stukkuð upp í vagninn í gærkveldi“, sagði þjónninn.

„Já, en hvað er um það?“ sagði Mr. Barnes.

„Eruð þér Mr. Barnes leynilögreglumaður?“ spurði þjónninn.

„Hvers vegna spyrjið þér að því?“ sagði Mr. Barnes.

„Vegna þess, að ef þér eruð hann, þá vill lestarstjórinn fá að tala við yður“, sagði þjónninn. Stórþjófnaður hefur átt sér stað á lestinni í nótt.“

„Hver fjandinn er þetta!“ sagði Mr. Barn.

„Einmitt það“, sagði þjónninn. „En viljið þér gera svo vel og koma í næsta vagn?“

„Ja, en bíðið við svo sem eina mínútu“. Að svo mæltu fór Mr. Barnes aftur inn í aðal-hluta vagnsins, og læddist að 8. deildinni. Hann lyfti tjaldinu varlega frá, gægðist inn í deildina og horfði lengi og fast. Hann sá þar tvo menn liggjandi í rekkju, og sváfu þeir vafalaust fast báðir. Þegar Mr. Barnes hafði þannig fullvissað sig um, að honum væri óhætt að yfirgefa vörð sinn ofurlitla stund, fylgdi hann þjóninum eftir í næsta svefnvagn, og beið lestarstjórinn þar eftir honum í reykinga-herberginu.

„Dér eruð Mr. Barnes leynilögreglumáðurinn?“ sagði lestarstjórinn, og játti Barnes því.

„Dá ætla ég að fá yður í hendur embættislega mjög leyndardómsfullt mál“, sagði lestarstjórinn. „Í gærkvöldi kom kona nokkur á lestina í Boston, og hafði hún farseðil til South Norwalk. Þegar við vorum að nálgast nefndar stöðvar fyrir stundu síðan, lét þjónninn hana vita að svo væri. Hún reis úr ekkju og klæddi sig í skyndi, svo hún yrði til að fara úr vagninum þegar lestin kæmi á stöðvarnar. Að fáum mínútum liðnum var ég kallaður í flyti, og þá sagði konan mér, milli ekka kastanna, að það hefði verið stolið frá henni“.

„Var miklu stolið?“ spurði Mr. Barnes.

„Hún þykist hafa tapað handtösku, sem eitt hundrad þúsund dollara virði af gimsteinum hafi verið í“, sagði lestarstjórinn.

„Dér sögðu þetta fimlega“, sagði Mr. Barnes. „Dykist hafa tapað! Hvaða sannanir hafð þér fyrir, að hún hafi tapað nokkrum hlut?“

ADIST VEL.

Stamford, og
a, koma upp
na-deildinni,
þ þjónninn,
pp á lestina
var að gefa
Barnes á því
því á fætur
erbergið.
Barnes, þegar
ldi“, sagði

Barnes.
glumaður?“

sagði Mr.

vill lestar-
nn. Stór-
t“.
Barn.
viljið þér

„Við getum auðvitað ekkert sagt um „gimsteinana“, sagði lestarstjórinn; „en hún hafði handtösku, þegar hún kom á lestina, sem nú vantar. Þjónninn man eftir töskunni, og við höfum leitað vandlega að henni árangurslaust“.

„Við höfum stanzað í New Haven og Bridgeport“, sagði Mr. Barnes. „Hvað margir hafa farið af lestinni?“

„Enginn hefur farið úr svefnvögnunum“, sagði lestarstjórinn.

„Þegar þér segið, að enginn hafi farið úr svefnvögnunum, þá býst ég við að þér meinið, að þér hafið ekki séð neinn fara úr þeim?“ sagði Mr. Barnes.

„Nei, ég meinti einmitt það sem ég sagði“, svaraði lestarstjórinn. „Ég hef látið þjónana rannsaka svefnvagnana, og þeir hafa skýrt mér frá að allir farþegarnir séu í rúnum sínum. En hér komum við að atriði. Ef enginn hefur farið úr svefnvögnunum, þá hlýtur þjófurinn að vera í þeim“.

„Auðvitað!“ sagði Barnes.

„Þegar konan uppgötvaði tap sitt, þá réð hún við sig að vera kyr á lestinni og halda áfram til New York“, sagði lestarstjórinn. „Allir hinir farþegarnir, að einum undanteknum, hafa farseðla til New York. Þessi eini farþegi er karlmaður og er nú að klæða sig, því hann fer af í Stamford. Ef hann fer þar af lestinni, þá má vera að hann hafi gimsteinana með sér, en hvað get ég samt gert?“

„Segið honum söguna eins og hún er“, sagði

Mr. Barnes. „Ef hann er saklaus, þá lofar hann að leita á sér mótpóðalaust. En ef hann þar á móti neitar að lofa að gera það,—jæja, við getum hagað okkur eftir kringumstæðunum. Látið kalla hann hingað nú strax“.

Að fáeinum mínútum liðnum kom maður inn í reykinga-herbergið, og var ekki einasta auðséð að hann var útlendingur, heldur bar hann ljóslega utan á sér að hann var franskur. Mál hans benti einnig á hvert þjóðerni hans var, þótt framburðarins gætti ekki mikið. Hann var fallegur á velli, alvarlegur og þrúðmannlegur.

Mr. Barnes sat við gluggann og horfði út um hann. Lestartjórinn skýrði málefnið, hálf-stamandi, fyrir mannum og endaði með þessum orðum:

„Dér sjáið þannig, herra minn, að þetta er óþægilegt mál, en við erum svo vissir um að þjófurinn er ennþá á lestinni, að—“

„Að þér hikið yður við að leyfa mér að fara af henni, nú, er það ekki eins og ég segi, herra minn?“ greip maðurinn fram í. „En hvers vegna settuð þér að vera í nokkrum vandræðum? Ráðvandur maður má aldrei pykkjast út af því, að sætlast er til, að hann styðji réttvísina, jafnvel þótt hann sjálfur sé—það sem þér kallið—grunaður? Þetta málefni er einfalt, ef ráðvöndu mennirnir vilja einungis afstýra vandræðum. Deir mundu þá segja við yður: „Leitið á mér. Dér gerið það, en svo kemur loks að manni sem segir: Dér móðgið mig með þessu“. Sá maður

er auðvitað þjófurinn, eða áltíð þér ekki að svo sé, herra minn?“ Maðurinn sneri sér að Mr. Barnes, um leið og hann talaði síðustu orðin, eins og hann væri sérstaklega að tala til hans. Leynilögreglu maðurinn horfði fast á manninn í nokkur augnablik, eins og hann var vanur að gera þegar hann ætlaði sér að muna eitthvert manns-andlit. Franski maðurinn horfði ófheiminn framan í hann á móti.

„Ég sagði hér um bil hið sama við lestarstjóran áður en þér komuð“, sagði Mr. Barnes.

„Einmitt það“, sagði franskur maðurinn. „Með leyfi ætla ég þá að afklæða mig. Athugið fót mín mjög vandlega, ef yður þóknast. Mannorð mitt er í húfi. Því vandlegar sem þér leitið á mér, þess minni grunur getur lagst á mig hér eftir.“

Lestarstjórnin leitaði mjög nákvæmlega á manninum, sneri öllum vösum á fötum hans við og vanrækti ekkert. Hann bjóst ekki við að finna neitt grunsamt á manninum, en það var nauðsynlegt að viðhafa hina mestu vara-emi. Hann fann heldur ekkert á manninum, sem fór aftur í fót sín í skyndi.

„Nú, ef yður þóknast, ég hef einungis tvær litlar tösukur með mér, og ef þjónninn vill koma með þær hingað, þá skal ég ljúka þeim upp fyrir yður“, sagði franskur maðurinn. „Ég hef enga kistu með mér, þar eð ég fór einungis snögga ferð til Boston.“

Töskurnar voru sóttar og vandlega leitað í þeim, en ekkert fanst.

„Jæja, herrar mínir“, sagði franskur maðurinn,

„ég býst við ég sé nú fri og frjals, enda erum við nú komnir að stöðvum mínum. Ég stend hér við einungis fjar klukkustundir, og fer síðan til New York. Ef yður skyldi langa til að finna mig aftur, þá held ég til á Hoffman House. Hérna er nafnspjald mitt. *Au revoir*“.

Mr. Barnes skoðaði nafnspjaldið vandlega.

„Hvað er álit yðar?“ sagði lestarstjórinn.

„Álit mitt?“ át Mr. Barnes eftir. „Ó, þér meinið um pennan náunga. Dér þurfið ekki að hafa nein- ar áhyggjur útaf honum. Það hvílir ekki hinn minsti skuggi af grun á honum—sem stendur. Ef við skyldum þar að auki óska að finna hann aftur, þá get ég æfinlega náð í hann. Hérna er nafn hans—Alphonse Thaurer—spjaldið er líka ósvikið, tilbúið á Frakklandi og letrið franskt. Við getum nú látið hann eiga sig og snúið okkur að hinum farþegunum. Í myndið þér yður, að ég geti fengið að tala við kona, sem stolið var frá?“

„Dér skuluð fá að tala við hana ef þér viljið“, sagði lestarstjórinn. „Við þurfum ekki að ráðfæra okkur við hana í því efni. Málið er of alvarlegt til þess“.

„Jaja, sendið hana þá inn í þetta herbergi, svo ég geti talað fáein orð við hana einslega“, sagði Barnes. „Segið henni ekki frá að ég sé leynilög- reglumaður. Látið mig um það“.

Að fáum mínútum liðnum kom hávæxin kona inn í herbergið, og virtist hún vera um 45 ára gæmul

Hún var ekki falleg, en andlit hennar var samt fremur aðlaðandi. Hún tók sér sæti, og leit um leið hvössum augum, en í laumi, á Mr. Barnes, og hefði þetta augnaráð mátt vekja alvarlegar hugsanir hjá honum. En það virtist sem hann veitti því enga eftirtekt. Konan tók fyrri til máls og sagði:

„Lestarstjórinn sendi mig hingað til yðar. Hvað hefið þér með þetta mál að sýsla?“

„Ekkert!“ svaraði Mr. Barnes.

„Ekkert? Hvers vegna þá—“ sagði konan.

„Dar sem ég segi, að ég hafi ekkert með málið að sýsla, þá meina ég blátt áfram að það er algerlega komið undir yður, hvort ég tekst á hendur að finna demanta yðar eða ekki“, sagði Mr. Barnes. „Ég lít eftir þessháttar hlutum fyrir þetta járnbrautarfélag, en ef að sé, sem verður fyrir missi, kærir sig ekki um að félagið geri neitt í þá átt að finna það sem týnist, þá sleppum við málinu. Viljið þér að ég geri leit eftir hinni týndu eign yðar?“

„Mig langar auðvitað mjög til að fá gimsteinana mína aftur, því þeir eru mjög dýrmætir, en ég er ekki viss um, að ég kæri mig um, að fá málið í hendur leynilögreglumanni“, sagði konan.

„Hver sagði að ég væri leynilögreglu maður?“ sagði Mr. Barnes.

„Erud þér ekki einn af þeim?“ sagði konan.

Mr. Barnes hikaði sér við eitt augnablik, en hann ákvað fljótt með sjálfum sér hvað hann skyldi gera, og sagði:

„Ég er leynilögreglumaður og stend í sambandi við privat uppljóstunarsstofu eina. Dess vegna get ég tekið að mér að leita þjófinn uppi án þess að á því beri. Þetta er aðal augnamið yðar með að fá mér málið í hendur, eða er ekki svo?“

„Dér eruð kœnn“, sagði konan. „Dað eru ástæður fyrir því—ættar-ástæður—fyrir, að ég vil ekki að þetta tap mitt komist í hárnæli. Ef þér viljið taka að yður að finna gimsteinana mína og láta ekkert komast í blóðin um þjófnæð þenna, þá mun ég borga yður vel fyrir það.“

„Ég skal taka þetta mál að mér“, sagði Mr. Barnes. „En svarið nú nokkrum spurningum. Fyrst og fremst verð ég að fá að vita nafn yðar og heimili.“

„Ég heiti Rose Mitchel, og ég bý, sem stendur, í herbergjum á einu loftinu að nr.—þrítugasta stræti austur, í New York“, sagði konan. „Ég kom fyrir skömmu frá New Orleans, þaðan sem ég átti heima áður, og er nú að reyna að fá mér hæfileg herbergi.“

Mr. Barnes tók minnisbók upp úr vasa sínum og ritaði nafn og utanáskrift konunnar í hana.

„Eruð þér gift eða ógift?“ spurði Mr. Barnes næst.

„Gift; en maðurinn minn er dáinn fyrir mörgum árum“, svaraði konan.

„Viðvíkjandi gimsteinunum“, sagði Mr. Barnes, „þá verð ég að fá að vita hvernig á því stöð, að þér voruð að ferðast með svona dýrmætt gimsteinastás?“

„Ég hef ekki mist gimsteina-stáss, heldur gimsteina“, sagði konan. „Deir voru ekki settir í neina umgjörð, og voru fágætir hvað snerti fegurð þeirra—demantar, rúbíar, perlur og aðrir dýrmætir steinar. Þegar maðurinn minn dó, þá lét hann eftir sig mik— in auð; en það hvíldu líka miklar skuldir á búinu, og svelgdu þær upp allt saman, nema það sem einn maður skuldaði honum. Skuldunautur þessi var ítalskur aðalsmaður—ég þarf ekki að nafngreina hann—er dó næstum því á sama tíma sem maðurinn minn. Framkvæmdarmenn erfðaskrár hans skrifuðust á við mig um skuldina, og varð niðurstaðan sú, að ég samþykkti, að taka gimsteina þessa sem borgun á skuldinni. Ég veitti þeim móttöku í Boston í gær, og hef nú mist þá strax aftur. Það eru grimmi örlög, alt of grimmi“. Hún spenti greipar, eins og hún hefði sinatægjur, og nokkur tár runnu niður eftir kinnum hennar. Mr. Barnes var hugsí í nokkur augnablik og virtist ekki veita henni neina eftirtekt“.

„Hvers virði voru gimsteinar þessir?“ spurði hann síðan.

„Deir voru eitt hundrað þúsund dollara virði“, svaraði konan.

„Með hvaða hraðsendinga-félagi voru gimsteinarnir sendir til yðar?“ spurði hann síðan. Spurningin var einföld, og Mr. Barnes bar hana upp eins og meira af vana, þótt hann væri að hugsa um, hvort þjófurinn mundi hafa komið yfir hafid—ef til vill frá Frakklandi. Hann varð þess vegna forviða á áhrif-

heldur gim-
settir í neina
gurð þeirra—
sætir steinar.
eftir sig mik-
dir á búinu,
að sem einn
ur þessi var
nafngreina
om maðurinn
mans skrifuð-
urstaðan sú,
sem borgun
oston í gær,
rimm örlög,
eins og hún
niður eftir
í nokkur
eftirtekt“.
ir?“ spurði
llara virði“.

gimstein-
Spurning-
pp eins og
um, hvort
til vill frá
ða á áhrif-

num, er spurningin hafði á konuna. Hún stóð skyndilega á fætur og alt láþragð hennar breyttist. Það var eins og munnur hennar herptist saman, og að hún væri í mikilli geðshræringu, þegar hún svaraði og sagði:

„Það er ekki nauðsynlegt í þessu máli. Máskænt ég sé hvort sem er að segja ókunnugum manni of mikið. Komið til herbergja minna í kvöld, og þá skal ég láta yður fá nákvæmari upplýsingar—ef ég kemst að þeirri niðurstöðu að fá yður þetta mál hendur. Ef ég geri það ekki, þá skal ég borga yður fyrir þau ómök, sem þér hafið haft þangað til. Verið þér sælir“.

Mr. Barnes horfði á konuna fara út úr herberginu, án þess að reyna að tefja hana eða gera nokkra athugasemd útaf þinu sérlega atferli hennar. Hann sat kyr í sæti sínu, horfði út um gluggann og lék með fingrunum á rúðuna. Það er ekki létt að segja hvað hann var að hugsa, en eftir litla stund sagði hann upphátt, þótt enginn væri hjá honum til að heyra orð hans: „Ég held að hún sé lygari“.

Eftir að hafa létt þannig á huga sínum, fór hann aftur yfir í svefnvagn sinn. Í þvottaherberginu sá hann að voru tveir af farþegunum, og var lestarstjóri inn að leita á þeim, en þeir hlógu að því eins og það væri ágætt gaman. Hann gekk fram hjá herberginu, inn í sína eigin deild, og var þjónninn búinn að laga til í henni. Farþegarnir risu úr rekkju, hver eftir annan, og heyrðu þá um þjónadinn; þeir lofuðu með glöðu gæði að leita á sér.

Loks fékk Mr. Barnes laun polinmæði sinnar, því tjaldið fyrir 8. deildinni hreifiðist til, og augnaþliki síðar sá hann fallegan mann, hér um bil 26 ára gamlan, koma hálfklæddan út úr deildinni og ganga fram í þvottaherbergið. Barnes fór í húmátt á eftir manningnum og fór inn í reykinga-herbergið. Hann var varla seztur niður þegar annar maður kom inn í þvottaherbergið, og var það auðsjáanlega hinn maðurinn úr 8. deild. Á meðan þessi síðarnefndi maður var að þvo sér, skýrði lestarstjórinn hinum manningnum frá þjófnaðinum og stakk upp á, að hann lofaði að leita á sér. Lestarstjórinn var nú kominn í talsverða gæðshræringu. Dað voru ekki nema fáar mínútur þangað til lestin kæmi til New York, og hann var búinn að leita á öllum farþegum sínum, uten þessum tveimur. Þessir tveir menn voru fyrirmanlegri en nokkur hinna farþeganna. Lestarstjórinn varð þess vegna forviða þegar hann sá, að hinn ungi maður, nem hann talaði til, varð mjög vandræðalegur við orð hans. Hann stamaði og var að reyna að koma fyrir sig orðum, og loks sagði hann með hásum róm við lagsmann sinn:

„Heyrið þér það, Bob, það hefur verið framinn þjófnaður á þessari lest!“

Vinur hans, Bob, stóð hálfboginn yfir þvottaskálinni, með höfuðið og andlitið alt löðrandi í sápufroðu, og néri hann hvorttveggja í ákafa með höndunum. Áður en hann svaraði dýfði hann höfðinu niður í vatnið í þvottaskálinni, hélt því niðri í vatn-

inu í nokkur augnablik, rétti sig síðan upp, með augun aftur, og greip eina þurkuna. Í einu vetfangi var hann búinn að þurka sápuvatnið úr augunum, en síðan leit hann á vin sinn og sagði, eins og ekkert væri um að vera:

„Hvað kemur það okkur við?“

„En—en lestarstjórinn vill fá að leita á mér“, sagði hinn.

„Gott og vel“, sagði Bob. „Hvað óttist þér? Þér eruð ekki þjófurinn, eða er það ekki rétt?“

„Nei—en—“ sagði hinn.

„Það er ekkert en í þessu máli“, sagði Bob.

„Ef þér eruð saklaus, þá lofið honum að leita á yður eins vandlega og hann lystir“. Síðan sneri Bob sér hláðandi að speglinum og fór að láta kragann á sig. Vinur hans horfði á hann eitt augnablik með svip, sem enginn nema Mr. Barnes skildi í. Leynilög-reglumaðurinn þekti á málróm manna, að það var Bob sem hafði veðjað um að hann skyldi drygja glæp, og það var auðséð að vinur hans hafði hann nú þegar grunaðan. Ótti hans orsakadist af því, að hann ímyndaði sér, að Bob hefði ef til vill stolið gimsteinunum um nóttina og falið þá í fötum hans svo að ef þeir fundust þar, þá félli ekki grunurinn á Bob. Mr. Barnes var skemt þegar hann sá, að hinn ungi maður leitaði á sjálfum sér. Að mínútu líðinni á dvarpaði hann eins og steini hefði lért af honum, því hann hafði auðsjáanlega ekki fundið neitt grunsaamt í vösum sínum. Síðan sneri hann sér að lestarstjóranum, sem beið eftirvæntingurfullur, og sagði:

„Mr. Lestarstjóri, ég er hræddur um að yður hafi virzt atferli mitt grunsamt. Ég get ekki skýrt fyrir yður orsökina, en ég er nú samt sem áður algjörlega reiðubúinn til að þér leitið á mér. Satt að segja er mér umbugað um, að þér leitið mjög vandlega á mér“. Síðan leitaði lestarstjórinn á honum, en það fór á sömu leið og við leitina á hinum öðrum farþegum, að ekkert fanst.

„Hérna er nafnspjald mitt“, sagði hinn ungi maður síðan. „Ég er Arthur Randolph, úr bankafélaginu J. Q. Randolph & Son“. Mr. Randolph rétti ofurlítið meira úr sér um leið og hann sagði þessi orð, og veslings lestarstjóranum fanst að hann hafa gert honum manninum mjög rangt til. Mr. Randolph hélt áfram og sagði: „Þetta er vinur minn Robert Leroy Mitchel. Ég skal ábyrgjast hann“.

Þegar Mr. Barnes heyrði nafnið Mitchel, hnykti honum dálftið við. Það var sama nafnið og konan, er stolið hafði verið frá, hafði gefið honum sem nafn sitt. En Mr. Mitchel, er virtist vera hálfimtugur að aldri og líktist hinum fornu Grikkjum í andliti, tók nú til máls og sagði:

„Dakka yður fyrir, Arthur, ég get séð um mig sjálfur“.

Lestarstjórinn hikaði sér við eitt augnablik, en sagði síðan við Mr. Mitchel:

„Mér þykir mjög mikið fyrir, að ég skuli vera neyddur til að biðja yður að lofa mér að leita á yður en það er skylda mín“.

„Kæri herra minn“, sagði Mr. Mitchel, „ég skil mjög vel að það er skylda yðar, að fara fram á þetta, og mér dettur ekki í hug að pykkjast hið allra minsta við yður sjálfan. En samt sem áður neita ég hreint og beint um, að leitað sé á mér“.

„Dér neitið?“ sögðu hinir þrír, eins og með einum munn. Það er vandi að segja um, hver þeirra varð mest forviða. Randolph varð náfölnur í framan og hallaði sér upp að skilveggnum, sér til stuðnings. Mr. Barnes komst í nokkra geðshræringu og sagði:

„Það er hið sama sem óbeinlínis sektar-játning, þar eð búið er að leita á öllum öðrum“.

Svar Mr. Mitchel's vakti enn meiri undrun hjá hinum en neitan hans hafði gert. Hann sagði sem sé:

„;Það breytir málinu algjörlega. Ef allir aðrir hafa lofað að leita á sér, þá geri ég það einnig“. Að svo mæltu afklæddi hann sig, og lestarstjórinn leit aði vandlega á honum og í fötum hans. En ekkert fanst. Síðan voru töskur þeirra beggja sóttar og leitað í þeim, en allt var árangurslaust. Lestarstjórninn leit vandræðalega til leynilögreglumannsins, en hann starði út um gluggann. Hver sá, sem þekti Mr. Barnes, hefði vitað, að hann var fjúkandi reiður, því hann var að tyggja annan endann á efrivararskeggi sínu.

„Hér erum við þá komnir til Grand Central-stöðvanna“, sagði Mr. Mitchel. „Er okkur leyfilegt að fara af lestinni?“ Og þar eð lestarstjórinn kinkaði kolli játandi, þá gengu hinir tveir vinir yfir í

hinn endann á vagniaum. Þá var eins og Mr. Barnes vaknaði af draumi, og síðan stökk hann af lestinni, án þess að segja eitt einasta orð, um leið og hún rann hægt inn á hina miklu járnbrautarstöð. Hann gekk að manni nokkrum, sem stóð á pallinum skamt frá, sagði nokkur orð við hann lágt og í flyti, og síðan gengu þeir báðir að lestinni aftur. Að nokkrum augnablikum liðnum steig konan, sem stolið hafði verið frá, út úr lestinni, og þegar hún fór út úr stöðva-byggingunni, fylgdi þessi kunningi Mr. Barnesar henni eftir. Hann var sjálfur í þennan veginn að fara burt af stöðvunum, en þá fann hann að klappað var laust á aðra öxl hans, svo hann sneri sér við, og þar stóð þá Mr. Mitchel frammi fyrir honum.

„Mr. Barnes“, sagði hinn síðarnefndi, „mig langar til að tala nokkur orð við yður. Viljið þér borða morgunverð með mér í borðsalnum hérna á stöðvunum?“

„Hvernig vissuð þér að ég heiti Barnes?“ spurði leynilögreglumaðurinn.

„Ég vissi það ekki, þótt ég viti það nú“, sagði Mr. Mitchel og hló með sjálfánægju, sem Mr. Barnes féll illa. Leynilögreglumaðurinn fann með sjálfum sér, að Mitchel var að draga bust úr nefi hans í öllum greinum. En þrátt fyrir það varð Barnes enn ákveðnari í að veiða hann í gildru sína að lokum. Þar eð Barnes hafði vanið sig á að hugsa fljótt, réð hann strax við sig að þiggja boð Mitchels, því hann ályktaði á þá leið, að hann gæti ehgu tapað við það,

en kynni að græða mikið á nánari viðkynningu. Þessir tveir menn fóru því ofan í borðsalinn saman, og settust þar báðir við lítið, sérstakt borð. Eftir að hafa skipað fyrir um ágætan morgunverð, tók Mitchel til máls og sagði:

„Er ekki best að við skiljum hver annan frá upphafi, Mr. Barnes?“

„Ég veit ekki hvað þér meinið“, sagði Barnes.

„Ég held að þér vitið það“, sagði Mitchel. „Dér spurðuð mig fyrir nokkrum mínútum síðan hvernig ég hefði fengið að vita nafn yðar. Eins og ég sagði yður áðan, þá vissi ég ekki hvað þér hétuð, þótt mig grunaði það. Á ég að segja yður á hverju mig grunaði það?“

„Vissulega, ef yður langar til þess“, sagði Barnes.

„Ég er ef til vill auli að sýna yður fyrsta klaufastykki yðar í þessum leik, þar eð þér hafið auðsjáanlega gengið í lið á móti mér; en þar eð ég lét minn fara héðan einsamla, í því skyni eð fá tækifæri til að segja yður frá þessu, þá get ég ekki staðist freistinguna að gera það“, sagði Mitchel.

„Bíðið við eitt augnablik, Mr. Mitchel“, sagði Barnes. „Ég er ekki eins mikill auli eins og þér áltíð mig. Ég veit hvað þér ætlið að segja.“

„Ó, í sannleika!“ sagði Mitchel. „Það lýsir þó vitsmunum hjá yður.“

„Dér eruð í þann veginn að segja mér, að ég hafi hagað mér eins og zani með því að taka til máls

í vagninum, þegar þér neituðu um að láta leita á yður“.

„Jæja, ég ætlaði mér nú ekki að fara alveg svona hörðum orðum um það“, sagði Mitchel. „En sannleikurinn er þessi: Þegar þér af yfirlögðu ráði veittuð Randolph eftirför inn í Þvottaherbergið, þá vakti það grun hjá mér, þar eð ég var rétt á hælunum á yður. Þegar lestarstjórinn mælti til að fá að leita á mér, þá neitaði ég honum um það af yfirlögðu ráði, til þess að sjá hvaða áhrif það hefði á yður, og niðurstaðan varð sú, eins og þér nú sjáið, að grunur minn fékk staðfestingu. Ég vissi þá að þér voruð leynilögreglumadur, og þegar ég var búinn að komast að því, var engin ástæða fyrir mig að neita lestarstjóranum lengur“.

„Eins og ég hef þegar sagt, þá hagaði ég mér eins og asni“, sagði Barnes. „En ég þurfti ekki þessa aðvörun yðar. Það skal ekki koma fyrir aftur; ég fullvissa yður um það“.

„Ég sé nú auðvitað, að þér heyrðuð samtal okkar Randolphs í nótt er leið“, sagði Mitchel; „og þar eð því er þannig varið, þá grunuðuð þér mig um þennan þjófnað, eins og eðlilegt var. En ég furða mig yfir, að ef þér heyrðuð samtalið, hvers vegna þér þá ekki höfðuð gætur á mér í alla nótt“.

Mr. Barnes svaraði þessu engu, en Mitchel hélt áfram og sagði:

„Ég ætla að biðja yður einnar bótnar“.

„Hver er hún?“ spurði Barnes.


„Að þér opinberid engum lifandi manni það, að ég hef færst í fang að drýgja glæp“, svaraði Mitchel. „Þér hafið auðvitað rétt til þess að leika sporhund sjálfur, og sanna sök á mig—ef þér getið“.

„Svo sannarlega sem þér drýgið glæp, eins sannarlega skal ég sanna hann á yður“, sagði Barnes. „Það getur ef til vill verið sjálfum mér í hag að geyma það, sem ég veit, með sjálfum mér, en það dugir ekki fyrir mig að lofa yður nokkru um það. Ég verð að hafa frifar hendur að fara eftir því sem kringumstæðurnar útheimta“.

„Gott og vel“, sagði Mitchel. „Ég skal segja yður hvar ég held til, og ég gef yður leyfi til að heimsækja mig hvenær sem yður þóknast, hvort heldur er á nótt eða degi. Herbergi mín eru á Fifth Avenue-hóteli. Leyfið mér nú að spyrja yður einnar spurningar: Haldið þér, að ég hafi framið þennan þjófnað?“

„Ég ætla að svara yður með spurningu“, sagði Barnes. „Frömduð þér þjófnaðinn?“

„Þetta er ágætt“, sagði Mitchel. „Ég sé nú að ég hef mótstæðumann sem er þess verður, að eiga vopnaviðskifti við hann. Jæja—við skulum láta báðum spurningunum ósvarað, sem stendur“.



III. KAPÍTULI.

MR. BARNES UPPGÖTVAR ÍDRÓTTARLEGT MORD.

Á meðan þeir Mitchel og Barnes sátu yfir morgunverðinum, gekk maður nokkur hljóðlega í gegnum borðsalinn. Engum hefði getað komið til hugar, að maðurinn gerði það í nokkru sérstöku augnamíði, því hann gaf engum manni nokkurn gaum. Enginn hefði heldur ímyndað sér að Mr. Barnes tæki eftir mannum, því bak hans sneri að honum. En þetta var nú samt sem áður sami maðurinn sem hafði veitt Rose Mitchel eftirför, samkvæmt boði Mr. Barnesar, þegar hún kom út úr lestinni.

Þegar þeir, Mitchel og Barnes, höfðu lokið morgunverði, lögðu þeir af stað út úr borðsalnum. Þegar þeir komu að stiganum, er liggur upp á það gölfid á járnbrautarstöðvunum sem er jafnt strætinu, þá gekk Barnes kurteislega til hliðar, til þess að lofa lagsmanni sínum að ganga upp á undan sér. En Mr. Mitchel veifaði hendinni til merkis um að hann þægi ekki þann heiður, og gekk á eftir Barnes upp tröppurnar. Báðir voru að hugsa um það, á meðan þeir gengu þegiandi upp stigan, hvort hinn hefði haft nokkurt sérstakt augnamíð með því að vilja

ganga síðar Mr. Mitchel hafði ofurlftinn hagsmun fram yfir hinn í því, að hann var á eftir, og gat þess vegna haft nákvæmar gætur á leynilögreglumanninum. En það leit nú samt út fyrir, að það væri ekki mikið unnið við þetta. Auðvitað stóð maðurinn, sem gengið hafði í gegnum borðsalinn, upp við dyrastafinn á útiryrunum, en strax og sást á höfuð Mr. Barnesar, áður en Mr. Mitchel gat hafa veitt honum eftirtekt, fór maðurinn út á stræti, gekk þvert yfir um það og hvarf inn í bankahúsið á móti. Hafði nokkurt teikn farið á milli þessara tveggja leynilögreglumanna? Drátt fyrir það kænskubragð, að láta Barnes ganga upp stigann á undan sér, varð Mitchel ekki var við neitt þessháttar, en það sem fylgir var nú samt það sem skeði: Mr. Barnes kvaddi og fór sína leið. Mr. Mitchel stóð í dyrunum og horfði á eftir Barnes, þangað til hann sá að hann fór inn í einar stöðvar yfirjarðar sporvegsins; þá horfði Mitchel vandlega í kringum sig, og gekk síðan bratt í áttina til sjötta avenue. Hann leit ekki aftur, en hefði hann gert það, þá hefði hann getað séð manninn, er farið hafði inn í bankann, koma út úr honum og ganga í sömu átt. Það voru einungis liðnar fimm mínútur frá því þeir fóru, þegar Mr. Barnes kom aftur í ljósmál. Hann stanzaði í dyrunum, þar sem hinn leynilögreglumaðurinn hafði staðið. Hann athugaði tréverkið vandlega, og sá brátt það sem hann hafði verið að leita að. Þar voru skrifuð dauft með ritblyi þessi orð: „Múmer—austur þrítugasta“. Það var

T MORD.

yfir morg-
a í gegnum
hugar, að
namíði, því
. Enginn
tæki eftir
En þetta
hafði veitt
Barnesar,

ölu lokið
rðsalnum.
pp á það
strætinu,
ss að lofa
sér. En
að hann
arnes upp
á meðan
inn hefði
að vilja

alt og sumt; en Mr. Barnes vissi á þessu, að maðurinn hafði veitt Rose Mitchel eftirför til þessa húsnúmers, og þar eð þetta kom heim og saman við það sem hún hafði sjálf sagt honum um heimili sitt, þá vissi hann nú að hann gat fundið hana hvenær sem hann vildi. Hann bleytti síðan fingurgóm sinn á tungubroddinum og strauk yfir skriftina á dyrastafnum, svo þar varð ekki annað, eftir en óhreinn blettur.

„Wilson er skarpvitur,“ hugsaði Barnes með sér. „Hann leysti þetta vel af hendi. Hann sá hina litlu bendingu, er ég gaf honum með höfðinu, skrifaði húsnúmerið bérna á dyrastafinn og faldi sig tafarlaust. Skyldi hann þá geta haft vakandi auga á þessum kæna fanti? Svei, ég hef alt of háar hugmyndir um kænsku þessa náunga. Ég verð að láta Wilson taka hann að sér í dag að minsta kosti, þar eð ég verð að ljúka við þetta Pettingills-málefni.“ Hálfri klukkustund síðar var Mr. Barnes kominn á skrifstofu sína og var að tala við aðstoðarmenn sína.

En Wilson veitti Mitchel eftirför til Broadway, síðan ofan til Casino-leikhúsins, þar sem hann fór inn og keypti aðgönguseðla til kvöldsins; svo kom hann út aftur, og gekk ofan Broadway til Fifth Avenue-hotelsins og fór þar inn. Hann kinkaði kalli til hótél-skrifarans, tók við lyklinum að herbergjum sínum og fór upp á loft. Það var auðséð, að hann átti heima þarna. Wilson hafði auðvitað engar frekari, ákveðnar skipanir. Af bendingu Barnesar, aftur fyrir sig með höfðinu, hafði Wilson ákilið það, að

hann átti að veita þessum manni eftirför, og eins og á stóð var það hin einfalda skylda hans, að hafa gætur á honum þangað til hann fengi frekari skipanir. Á þessum telefóna-tímum er alhægt að gefa skýrslu sína á aðalstöðvunum, og halda síðan áfram eltingaleiknum. Fifth Avenue-hótelid er ekki hentugur staður til að hafa gætur á einhverjum vissum manni, ef maðurinn veit að það er verið að hafa gætur á honum. Það eru þrennar dyr á hótelinu—einar á Broadway, og sínar á hvert tuttugasta- og þriðja og tuttugasta- og fjórða stræti. Wilson stæði sig af því með sjálfum sér, að Mr. Mitchel grunadi ekkert, og að það væri þess vegna sama út um hverjar dyrnar sem hann ætlaði sér að fara, þá mundi hann skila lykli sínum við borð hótél-skrifarans. Þess vegna hafði Wilson altaf auga á nefndu borði. Það var varla liðinn hálfur klukkutími frá því, að Mitchel hafði farið upp á loft, þangað til hann kom ofan aftur, afhenti lykil sinn, eins og Wilson hafði átt von á, og fór út um þær dyrnar er lágu út á Broadway. Mr. Mitchel fór yfir fimta avenue, og gekk síðan austur tuttugasta- og þriðja stræti. Wilson veitti honum eftirför með mestu varasemi og gekk í gegnum trjágardinn. Þegar Mitchel kom á þriðja avenue, gekk hann upp stigann, er liggur upp í yfirjarðarsporvegsstöðvarnar þar, og neyddist Wilson til að gera hið sama, þótt hann yrði, fyrir þá sök, að koma miklu nær Mitchel en hann vildi. Þeir urðu nú samferða á sömu lestinni, og var Mitchel í fremsta vagn-

inum, en Wilson í hinum aftasta. Degar lestin stanzaði við 42. stræti, fór Mitchel út úr vagninum og gekk yfir á brúnni, en í staðinn fyrir að fara inn í auka-lestina, sem gengur þaðan til Grand Central-járnbrautarstöðvarnar, eins og eðlilegast er að maður geri, þá smeygði hann sér í gegnum mannþröngina og komst þannig aftur yfir á stál-sporvegspallinn, og fór þar á lest er gekk til baka inn í miðbik borgarinnar. Wilson hepnadist samt að komast á sömu lestina, en hann'sá nú strax, að einnaðhvort vissi Mitchel að honum var veitt eftirför, eða þá að hann var undrunarlega var um sig. Á 34. stræti endurtók Mitchel brögð sitt, því hann gekk aftur yfir um á brúnni, en laumaðist svo til baka til aðal-sporvegstöðvanna og fór aftur með lest inn í miðbik borgarinnar. Það, sem Wilson var sérslagi í vandræðum með, var það, að hann gat ekki séð á neinu að Mitchel hefði veitt honum eftirtekt. Það virtist nokkur mögulegleiki til þess, þar eð mikil mannþyrping hafði verið á hvorttveggju stöðvunum, að hann hefði sloppið án þess að eftir honum hefði verið tekið. Hann þóttist enn vissari um, að hann hefði sloppið óséður, þegar Mitchel fór aftur úr lestinni við 42. stræti, gekk yfir á brúnni og fór nú inn í lestina, sem átti að ganga til Grand Central-járnbrautarstöðvanna. Það virtist auðsætt, að öll þessi krókaferð Mitchel's væri spröttin af tómrri varkárni, og að þar eð hann hefði ekki orðið var við skugga sinn (Wilson). Þá væri hann nú í þann veginn að halda beint að hinu

rétta takmarki sínu. Mitchel fór inn í vagn sinn um fyrsta hliðið á stöðvunum, og sat rólegur í einu horni vagnsins þegar Wilson gekk fram hjá og fór inn í lestina um hliðið við hinn endann. Fásénum augna- blikum sá þar skelti varðmaðurinn aftur hurðinni á hliðinu, sem Wilson hafði farið inn um, og hringdi klukkunni. En þá stóð Mitchel á fætur í skyndi og stókk út úr vagninum eins og elding, áður en hægt var að hindra hann frá því, um leið og lestin paut á stað með Wilson, er sat eftir með sárt ennið og sem steini lostinn. Strax og lestin stanzaði við næstu stöðvar, paut Wilson út úr henni og niður stigann, og flýtti sér alt hvað hann gat til baka til 3. avenue- stöðvanna. En hann vissi með sjálfum sér að þetta var árangurslaust, enda reyndist það svo. Hann fann ekki neinn Mitchel þar.

Wilson misti móðinn allmikið við þetta, því hon- um var mjög umhugað um að halda álitu sínu í aug- um Mr. Barnesar, herra síns. En þegar hann nú samt velti því fyrir sér, sem skeð hafði þessa síðustu hálfu klukkustund, þá gat hann ekki séð hvernig hann hefði átt að geta hindrað, að Mitchel gekk hon- um þannig úr greipum, þar eð það var auðsætt, að hann hefði af yfirlögðu ráði farið að eins og hann gerði, til þess að honum yrði ekki veitt eftirför. Ef maður einungis veit, að þa hefur grun um, að maanni er veitt eftirför, þá gefur þriðja-avenue yfirjarðar spor- vegurinn, með brúm sínum við 43. og 44. stræti, manni ágætt tækifæri til að skjótast undan hinum

fimasta leynilögreglumanni. Ef Wilsan hefði þekt nokkuð til mannsins, sem slopp. hafði burt frá honum, þá hefði hann ef til vill getað gízkað á hvert hann ætlaði, og fundið hann á þann hátt að flyta sér áfram og mæta honum, eins og hann hafði oft gert þegar hann var að elta alræmda glæpamenn, sem hann vissi hvar vanir voru að halda til. Í þessu tilfalli óð hann algerlega í villu og svima, og gat því ekkert annað gert en ragna.

Wilson hugsaði með sér, að þótt hann gæti ekki gefið skýrslu um hvert Mitchel hefði farið, þá gæti hann að minsta kosti uppgötvað hvenær hann kæmi aftur á hótél sitt, og Mr. Barnes gæti ef til vill fengið einhverja bendingu af tímalengdinni, sem hann væri í burtu. Í samræmi við þessa niðri stöðu fór Wilson því aftur til Fifth Avenue-hótelsins og beið þar þolinmóður. Hann telefónaði til skrifstofu Mr. Barnesar, en hann hafði ekki annað upp úr því en að fá að vita, að Barnes hefði farið aftur til Boston, til að sækja Pettingill og flytja hann til New York. Svo leið og beið þangað til kl. sló 7, en Mitchel kom ekki á hótelið. En þá loks mundi Wilson alt í einu eftir, að hann hefði séð Mitchel kaupa aðgönguseðla fyrir Casino-leikhúsið, og áleit því að það gæti verið heppilegur staður til að vera á verði, þótt hann auðvitað hefði enga vissu fyrir, að leikhús-seðlarnir væru fyrir þetta kvöld. Í þessari óvissu von flýtti hann sér samt til leikhússins, og tók sér stöð þar sem hann gat séð alla, sem fóru inn í það. Þegar klukkan var

gengin 10 mínútur í nfu, var Wilson hér um bil kominn að þeirri niðurstöðu, að þessi ferð hans hefði verið gagnslaus, en þá kom leiguvagn akandi að leikhúsinu, og til mestu gleði fyrir Wilson sá hann, að Mr. Mitchel steig út úr vagninum, og hjálpaði síðan skrautlega klæddri konu út úr honum. Wilson hafði búið sig undir, að þetta gæti komið fyrir, með því, að kaupa sér aðgönguseðil, svo hann fylgdi Mitchel og konunni strax eftir inn í leikhúsið, staðráðinn í að missa ekki aftur sjónar á Mitchel. Þegar úti var, átti hann ekki erfitt með að fylgja þeim eftir, því konan neitaði vagninum, sem Mitchel bauð henni, ef til vill vegna þess, að það var svo hressandi að ganga heim í kvöldloftinu, þótt nokkuð kalt væri. En Wilson varð meir en lítið forviða þegar hann sá, að þau fóru að lokum inn í salna, stóra leiguhbergjahúsið á 30. stræti, sem hann hafði veitt Rose Mitchel eftirför til um morguninn. Hann varð nú rólegur með sjálfum sér, því þar eð báðir þessir fuglar hans höfðu flogið í sama húrið, þá virtist honum augljóst, að þeir stæðu í sambandi hver við annan. Wilson fanst líka augljóst, að Mr. Mitchel hefði einmitt farið í þetta hús þegar hann slapp burt frá honum um morguninn. Að minsta kosti ályktaði þessi skarp-skygni leynilögreglu maður á þá leið.

Wilson hafði beðið hinum megin í strætinu, beint á móti húsinu, hér um bil eina kl.-stund, sökkin niður í djúpar hugsanir í næturkyrðinni í þessum parti borgarinnar, þegar hann hrökk upp frá hugsun-

um sínum við að heyra nístandi hljóð, bæði hátt og langt, en sem svo hætti, og alt varð aftur þögult. Hvort hljóðið hafði komið úr leiguhverbergja-húsinu eða privathúsunum næst við það, gat hann ekki sagt um með vissu. En hann þóttist viss um að það væri kvennmaður, sem hljóðað hafði. Hafði hljóðið orsakast af sársauka, eða var það martraðar-hljóð? Um það gat hann ekkert sagt. Detta eina, voðalega hljóð, sem hafði rofið næturþögnina, virtist mjög óyndislegt. Dað fór hrollur um Wilson og hann vafði kápunni fastar að sér. Ef hljóðið hefði verið endurtekið, eftir að athygli hans var vakið til fulls, þá hefði hann verið ánægðari; en þótt hann hlustaði eins vel og hann gat, heyrði hann ekkert framár. Tíu mínútum síðar vakti annað athygli hans. Ljós, sem skinið hafði út um glugga uppi á fimta lofti í leiguhverbergja-húsinu, var slékt. Dað var auðvitað ekkert grunsamt við þetta, því ljós eru vanalega slékt þegar menn ganga til hvílu. En hann veitti þessu eftirtekt af því, að það var eina ljósið, sem hann hafði séð í gluggum hússins á meðan hann hafði verið þarna á verði. Á meðan hann var að hugsa um þetta, var hurðin á húsinu gagnvart honum opnuð og karlmaður kom út. Þar eð Wilson áleit að þetta mundi vera Mr. Mitchel, þá bjóst hann til að veita honum eftirför. Og til þess að engin villa gæti átt sér stað, gekk Wilson svo hart að næsta götuhorni, að hann yrði kominn þar á undan manningum, gekk síðan yfir strætið og hogaði ferð sinni svo, að

hann var rétt fram undan manningum þegar hann kom að strætislanpanum á horninu. Wilson leit fljótt, en grandgæfilega, á manninn, og sá að það var ekki Mr. Mitchel, svo hann hætti við að veita honum eftirför og flytti sér til baka í áttina til leiguberbergja hússins. En hann var ekki komin nema fáein spor þegar hann mætti Mr. Mitchel, sem kom gangandi hratt á móti honum. Wilson dró nú andann eins og honum létti mikið, gekk fram hjá Mitchel, fór yfir um strætið og veitti honum svo eftirför, með hinum vanalega fimleik sínum, þangað til hann fór inn í Fifth Avenue-hótel. Wilson sá Mitchel taka lykil sinn og fara upp á loft, svo hann áleit að verði sínum væri lokið þessa nóttina. Hann leit á væsur sitt og sí, að klukkan var rétt eitt. Þá fór hann inn í lestrarstofuna, og skrifaði skýrslu um hvað við hafði borið yfir daginn, kallaði síðan á sendisvein og fékk honum bréfið, sem skrifað var utan á til Mr. Barnesar, og sagði honum að fara tafarlaust með það á skrifstofu hans, sem var opin jafnt nótt sem dag. Þegar þetta var búið, fanst honum að hann ætti skilið að flyta sér heim og sofa stutta stund—stutta af því, að hann vissi, að það var skylda hans að vera aftur á verði næsta dag, eða þangað til hann fengi frekari fyrirskipanir frá Mr. Barnes.

Strax og Mr. Barnes kom til New York, hafði hann fengið hin nauðsynlegu skjöl í máli Pettingills. Hann hafði telegrafað frá Boston viðvíkjandi þeim, er. da biðu þau hans þegar hann kom til New York

Hann hafði farið til baka til Boston með þau sama daginn, og hann fékk fanga sinn út svo greiðlega, að hann náði aftur í miðnæturlést., og komst til baka til New York án þess að hafa mist meira en einn dag frá hinu nýja máli, er hann hafði svo mikinn áhuga fyrir.

Þannig var það, að hann kom allsnemma inn á skrifstofu sína næsta morgun eftir að gimsteinaþjófnaðurinn hafði verið framinn, og var þá búinn að afhenda fanga sinn á aðal-lögreglustöðvunum.

Eina merkið sem hann sýndi um óánægju, þegar hann var búinn að lesa bréf Wilson's, var það, að hann togaði í annan endann á yfirvarar-skeggi sínu. Hann las bréfið þrisvar frá upphafi til enda, en reif það síðan vandlega í sundur í smá-snepla, og gerði hann þetta svo fallega, að þeir voru allir nærri jafn stórir og eins í laginu. Hver sá, sem hefði reynt að setja saman aftur bréf er Mr. Barnes hafði rífið sundur, mundi hafa átt erfitt verk fyrir hendi. Hann stóð við gluggann, og fleygði sneplunum hátt upp í loftið og sá. að vindurinn tvístraði þeim út um alt.

Klukkan hálf nfu stóð Mr. Barnes úti fyrir leiguerbergja-húsinu á 30. stræti austur. Umsjónarmaður hússins var að sópa af gangstéttinni ofurlítið snjófól, sem fallið hafði snemma um morguninn.

Mr. Barnes gekk inn í fordyrið, án þess að yrða á umsjónarmanninn, og athugaði nöfnin, er letruð voru á hin ýmsu bréfaskrín. Á engu þeirra var nafnið, sem hann var að leita að, en það var ekkert

nafnspjald á skrifni nr. 5. Hann mintist þess er
 Wilson hafði sagt í skýrslu sinni, að hann hefði séð
 að ljós hafði verið slókt uppi á 5. lofti, svo einhver
 hlaut að búa þar. Til þess að komast inn í húsið,
 notaði Mr. Barnes bragí sem smáþjófur oft nota.
 Hann hringdi klukkunni á bústað nr. 1, og þegar
 svo hurðin opnaðist, hávaðalaust, gekk hann tafar-
 laust inn í húsið. Þegar hann kom upp á 1. loft, af-
 sakaði hann við þjóninn að hann hefði hringt annari
 klukku, en hann átti að gera, og hélt svo áfram upp
 á 5. loft. Þegar þangað kom, hringdi hann klukk-
 unni á privat ganginum, sem tilheyrði hinum sér-
 stöku leiguherbergjum á þessu lofti. Hann hefði
 getað hringt neðri klukkunni, er tilheyrði þessum
 herbergjum, í fyrstu, en hann hringdi hinni klukk-
 unni til þess, að ómögulegt yrði fyrir nokkurn mann
 að komast burt úr herbergjunum um privat-dyrnar
 eftir að klukkan gaf til kynna, að gestur væri kom-
 inn. Hann stóð þarna við dyrnar svo minútum
 skifti, en heyrði enga hreifingu eða hljóð inni fyrir.
 Hann hringdi klukkunni í annað sinn, en alt fór á
 sömu leið. Hann greip fast utan um handfangið á
 hurðinni og sneri því hægt og gætilega, svo það
 gærði engan hávaða. Honum til mikillar undrunar
 lét hurðin undan, þegar hann þrýsti á hana, og að
 augnabliki liðnu var hann kominn inn í ganginn og
 búinn að láta hurðina aftur á eftir sér. Fyrst hélt
 hann, að þegar til kom væru herbergin tóm, en
 þegar hann leit inn í herbergi, við innri endann á

ganginum, sá hann, að það var gestastofa, með vana-
 legum húsbúnaði í. Hann hikaði sér eitt augnablik,
 en síðan læddist hann inn að dyrunum á stofunni,
 leit inn í hana og sá þar engan mann. Hann læddist
 síðan fram að gangsdyrnum aftur, sneri lyklinum,
 tók hann úr lásnum og stakk honum í vasa sinn.
 Svo gekk hann aftur inn að stofudyrnum, og fór nú
 inn í hana. Húsbúnaðurinn var skrautlegur og
 smekklegur. Gluggarnir á stofunni vissu út að
 strätinu. Á milli þeirra stóð skrifpúlt og var opið,
 eins og það hefði verið notað nýlega. Við hliðina á
 púltinu stóð fallegur fortepiano-lampi, ef til vill sami
 lampinn sem birtan var af, er Wilson saknaði alt í
 einu úr glugganum á húsinu um nóttina. Beint á
 móti glugganum voru vængja-hurðir, með stórum
 glerrúðum í, og var þar vafalaust annað herbergi.
 Hurðirnar voru aftur. Mr. Barnes horfði í gegnum
 gagnsæjan blett á annari rúðunni, og þóttist hann
 sjá konu liggja í rúmi í herberginu og að hárið hangd
 niður af koddanum. Þegar hann sá þetta var hann í
 vafa um, hvað hann skyldi taka til bragðs. Þetta
 var ef til vill konan, sem hafði sagst heita Rose Mit-
 chel á járnbrautarlestinni. Hún var sofandi, og hann
 hafði farið inn í herbergi hennar án þess að hafa
 nokkurt laga-leyfi til að gera það. Auðvitað hafði
 Mr. Barnes hana grunaða, en saklausasta fólk verður
 oft fyrir mesta óréttlæti sökum ástæðulausrar grun-
 seldar, og af því hann hafði ekki sterkari ástæður
 fyrir grun sínum, en hann hafði, þá vissi hann að

fa, með vana-
 eitt augnablik,
 m á stofunni,
 Hann læddist
 eri lyklinum;
 í vasa sinn.
 um, og fór nú
 drautlegur og
 vissu út að
 og var opið,
 7ið hliðina á
 f til vill sami
 saknaði alt í
 na. Beint á
 með stórum
 að herbergi.
 í gegnum
 þóttist hann
 hárið hangd
 a var hann í
 rðs. Detta
 a Rose Mit-
 di, og hann
 ess að hafa
 vitað hafði
 fólk verður
 srar grun-
 ari ástæður
 esi hann að

hann gat ekki gefið lögsmætar ástæður fyrir því, sem hann var að aðhafast. Á meðan hann stóð þarna við vængjahurðina og var að velta þessu fyrir sér, varð honum litið niður á gólfíð við fætur sér. Hann tók strax eftir nokkru, sem orsakaði að hrollur fór í gegnum hann, jafn-vanur sem hann þó var við að sjá undarlega hluti. Detta, sem hann sá, var ofurlstill, rauður lækur, sem runnið hafði innan úr herberginu, undir hurðina og meðfram rúðinni á gólfábreiðunni, nokkra þumlunga fram í stofuna. Hann beygði sig strax niður, drap einum fingurgómi sínum niður í lækinn, leit á góminn og sagði í hálfum hljóðum:

„Blóð, og það hálfstorkið“.

Síðan rétti Mr. Barnes sig upp og rýndi aftur í gegnum rúðuna, inn í herbergið. Konan í rekkjunni hafði ekki hreift sig. Hann hikaði sér ekki lengur, heldur skaut hurðunum frá. Hann litaðist um í herberginu eitt augnablik og tautaði eitt orð: „Morð“.

Mr. Barnes var nú ekki seinn í hreifingum sínum framar. Hann steig yfir blóðpoll, sem var á gólfábreiðunni, og gekk tafarlaust að kvíluinni. Hann þekti þar strax andlit konunnar, sem hafði sagt að gimsteinum hennar hefði verið stolið á lestinni. Hún virtist einungis sofa, að því undanteknu, að andlitsdrættirnir lýstu sársauka, húðin dregin saman í brukku á milli augnabrúnanna og annað munnvikið geislað; alt þetta hafði stirðnað á andlitinu í dauðanum. Orsökkin til dauða hennar var jafn-einföld eins og hún var grimdarfull. Konan hafði verið skorin á

háls í svefni. Að minsta kosti benti það að hún var í náttklæðum sínum til þess. En eitt, sem strax setti Mr. Barnes í vanda, var blóðpollurinn fram við hurðina. Hann var full sex fet frá höfðagafi rekkjunnar, og þótt annar blóðpollur væri rétt framaz við rúmstokkinn, pollur, sem hafði myndast af blóði er runnið hafði niður rekkvöðina og lekið niður á gólfid, þá var enginn lækur eða samrensi á milli pollanna.

„Jæja“, hugsaði Mr. Barnes með sér, „ég kem fyrstur manna á sjónarsviðið í þetta skiftið, og engar slettirekur skulu koma hingað og umturna öllum hlutum fyrir en ég er búinn að rannsaka nákvæmlega þýðingu þeirra“.

Herbergi þetta hafði ekki upprunalega verið ætlað fyrir svefnherbergi, heldur sem borðstofa, þannig, að hægt væri, þegar þess þyrfti, að skjóta hurðunum frá og gera eina stofu úr því og gestastofunni. Það var einn gluggi á herbergiau, og vissi hann að loftstromp, er lá upp í gegnum húsið; en í einu horninu á herberginu var falleg arinhilla, úr útskorinni eik, og arn þar neðan undir. Mr. Barnes dró tjaldið frá glugganum, til þess að hleypa meiri birtu inn í herbergið. Að því búnu litaðist hann um betur og tók þá eftir tvennu: Í fyrsta lagi, að á þvottaborðinu stóð skál, hálf-full af vatni, og sýndi liturinn á því ljóslega, að mórðinginn hafði þvegið af sér grunsama bletti áður en hann fór burt. Í öðru lagi, að á arninum var öskuhrúga.

„Fanturina hefur brent sannanir, sem voru á móti

það að hún var
sem strax setti
fram við hurð-
aði rekt-junnar,
umaz við rúm-
blóði er runn-
ir á gólfíð, þá
pollanna.

sér, „ég kem
ftið, og engar
nturna öllum
nákvæmlega

nalega verið
östofa, þann-
skjóta hurð-
restastofunni.
rissi hann að
í einu horn-
r útskorinni
dró tjaldið
birtu inn í
m betur og
þvottaborð-
i liturinn á
af sér grun-
lagi, að á

oru á móti

honum, og síðan þvegið. af sér blóðið, áður en hann
fór burt héðan“, sagði Barnes við sjálfan sig. „Lát-
um okkur nú sjá hvað Mitchel sagði: „Ég skyldi
hafa staðið við og þvegið blóðblettina af gólfabreið-
unni, á meðan þeir voru ferskir, og einnig af tryni
hundsins“. Detta var það sem hann sagðist mundi
gera, ef hann væri bitinn á meðan hann væri að
drygja glæp. Í þetta skifti voru blóðblettirnir á
gólfabreiðunni of stórir fyrir hann, en hann þvoði þá
af sjálfum sér. Er mögulegt, að nokkur sá maður
sé til í veröldinni, að hann hafi svona glæp í hyggju
og veðji um, að hann skuli ekki verða uppvis. Ó,
það er ómögulegt“. Þannig hugsaði Mr. Barnes með
sér, á meðan hann var að athuga öll vegsummerki í
herberginu. Þar næst fór hann að athuga fót kon-
unnar, sem lágu á stól í herberginu. Hann leitaði í
vösunum, en fann ekkert markvert. Þegar hann var
að fara með pilsíð, þá tók hann eftir að stykki hafði
verið skoríð úr haldinu. Og þegar hann svo skoðaði
hin fötin sá hann brátt, að ofurlítið stykki hafði verið
skoríð úr sérhverri spjör. Honum flaug strax nokkuð
í hug. Hann gekk því yfir að hvílunni, og leitaði að
marki á fötunum sem líkið var í. Hann fann ekkert
þessháttar, fyr en hann lyfti líkinu upp og sneri því
við; þá sá hann að stykki hafði einnig verið skoríð úr
náttklæðunum.

„Þetta skýrir hvernig stendur á blóðinu fram við
hurðina“, hugsaði Barnes með sér. „Morðinginn
hefur tekið líkið úr rúminu, til þess að hafa það nær

birtunni á meðan hann leitaði að fangamarkinu á fótunum. Á meðan líkið lá þar á gólfinu, hefur því blætt og blóðið safnast í poll, sem lækur síðan rann úr. Síðan hefur hann aftur lagt líkið upp í rúmið, til þess að hann þyrfti ekki að stíga yfir það á meðan hann var að leita í herberginu. Hvílskur útreiknandi fantur! Hér er eitt þýðingarmikið atriði. Konan getur ekki hafa heitið Rose Mitchel, því ef svo hefði verið, þá var engin ástæða til að eyðileggja fangamarkið á fótunum, þar eð hún hafði sagt ýmsum að þetta væri nafn hennar“.

Þar næst sópaði Mr. Barnes öskunni úr arninum og lét hana á dagblað, sem hann fann í herberginu, og fór með hana fram að glugga í fremra herberginu. Þessi rannsókn hans sannfærði hann um tvent: Morðinginn hafði brent stykkinn, sem hann hafði skorið úr fótunum, og einnig allmörg bréf; að morðinginn hafði verið mjög aðgætinn í öllum greinum sást á því, að hann hafði brent allt saman til hlítar. Ekkert var óbrunnið nema tveir hnappar, sem ofurlítill þjatlhangdi við, og hornin af nokkrum umslögum. Mr. Barnes fleygði öskunni aftur á arninn, og var í allillu skapi yfir niðurstöðunni.

Þar næst fór Mr. Barnes að rannsaka skrifpúltið, sem var opið. Hann dró út allar skúffurnar og leitaði í sérhverjum krók og kyma í púltinu, en leit hans var árangurslaus. Hann fann ekkert nema óskrifaðan pappir og umslög, og þetta hvorttveggja af algengri tegund.

Dá fór Mr. Barnes aftur inn í herbergið, sem líkið var í, og tók hann þá eftir kistu, sem horn af einhverju fati stóð út úr. Hann lyfti upp lokinu og sá, að alt í kistunni var á ruglingi. Það leit út fyrir, að það hefði verið leitað í kistunni í flyti og öllui síðan dembf ofan í hara aftur. Mr. Barnes tók sér hvern hlut upp úr kistunni og skoðaði vandlega. Úr öllum spjörum, sem fangamark gat hafa verið á, var skorið stykki. „Það hlýtur að vera einhver gild ástæða til að dylja nafn þessarar konu, því annars hefði fanturinn ekki gert sér svona mikið far um það“, hugsaði Mr. Barnes með sér. Þegar Barnes var að láta fötin aftur í kistuna, heyrði hann að það skrifáði í einhverju, sem virtist benda til að pappírsblað væri í vasa á einni spjörinni. Hann tók spjörina upp aftur í snatri, og varð harla glaður þegar hann fann skrifað blað í vasanum. „Hér er þá loks einhver leiðarvísir“, hugsaði hann með sér, og flýtti sér með blaðið fram í stofuna, til að lesa það við annan gluggann þar. Á blaðið var skrifað það sem fylgir:

„SKRÁ YFIR GIMSTEINA:

Einn demantur 15 $\frac{1}{2}$ karöt.....	\$15,000
Einn smaragð 15 $\frac{1}{2}$ karöt.....	15,000
Einn rúbín 15 $\frac{3}{8}$ karöt.....	20,000
Einn safír 10 karöt.....	5,000
Ein perla—perumynduð, hvít.....	15,000
Ein perla—perumynduð, svört.....	10,000
Ein perla—hvít, eggmynduð.....	5,000
Ein perla—svört, eggmynduð.....	5,000
Einn kanarí demantur.....	5,000
Einn topas—200 karöt.....	5,000

\$100,000

Allir þessir tíu gimsteinar eru fullkomnustu sýnishorn af sinni tegund. Fjörir hinir fyrst-töldu eru skornir nákvæmlega eins; perumynduðu perlurnar eru samkyns að stærð og lögun, og sama er með eggmynduðu perlurnar. Kanari-demanturinn er aflaugur, og tópasinn óviðjafnanlegur.

Allir gimsteinarnir eru geymdir í stökk, með rauðu rússnesku leðri utan á, sem er fjörir þumlungar á annan veginn en sex þuml. á hinn að stærð, fóðradur að innan með svörtu atlask. Sérhver af gimsteinunum passar í sérstaka lögð í stökknum, og er festur á sínum stað með spennu úr gullvir.

Á stökknum er nafnið „*Mitchel*“, letrad með gullnum stöfum á gjörðina sem spent er utan um stökkinn.

Þetta var alt og sumt sem var á blaðinu, og ekkert nafn skrifad undir. Mr. Barnes þótti ilt að undirskriftina vantaði, en hann þóttist samt viss um, að hann hefði nú í höndum mjög þyðingarmikið skjal, þar eð það virtist sannan sögu konunnar, að hún hefði mist mikið af umgjörðarlausum gimsteinum. Það var mjög þyðingarmikið að hafa í höndum svona nákvæma lýsingu af hinum stolnu gimsteinum. Mr. Barnes braut blaðið saman vandlega, lét það síðan í peningaveski sitt, og fór síðan aftur þangað sem líkið var. Hann skoðaði nákvæmlega skurðinn á hálsinum á konunni, og komst að þeirri niðurstöðu að mörðingjinn hefði notað vanalegan sjálfскеiðing, því undin var hvorki löng né djúp. En lífæðin á hálsinum var skorin sundur, og leit út fyrir að mörðingjinn hefði einmitt stefnt hnifnum á hana. Af þessu dró leynilögreglumadurinn þá ályktan, að á konuna

komnustu sýnishorn
töldu eru skornir ná-
rnar eru samkyns að
mynduðu perlurnar.
og tópasinn óvið-

kk, með rauðu rúss-
ungar á annan veg-
radur að innan með
unum passar í sér-
á sínum stað með

stráð með gullnum
n stokkinn.

bláðinu, og ekk-
þótti ilt að und-
amt viss um, að
ngarmikið skjal,
ar, að hún hefði
nsteinum. Það
dum svona ná-
nsteinum. Mr.
ét það síðan í
r þangað sem
ga skurðinn á
niðurstöðu að
fskeiðing, því
fæðin á háls-
að morðing-
na. Af þessu
að á konuna

hefði verið ráðist í svefni. Við þetta kom fram
spurningin: „Hafði morðinginn þau meðél í hendi,
sem útheimtust til að komast inn í húsið án þess að
nokkur vissi? Hann hlaut annaðhvort að hafa lykil
er gekk að húsinu, eða einhver hafði hleypt honum
inn“. Mr. Barnes varð nærri því hverft við þegar
hann mintist þess nú, að Wilson hefði séð Mr. Mitch-
el fara inn í húsið nokkru áður en hljóðið heyrðist, og
fara burt úr því nokkru síðar. Var þetta konan sem
hafði farið á leikhúsið með Mitchel? Ef svo var,
hvernig gat hún hafa afklætt sig og sofnað svo fljótt?
Það var auðséð, að það útheimtust meiri upplýsingar
viðvíkjandi þessari hlið málsins.

Á meðan Mr. Barnes var að hugsa um þetta,
rendi hann augunum um alt herbergið, og stöðvuðust
þau loks við einhvern bjartan hlut sem lá á gólfinu,
skamt frá kistunni. Ljósgeisli úr framglugganum
náði rétt á þennan hlut og gerði það að verkum, að
á hann glampaði. Mr. Barnes horfði á hlutinn eins
og ósjálfrátt í nokkur augnablik, en svo beygði hann
sig niður og tók hann upp, án þess eiginlega að gera
sér grein fyrir hvað hann var að gera. En hann
hafði varla tekið hlutinn upp þegar sigurhróss-geisli
skein úr augum hans. Hann hélt á hnapp í hend-
inni, og var í honum slápaður gimsteinn með upp-
hleyptri hliðarmynd af kvenmanni, en fyrir neðan
myndina var nafnið „Juliet“.

IV. KAPÍTULI.

ÞAR HITTUST STÁLIN STINN.

Þegar Mr. Barnes hafði fundið hnappinn með upphleyptu myndinni á, fór hann tafarlaust burt úr leiguberbergja-húsinu. Að lítilli stundu liðinni var hann kominn á Fifth Avenue-hótelid. Hann hitti þar Wilson, sem sat í forstofu hótelsins, og skýrði hann Barnes frá, að Mitchel hefði enn ekki komið ofan úr herbergjum sínum þennan morgun. Barnes gladdi aðstoðarmann sinn með því, að hæla honum fyrir hvernig hann hefði leyst verk sitt af hendi og með því að afsaka það, að hann hafði mist sjónar á Mitchel í nokkra klukkutíma daginn áður. Það var ekki erfitt fyrir Mr. Barnes að vera í góðu skapi, þar sem hann hafði hinn dýrmæta hnapp í vasanum. Sannleikurinn var, að hann var hlæjandi með sjálfum sér. Hugsunin, sem olli honum svo mikillar kæti, var sú, að maðurinn uppi á lofti (Mitchel) hefði sýnt, að hann væri rétt eins mannlegur og hver annar vanalegur glæpamaður, þar eð hann hefði skilið eftir einmitt það augljósa merki, sem hann hafði stært sig af að ekki skyldi finnast eftir sig þegar hann væri búinn að drygja glæp sinn. En samt sáu engin útvertis merki um, að Mr. Barnes væri í rokkurri

geð
Mr.
spjal
anna
um n
af lo
skyld
bergi
hann
og sto
voru k
sem le
í mah
ennfre
bergin
ara-flá
hangdu
ker stó
herberg
ið úr tr
í stuttu
að og
Það leit
grein fy
ræða u
gæti ger
lega var
drygja þ

gæðshræringu. Hann spurði með mestu rósemi eftir Mr. Mitchel við borð hótél-skrifarans, og sendi nafnspjald sitt upp til herbergja hans alveg eins og hver annar vanalegur gestur mundi hafa gert. Að nokkrum mínútum liðnum kom sendisveinninn aftur ofan af lofti með þá stuttu orðsendingu, að Mr. Barnes skyldi koma upp á loft.

Mr. Barnes var fylgt upp á 1. loft og inn í herbergi sem vissu fram að 23. stræti. Herbergið, sem hann kom fyrst inn í úr ganginum, var útbúið eins og stofur ógiftra manna eru vanar að vera. Í því voru hægingastólar, tveir legubekkir, og lestrarstóll, sem leggja mátti saman; einnig var í því fortepiano, í mahóni-kassa, og fallegur pianó-lampi við hlið þess; enn fremur útskorið borð, úr dýrum víði, í miðju herberginu, en á því stóð skrautlegur lestrar-lampi, síg-ara-lát úr bronze og ljósmynda-bækur; á veggjunum hangdu fallegar myndir í gullnum umgjörðum, fegurker stóðu á arinhillunni og klukka í onyx-umgjörð; í herberginu var líkneski af Mára í fullri stærð, útskorið úr tré, sem notað var til að halda á nafnspjöldum. Í stuttu máli, alt í herberginu bentí á aðlegð, mun að og síðfágun. Gat þetta verið morðingjabæli? Það leit ekki út fyrir það, og ómögulegt að gera sér grein fyrir því nema með því móti, að hér væri að ræða um einhverja afarsterka, leynda ástæðu, sem gæti gert það að verkum að maður, sem auðsjáanlega var regjulegt þráðmenni, lyti niður að því að drýggja þvílíkan glæp og þann, er Mr. Barnes grun-

aði Mitchel um. Samkvæmt reynslu Barnesar hlaut kvennaður að eiga eitthvað skylt við orsökina til glæpsins. En ennþá var enginn kvennaður í spiliinu utan lík konunnar, er hann hafði yfirgefið fyrir stundarkorni síðan. Alt þetta flaug í gegnum huga leynilögreglumannsins, um leið og hann tók eftir öllu hinu ofantalda á nokkrum augnablikum. Þá heyrði hann rödd innan úr hinu herberginu, sem sagði:

„Komið inn, Mr. Barnes; við verðum að sleppa öllu óþarfa dekri gagnvart hver öðrum“.

Samkvæmt þessari áskorun fór Mr. Barnes tafarlaust inn í hitt herbergið og tók strax eftir, að það—svefnherbergið—var jafn skrautmikið sem stofan er hann fyrst hafði komið inn í. Mr. Mitchel stóð frammi fyrir spegli og var að raka sig; hann var í morgunkápu úr silki.

„Fyrirgefið ónæðið, sem ég geri yður“, tók Mr. Barnes til máls. „En þér sögðuð mér, að ég mætti heimsækja yður á hvaða tíma sem væri, og—“

„Það er ég sem ætti að biðja fyrirgefningar“, greip Mitchel fram í. „En ég verð að ljúka við að raka mig, eins og þér skiljið. Maður getur ekki talað við neinn mann með annan kjammann löðrandi í sápufroðu“.

„Auðvitað ekki“, sagði Mr. Barnes. „Flýtið yður ekki hið minsta, því ég get beðið“.

„Þakka yður fyrir“, sagði Mitchel. „Fáið yður sæti. Brúkastóllinn við rekkjuna er þægilegur að sitja í honum. Ég fer á fætur óvanalega seint þenn-

an morgun; en sannleikurinn er sá, að ég var úti lengi fram eftir í gærkveldi“.

„Dér hafid að líkindum verið á klúbbnum yðar“, sagði Mr. Barnes, sem vildi vita hvort Mitchel mundi ljúga að sér um þetta atriði. En þetta urðu vonbrigði fyrir Barnes, því Mitchel sagði:

„Nei, ég fór á Casino leikhúsið. Lillian Russell er komin þangað aftur, eins og þú vissið, svo ég hafði lokað vini mínum að fara á leikhúsið til að heyrna til hennar“.

„Var þessi vinur yðar karlmaður?“ sagði Mr. Barnes.

„Eruð þér ekki farinn að gerast helzt til spurull?“ sagði Mr. Mitchel. „Nei, hann var ekki karlmaður, heldur kona. Sannleikurinn er að það er hún, sem myndin er af, þarna á málara grindinni“.

Mr. Barnes leit yfir á grindina og sá þar öllu mynd, er sýndi undursamlega fagurt kvennmanshöfuð. Myndin var af svarthærdum, kvennmanni, og lýsti andlitið mjög sterkum tilfinningum og viljastyrk, ef myndin var sannur spegill af því. Hér var þýðingarmikið atriði. Mr. Mitchel hafði sagst hafa verið á Casino leikhúsinu með þessari konu. Wilson hafði staðhæft, að þau hefðu farið til hússins, sem hin myrta kona var í, eftir að þau komu af leikhúsinu. Það leit þannig út fyrir, að vinkona Mr. Mitchels ætti þar heima og að hann hefði á þann hátt komist inn í húsið kvöldið áður. Vissi Mitchel, að hin konan átti þar heima líka, og hafði hann farið inn í herbergi

hennar eftir að hann skildi við vinkonu sína? A meðan Mr. Barnes var að velta þessu fyrir sér, varð honum litið á rekkjuna. Hann sá að á rekkjunni lá vesti, og tók eftir að í því voru tveir hnappar, er líktust hnappnum sem hann hafði í vasa sínum. Hann laumaðist með hendina yfir á rekkjuna, en fingur hans höfðu varla snert vestið þegar Mr. Mitchel sagði, án þess að snúa sér við eða hætta að raka sig:

„Það eru engir peningar í vösumum á vestinu þarna á rúminu, Mr. Barnes“.

„Hverju eruð þér að dróttu að mér“, sagði Mr. Barnes reiðuglega, um leið og hann kipti hendinni að sér í snatri. Mr. Mitchel stanzaði eitt augnablik áður en hann svaraði, dró skegghnífinn síðan einusinni eða tvisvar yfir kjálkann mjög stillilega, en sneri sér síðan að leynilögreglumanninum og sagði:

„Það sem ég meina, Mr. Barnes, er, að þér gleymduð því að ég horfði í spegilinn, þótt bak mitt sneri að yður“.

„Orð yðar bentu til, að ég hefði ætlað mér að stela“, sagði Barnes.

„Gerðu þau það?“ sagði Mitchel. „Mér þykir mjög mikið fyrir því. En í sannleika ættuð þér ekk að viðhafa laumulega þjófnaðferð, fyrst þér eruð svona viðkvæmur. Þegar ég byð þrúðmenni inn í privat-herbergi mitt, þá býst ég ekki við, að hann sé að þukla á fötum mínum á meðan bak mitt snýr að honum“.

„Varð yður, Mr. Mitchel“, sagði Barnes, „þér

eigið hér við loynilögsglumann. Ef ég rétti höndina í áttina þangað, sem fót yðar voru, þá var það ekki gert í neinu óleyfilegu augnamíði, og þér vitið sjálfur að þetta er satt“.

„Vissulega veit ég það“, sagði Mitchel; „og, það sem meira er, ég veit upp á hárfvað yður langaði til að gera. Þér megið ekki reiðast svona léttilega. Ég hefði ekki átt að viðhafa orðin, sem ég viðhafði, en satt að segja gramdist mér“.

„Ég skil yður ekki“, sagði Mr. Barnes.

„Það meiddi tilfinningar mínar, að þér skylduð fara að við mig eins og ég væri vanalegur glæpamaður“, sagði Mitchel. „Það særði sómatilfinningu mína, að þér skylduð smynda yður, að ég mundi leyfa yður að koma hér inn í herbergi mitt og gera hvaða rannsóknir, sem yður kom til hugar, rétt í kringum mig. Ég hefði aldrei sntuð bakinu að yður nema fyrir það, að ég stóð frammi fyrir speglinum og gat séð til yðar eftir sem áður. Ég hef sagt yður, að ég vissi, hvað þér höfðuð í hyggju að gera. Þér ætluðuð yður að skoða hnappana í vestinu mínu, eða er það ekki satt?“

Mr. Barnes varð steinhiss, en lét ekki á því bera. Hann sagði með mestu hæggð:

„Eins og þér vitið, þá heyrði ég samtal yðar og vinar yðar á lestinni. Þér áttuð um, að þér ættuð fimm einkeneilega vestishnappa, og—“

„Fyrirgefið mér“, greip Mitchel fram í, „ég sagði sex hnappa, en ekki fimm“. Mr. Barnes hafði

enn einu sinni mishepnast að veiða menn þennan gildru sná. Barnes nefndi fimm hnappa í þeirri von, að Mitchel kynni að halda því fram, að þetta hefði verið hin upprunalega tala þeirra og sleppa þannig þeim eina, er hann hefði týnt.

„Já, þér sögðuð auðvitað sex, ég man það nú“, sagði Barnes, „og ég vona að þér kannist við að þetta var ekki óeðlileg forvitni, sem kom mér til að vilja sjá hnappana, svo—svo—jæja, svo ég gæti þekt þá aftur“.

„Þetta er mjög hrósvorð ástæða“, sagði Mitchel. „En ég er búinn að segja yður það, kærri Barnes minn, að þér megið heimsækja mig hvenær sem þér viljið og spýja mig hvaða spurninga, sem yður þóknast. Því báðuð þér mig ekki blátt áfram að lofa yður að skoða hnappana?“

„Ég hefði átt að gera það, og ég geri það hér með“, sagði Barnes.

„Deir eru í vestinu þarna á rúminu, og yður er velkomið að skoða þá ef þér viljið“, sagði Mitchel.

Mr. Barnes tók vestið, og varð hann í vandræðum þegar hann sá, að sex hnappar voru í því, þrjár með mynd af Juliet á, og þrjár með mynd af Romeo. En hann var samt ánægður, því hnapparnir voru allveg samkyns og hnappurinn í vasa hans. Honum datt í hug, að þessi maður, sem var svo varkær í öllu er hann aðhafðist, hefði ef til vill logið viðvíkjandi tölu hnappanna, og hefði sagt að þeir væru sex, þar sem þeir hefðu í raun og veru verið sjö. Barnes

áleit þetta gott tækifæri til að spyrja nokkurra spurn-
inga viðvíkjandi hnöppunum, og sagði því:

„Dessir hnappar eru mjög fagrir, Mr. Mitchel,
og mjög fágætir líka. Ég hef aldrei fyr. heyrt getið
um hnappa með upphleyptum myndum & gimstein-
um. Mig minnir, að þér segðuð, að hnapparnir hefðu
verið búnir til handa yður sérstaklega.“

Mr. Mitchel settist í mjúkan ruggustól áður en
hann svaraði og sagði:

„Dessir hnappar voru búnir til handa mér, og
þeir eru afbragðs-gott sýnishorn af list grafarans.
Gimsteinahnappar með upphleyptum myndum & eru
samt ekki jafn-fágætir og þér finndið yður, þótt
kvennfólk, en ekki karlmenn, hafi þá vanalega, og
sannleikurinn er að það var kvennaður, sem fékk
þá hugmynd, að láta búa þessa hnappa til. Ég
mundi ekki hafa—“

„Við Júpiter!“ sagði Mr. Barnes, mynd yðar er
& Romeo-hnöppunum, og myndirnar eru meira að
segja mjög líkar.“

„Ó! hafið þér veitt því eftirtekt“, sagði Mr.
Mitchel.

„Já, og myndirnar & Juliet-hnöppunum eru lík-
ing af myndinni þarna & grindinni“, sagði Barnes,
sem var farinn að komast í geðahræringu; því að ef
hnappar þessir voru eftirmyndir, og hnappurinn í
vasa hans var eftirmynd af konunni, sem myndin af
var & grindinni, þá var augasýnilegt, að eitthvert sam-
band var milli þeirra. Mr. Mitchel horfði fast &
hann og sagði:

„Dér eruð í geðshræringu, Mr. Barnes. Hvað þengur að yður?“

„Ég er ekki í neinni geðshræringu“, sagði Barnes.

„Dér eruð það víst“, sagði Mitchel, „og það eru hnappar þessir, sem hafa orsakað geðshræringu yðar. Segið mér nú ástaðu yðar fyrir, að þér eruð hingað kominn þennan morgun“.

Mr. Barnes áleit, að augnablikið til að greiða ákveðið högg væri nú komið, og sagði:

„Svarið mér fyrst upp á eina spurningu, og hugsið yður vandlega um áður en þér svarið, Mr. Mitchel. Hvað margir voru hnapparnir, sem búnir voru til af þessari sömu tegund eða gjörð?“

„Sjö“, svaraði Mitchel svo fljótt og hláust, að Mr. Barnes gat ekki annað en endurtekið orðið forviða:

„Sjö? En þér sögðuð fyrir augnabliki síðar, að þeir hefðu verið sex!“

„Ég veit hvað ég sagði, því ég gleymi engri staðhæfingu, sem ég geri, og allar staðhæfingar mínar eru nákvæmar“, sagði Mitchel. „Ég sagði, að sex væri tala hnappanna í þessum flokki. Nú spyrjið þér mig hvað hafi verið hin upprunalega tala þeirra, og þá svara ég, að hún hafi verið sjö. Er þetta nógu greinilegt svar?“

„Dá hefur einn hnappurinn hlotið að tynast?“ sagði Barnes.

„Alls ekki“, sagði Mitchel. „Ég veit hvort hann er“.

„Hvað meinið þér þá með því, að segja, að tala hnappanna sé nú einungis sex?“ sagði Barnes.

„Dér verðið að hafa mig afsakaðan, þótt ég fær-ist undan að svara þeirri spurningu“, sagði Mitchel. „Ég hef nú svarað yður upp á ýmsar spurningar síðan ég spurði yður, hvers vegna þér hefðuð komið hingað.“

„Ég skal segja yður það“, sagði leynilög- reglu- maðurinn, sem áleit að hann væri nú að slá út hæsta spiliinu, er til væri. „Ég hef verið að rannsaka stað- inn, þar sem þér drygðuð glæp yðar, og hef fundið sjöunda hnappinn!“ Ef Mr. Barnes bjóst við, að Mitchel mundi hrökkva saman af ótta, eða skjálfa, eða gera eitthvað það sem vanalegir glæpamenn eru vanir að gera, þegar þeir standa augliti til auglitis við sannanir fyrir sekt þeirra, þá hlýtur hann að hafa orðið fyrir vonbrigðum. En það er óhætt að ætla, að jafn slingur maður sem Mr. Barnes hafi nú orðið ekki búist við, að jafn-fullkominn leikari og þessi Mr. Mitchel var mundi koma upp um sig á þann hátt. En Mitchel sýndi samt nokkurn áhuga fyrir þessu atriði, því hann stóð á fætur, gekk þangað, sem Mr. Barnes sat, og spurði blátt áfram:

„Hafið þér hnappinn á yður? Viljið þér lofa mér að sjá hann?“

Mr. Barnes hikaði sér eitt augnablik, því hann vissi ekki nema hann ætti það á hættu að missa hnappinn, ef hann fengi Mitchel hann. En hann komst að þeirri niðurstöðu að lofa Mitchel að skoða hnappinn, og fékk honum hann því.

Mr. Mitchel athugaði hnappinn nákvæmlega, eins og maður sem ber gott skyn á þessháttar hluti, og eftir að hafa skoðað hnappinn þegjandi í nokkur augnablik, fleygði hann honum upp í loftið, skeytlingarleysislega, og greip hann þegar hann kom niður, og sagði síðan:

„Þetta mundi gera fallett atriði í leikriti, Mr. Barnes. Hlustið nú á: Leynilögreglumaður uppgötvar glæp og finnur einkennilegan hnapp. Hann fer boint til glæpamannsins og segir honum djartlega eins og er. Glæpamaðurinn játar, að hann hafi sex af hinum sjö upprunalegu, hnöppum og biður að lofa sér að skoða hnappinn, sem fundist hafi. Leynilögreglumaðurinn er svo heimskur, að fá honum hnappinn. Glæpamaðurinn brosir þá blíðlega og segir: „Mr. leynilögreglumaður, ég hef nú sjö hnappa, svo að hin upprunalega tala er aftur fullkomin. Hvað getið þér nú gert?“

„Leynilögreglumaðurinn mundi svara“, sagði Mr. Barnes, sem greip strax gamanið, er hér var á ferðum: „Mr. glæpamaður, ég tek bara hnappinn af yður með valdi.“

„Einmitt það“, sagði Mitchel. „Ég sé að þér skiljið leiksviðs-myndina. Svo berjast þessir tveir menn (leynilögreglumaðurinn og glæpamaðurinn), áhorfendurnir klappa saman lófnum, og annarhver ber sigur úr býtur, rétt eftir því sem höfundi leiksins þóknast. Dannig mundi þetta ganga til í leikriti. En í daglega lífinu fer það öðruvísi. Ég bara

fæ yður hnappinn aftur, svona“, og svo fékk Mitchel honum hnappinn, hneigði sig kurteislega og hélt áfram: „Yður er velkomið að fá þennan hnapp aftur, Mr. Barnes. Hann er ekki einn af hinum upprunalegu sjö hnöppum mínum!“

„Ekki einn af hinum upprunalegu hnöppum yðar?“ át leynilögreglumaðurinn eftir Mitchel forviða.

„Nei, hann er það alls ekki“, sagði Mitchel. „Mér þykir fyrir, að þér skulið verða fyrir þessum vonbrigðum, en ég get ekki að því gert. Það er sannleikurinn. Ég skal jafnvel skýra málefnið fyrir yður, því ég kenni í brjósti um yður. Ég hef sagt yður, að hnapparnir voru upprunalega sjö, og það er satt. En á sjöunda hnappnum var myndin af Shakespeare. Vinur minn gaf mér alla sjö hnappana, en þar að ég gat ekki notað nema sex af þeim í vestinu mínu, þá skilaði ég henni aftur þessum sérstaka Shakespeare-hnapp, sem ég var búinn að láta búa til brjóstnál úr, en hélt hinum, svo að tala hnappanna var nú komin ofan í sex. . Hinn sjöundi er ekki framur hnappur, eins og þér skiljið.“

„En hvernig farið þér að gera grein fyrir því að þessi hnappur, sem ég hef, er auðsjáanlega eftirmynd af vinkonu yðar og gagnpartur hnappanna í vestinu yðar?“ sagði Barnes.

„Ég geri enga grein fyrir því, kæri Barnes minn“, sagði Mitchel. „Ég er ekki skyldugur til þess, eins og þér vitið. Það er einmitt yður verk, að gera það.“

„En hvað munduð þér segja, ef ég skyldi kom-

ast að þeirri niðurstöðu, að taka yður fastan nú strax og láta kviðdómsmenn skera úr, hvort þessi hnappur er einn af hinum upprunalegu hnöppum yðar eða ekki?“ sagði Barnes.

„Dað væri auðvitað óþægilegt fyrir mig“, sagði Mitchel. „En það er einn af þessum hlutum sem við eigum á hættu á hverjum degi. Ég meina, að við eigum það daglega á hættu, að einhver leynilögleglu-manns-klúfuinn taki mann fastan. Fyrirgefðu mér og reiðist nú ekki aftur; ég á ekki við yður sjálfan. Ég er viss um, að þér eruð alt of kœnn til að taka mig fastan“.

„Og af hverju ályktið þér svo?“ sagði Barnes.

„Fyrst og fremst af því, að það er engin hættu á að ég strjúki burtu“, sagði Mitchel; „í öðru lagi munduð þér ekki græða neitt við það, af því að það yrði svo létt fyrir mig að sanna alt, sem ég hef sagt yður, og þér eruð sannfærður um það með sjálfum yður, að ég hef ekki logið að yður. Satt að segja hef ég heldur ekki gert það“.

„Dað er einungis eitt, sem ég á eftir að segja við yður, Mr. Mitchel“, sagði Barnes og stóð á fætur.

„Viljið þér sýna mér þennan sjöunda hnapp eða brjóstnál, sem nú er?“

„Dér mælist hér til bysna mikils“, sagði Mitchel; „en ég skal verða við þessari beiðni yðar með einu skilyrði. Hugsið yður vel um áður en þér gerið samninginn. Degar ég gerði veðmálið við vin minn, þá gerði ég ekki ráð fyrir þeim möguleg-leika að

bendla nafn stúlkunnar, sem ég elska umfram alla hluti í veröldinni, við þetta hneykali mitt. Myndin þarna á grindinni er af stúlkunni sem á að verða konan mín innan skams. Eins og ég hef sagt, þá hefur hún sjöunda hnappinn og ber hann stöðugt á sér sem brjóstnál. Dér græðið ekkert við að sjá hann, því það staðfestir einungis sögu mína, sem ég ált að þér trúid nú. Ég skal samt fara með yður til unnustu minnar, og hún mun segja yður sögu þessara hnappa ef þér lofið mér því, að ónáða hana aldrei í sambandi við þetta mál“.

„Ég lofa yður því með glöðu geði“, sagði Barnes. „Ég hef enga löngun til að ónáða eða angra neinn kvennmann“.

„Það er fyrir yður að skera úr þessu“, sagði Mitchel. „Hittið mig í anddyrinu á þessu hóteli rétt á hádegi, og þá skal ég fara með yður til húsa unnustu minnar. Og viljið þér svo afsaka mig á meðan ég lyk við að klæða mig?“

Arnaldur B. Olsson

V. KAPÍTULI.

SJÖUNDI HNAPPURINN.

Mrs. Mortimer Remsen og hinar tvær dætur hennar, Emily og Dora, bjuggu á fyrsta lofti í leiguhöfudbergjahúsinu á East Thirtieth-stræti.

Maður Mrs. Remsen var dæinn fyrir meir en tlu árum, en hann hafði safnað miklum auð, er gerði ekkju hans og dætrum mögulegt að halda þeirri stöðu í samkvæmislífinu í New York, sem þær höfðu erfðarétt til samkvæmt sett og uppeldi. Þær maðgur bjuggu í stærstu herbergjunum í hinni miklu og skrautlegu byggingu í East Thirtieth-stræti, og lifðu mitt í þeirri finu gnægð og skrauti, sem er afleiðing af sameining auðs og fagaðs smekks. Þær höfðu oft heimboð, og Mrs. Remsen, sem enn var falleg kona, var sett með hinum auðkennilegustu konum við hin helztu tækifæri í samkvæmislífinu og í góðgerða-fyrirtækjum borgarinnar.

Emily, eldri dóttirin, var 26 ára að aldri, og hún tók öllu fremur með valdi en að hún lokkaði til sín aðdáun manna hvervetna. Hún svaraði sér ljómandi vel, bar sig eins og drotning, og hafði fagurt höfuð, sem samsvaraði hinum aðdáanlega líkama hennar. Hvað andlit hennar snerti—jæja, ég get ekki lýst því betur en hinn nafntogaði málari Gaston de Castilla gerði, þegar hann var beðinn að mála mynd af því. Hann sagði sem sé við móður hennar: „Frú mín, mér er ógeðfellt að taka að mér að mála þessa mynd, því andlit dóttur yðar er eitt af þessum undursamlegu andlitum, sem bjóða listinni byrgin. Sérhver andlitsdráttur vikur frá þessum viðurkenda fegurðar mælikvarða, en niðurstaðan er samt göfugleiki og fegurð á fullkomnasta stigi, sem til er. Einungis náttúran sjálf getur dregið andlit sem gerir þannig

áhrif. Dótt andlitsdrættirnir virðist ófullkomnir hver út af fyrir sig, þá skína geislar fullkominnar sálar í gegnum það, svo að allir ófullkomlegleikar hverfa og gleymast. Við, veslings listamennirnir, getum ekki vonast eftir, að framleiða á hinum tilfinningarlausu dúk okkar þetta óútmalanlega, sem jafn einkennilegt andlit hefur við sig og sem gerir það svo undur-fagurt. En hann málaði nú samt sem áður mynd af Emily, myndina, sem leynilöglegu maðurinn hafði séð í herbergi Mitchels, og honum hafði að minsta kosti tekist að sýna ímynd hinna undursamlegu áhrifa sálarinnar, er lýtu sér í andlitinu. Öðrum málurum hafði mishepnast þetta, ef til vill fyrir þá sök, að þeir skildu ekki eins vel og hann hvað það var, sem þeir voru að reyna að mála.

Þessi lýsing gefur einnig hugmynd um, hvernig kvennmaður hún var í heild sinni. Dótt saman væru blandaðar í henni allar hinar blíðustu kvenlegar tilfinningar, þá bæði hún bæði yfir sjálfri sér og öðrum með hinum yfirgeðsfandi vilja sínum. Það kom varla fyrir að nokkur maður óhlyðnaðist henni, hvorki biðlar hennar eða þjónar. Að hún hafði trúlofast Mitchel vakti undrun hjá öllum, sem hún umgekkst og þektu hana, en leyndardómurinn var ef til vill falinn í þeim einfalda sannleika, að hann hafði haft hugrekki til að biðja hennar, og gera það á svo ástúðlegan en einbeittlegan hátt, að það sýndi ljóslega, að hann hjóast ekki við neinni mótspyrnu né feimnislegu hiki. Biðlun hans hafði verið ákaf og af hinni

féllibylalegu tegund, enda voru þau orðin trúlofuð innan mánaðar frá því þau kyntust fyrst.

Það var einmitt þetta sem hafði vakið mest umtal. Mr. Mitchel umgekest að vísu helztu menn borgarinnar, en hann var nýlega kominn þangað; og þegar hann nú hafði náð hæsta númerinu á giftingamarkaðinum, spurðu menn hver annan: „Hver er hann annars?“ En það var spurning sem enginn virtist geta svarað. Hann var Suðurríkja-maður, og þetta útaf fyrir sig sló yfir hann þeim dyrðarljóma, að birtan blindaði hvern þann sem ofurlítið reyndi að líta dýpra en það.

Mrs. Remsen hafði komið með sterkar mótbáru gegu trúlofaninni, þegar Emily skýrði frá henni. En Emily hafði sagt blátt áfram: „Ég hef lofað að giftast honum“, og við það féll talið niður. Nokkrum ugnablikum seinna kraup Emily niður við fætur móður sinnar, og eftir að hafa kyst hana blíðlega sagði hún ofur lágt: „Ég elska hann. Hann er konungur minn“. Og að því búnu huldi hún andlitid í kjöltu móður sinnar. Fáar konur þrátta á móti svona lagaðri röksemdafærslu. Dannig trúlofuðust þau Emily og Mr. Mitchel, og eftir það kom hann og fór þegar honum sýndist, hér um bil eins og hann væri herra í húsinu. Hvers vegna hefði hann líka ekki att að gera það, þar sem hann var orðin herra heimar sem eiginlega var húsmóðirin?

Dora var algerð mótsetning við systir sína, að öllu öðru leyti en því, að hún var svaithærð líka.

Hún var blátt áfram ástúðleg, hlyðin, tilfinningasöm fallet stálka. Hún unni móður sinni heitt, en tilbað systir sína, sem hún kallaði „drotninguna“. Dora var einungis seytján ára. Drif piltar höfðu fæðst á milli þeirra systranna, en þeir höfðu allir dáið á barnsaldri.

Systurnar voru í hinni skrautlegu stofu í herbergjum móður þeirra þennan dag, og lá Emily á hinum mjúka legubekk, en Dora sat í hinum notalega brúkastól sínum rétt hjá bekknum, og virtist hún nærri því vera barn, þar sem hún sat í stólnum.

„Skemtir þú þér vel á söngleiknum í Casinó í gærkveldi, drotning?“ sagði Dora við systir sína.

„Ó, já“, svaraði Emily. „En eins og þú veizt, kæra systir, þá er gleði-söngleikur—ekki annað en gleði-söngleikur, og þar með er alt sagt“.

„Það er nú gott og blessað fyrir þig að tala svona verndaralega,“ drotning, um skemtanir, en það er alt öðru máli að gegna með mig“ sagði Dora. „Ég er ekki vaxin upp úr leikhúsunum ennþá. Ég skal segja þér hvað ég hef verið að hugsa um í fullri alvöru—“

„Fullri alvöru“, át Emily oftir umoni falletu systir sinni hlæjaði og kleip hana ofurlítið í kinnina. „Dú, sem ekki gætir verið alvöðleg þó þú reyndir það, kæna, litla kysan þína“.

„Ó! gæti ég það ekki!“ hrópaði hún. „En, heyrðu mig nú. Ég ætla að biðja Bob“.

„Bob?“ greip Emily fram í.

„Ég meina Mr. Machel, eins og þú veizt“, sagði

Dora. „Ég sagði honum í gærkveldi, að ég ætlaði að kalla hann Bob hér eftir, og þá kysti hann mig og sagði, að það væri orðinn samningur“.

„Kysti þig, gerði hann það?“ sagði Emily.
„Jæja, Miss Ósvífn, þetta er þó gott“.

„Það þótti mér líka“, sagði Dora. „En þú þarft ekki að skamma mig fyrir þetta, því þú veist að alt, sem Bob segir, er lögn. Þú ert eins hrædd við hann eins og—jæja, eins og hinir karlmennirnir eru við þig. En ég er ekki búin að segja þér hvað ég ætla að gera. Ég ætla að biðja Bob að lofa mér að fara með ykkur æfinlega þegar þið farið á leikhúsið“.

„Ohó!“ sagði Emily. „Þetta er ráðabruggið í þér?“

„Já“, sagði Dora. „Hvernig list þú á það?“

„Hvernig list mér á það?“ sagði Emily.

„Jæja nú, ég skal gera þig hissa. Ég álit, að þetta sé ágæt hugmynd. Ég ann þér mjög mikið, elsku litla systir mín, og mér skal ekki þykja vænna um nokkurn annan hlut en þann, að þú njóttir eins mikillar skemtunar og hjarta þitt girnist“.

„Þú ert elskulegasta drotning!“ hrópaði Dora; og svo stökk hún úr stólnum, og var á sama augnablikinu á hnjúnu framan við legubekkin, með hendurnar utan um hálsinn á systir sinni, og lét kossuum rigna á varir bennar. Emily tók þessum ástarhótum með augsnilegri ánægju, því hversu vegleg sem hún gat verið í framgöngu og látbragði, svo

ég ætlaði
hann mig

sagði Emily.

En þú þarft
eist að alt,
hrædd við
annirnir eru
r hvað ég
fa mér að
eikhúsið“.
Sabruggið

það?“

Emily.
Álft, að
ér mjög
kal ekki
en þann,
g hjarta

ði Dora;
augna-
nn, með
lét koss-
sum ást-
rsu veg-
gði, svo

menn fengu það álit að hún væri kaldgeðja, þá var hún í raun og veru svo hjartahly, að sögusmetturnar hefðu orðið forviða, ef þær hefðu vitað það.

Síðan hvíldi Dora höfuð sitt í fellingunum á hinum mjúka silkikjól systur sinnar, þannig, að andlitið sást ekki, og sagði síðan feimnislega:

„Mig langar til að segja þér nokkuð, drottning“.

„Hann nú, brökkjatá, hvaða syndajátningu ætlar þú nú að fara að gera?“ sagði Emily.

„Ég hef boðið karlmanni að koma hingað og heimsækja mig“, sagði Dora og lyfti höfðinu snögglega upp, og það var nú ofurlítið öðruvísi hreimur í röddinnunni áður.

„Er þetta alt og sumt?“ sagði Emily hlæjandi.
„Hver er hann, þetta skrímsli? Hvar hefur þú hitt hann?“

„Ég hef hitt hann nokkrum sinnum, við eftir miðdags-tedrykkju“, svaraði Dora.“ Þegar við samstundast spurði hann mig, hvort hann mætti heimsækja mig—og ég sagði honum, að hann mætti gera það nú í dag eftir hádegi, því ég hélt að þú yrðir heima. Var þetta mjög rangt af mér?“

„Nú, Dora, ég ált að þú hafir ekki gert alveg rétt í þessu, sagði Emily það er máskert ekkert rangt í því, þar eð þú hefur hitt hann í húsum vina okkar. En hvað heitir hann?“

„Alphonse Thauré“, svaraði Dora.

„Hann er þá franskur?“ sagði Emily.

„Já, þótt hann tali ensku með mjög litlum útleendum framburði“, sagði Dora.

„Mér geðjast aldrei að frönskum mönnum“, sagði Emily. „Ég veit að þetta er heimskulegur fordómur, en ég hitti aldrei franskan mann svo, að mér detti ekki í hug, að hann sé ef til vill glæframaður. Hið mjúka, smjadrandi og flaðrandi framferði þeirra minnir mig ætíð á ketti, og mér finst, að ég eigi von á, að þeir sýni á sér klærnar þegar minst vonum varir. En, kæra mín, máske þessi franski maður þinn komi ekki, og þá—“

„Ó, en hann gerir það áreiðanlega“, sagði Dora. „Hann sagði, að hann kæmi eftir hádegið í dag. Þetta er ástæðan fyrir, að ég hef verið svo óróleg. Ég var svo hrædd um, að þú kynnir að fara út, og—“

„Nei, ég skal vera heima og vernda þig“, sagði Emily. „Þar að auki á ég von á Bob á hverju augnabliki. Hann sagðist mundi koma hingað um hádegisbilið, og nú er komið fram yfir hádegi. Máske þetta sé hann nú; já, þrisvar tekið í klukkuna“.

„Ó, svo Romeo og Juliet hafa teikn!“ sagði Dora. „En stöktu á fætur drotning. Við megum ekki láta hann koma að okkur svona“.

Nokkrum augnablikum síðar kom Mitchel inn í stofuna, og þá sátu báðar systurnar uppi mjög þrúðar og voru að lesa skáldsögur. Mitchel gekk yfir þangað sem Emily sat, beygði sig niður, kysti hana laust á ennid og sagði í hálfum hljóðum: „Drotning mín“. Þar næst heilsaði hann Doru á þann hátt að klappa henni á kollinn, eins og hún væri barn.

„Emily, ég hef leyft mér að segja einum vini.

mínum að hann mætti hitta mig hér“, sagði Mitchel við unnustu sína. „Er þér það nokkuð á móti skapi?“

„Auðvitað ekki, Roy“, svaraði Emily. Hún hafði búið þetta nafn „Roy“ til handa unnusta sínum á þann hátt, að taka tvo fyrstu stafina framan af seinna skírnamnafni hans, Leroy. Hún sagði honum, að hún gæti nefnt hann konung á þennan hátt, án þess að útbásúna það fyrir heiminum. Rétt á eftir þessu var klukkunni hringt aftur, og svo kom Mr. Barnes inn. Mr. Mitchel gerði hann kunnugan systrunum, og fór síðan að tala við tilvonandi mágkonu sína, svo að leynilögreglumadurinn gæti talað alveg óhindrað við Emily. Þar eð Barnes var vel mentaður og hafði ferðast á Englandi á yngri árum sínum, þá var hann ekki lengi að komast á lagið og talaði um þau efni, sem menn eru vanir að tala um í samkvæmislifinu. Eftir litla stund færðu þau Mitchel og Dora sig út að einum glugganum og stöðu þar, horfðu út um hann og töludu saman, eins og þau væru sokkin niður í umtalsefni sitt og tækju ekki eftir hinum. Mr. Barnes komst að þeirri niðurstöðu, að nú væri hentugt tækifæri til að segja það, sem honum lá á hjarta, og sagði því:

„Fyrirgefðu mér, Miss Remsen, og afsakið ókurt-eisi mína, að taka eftir hinni fögru brjóstnál yðar, með því, að ég fæst við að safna fégætum hlutum. Ég ált, að menn kunnir ekki að meta ginsteinna með upphleyp. myndum á eins og vera ber rú á dögum Með ganga farn hjá þeim, en þó ganga afar verð fyrir

smá standmyndir. En útheimtir það samt ekki fjarska mikla list, að gera þessar upphleyptu myndir á svona litla gimsteina?“

„Ég er yður samdóma, Mr. Barnes“, sagði Emily, „og þykist ekki hið allra minsta við yður fyrir að dást að brjóstunálinni minni. Þér megið skoða hana, ef þér viljið“. Að svo mæltu losaði hún nálina og fékk Barnes hana. Steinninn á brjóstunálinni var nákvæm líking af steinunum í vestishöppum Mitshels, að öðru en því, að á honum var mynd af Shakespeare. Gimsteinninn með myndinni á var settur í gull-umgjörð, og þar eð demöntum var greytt í umgjörðina, í kringum myndina, var brjóstunálin skínandi fagur skrautgripur. „Þér hefðuð aldrei getið yður það til, Mr. Barnes, að þetta var eitt sinn algengur hnappur“.

Barnes lést verða alveg forviða, eins og þetta væri algerlega ný hugmynd. En hann sagði aðeins: „Það má vera, að þetta hafi verið hnappur, en það hefur vissulega ekki verið algengur hnappur“.

„Jæja, nei, auðvitað ekki algengur hnappur“, sagði Emily. „Ég geri ráð fyrir að þér -vitið, að ég er trúlofuð vini yðar?“

Mr. Barnes játti því á þann hátt að hneigja sig, og Emily hélt áfram og sagði:

„Skömmu efiir að við urðum trúlofuð ferðaðist ég til Evrópu, og á meðan ég var þar kyntist ég gullsmið, sem gerði hinar fegurstu upphleyptar myndir á gimsteina og gróf manna bezt myndir á dyra steina.

Ég pantaði hjá honum samkerfi (set) af gimsteinum með upphleyptum myndum á, til þess að setja í hnappa“.

„Vorur þeir allir áþekkir þessum steini?“ spurði Barnes.

„Já, áþekkir, en þó ekki alveg eins“, svaraði Emily. „Á þessum er andlitsmynd af Shakespeare, en á hinum andlitsmyndir af Romeo og Juliet“.

Mr. Barnes réði við sig að leika djarft. Hann tók hnappinn upp úr vasa sínum, fékk Emily hann og sagði með mestu hægð:

„Hér er upphleypt mynd af Juliet. Míské yður þyki gaman að skoða hana?“

„Þetta er þó merkilegt!“ sagði Emily. „Dað er einn hnappurinn úr samkerfinu mínu!“

„Einn af hnöppunum yðar? hafð þér þá týnt einum af þeim?“ sagði Barnes. Hvað marga áttuð þér upprunalega?“

„Þeir voru sjö, að þessum með Shakespeare's-myndinni meðtöldum“, svaraði Emily. „Hinir sex—“ Hún stanzaði hér og stökkroðnaði.

„Þér áltíð, að þessi hnappur sé einn af hinu upprunalega samkerfi yðar, Miss Rømsen?“ sagði Barnes. „Ef því er þannig varið, þá er hann auðvitað yðar eign, og mér skyldi vera mesta ánægja í að afhenda yður hann til fulls og alls. En hafð þér týnt einum þeirra?“

„Týnt einum þeirra?“ sagði hún. „Nei—það er, ég veit ekki“. Hún virtist mjög trufluð og horfði

mjög nákvæmlega á hnappinn. Alt í einu breyttist svipur hennar algerlega, og þegar hún var aftur búin að ná hinu vanalega valdi yfir sjálfri sér, gerði hún Mr. Barnes hverft við með því að segja: „Mér skjátlaðist. Þessi hnappur er ekki einn af hinu upprunalega samkerfi. En samt er hann mjög áþekkur þeim“.

Mr. Barnes vissi ekki hvað hann átti að hugsa um þetta. Gizkaði hún sér til, að það gæti verið hættulegt að játa, að sjöundi hnappurinn væri önnur þá til? Hafði þessi dæmalausi bragðarefur, Mitchell, sent henni línu og gert henni aðvart um að segja, að það hefðu einungis verið sjö huappar í hinu upprunalega samkerfi? Barnes gat ekki skorið úr þessu strax, en hann hætti á aðra tilraunina, og sagði:

„Miss Remsen, ég hef séð oltmyndina af yður, og mér kom strax til hugar, að myndin á hnapp þessum sé eftirlíking af henni. Hvað álstið þér um það?“

Stúlkan varð aftur vandræðaleg, og sagði hikandi:

„Ég veit ekki“; en svo náði hún strax aftur fullkomnu valdi yfir sjálfri sér og sagði: „Já, ég held að þér hafið rétt fyrir yður í því. Þetta er eftirlíking af myndinni af mér. Myndin var máluð í sumar sem leið, og ég leyfði málaranum að hafa hana á listaverka-sýningu á eftir. Ég held, að einhver hafi hlotið að taka ljósmynd af oltmyndinni, og einhver, sem grefur upphleyptar myndir á gimsteina, hefur ef til vill notað ljósmyndina við verk sitt.“

Þetta var sennileg skýring, en hún nægði Mr. Barnes alls ekki, því hann vissi, að það var mjög ólíklegt, að annar gimsteina-grafari hefði notað myndina af Emily og nefnt síðan upphleyptu myndina Juliet. Þar að auki hefði það verið ótrúleg hending, að gimsteinninn hefði einmitt verið notaður í hnapp. Þess vegna komst Barnes að þeirri niðurstöðu, að stúlkan væri að gera sitt ýtrasta til að finna upp sennilega skýringu á spurningunni, sem Mitchel sjálfur hafði blátt áfram neitað að svara. Til þess að varast að vekja nokkurn grun hjá Emily um, að hann efaðist um sögu hennar, sagði Barnes óhikað og tafarlaust:

„Þetta er mjög sennilegt; og listamaðurinn hefði vissulega ekki getað valið fallegra andlit til að gera mynd af á steininn“.

„Mr. Barnes“, sagði Emily, „þér buðuð mér rétt áðan að afhenda mér hnapp þennan fyrir fult og alt, þegar þér álituð að ég hefði týnt honum. Ég ætti auðvitað ekki að þiggja gjöf af manni sem ég hef kynst jafn lítið og yður, en þér eruð vinur Mr. Mitchel's; og þar eð ég vil miklu síður að mynd af mér sé í höndum ókunnugra manna, þá þigg ég gjöf yðar með þökkum“.

Þetta kom alveg flatt upp á Barnes. Þegar hann hafði sagt, að hann skyldi með ánægju afhenda henni hnappinn til fulls og alls, ef hann væri einn af samkerfi hennar, þá hafði hann álitid að honum væri óhætt að bjóða þetta, því að ef hún þægi boðið

yrði hún að játa, að hún hefði týnt einum af hnöppum sínum. En nú virtist hún hafa eyðilaggt þetta vitni fyrir honum. Mr. Barnes vissi ekki hverju hann átti að svara, en þá kom Mitchel til þeirra og sagði glæðlega:

„Jæja, Emily, er vinur minn Barnes skemtilegur maður?“

„Mr. Barnes hefur verið mjög þægilegur, Roy“, sagði hún, „og hann hefur meira að segja gefið mér gjöf“. Um leið og hún sagði þetta rétti hún Mitchel hnappinn, og virtist Barnes að hann sjá sigurbrosi bregða fyrir á andliti Mitchels, þegar hann tók við honum.

„Ég er mjög upp með mér af þér, Emily“, sagði Mitchel. „Dú neyðir menn til að veita þér lotningu hvervetna, þar sem áhrif þín ná til. Ég get sagt þér það í fréttum, að Mr. Barnes neitaði að láta mig fá hnapp þennan nú í morgun. Getur þú gizkað á, hvers vegna mig langaði til að eignast hann?“

„Vegna þess, að myndin af mér er á honum?“ sagði Emily.

„Það er alveg rétt til getið“, sagði Mitchel. „Leyfið mér að pakka yður gjöfina ásamt Miss Remsen, Mr. Barnes. Þér skiljið hæglega, hvers vegna okkur langar til að eiga þetta glingur?“

Mr. Barnes áleit með sjálfum sér, að hann skildi það. Hann sá að hann hafði gengið í gildruna, og að hann gat ekkert að gert án þess að vekja uppþot. Mr. Mitchel minti hann á með augnaráði sínu, að

hann
Barn
að ha
þetta
an si
gests

M
I
nafnið
er frá
Stamf
chel n
svona
svip k
menn
lagar f

„M
ur kun

„É

sagði M

fyrir ko

og til a

ur. Er

að Mito

et, rétti

an Mr. I

sig að e

„M
Barnes“

hann hefði lofað, að ónáða ekki Miss Remsen. Mr. Barnes var hér um bil kominn að þeirri niðurstöðu, að hann hefði verið auli að lofa þessu og að koma í þetta hús, þegar hann alt í einu breytti þessari skoðan sinni við að heyra þjóninn kalla upp nafn nýs gests í dyrunum.

Nafnið var: „Mr. Alphonse Thaurer“.

Leynilögreglumáðurinn kannaðist strax við nafnið. Það var sama nafnið sem var á nafnspjaldinu er franskri máðurinn, sem fór af járnbrautarlestinni í Stamford, hafði afhent honum. Barnes aðgætti Mitchel nákvæmlega þegar þessi nýi gestur var nefndur svona óvænt, og honum virtist að hann sjá óánægju-svip bregða fyrir á andliti Mitchels. „Eru þessir menn kunnugir hver öðrum, eða eru þeir máské félagar í glæpum?“ hugsaði hann með sér.

„Mr. Mitchel, lofið mér að gera Mr. Thaurer yður kunnugan“, sagði Dora.

„Ég hef haft þá ánægju að hitta hann áður“, sagði Mitchel um leið og hann hneigði sig kaldlega fyrir komumanni, og síðan gekk hann til Emily einis og til að hindra, að hann yrði gerður henni kunnugur. En þetta var auðvitað ómögulegt, og mátti sjá að Mitchel mislíkaði. Emily gekk á móti Mr. Thaurer, rétti honum höndina og gerði hann síðan kunnugan Mr. Barnes, sem var staðinn á fætur og hneigði sig að eins fyrir gestinum.

„Mér er mesta ánægja í að hitta yður aftur, Mr. Barnes“, sagði franskri máðurinn.

„Ó, þekkið þér Mr. Thaurer þá einnig?“ hrópaði Dora forviða.

„Hver þekkir ekki Mr. Barnes, hinn nafntogaða leynilögreglumann“, sagði Thaurer. Hann sagði þessi orð í hinum afar-kurteisa tón sem þjóð hans viðhefur, þegar hún vill hrósa einhverjum sem allra mest. En samt fanst Mr. Barnes, að Thaurer hefði eitthvert óheillavænlegt augnamið með að kunngera þannig samband hans við lögregluna. Gerði Thaurer það í því skyni að hindra hann frá að heimsækja þessar konur aftur? Ef það var augnamiðið, þá hafði þetta ekki hin tilætluðu áhrif hvað Doru snerti, því hún virtist afar-glöð yfir þessu.

„Leynilögreglumaður?“ sagði hún. „Eruð þér í raun og veru hinn mikli Barnes?“

„Ég er leynilögreglumaður, en ég á varla skilið að kallast *mikill*“, sagði Barnes.

„Ó, en þér eruð það, þér eruð mikill!“ sagði Dora. „Ég hef lesið alt um hina undursamlegu aðferð yðar við að ná þessum sakamanni Pettingill. Og segið mér nú, ætlið þér einnig að veiða manninn sem stal frá konunni á Boston-lestinni í gærmorgun?“

„Hvernig vitið þér að það var karlmaður?“ spurði Barnes, sem hafði gaman af ákafa hennar og þótti vænt um að samtalið skyldi taka þessa stefnu.

„Ó, það var ekki kvennaður; ég er viss um það“, sagði Dora. „Ég las um þetta í blöðunum í morgun. Ég keypti þrjú blöð, til þess ég skyldi ekki missa af neinu um þetta mál. Engin kona

getur
inn, o

„Ég h
að auk

var fy

síðan v

forvitn

Djófur

eða áli

M

Doru,

ily; en

að lítið

Undir

komið

og þet

gruna

vanaleg

menn,

vera be

var að

sekir, þ

í húsið

væri, að

heimtis

inn ko

yrði na

eins og


getur hafa verið nógu kæn til að undirbúa þjófnaðinn, og fremja hann síðan svona laglega“.



„Þetta er mjög hrifandi mál“, sagði Mr. Thaurer.

„Ég hef auðvitað lesið blöðin líka, en svo var ég að auki á lestinni, eins og þér vitið Mr. Barnes, og var fyrsti ferþeginn sem leitað var á. Ég hef altaf síðan verið að hugsa um þennan þjófnað, og mér er forvitni á að vita, hvornig þér farið að í svona mál. Djófurinn er auðsjáanlega mjög leikinn í list sinni, eða áltíð þér það ekki?“




Mr. Mitchel hafði fært sig frá gestunum og Doru, og virtist vera sokkinn niður í samtali við Emily; en Mr. Barnes var viss um það með sjálfum sér, að lítið eða ekkert af samtalinu fór fram hjá honum. Undir vanalegum kringumstæðum hefði Barnes ekki komið til hugar að tala um jafn-þyðingarmikið mál og þetta í áheyrn manns, sem að minsta kosti mátti gruna um að vera meðsekur. En þetta voru ekki vanalegar kringumstæður. Hér voru viðtaddir tveir menn, sem virtust á einhvern leyndardómsfullan hátt vera bendlaðir við glæpinn eða glæpina, sem hann var að rannsaka. Ef annar þeirra eða báðir voru sekir, þá var augljóst á því hugrekki þeirra, að koma í húsið þar sem morðið var framið eins og ekkert væri, að óvanaleg kænska og sérlegur fimleiki úrheimtist til að sanna sök á þá. Leynilögreglumáðurinn komst þess vegna að þeirri niðurstöðu, að það yrði nauðsynlegt, að viðhafa eins djærlega aðferð eins og þeir sjálfir. Hann sagði því, svo hátt að







**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

0
14 28
15 32
16 36 25
18 22
20
18
6

10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
64
65
66
67
68
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
91
92
93
94
95
96
97
98
99
100

hann var viss um að Mitchel mundi gl'gt heyrast orðin:

„Ég ált. að þjófurinn sé að vísu slunginn, en að hann sé ekki eins slyngur eins og hann áltur sjálfur.“

„Af hverju ályktið þér það?“ sagði Thaurer.

„Hann áleit—ég segi hann, vegna þess að ég er Miss Remsen samdóma í því að það sé karlmaður—“, sagði Barnes.

„Hvað mér þykir þó vænt um, að þér skulið vera mér samdóma“, greip Dóra fram í.

„Jæja, maður þessi áltur“, hélt Barnes áfram, „að honum hafi tekist að villa mér sjónir. Hann áltur, að þegar ég skipaði svo fyrir að leitað væri á öllum farþegjuum, að ég hafi búist við, að gimsteinarnir myndu, þar sem sannleikurinn er sá, að ég var þá alls ekki að hugsa um að finna gimsteinana, heldur þjófinn.“

„Hvernig gátuð þér búist við að uppgötva hann, ef gimsteinarnir myndu ekki á honum?“ sagði Thaurer.

„Dér áltíð það ef til vill sjálfstraust“, sagði Barnes, „en ég bjóst við að uppgötva hann á því hveruig hann hagaði sér. Mér tókst það líka fullkomlega. Ég veit hver stal gimsteinunum“. Detta var djarfleg staðhæfing, einkum þegar þess er gætt, að Barnes hafði ekki komist að neinni niðurstöðu um þetta atriði með sjálfum sér. En hann græddi ekkert á þessum leik, því Mr. Mitchell virtist ekki hafa heyrt orð hans, en franski maðurinn sagði þar á móti:

Det
bars
seks
ferð

gys
Mr.
honu

um e
vöru.
maðu
hafi v

„K'n s
ef þér
þetta
gast
gæti v
aftur o

„I
hvernig
það að
hef ég

„A
hefðu e
stað sen
sagði M

„Bravo! Bravo! Dér eruð slyngari en Lecocq
 Þetta er eins og galdur. Dér látið hina grunuðu
 bara ganga fram hjá yður, og svo, *presto!* veljið hinn
 seka úr þeim með yðunum. Þetta er töfrandi að-
 ferð, og svo afar einföld!“

„Mr. Thauret“, sagði Dora, „þér eruð að gera
 gys að Mr. Barnes, en það er ekki góðgjarlegt.
 Mr. Barnes segist vita hver þjófurinn er, og ég trúi
 honum.“

„Fyrirgefið mér!“ sagði Thauret. „Ég trúi hon-
 um einnig. Ég var ekki að gera gys að honum í el-
 vöru. En segið mér eitt, Mr. Barnes, hvernig gat
 maðurinn falið demantana, því ég býst við að þetta
 hafi verið demantar, eða var ekki svo?“

„Demantar og aðrir gimsteinar“, sagði Barnes.
 „En segið mér—hvernig munduð þér hafa falið þá,
 ef þér hefðu verið í hans sporum?“ Skotið hitti í
 þetta skifti. Það var auðséð að franska manningum
 gæti verið glæpamaðurinn. En hann náði sér brátt
 aftur og svaraði:

„Dó ólíklegt sé, þá hef ég einmitt hugsað um
 hvernig ég mundi hafa farið að því. Auðvitað hefði
 það að líkindum farið í klaufaskap fyrir mér; en samt
 hef ég hugsað mér aðferð til þess.“

„Aðferð til að fela gimsteinana þannig, að þeir
 hefðu ekki fundist við leitina, og samt sem áður á
 stað sem þjófurinn hefði getað náð þeim stöð?“
 sagði Mr. Barnes.

„Já, ég ált að ég hefði getað það!“ sagði Thaur-
et. „Mér skjátlást ef til vill, en ég held að aðferð
mín hefði dugað til þess. Blöðin segja að gimstein-
arnir hafi ekki verið greiptir í neina umgjörð. Ég
mundi því hafa þrýst þeim inn í sápuþykkin í þvotta-
herberginu. Engum hefði komið til hugar að leita
þar að steinunum, og jafnvel þó svo hefði verið og
þeir fundist, þá hefði engar sannanir verið á móti
mér. Svo mundi ég hafa komið til baka seinna og
tekið sápu, og þannig haft gimsteinana.“

„Yður skjátlást hér“, sagði Mr. Barnes.

„Hvernig þá?“ sagði Thaur-
et.

„Dér voruð fyrsti maðurinn, sem leitað var á“,
sagði Barnes, „og ég hafði gætur á yður þangað til
þér voruð farinn af lestinni. Það hefði orðið erfitt
fyrir yður, að koma til New York á annari lest og
komast svo í þessa vagna aftur, eftir að allir þegar
voru farnir úr þeim, búið að renna þeim inn á loftar-
spor og þvottakonurnar teknar við þeim. Og þó þér
nú hefðuð komist í vagnana, þá hefði yður mishepu-
ast leikur yðar, því ég tók sápu, úr þvottaherberg-
inu, og skildi þar eftir ný stykki í staðinn, áður en
leitað var á næsta farþega eftir yður.“

Brosið á andlíti Mitchel's sýndi, að hann hlustaði
y samtalið og að honum þótti vænt um kænsku leyni-
lögreglumannsins. Franski maðurinn ypti öxlum og
sagði hlæjandi:

„Darna sjáid þér, að ég hefði aldrei getað orðið
slunginn þjófur. Og svo var nú handtáskan; ég

hafði gleymt henni, og ég hefði aldrei getað falið hana í sápuþykki“.

„En þér hefðuð getað fleygt henni út um glugga á vagninum, til þess að slá ryki í augun á þeim sem fyndi hana“, sagði Barnes.

„Dér eruð kænn maður, Mr. Barnes“, sagði Thaurer, eftir að hafa litið á hann rannsakandi augum, sem Mr. Barnes áleit að lýsti óróleik hjá franska manningnum. „En segið mér eitt“, hélt Thaurer áfram, „Álftið þér að þjófurinn hafi falið gimsteinana á lestinni?“

„Hann faldi þá utan lestarinnar“, svaraði Barnes hiklaust, og hann hafði þá ánægju að sjá, að báðum mönnum varð dálftið hverft við þessi orð hans. Mitchel fanst auðsjáanlega tími kominn til að hafa færi að taka þátt í leiknum, því hann kom nú yfir til hinna, og sagði um leið:

„Eruð þið öll að tala um þjófnaðinn á lestinni?“

„Ó, já!“ sagði Dora. „Og það er beinlínis yndislegt, hvernig Mr. Barnes hefur uppgötvað alt þjófnaðinum viðvíkjandi!“

„Uppgötvað alt viðvíkjandi þjófnaðinum?“ sagði Mitchel. „Er hann búinn að því?“

„Já!“ sagði Dora. „Hann veit hver þjófurinn er og að hann faldi gimsteinana utan lestarinnar“.

„Það er sannarlega vel gert af yður, Mr Barnes, að hafa uppgötvað þetta“, sagði Mitchel. „En hver hefði hann getað falið þá á lestinni, fyrst vandlega var leitað í henni og á öllum, sem á henni voru?“

Barnes gramdist hvernig Mitchel virtist ætíð gera lítið úr kærsku hans og fimleik. Það var því dálítið reiði í honum þegar hann greiddi hið næsta djarflega högg sitt og sagði:

„Ég skal segja ykkur, herrar mínir og frúr, hvar þjófurinn hefði getað falið gimsteinana á lestinni—á stað, sem engum kom til hugar að leita á, jafnvel ekki mér sjálfum“.

„Ó! Ó, segið okkur það!“ hrópaði Dora. Hinir karlmennirnir virtust vera ofurlítið forvitnir að heyrna um þetta, en ekkert meira. Emily hafði komið á eftir Mitchel til þeirra, og laumaði hönd sinni í hönd Mitchels.

„Konan, sem stolið var frá, hafði gimsteinana í ofurlitilli handtösku“, tók Barnes aftur til máls. „Setjum svo, að þjófurinn hefði stolið töskunni og fleygt henni út um glugga. Þegar konan saknaði töskunnar mundi hún, eins og ólilegt var, hafa ályktað, að gimsteinarnir væru farnir, eða haldið þið það ekki? Gott og vel. Þjófurinn gat hafa falið gimsteinana í vösum hennar sjálfrar á meðan hún sváf“. Mr. Barnes hafði gert sér miklar vonir um að þetta mundi hrifa, en þessi leikur hans misheppnaðist gjörsamlega. Annaðhvort var þetta aðferðin, sem þjófurinn hafði notað, eða þá að þeir voru báðir saklausir, Mr. Mitchel og Mr. Thaurer. Þeir brostu báðir vantrúarlega, og síðan sagði Mitchel:

„Þetta er allt of ólíklega til getið, Mr. Barnes. Eða hvernið haldið þér að hann hafi þá farið að því að ná gimsteinunum aftur?“

lög
pes
allr
sem
Dað
báð
peg
steir

klap
petta
seilis
jafn-
þér
með s
”
Mr. M
pessi
ekki a
ráð á.
pessi n
veðja u
er í per
”L
vænt u
eigu si
mönnum
ætla að

„A þann hátt að myrða konuna“, svaraði leynilögregluáðurinn. En Mr. Barnes mishepnaðist þessi leikur einnig, því hvorugum maðnum brá hið allra minsta. Mr. Barnes var sleginn af laginu rétt sem stóð, en hann misti samt ekki móðinn til fulls. Það var enn eftir að skýra, hvernig á því stóð, að báðum mönnum hafði orðið ofurlítið hverft við þegar hann hafði látið í ljósi það álit sitt, að gimsteinarnir hefðu verið faldir *utan* lestarinnar.

„Heyrið mér af! Mr. Barnes“, sagði Mitchel og klappaði kumpánalega á öxlina á honum; „látið ekki þetta mál raska ró yðar svona hefðlega. Þegar þér seillist svona langt eftir getgátum, þá sýnið þér ekki jafn-mikla kænsku og fimleik og þér sýnduð þegar þér eltuð Pettingill uppi. Jafnvel ég get komið með sennilegri getgátu en þetta“.

„Þér megið ekki álíta að ég sé algerður auli, Mr. Mitchel“, sagði Barnes. „Dó yður virðist að þessi hugmynd mín sé fjarri öllum sanni, þá leiðir ekki af því að hún sé hin eina hugmynd, sem ég hef ráð á. Við leynilögreglumenn verðum að athuga þessi mál frá öllum mögulegum hliðum. Ég þori að veðja um, að ég get sagt yður, hver hugmynd yðar er í þessu efni“.

„Þetta er ágætt!“ sagði Mitchel. „Mér þykir vænt um, að New York-borg á svona kænann mann í eigu sinni, til að vernda íbúa hennar gegn glæpamönnum. Ég tek veðmálinu. Þið þér við; ég ætla að skrifa hugmynd mína á blað. Ef þér getið

rétt, þá skulda ég yður að bjóða yður til miðdagsverðar með mér“. Að svo mæltu skrifaði Mitchel nokkrar línur á bakið á umalagi, og afhenti Doru það.

„Dér áltíð“, sagði Mr. Barnes, „að þjófurinn hafi blátt áfram getað afhent glæpfélaga sínum tóskuna, með gimsteinunum í, á einhverjum járnbrautarstöðvum, er þeir hefðu komið sér saman um fyrirfram“.

„Bravo! Mr. Barnes“, sagði Dora. „Dér eruð mikill leynilögreglumaður. Dér hafið unnið veðmálið. Detta er einmitt það sem Mr. Mitchel skrifaði á blaðið“.

„Ég skulda yður miðdagsverð, Mr. Barnes, og hann skal líka verða góður“, sagði Mitchel.

„Langar Mr. Barnes til að vinna annað veðmál?“ sagði franski maðurinn hægt, en mjög skýrt.

„Já, það vil ég“, sagði leynilögreglumaðurinn nokkuð hvasslega.

„Þá ákal ég veðja við yður, að ef þér nokkurn tíma komist að þessum leyndardómi, þá myndi þér neyðast til að játa, að engin af þessum hugmyndum eða getgátum, sem komið hafa fram, sé hin rétta“.

„Ég get ekki tekið þessu veðmáli“, sagði Mr. Barnes ofur hægt, „vegna þess, að ég er viss um, að engin af aðferðunum, sem við höfum minst á, er aðferðin sem notuð var“.

„Ah! Dér hafið þá enn eina hugmynd“, sagði Mr. Thauret nærri því háðslega.

„Já, ég hef enn eina hugmynd, og hún er hin

rétta“, sagði Mr. Barnes. „En mér þykir betra að láta hana ekki uppi við nokkurn mann“.

„Ég ált að það sé alveg rétt af yður, Mr. Barnes, að gera það ekki“, sagði Emily. „Sannleikurinn er, að þar eð ég þekki af orðspori að þér eruð mjög kenn og skarpvitur maður, þá hef, ég ekki ímyndað mér að þér væruð að segja okkur hinar sönnu hugmyndir yðar um þetta efni. Það hefði verið heimskulegt af yður, að gera það“.

„Það, sem virðist heimskulegt, getur nú samt stundum verið viturlegt“, sagði Barnes.

„Það er alveg satt“, sagði Emily. „En, herrar mínir, mér þykir fyrir að ég neyðist til að vísa ykkur á dyr; en ég hef ákveðið að fara á dans-samkomu annað kvöld, og verð því að biðja ykkur að afsaka okkur, þar eð við verðum að búa okkur undir það. Eins og þér vitið, þá æfum við, sem tollum í tízkunni, okkur undir dans-samkomur, alveg eins og íspróttamenn sofa sig undir leiki sína. Ég vona að þið fyrirgefið, að ég rek ykkur þannig burt?“

Þetta var aðferð Miss Remsens, og karlmenn þyktust aldrei við hana út af að beita henni. Þeir hlýddu blátt áfram. Mr. Barnes var mjög glaður yfir, að hinir mennirnir skyldu verða að fara burt jafnt honum. Hann var búinn að búa út gildru handa Mr. Mitchel að ganga í, en nú ásetti hann sér að veida tvo fugla í hana í einu.

VI. KAPÍTULI.

GILÐRA MR. BARNESAR.

Maður má ekki ímynda sér af því, sem að framan er skráð, að Mr. Barnes hafi verið farið að förlast, eða farið inn að tapa nokkru af kænsku þeirri og fimleik, er hann var orðinn nafntogaður fyrir. Það er ekki undravert þótt hann skildi ekki ennþá til hlitar mál það, sem hann nú var að eiga við, þegar þess er gætt, að það voru einungis liðnir tveir dagar frá því, að þjófnadurinn var framinn, og að hann hafði verið nauðbeygður til að vera í burtu frá New York mikinn part af þessum tveimur sólarhringum í sambandi við annað glæpamál.

Eftir að hann hafði orðið fyrir þeim vonbrigðum, að uppgötva, að hnappurinn var ekki nærri eins þýðingarmikill og hanu hafði ímyndað sér í fyrstu, þá hafði hann einsett sér að viðhafa sérstaka aðferð, er hann vonaði að yrði mjög gagnleg. Hann hafði um dagana séð mörgum manni bregða, þegar þeir höfðu að óvörum rekist á lík þeirra er þeir höfðu myrt. Hann vissi, að margur kynni að hafa nægilega sterkar taugar til þess að drepa mann í reiði, eða jafnvel með köldu blóði; en að þeir væru fáir sem ekki færi hrollur um, þegar þeim væri sýnt hið föla, limlesta,

eða
ver
mor
haf
fann
hinu
yrði
jafn
var t
atrið
hvolf
eða l
ar.
konan
fara n
sjá lík
mund
mund
í skefj
það se
H
falla-ra
málið t
hann.
tafarlau
urna þ
rannsók
skóða lí
neðsta g

eða ef til vill rotnandi lík þeirra, er drepnir höfðu verið. Þegar Mr Barnes fór burt úr hótelinu um morguninn, var klukkan um 10. Dóttir Mr. Mitchel hafði sannfært Barnes um, að hoappurinn, er hann fann í herbergi hinnar myrtu konu, væri ekki einn úr hinu upprunalega samkerfi, eða öllu heldur, að ekki yrði hægt að sanna að hann væri það, þá var hann jafn-sannfærður um að það, að mynd Miss Ramsen var á gimsteininum í hnupnum, var pyðingarmikið atriði. Hann áleit, að þegar öllu væri á botninn hvolft væri mögulegt, að Mitchel hefði myrt konuna, eða hefði að minsta kosti komið inn í herbergi hennar. Hvort heldur sem var, ef hann bara vissi að konan var dauð, þá áleit Barnes pyðingarlaust að fara með hann upp á þriðja lof til þess að láta hann sjá líkið, því að það, að fara með hann upp þangað, mundi gefa honum næga bendingu um hvað ske mundi, svo að hann gæti hæglega haldið andliti sínu í skefjum. Leynibúðreglumadurinn gerði þess vegna það sem fylgir:

Hann fór beina leið frá hótelinu til eins dauðsfalla-rannsóknarans og sagði honum nógu mikið um málið til þess, að hann yrði viljugur til að aðstoða hann. Dauðsfallarannsóknarinn hafði þess vegna tafarlaust nefnt menn í kvíðdóm, farið með dómendurna þangað, sem morðið var framið, og frestað svo rannsókninni þar til lækarnir hefðu lokið við að skoða líkið. Líkið hafði verið flutt í herbergi niðri á neðsta gólfu, og lágu dyrnar á herberginu, sem það

ar í, út í aðal-ganginn þar niðri. Líkið var lagt þar á borð, og var því hagað þannig, að hin gapandi und á hálsinum og andlitið, sem nú var orðið hryllilegt, skyldi strax blasa beint við hverjum þeim er kæmi inn í herbergið. Dað hafði verið lagt svo undir við lækna, að þeir skyldu ekki taka til starfa fyrir en leynilögreglumadurinn kæmi. Mr. Barnes vissi þannig, þar sem hann gekk á undan Mitchel og Thuret niður stígann, að gildra hans var reiðubúin. Þegar þeir komu niður í aðal-ganginn sagði hann því:

„Ég ætla að biðja ykkur að gera mér greiða, herrar msnir. . . Þið voruð báðir á járnbrautarlestinni þegar þjófnaðurinn var framinn. Mig langar til að spyrja ykkur báða einnar spurningar í sambandi við þetta mál, og fá svar ykkar sitt í hverju lagi. Viljið þið gera mér þennau greiða?“

„Með mestu ánægju“, sagði franski maðurinn.

„Ég hef þegar sagt yður, að þér megið spyrja mig hvaða spurningar sem þér viljið“, sagði Mitchel.

„Dakka ykkur fyrir“, sagði Barnes. Síðan sneri hann sér að þjóninum í ganginum, sem hafði verið kendum hans þáttur í leiknum, og sagði: „Er hér nokkurt herbergi, sem við getum talað saman í einlega í nokkrar mínútur?“

„Já, herra minn; komið með mér“, svaraði þjóninn. Og svo gekk hann á undan þeim að dyrunum á herberginu, sem líkið var í.

„Mr. Mitchel“, sagði Barnes, „viljið þér gera svo vel að biða hér í fáeinar mínútur? Ég skal ekki teyja yður lengi.“

Mr. Mitchel hneigði sig samsinnandi, en franski maðurinn fylgdi leynilögreglumanninum eftir inn í herbergið, og þjónninn lokaði hurðinni á eftir þeim. Ekkert var að sjá í herberginu utan borðið með líkinu á, því lækurnir höfðu falið sig í öðru herbergi inn af þessu. Mr. Barnes staðnæmndist skamt frá líkinu og horfði bara stöðugt á Mr. Thauret, sem aftur á móti horfði með mestu eftirtekt á lík hinnar myrtu konu. En enginn vöðvi hreifði sig á Thauret, og engin minsta geðshræring lýsti sér hjá honum. Mr. Barnes beið við; en það leit ekki út fyrir að neitt óvanslegt mundi ske; Barnes var samt ákveðinn í að Thauret skyldi taka fyr til máls, til þess að hann gæti dregið einhverjar ályktanir af orðum hans. Hann pagði því eins og steinn. Dannig liðu tvær mínútur, sem virtust vera heill mannsaldur, og þá gerði franskur maðurinn leynilögreglumanninn reglulega forviða. Hann leit sem sé beint framan í Barnes og sagði með allra rólegustu röddu:

„Hvernig komust þér að því, að ég er lækni?“

„Ég skil yður ekki“, sagði Mr. Barnes, því hann vissi ekki hvert hinn var að fara.

„Mr. Barnes“, sagði Thauret, „þér fóruð með mig inn í þetta herbergi og sögðust sötla að spyrje mig einnar spurningar. Degar ég kom inn í herbergið og sá þetta lík, þá vissi ég strax að þessi spurding, sem þér létust sötla að spyrja mig, var tömur fyrirsláttur. Ég fór að brjóta heilann um, til hvers þér hefðuð komið með mig hér inn, og á meðan ég var

að hugsa um þetta þaði ég. Það gerðuð þér einnig. Gott og vel. Eina niðurstafan, sem ég gat komiast að, var stf, að þar eð kona þessi hafði verið myrt og þér höfðuð fengið að vita að ég er læknir, þá vilduð þér fá álit mitt sem læknis í þessu máli. Ég furðaði mig á því, hvornig þér hefðuð uppgötvað að ég hafði lært læknisfræði, og þess vegna spurði ég yður að því. Er þetta nógu skilmerkilegt fyrir yður?“

„Já, fullkomlega“, sagði leynilögreglumaðurinn fremur kuldalega, og hafði hann enn orðið fyrir miklum vonbrigðum. „Svar mitt hlytur að verða það, að ég vissi ekki að þér voruð læknir, og að ég fór með yður hér inn til að spyrja yður einnar spurningar.“

„Vissulega!“ sagði Thauret. „En hver er þá þessi spurning?“

„Ég óska eftir, að þér segið mér hver þessi kona er?“ sagði Barnes.

„Þér ætlist til of mikils af mér“, sagði Thauret.

„Ég hef aldrei áður séð þessa konu. Æskið þér eftir að tala nokkuð fleira við mig?“

„Ekkert fleira“, sagði Barnes.

„Þá ætla ég að kveðja yður“, sagði Thauret og hneigði sig kurteislega, dró á sig glófa sína og ætlaði að fara út úr herberginu. En Barnes gekk hratt fram fyrir hann, ákveðinn í að Thauret skyldi ekki fá tækifæri til að vara Mitchel við neinu. Barnes opnaði hurðina og hleypti Thauret út, og hafði þannig nákvæm gætur á báðum. Mr. Thauret hneigði sig

einungis fyrir Mr. Mitchel, um leið og hann gekk fram hjá honum, og fór svo sína leið út. Síðan fylgdi Mitchel leynilögreglumanninum eftir inn í herbergið, þar sem hin dauða kona, var. Dótt Thauret yrði ekki hið allra minsta við um þessa sjón, þá var ekki hið sama að segja um Mitchel. Hann hafði varla tekið eftir líkinu fyrir en hann hrópaði upp af hryllingi, gekk fast að því, athugaði það nákvæmlega, og sagði síðan:

„Guð minn góður, Mr. Barnes, hvernig stendur á þessu?“

„Hvernig stendur á þessu?“ át Mr. Barnes eftir honum ofur-rólega.

Deir störfðu hver fráman í annan í nokkur augnablik, en svo leit Mitchel alt í einu niður fyrir sig og sagði, „ég er auli“, og svo fór hann aftur að athuga líkið. Eftir litla stund sneri hann sér aftur að Barnes og sagði, með sinni vanalegu stillingu:

„Dér sögðu, að yður langaði til að spyrja mig einnar spurningar. Hvað er það?“

„Ég óska að þér segið mér hver þessi kona er?“ sagði Barnes.

„Ég býst við að þér meinið, hver hún var“, sagði Mitchel. „Hún var Rose Mitchel.“

„Ah, þektuð þér hana þá?“ sagði Barnes.

„Ég lofaði yður einungis að svara einni spurning“, sagði Mitchel. „Ég er nú búinn að því.“

„Dér hafði viðurkennt, að þér hafið þekt hana“, sagði Barnes.

„Það verður erfitt fyrir yður að sanna það“, sagði Mitchel.

„Ó, álitid þér það?“ sagði Barnes. „Ég hef vitni. Gerid svo vel, herrar mínir, og komid hingað fram“. Degar Barnes hafði sagt þetta, opnaðist hurðin í innri enda herbergisins og tveir lækna komu inn í það. Leynilögregluáðurinn hélt áfram og sagði: „Hvað hafið þér nú að segja?“

„Að ég er yður ósegjanlega þakklátur fyrir, að þér hafið gert mér mögulegt að sanna einmitt hvað fram hefur farið, og einnig fyrir það, að þér létuð mig vita svona skjótt að við vorum ekki einsamlir hér“. Mr. Barnes beit sig í varirnar við þessi smánaryrði, en Mitchel sneri sér aftur að læknum og sagði: „Ég er afar-glaður yfir því, herrar mínir, að þér heyrðuð hvað okkur fór á milli. Það getur skeð, að heimitað verði, að þið berið vitni um það. Ef þið hugsið ykkur um, þá smynda ég mér að þið viðurkennið, að Mr. Barnes spurði mig hver þessi kona væri. Ég leiðrétti málfraði hans og svaraði: „Hún var Rose Mitchel“. Er þetta nákvæmlega rétt hjá mér?“

„Algerlega rétt“, sagði annar lækinn.

„Mr. Barnes heldur því fram, að ég hafi viðurkent, að ég hafi þekt þessa konu. En ég staðhæfi, að ég hafi einungis viðurkent að ég hafi þekt nafn hennar, sem er alt annað“.

„Dér viðurkenduð meira en það“, sagði leynilögregluáðurinn með nokkrum þjósti, „því þér haf-

id
ge

Ba
an
an
ég
mu
leg

ekk
hát
var

hen
chel
mín
yður
lík
ugur

„því
síðar
frá h

götu
vafal

id hlotið að þekkja meira en nafn hennar til þess, að gefa þessu dauða líki nafn“.

„Dér hafid algerlega rétt fyrir yður í þessu; Mr. Barnes“, sagði Mitchel; „ég hlýt að hafa einnig þekt andlit hennar. Á sama hátt þekki ég bæði nafn og andlit leikkonunnar Lillian Russell. Setjum svo að ég bæri um, að lík, sem fyrist, væri lík hennar; mundi það sanna, að ég hefði verið henni persónulega kunnugur?“

„Auðvitað ekki“, sagði Barnes; „en þér getið ekki staðhæft, að þér hafid þekt þessa konu á sama hátt og þér þekkið Lillian Russell, því þessi kona var ekki opinberlega kunn, eins og hin“.

„Hvernig vitið þér það?“ sagði Mitchel.

„Jæja þá, v. r. hún það?“ sagði Barnes.

„Það er önnur spurning, og ég neita að svara henni, að minsta kosti í vitna-viðurvist“, sagði Mitchel. „Ef þér viljið verða mér samferða til hótels míns, þá skal ég gera mitt beztu til að skýra fyrir yður hvernig á því stendur, að ég gat sagt um; hvaða lík þetta er, án þess að hafa verið persónulega kunnugur konunni sjálfri“.

„Auðvitað skal ég fara með yður“, sagði Barnes, „því þér megid til að gefa skýringu yfir þetta“. Og síðan lögðu þeir Barnes og Mitchel á stað til samans frá húsinu.

Deir gengu yfir 5. avenue, og niður eftir þeirri götu yfir nokkur stræti, þegjandi. Mr. Mitchel var vafalaust að hugsa um kringumstaðurnar, sem hann

var kominn í, og Mr. Barnes var ánægður með að flyta ekki fyrir skyringunni, er Mitchel hafði lofað honum. Barnes hafði þannig tíma til að hugsa um nokkur atriði í málinu, og ef hugleiðingar hans hefðu verið skrifaðar niður, þá mundu þær hafa hljóðað sem fylgir:

„Hvernig stóð á, að báðum mönnum varð hverft við þegar ég sagði, að gimsteinarnir hefðu verið faldir utan lestarinnar? Orsökkin gát hafa verið sú, að þeir vissu báðir, að það var sannleikur. Ef það var sannleikurinn, þá gát Thauret vitað að svo var, því hann sjálfur kann að vera þjófurinn? Sé því þannig verið, þá er Mitchel andæðhvort glæpsbróðir hans, eða hann sé Thauret fela töskuna á einhverjum járnbrautar-stöðvunum. Gát Mitchel sjálfur hafa falið töskuna? Hvernig gat hann hafa gert það, þar sem ég hafði auga á deildinni, er hann var í, alla nóttina, nema ég hafi sofnað, sem er ólíklegt? Af þessu leiðir þá, að ég verð að komast að, hvaða kunningskapur er á milli þessara manna, svo ég geti komist að niðurstöðu um, hvort þeir eru í bandalagi hver við annan.

„Þar næst er morðið. Það er undarlegt, að báðir mennirnir skuli hafa meðul í höndum til að komast inn í húsið. Það er undarlegt, að báðir skyldu vera alveg rólegir og auðsjáanlega vantrúaðir þegar ég stakk upp á, að konan kynni að hafa verið myrt í því skyni að ná gimsteinunum. Ef Thauret hefur myrt konuna, þá var látbragð hans, þegar hann sé

líkið, blátt áfram kraftaverk. Hann sýndi ekki hina allra minstu geðshræringu. Þar á móti játaði hann, að hann hefði lært læknisfræði. Lík dáiinna manna hafa minni áhrif á lækna en aðra, og, sem er enn þýðingarmeira, lækniir mundi vita upp á háir hvar lífæðin á hálsinum er og finna hana með pennahöf. En samt sem áður er ekki erfitt að skera sundur lífæðina á hálsinum án þess að hafa nokkra sérstaka þekkingu í þeim sökum. Hvað Mitchel snertir, þá er framferði hans enn leyndardómsfullra. Þar sem ég þekki hið undraverða vald, sem Mitohel hefur yfir sjálfum sér og tilfinningum sínum, þá hafði ég rétt til að vonast eftir að hann yrði alveg rólegur, ef hann var sekur um morðið, þegar hann sá líkið. En hann komst í mikla geðshræringu og færði sig nær líkinu, til að skoða það betur. Mordingjar hörfa vanalega burt frá líkum þeirra, er þeir hafa drepit. Drátt fyrir þetta sagði hann mér nafn konunnar, og það kemur heim og saman við nafnið, er hún sjálf gaf mér. Ef hann nú hafði drygt glæpin, og var samt fús á að segja mér nafn konunnar, er hann hafði myrt, hvers vegna skar hann þá nafnið burt úr fötum hennar? Því gerði hann það, nema með því móti að nafnið Rose Mitchel sé falsað nafn, og að hinu rétta nafni sé þannig haldið duldu? Ég ætti að spyrja hann sumra þessara spurninga“.

Þegar hér var komið, yrti Mitchel á Barnes og sagði:

„Mér þætti fróðlegt að vita hvað þér hafit verið“.

að hugsa um á leiðinni, Mr. Barnes, og ég byst við, að yður sé einnig forvitni á að vita hugsanir mínar. Ég ætla mér að fullnægja forvitni yðar í þessu efni. Ég hef verið að reyna að skoða stöðu mína frá yðar sjónarmiði, geta mér til, hvaða ályktanir þér hafið dregið af atferli mínu þegar ég sé lík konunnar“.

„Ég get ekki sagt yður ályktanir mínar“, sagði Barnes, „af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef enn ekki komist að neinni niðurstöðu í þessu máli sjálfur. Það hefur ætíð verið síður minn, að forðast að búa mér til nokkra kenningu of snemma. Leynilögreglu- maður, sem byr sér til kenningu, er ætíð í freistingu að starfa í þá átt að sanna einmitt það, sem hann hefur slegið föstu. En ég starfa að því að uppgötva sannleikann. Þess vegna forðast ég ætíð kenningar“.

„Ágætt!“ sagði Mitchel. „Ég sé nú, að ég má til að breyta þeirri skoðun míni um leynilögreglu- menn, er ég lét í ljósi í samtalinu sem þér heyrduð á járnbrautarlestinni. Ég ált nú samt, eftir sem áður, að ég hafi haft rétt fyrir mér yfir höfuð að tala, en að þér séuð undantekning frá hinni almennu reglu“.

„Ég gef ekkert fyrir gullhamra, Mr. Mitchel“, sagði Barnes. „Eins og stendur erud þér í mjög grunaðum kringumstæðum. Þér sögdust geta skýtt það atriði, hvernig þér gátuð þekt lík konunnar án þess að vera henni kunnugur“.

„Það skal ég líka gera“, sagði Mitchel. „Fyrst af öllu skal ég þá segja yður það, að ég hafið ein-

un
he
ek
tru
bil
cha
hú
haf
upp
aði
inu,
pvi
kom
hef

Barn

viljið
anna

Barne
heimt

pening

„Það k
sem hó

„F
valdi p

ungis: séð hana í eitt skifti á æfinni áður en ég sá lík hennar nú í dag. Sagan er mjög stutt. Ég hef ekki verið full tvö ár í þessari borg (New York). Ég trúlofaðist Miss Remsen í vetur sem leið. Hér um bil mánuði síðar fékk ég bréf, sem nafnið Rose Mitchell var ritað undir, og sagði bréfritarinn í því að hún skyldi ljósta upp ættar-leyndarmáli, er mundi hafa það í för með sér að Miss Remsen segði mér upp. Bréfritarinn nefndi upphæðina, er hún heimtaði til að þegja, og hún sendi ljósmynd af sér í bréfinu, í því skyni að ég þekti hana þegar hún kæmi; því hún tilkynti mér djarflega, að hún ætlaði sjálf að koma eftir peningunum. Hún gerði það líka, og ég hef aldrei séð hana síðan, fyr en nú í dag.

„Getið þér sannað þessa sögu yðar?“ sagði Barnes.

„Ég skal sýna yður bréfið og ljósmyndina, ef þér viljið koma með mér til Garfield geymslu-hvelfinganna“, sagði Mitchell.

„Ég skal fara þangað með yður tafarlaust“, sagði Barnes. „Greiddu þér peningana, sem konan heimtadi?“

„Já, ég greiddi þá“, svaraði Mr. Mitchell.

„Vitið þér ekki að það er grunsamt, að láta hafa peninga út úr sér með hótunum?“ sagði Barnes. „Það bendir til að sá, er það gerir, sé á valdi þess sem hótanirnar hefur í frammi.“

„Það er síveg rétt“, sagði Mitchell. „Ég var á valdi þessarar konu.“

„Detta er alvarleg játning, þar sem konan hefur verið myrt“, sagði Barnes.

„Ég veit það vel“, sagði Mitchel. „En hér er um við nú komnir til geymslu-hvelsinganna“.

Svo gengu þeir báðir, Mitchel og Barnes, inn í bygginguna, og Mitchel fékk lykiliun að hólfi sínu í hvelsingunum: Hann hafði lykiliinn aldrei burt með sér, því hann áleit að hann væri betur geymdur hjá yfirmönnum hvelsinganna. Síðan gengu þeir niður í hinar miklu og ræmgerðu múrhvelsingar, og tók Mitchel blikk-kassa út úr hólfi sínu; og svo fóru þeir inn í ofurlítið privat herbergi, sem borð og stólar voru í. Mitchel opnaði kassann og tók úr honum ýmsa böggla, sem hann lagði til síðu. Leynilögreglumáðurinn varð forviða þegar hann sá, á meðal böggla þessara, dálítið veski úr rauðu rássnesku leðri, sem gjörð var spent utan um og sem nafnið Mitchel var lettrað á með gullnum stöfum. Var mögulegt að þetta væri veskið, sem hinir týndu gimsteinar voru í?

„Ah, bérna er bréfið“, sagði Mitchel. „Og hér er ljósmyndin“, bætti hann við um leið og hann afhenti Barnes myndina, og sá hann strax að hún var af hinni myrtu konu. „A ég að lesa yður bréfið?“ Mr. Barnes játti því; en hann var aðallega að hugsa um rauða veskið. Mitchel las upphátt það sem fylgir:

„Mr. R. Mitchel,

Kæri herra:

Þú munuð verða hissa þegar þér fáið þetta bréf, frá manneskju sem þér ef til vill þekkið lítið til, en

sem veit margt viðvíkjandi ætt yðar; já, svo margt, að ef ég segði hinni mikillátu unnustu yðar það, þá mundi hún segja yður upp í snatri. Sumir segja að þögnin sé gullin. Og hún verður að vera það í þetta skifti. Ef þér viljið að ég þegi, þá verðið þér að vera reiðubúinn til að borga mér tíu þúsund dollara næsta fimtudagskvöld, því þá kem ég til að sækja peningana. Ég sendi yður hér með ljósmynd af mér, til þess að þér vitið að ég er höfundur þessa bréfs, þegar ég kem. Dér sjáið, að ég geri þetta óhrædd, því ef þér fáið lögreglunni mig í hendur, þá bara segi ég söguna, og þar með eruð þér eyðilagður. Ég fer ef til vill í fangelsi, en ég kvíði því ekki mikið, því það eru til verri staðir en fangelsi. Verið þess vegna viðbúinn til að taka á móti mér á fimtudagskvöldið kemur.—Yðar einlæg,

Rose Mitchel.

Mr. Mitchel fékk Mr. Barnes síðan bréfið, og las hann það mjög vandlega og athugaði umslagið og póstmerkið nákvæmlega, sem hvortveggsja sannaði, að bréfið var ófalsað og ársgamalt.

„Létuð þér hana fá upphæðina, sem hún heimaði?“ sagði Barnes svo.

„Ég verð að skýra fyrir yður hvað ég gerði“, sagði Mitchel. „Þegar ég fékk bréfið komst ég að þeirri niðurstöðu, að ég gæti ekki tapað neinu við að taka á móti konunni og heyra sögu hennar. Ég ásetti mér, að láta hana ekki hafa neina peninga; þegar hún kom, hafði ég því enga þvílska upphæð á

reiðum höndum. En eftir að ég hafði heyrt sögu hennar breytti ég skoðun minni. Ég sá að með vissum skjöllum, er hún hafði og sem hún hikaði sér ekki við að sýna mér, gat hún breitt út hneykslis-sögu nokkra, er gat einmitt haft þær afleiðingar sem hún svo kænlega hafði spáð. Ég meina, að það kynni að slitna upp úr trúlofun minni. Eins og eðlilegt var, vildi ég komast hjá því. Degar ég sagði konunni, að hún gæti fengið peningana með því að koma aftur til mín næsta kvöld, varð hún bálvond. Hún sagði, að ég hefði dregið hana á talar og ætlaði mér nú að fá hana lögreglunni í hendur. o. s. frv. Ég sá því, að ég varð að semja við hana tafarlaust, og gerði það á þann hátt er fylgir: Ég undirgekst, að láta hana þá strax fá næga peninga til þess að komast til Evrópu, og að láta hana hafa viðbótina í gimsteinum“.

„Í gimsteinum“, ur þaði Barnes forviða.

„Já, í gimsteinum“, sagði Mitchel. „Dér eruð forviða; en það kemur til af því, að þér þekkið ekki hina sérstöku kreddu mína. Ég er gimsteina-safnari. Ég á hálftrar miljónar dollara virði af gimsteinum í þessari geymslu-hvelfingu. Dannig var það, að þótt ég hefði enga þvílíka upphæð sem tíu þúsund dollara í peningum, þá gat ég hæglega látið konuna hafa þrjú demants-bringa, og gerði það líka; og svo fékk ég henni bréf til gimsteina-kaupmanns í París, er mundi kaupa þá að henni. Dannig losnadi ég við konuna, og það var partur af samningi okkar að hún skyldi aldrei koma aftur til Ameríku“.

„Mr. Mitchel“, sagði Barnes, „maður með jafn mikilli skynsemi og þér hlýtur að vita, að hún og hennar líkar halda ekki loforð sín“.

„Það er alveg satt“, sagði Mitchel; „en ég fékk hjá henni allar skriflegar sannanir, er hún hafði höndum, svo að ég svifti hana öllum meðulum til að ónáða mig framar. Þér sögðuð fyrir ofurlitilli standu síðan, að það væri alvarleg játning sem ég gerði, að ég hefði verið á valdi þessarar konu. Ég býst við að þér hafið meint, að sá hlutur gæti verið hvöt til að drýgja þetta morð. Þér sjáið nú að þetta er ekki satt, þar er ég get sannað, að ég hef losað mig undan valdi hennar fyrir ári síðan“.

„Hvernig getið þér sannað það?“ sagði Barnes.

„Ég hef skriflega viðurkenningu frá konunni fyrir, að hún hafi tekið á móti tíu þúsund dollurum frá mér eða jafngildi þeirra, gegn því, að afhenda mér skjöl viðvíkjandi ætt minni, o. s. frv.“, sagði Mitchel.

„Hafið þér þessi skjöl ennþá?“ spurði Barnes.

„Mér þykir réttara að svara ekki þeirri spurningu“, sagði Mitchel.

„Gott og vel“, sagði Barnes; „en svarið þá þessari spurningu: Hvar fenguð þér þetta rauða leðurveski, og hvað er í því?“ Um leið og Barnes sagði þetta, tók hann upp veskið og hélt því rétt fyrir fram- an augun á Mitchel. Hann varð auðsjáanlega dálítill vandræðalegur í nokkur augnablik, en sagði síðan:

„Það eru nokkrir gullsteinar í því“.

„Gimsteinar?“ hafði Barnes upp eftir Mitchel.
„Ég fmyndaði mér það einmitt. Má ég skoða þá?“

„Ekki með mínu leyfi“, sagði Mitchel.

„Þá verð ég að gera það án yðar leyfis“, sagði Barnes. Og svo opnaði hann veskið í einu vettfangi og það lá opið á borðinu á milli þeirrs. Veskið var fóborað með svörtu silki, og í því voru samkyns gimsteinar og þeir, sem lýst var á blaðinu er Barnes fann í vasa hinnar myrtu konu. En það sem virtist enn þýðingarmeira var það, að í veskinu var skrifað pappírshlaði, og á Barnes strax að það var nákvæmt samrit af skránni og lýsingunni sem hann hafði í vasanum. Mr. Barnes veitti því eftirtekt með undrun, að þótt Mitchel hefði neitað honum um leyfi til að skoða það sem var í veskinu, þá gerði hann enga tilraun til að hindra það, og hann hallaði sér nú aftur á bak í stólnum og horfði á alt saman eins og ekkert væri um að vera.

„Mr. Mitchel“, sagði Barnes, „hvers vegna höfðu þú þér á móti að ég skoðaði í veskið?“

„Ég sýni aldrei gimsteina mína--ókunnugum mönnum“, sagði Mitchel. „Það er ekki rétt gert að freista manna“.

„Dér eruð mjög óvísíun, herra mín!“ sagði Barnes. „Hvað meina þér með þessum orðum?“

„Ég meina það“, sagði Mitchel, „að ég fylgi vissum reglum í lífi mínu. Þetta er ein af reglum mínum, og þótt ég efist ekki um ráðvæðni yðar, þá er ekkert fyrir okunnugur og ég framfylgi reglum mínum“.

pet
gin

sur
urin
ohel
slun

„Ég
þetta
og sa
þessi
skrán

”
er að
sagði
hefði
Dér ha
nákvæ
kemur
ars. h

„A
með hin
sögu er

„Dér
Mitchel.
mitt mu
þér eruð

„Hir rölega ósvífa yðar skal ekki hjálpa yður í þetta sinn“, sagði Barnes. „Þetta eru hinir stolnu gimsteinar“.

„Dér eruð viss um það! Uppgötvið þér það á sama hátt og þér þykist hafa uppgötvað hver er þjófurinn, með því einungis að horfa á þá?“ sagði Mitchel með sömu hæðandi röddinni, er hafði nokkrum sinnum áður ert leynilögreglumanninn meir en listið.

„Hættið öllum barnaleik“, sagði Mr. Barnes. „Ég hef í höndum skrá yfir hina tynðu gimsteina, og þetta veski og innihald þess kemur nákvæmlega heim og saman við lýsinguna. Og, það sem meira er, þessi skrá, sem þér hafið, er nákvæm eftirmynd af skránni er ég hef í vasanum“.

„Ah, nú erum við komnir að atriðum sem hægt er að preifa á og komum út úr heimi sýlarfræðinnar“, sagði Mitchel og beygði sig áfram, eins og hann hefði mikinn áhuga fyrir málinu. „Skil ég yður rétt. Dér hafið skrá yfir hina stolnu gimsteina, og hún er nákvæm eftirmynd af skrá minni yfir þá. Lýsingin kemur einnig heim hvað snertir veskið og gimsteinara. Er þetta rétt hjá mér?“

„Alveg rétt“, svaraði Barnes. „Getið þér nú, með hinni sérlegu uppfundniuga-gáfu yðar, búið til sögu er dugi í þessari klípu?“

„Dér gerið mér órétt til, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Ég er enginn sögusemjari. Það er einmitt munurinn á mér og glæpamönnum þeim, sem þér eruð vanur að eiga við. Deir drýgja glæpi sína,

veslings djöflarnir þeir arna, og búast við að frelsa sig með heilli kedju af lygum. Ég þar á móti fylgi þessari reglu: „Neitaðu að svara öllum spurningum, eða svaraðu þeim satt og rétt!“ Í þessu máli eru nú nokkur atriði, sem eru jafn óskiljanleg fyrir mig eins og fyrir yður. Ég ætla mér ekki að reyna að skýra þau. Eitt af þeim er hvernig á því stöndur, að þér skulið hafa í höndum nákvæmt samrit af skránni yfir gimsteina mína, því þessir gimsteinar eru mín eign, það fullvissa ég yður um“.

„Hérna er skráin“, sagði leynilögreglumáðurinn um leið og hann tók hana upp úr vasanum og bar saman við hina, „og, við himininn“, hélt hann áfram, „rithöndin er hin sama“.

„Það er merkilegt; lofið mér að bera þær saman“, sagði Mitchel og stóð á fætur. Síðan gekk hann fyrir enda borðsins, yfir að þeirri hliðinni sem Barnes sat við, og beygði sig þar yfir hann. „Dér takið eftir því, að ég bið yður ekki að lofa mér að skoða skrá yðar“, hélt Mitchel áfram. Dér kynnuð að gruna mig um, að ég mundi eyðileggja hana“. Mr. Barnes rétti Mitchel þá bæði blöðin þegjandi. Mitchel hneigði sig um leið og hann tók við þeim, og fór síðan aftur yfir í sæti sitt. Eftir að hafa athugað báðar skrárnar nákvæmlega í nokkur augnablik, rétti hann Barnes þær aftur og sagði:

„Ég er yður samdóma um það, Mr. Barnes, að rithöndin er hin sama á báðum skránum. Hvaða ályktun dragið þér af því?“

„Hvaða ályktun!“ sagði Barnes. „Nú, ég fann þessa lýsingu mína af hinum stolnu gimsteinum í vasa á kjól sem Rose Mitchel átti.“

„Hvað er þetta?“ sagði Mitchel. „Er yður alvara að segja, að hún væri konan sem stolið var frá?“ Undrunin, sem lýsti sér á andliti Mitchels, setti Mr. Barnes í enn meiri bobba, því ef hann vissi þetta ekki, þá vandaðist málið enn meira.

„Er yður alvara með, að þér hafið ekki vitað þetta?“ spurði Barnes.

„Hvernig hefði ég átt að vita það?“ sagði Mitchel.

Nú varð ofurlitil þögn. Báðir mennirnir stönguðu til að hugsa um kringumstæðurnar. Loks tók Mr. Barnes til máls og sagði kuldalega:

„Mr. Mitchel, ég er nauðbeygður til að taka yður fastan.“

„Hver er ákæran gegn mér?“ spurði Mitchel.

„Ákæran er sú, að þér hafið stolið gimsteinum, og að þér hafið ef til vill myrt Rose Mitchel“, sagði Barnes.

„Er mikill asi á yður að hafa mig burt með yður?“ spurði Mitchel mjög rólegur.

„Hvers vegna spyrjið þér að því?“ sagði Barnes.

„Vegna þess, að ef enginn sérlegur asi er á yður, þá þætti mér vænt um að mega bera upp fyrir yður eina eða tvær spurningar“, sagði Mitchel.

„Dér megið gera það“, sagði Barnes.

„Jæja“, sagði Mitchel, „ég vil þá fyrst spyrja

yður að þessu: Með því að þjófnaðurinn var framinn á lest sem var á ferð, viljið þér segja mér hvernig þér áltíð að hægt hafi verið að fela pyfið, þar sem leitað var á öllum farþegunum? Mr. Barnes hafði sínar eigin skoðanir um þetta atriði, en kærði sig ekki um að láta þær uppi við aðra. Hann áleit nú samt, að það væri gott, að látast hafa enn eina kenningu um þetta atriði. Að minsta kosti væri fróðlegt að sjá hvernig Mitchel tæki henni, og því sagði Barnes:

„Já, það var leitað á öllum eins og þér segið. Fyrsti maðurinn var Mr. Thaurer. En ekkert fanst. Láttum oss smynda okkur kringumstæðurnar. Þessi maður Thaurer var í sama vagninum sem Rose Mitchel var í. Setjum svo, að þegar lestin stanzaði í New Haven, þá hafi hann tekið handtöskuna, sem gimsteinarnir voru í, farið út úr lestinni og rétt yður töskuna inn um gluggann á deild yðar, í þeirri von að leitað yrði einungis í vagninum sem hann var í. Þegar búið var að leita á honum, fór hann af lestinni í Stamford. Gat hann ekki hafa barið svolítið á glugga yðar, og þér rétt honum töskuna aftur út um hann?“

„Ef þetta hefði verið eins og þér segið“, sagði Mitchel, „þá væri Thaurer glæpsbróðir minn. En þetta er rangt hjá yður. Eg er honum ekkert kunnugur.“

„Þér játuðuð samt, þegar Miss Dora Remsen var að gera hann yður kunnugan, að þér hefðuð hitt hann áður“, sagði Barnes.

„Ég hafði einungis hitt hann í eitt skifti áður“, sagði Mitchel, „og það var við peninga-spilaborð. Það var ástæðan fyrir, að mér þótti leitt að hann skyldi koma í húsið sem konuefni mitt var í. Við skulum þá sleppa þjófnaðinum, því þrátt fyrir neitan mína álstið þér ef til vill að skýring yðar sé rétt, og kviðdómur kynni að komast að sömu niðurstöðu; látum oss því snúa okkur að morðinu. Ímyndið þér yður, að nokkur maður mundi veðja um að drygga glæp og ganga síðan svo langt að hann dræpi konu“.

„Ég ímynda mér það ekki!“ sagði Barnes. „En þegar þér, eftir að þér voruð búinn að fremja þjófnaðinn, uppgötvuðuð að þessi kona, sem þér segið að hafi haft peninga út úr yður með hótunum, hafði fengið sér herbergi í sama húsinu og unnusta yðar var í, þá gátuð þér hafa farið til hennar til þess að selja hana á að fara burt, og þegar hún ekki fékst til þess, drepið hana, til að frelsa yður sjálfan“.

„Það er auðséð að þér þekkið mig alls ekki“, sagði Mitchel. „En það er eitt atriði í því, sem þér sögðuð, sem vekur értirtekt mína. Skil ég það rétt, að hin myrta kona hafi haft herbergi í leiguherbergjahúsinu á 30. stræti?“

„Áreiðanlega, og þér vissuð það líka“, sagði Barnes.

„Yður skjátlást“, sagði Mitchel. „En látum oss tala um gimsteinana. Þér álstið að þetta séu gimsteinarnir, sem stolið var. Ef ég sanna yður hið gagnstæða, viljið þér þá lofa að taka mig ekki fastan?“

„Með mestu ánægju“, sagði leynilögreglumaðurinn, því hann var sannfærður um það með sjálfum sér, að Mitchel væri ómögulegt að gera það sem hann bauð.

„Ég þakka yður fyrir það“, sagði Mitchel. „Ég fæ þannig frelsi mitt aftur, og fyrir þá kurteisi, er þér hafið nú sýnt mér, lofa ég yður því, að ég skal veita yður allt það lið, sem ég mögulega get, til þess, að þér finnið mörðingjann“. Að svo mæltu snerti Mr. Mitchel rafmagnsklukku hnapp í herberginu, og þegar þjónninn kom, sendi hann boð upp til Mr. Charles og bað hann að finna sig niður í herbergið. Mr. Charles kom að vörmu spori, og þá sagði Mitchel við hann:

„Væri mögulegt fyrir mig, Mr. Charles, að fara niður í þessar hvelvingar án þess að þér vissuð um það?“

„Það er ómögulegt fyrir nokkurn mann að fara niður í þær án þess að ég viti það“, svaraði Mr. Charles.

„Dér hafið lykilinn að hólfi mínu, eða er ekki svo?“ sagði Mitchel.

„Já, herra minn“, svaraði Charles.

„Hef ég nokkurn tíma farið með lykilinn út úr þessari byggingu?“ sagði Mitchel.

„Nei, herra minn“, svaraði Charles.

„Dér áltíð þá, að það sé ómögulegt, að ég hafi annan lykil, sem gangi að hólfi mínu, og að ég hafi farið niður í þessar hvelvingar án yðar vitundar?“ sagði Mitchel.

„Algerlega ómögulegt, herra minn“, svarað Mr. Charles.

„Munið þér hvenær ég kom hingað síðast?“ sagði Mitchel.

„Vissulega man ég það“, svaraði Mr. Charles.

„Það var fyrir hér um bil tveim vikum síðan, og þér sögðuð mér þá að þér væruð í þann veginn að fara til Boston.“

„Þakka yður fyrir ómakið, Mr. Charles“, sagði Mitchel. „Þetta er alt, sem ég vildi yður.“ Síðan fór Mr. Charles, og þá leit Mitchel brosandí til leynilögreglumannsins og sagði:

„Þér sjáið. nú, að yður hefur skjátlást aftur. Gimsteininum var stolið í gærmorgun, og ég hef ekki komið hingað síðan, svo ég gat ekki hafa látið þá í þennan kassa. Eruð þér ánægður með þessa sönnun?“

„Nei, alls ekki“, svaraði Mr. Barnes. „Því ef þér gátuð framið þjófnaðinn á lestinni, þrátt fyrir að ég hafði gætur á deild yðar alla nóttina, og tókst að koma gimsteininum undan, þrátt fyrir að á yður var leitað, þá eruð þér nógu slunginn til að finna veg til að komast hér inn án þess að Mr. Charles vissi af; eða hann er ef til vill keyptur til að ljúga fyrir yður. Ég er alt of sannfærður um, að þetta eru hinir stolnu gimsteinar, til þess, að svona lítið þurfi til að sannfæra mig um hið gagnstæða.“

„Svo þér höfðuð gætur á mér í alla fyrri nótt“, sagði Mitchel. „Jæja, mér þykir fyrir að þér skyld-

ud gera yður svo mikið ómak. Ég verð þá að láta yður í té frekari sannanir? Gott og vel. Athugið þetta“. Um leið og hann sagði þessi orð, tók hann bréfböggul upp úr kassanum og dró út úr honum kaupbréf til sín, dagsett fimm árum áður og var kaupbréfi þessu enn á ný nákvæm og rétt lýsing af gimsteinunum og væskiu, sem þeir voru í. Þar við þess utan fest kvittun frá tollhúsinu í New Yorkborg fyrir tollinum, sem borgaður hafði verið á gimsteinunum, og var kvittun þessi einnig dagsett 5 árum áður. Þessar sannanir gat Mr. Barnes ekki hrakið. Það var auðséð, að þessir sérstöku gimsteinar voru eign Mr. Mitchels.

„Þetta nægir“, sagði Mr. Barnes. „Það væri heimska að taka yður fastan, þar sem þér hafið þessi skjöl í höndum til að sýna hvaða dómara sem er, og sem mundi þá tafarlaust láta yður lausan. En samt sem áður skal ég ekki gleyma atvikinu með þessar tvær samhljóða skrár yfir gimsteinana, né heldur atvikinu með hnappinn“.

„Meðal annara orða, Mr. Barnes,“ sagði Mitchel, „er yður nokkuð á móti skapi að segja mér hvar þér funduð hnappinn, er þér mintust á?“

„Ég fann hann í herbergi konunnar, sem myrt var“, svarði Barnes.

„Þá er ekki furða þótt þér álituð hann dýrmæt. an“, sagði Mitchel. „Ég er forviða á að þér skylduð gefa Miss Remsen hann“. Það var ofurlitill glettnis-glampi í augum Mitchel's þegar hann talaði síð-

ust
eng

fast

Ég t

olpb

dæg

2. ja

Ef p

ég sé

að ra

mynd

það

Grípi

glæp

viti þ

Mitch

hann s

bordir

umgjö

þér ek

að bers

MR

Dej

koma út

ustu orðin, og gramdist Barnes það, en hann svaraði engu. Mr. Mitchel hélt því áfram og sagði:

„Í borgunar-skyni fyrir að þér tókuð mig ekki fastan, Mr. Barnes, skal ég nú gefa yður bendingu. Ég gerði þetta veðmál, sem þér vitið um, við Randolph vin minn í gærmorgun, það er að segja hinn 2. dæg desembermánaðar. Ég hef því tímann þar til 2. janúar til að drygja glæpinn, sem veðmálið er um. Ef þér skylduð nú komast að þeirri niðurstöðu, að ég sé sekur í hvorugum glæpum, sem þér eruð nú að rannsaka, þá er ekki ólíklegt að þér fáið þá hugmynd, að ég eigi enn eftir að drygja glæp, og að það borgaði sig fyrir yður að hafa auga á mér. Grípið þér hvað ég er að fara?“

„Það er engin hættu á, að þér drygið nokkurn glæp innan mánaðar frá þessum tíma án þess að ég viti það“, sagði Barnes.

„Látum okkur nú tala um aðra hluti“, sagði Mitchel. „Sjáið þér þennan rúbin? Um leið og hann sagði þetta tók hann stóran rúbin úr veskinu á borðir u. „Ég er að hugsa um að láta setja hann í umgjörð og gefa Miss Remsen hann síðan. Haldið þér ekki að hún verði ófunduð, þegar hún er farin að bera hann?“

VII. KAPÍTULI.

MR RANDOLPH HEYIR BARDAGA VIÐ SAMVIZKU
SÍNA.

Þegar þeir Mitchel og leynilögri glumaðurinn komu út úr hvelvingunum, skildu þeir, og fór hinn

fyrnefndi til Tiffany's gullsmíðs og skildi rúbininn þar eftir til þess að láta setja hann í umgjörð, og sagði nákvæmlega fyrir um, hvernig hún setti að vera. Morguninn eftir gaf Wilson Mr. Barnes þá skýralu, að Mitchel hefði eytt öllum síðari hluta dagsins á Union League-klúbbum, en hefði svo farið með unnustu sína á privat dans-samkomu um kvöldið.

Þegar Mitchel var að klæða sig morguninn eftir, hinn 5. desember, kom þjórn upp í herbergi hans með nafnspjald, sem nafn vinar hans, Randolphs, var prentað á, og nokkrum mínútum seinna kom Randolph sjálfur inn í herbergið. Mr. Mitchel tók vingaarnlega á móti honum og rétti honum höndina, en Randolph neitaði að taka í hönd hans og sagði:

„Hafið mig afsakaðan, Mitchel, eu ég kom til að tala við yður um þetta veðmál, sem ég var nógu heimskur að gera við yður“.

„Jæja, hvað er um það!“ sagði Mitchel.

„Ég fmyndaði mér ekki að þér munduð fara eins langt og þér hafið farið“, sagði Randolph.

„Eins langt og hvað?“ sagði Mitchel.

„Nú, hafið þér ekki lesið blöðin?“ sagði Randolph.

„Nei!“ sagði Mitchel. „Ég les þau aldrei. Ég erhafinn upp yfir þá tegund af bókmentum.“

„Þá skal ég, með yðar leyfi, lesa yður grein úr einu blaðinu“, sagði Randolph.

„Já, gerið það, ég skal hlýða á yður með mesta

ath
brf.
að f
upp

fans

áfran

Mr.

pað f

frá B

hefði

hefði

hún k

að ha

að mc

rekkj

reglun

ljós, p

lögðu

unnar.

Rose M

unnar.

„L

því sem

svefni;

og stær

verið sk

notað v

þótt und

athygli“, sagði Mitchel og settist í hinn þægilegasta brúkastól sinn, en Randolph settist í annan, án þess að fara úr yfirfrakkanum. Síðan tók hann dagblað upp úr vasa sínum og las úr því það sem fylgir:

„Rannsóknin út af líki hinnar óþektu konu, sem fanst myrt í leiguherbergja-húsinu á 30. stræti, hélt áfram í gær. á skrifstofu dauðsfalla-rannsóknarans. Mr. Barnes, hinn alkunni leynilögreglumaður, bar það fyrir réttinum, að hann hefði verið á hraðlestinni frá Boston þegar gimsteinunum var stolið; að hann hefði talað við konuna, sem stolið var frá; að hún hefði sagt honum að hún hétí Rose Mitchel, og að hún hefði mælt mót með þeim þar sem hún átti heima; að hann hefði komið þangað á tilteknum tíma, kl. 9. að morgni hins 3. des., og fundið hana þá liggjandi í rekkju sinni, skorna á háls. Framburður leynilög-reglumansins leiddi eitt sérlega merkilegt atriði í ljós, það nefnilega, að nafn konunnar hefði af yfir-lögðu ráði verið skorið úr hverri einustu spjör konunnar. Þetta bendir ef til vill í þá átt, að nafnið Rose Mitchel hafi ekki verið hið sanna nafn konunnar.

„Læknarnir, sem gerðu líkskoðunina, lýsa yfir því sem álitni sínu, að ráðist hafi verið á konuna í svefni; að öðrum kosti hefði blóðpollarnir verið fleiri og stærri, því bæði lífsæðin og blóðæðin þar hjá hefði verið skorið af surdur. Deir álíta, að mörðinginn hafi notað vanalegan vasahníf til að drepa konuna, því að þótt undin sé djúp, þá sé hún ekki mjög stór um sig.

„Umsjónarmaður leiguhbergja-hússins hafði undarlega sögu að segja. Hann sagði að þessi kona, Rose Mitchel, hefði verið í húsinu um þrjár vikur. Hún hefði ekki verið reglulegur leigjandi, heldur búið í herbergjum Mr. og Mrs. Comstock, sem eru á ferðalagi í Evrópu. Konan afhenti umsjónarmanninum bréf, sem átti að vera ritið af Mrs. Comstock og sem mælti svo fyrir, að hann leyfði handhafa bréfsins að búa í herbergjum Mrs. Comstock þangað til hún (Rose Mitchel) gæti fengið sér herbergi annarsstaðar, og mæltist ennfremur til, að kona umsjónarmannsins sæi um, að Rose Mitchel fengi nægilega þjónustu. Umsjónarmaðurinn efadist ekki um að bréfið væri ófalsað, en nú hafa ættingjar Mrs. Comstock, sem eru vel kunnugir rithönd hennar, borið það, að bréfið sé falsað.

„Eftir nokkra frekari vitnaleiðslu, sem enga sérlega þýðingu hafði, var rannsókninni frestað þangað til í dag. Það er auðséð, að leynilögreglumennirnir botna ekkert í þessu máli. Einn fréttaritari vor hefur nú náð í óvæntar upplýsingar í málinu, upplýsingar, sem ef til vill geta orðið leiðarvísir. Þetta er hvorki meira né minna en það, að hinir týndu gimsteinar hafa fundist. Lesendur vorir muna sjálfsagt eftir, að Mr. Barnes var á leitinni, þegar þjónaðurinn var framinn, og skipaði svo fyrir, að leitað væri á öllum farþegunum. En ekkert fanst; og er óhætt að álykta af því, að tveir hafi verið ríðnir við þennan þjónað. Annar þeirra hefur stolið gimsteinunum í

vagn
um g
og b
Hann
eftir,
bæjar
á og
stöðin
að sér
hafi k
ritað r
hans v
svo d
gat sér
og þeg
sent ef
opnuð
rauðu r
lausir g
ur vel
dollara
fram að
steinar
stöfum
ekker
bendir
man sam
una, var
að þeir
ans og ta

vagninum, og rétt svo glæpsbróður sínum þýfi út um glugga. Fréttaritariinn fór um brautina í gær, og byrjaði hann rannaóknir sínar í New Haven. Hann kom á öll hótélin þar og reyndi að komast eftir, hvort nokkur grunsamur maður hefði komið til bæjarins. Á einu af hótélunum, er hann kom seinast á og sem er um fimin mínútna gang frá járnbrautarstöðinni, mundi skrifariinn eftir manni sem hafði hagið að sér undarlega. Það lítur út fyrir, að maðurinn hafi komið inn í hótelið um hádegis tíma hinn 3. desember, ritað nafn sitt á gestaskrána, beðið um að handtaka hans væri látin inn í járnkápinn til geymslu, farið svo út og ekki komið þangað síðan. Fréttaritariinn gat sér strax til, að þetta væri hin tyoda handtaka, og þegar hann hafði látið þetta allt sitt í ljósi, var sent eftir yfirmanni lögregluhlúðsins og handtöskan opnuð í vidurvist hans. Í handtöskunni var veiti úr rauðu rússnesku leðri, en í veskinu voru umgjardalausir gimsteinar, svo margir og fagrir, að maður getur vel trúað því, að þeir séu eitt hundrad þúsund dollara virði, eins og konan, sem stolið var frá, hétt fram að þeir væri. Að þetta séu hinir tyndu gimsteinar sést á því, að á veskið er letrað með gullnum stöfum nafnið *Mitchel*. Þú allrar Öhmingju var ekkert í handtöskunni, eða í sambandi við hana, sem bendir til hver þjófurinn er. En hótelskrifariinn man samt vel, hvernig maðurinn, er kom með töskuna, var í hátt, og vona leynilögslumennirnir því, að þeir finni þjófinn innan slams af lýsingu skrifarans og taki hann fastann.

„Hvað segið þér um alt þetta, Mitchel?“ sagði Randolph.

„Nú, það eru einmitt svona greinar sem olla því, að ég hætti að lesa blöðin“, svaraði Mitchel. „Einmitt þessar sásandi lýsingar af leyndardómfullum mörðum, þjófnaði og öðrum glæpum. Því ef maður les blöðin, verður maður að pola þvílíkar sögur næstum á hverjum degi“.

„Er yður alvara með það, að þetta sérstaka þjófnaðarmál hafi engin áhrif á yður?“ spurði Randolph.

„Hvers vegna setti það að hafa nokkur áhrif á mig?“ sagði Mitchel. „Máske það setti að hafa áhrif á mig sökum þess, að ég var á lestinni og varð að pola að leitað væri á mér eftir skipun aulalegs leynilögreglumanns?“

„Það er önnur og meiri ástæða til að þetta mál dragi athygli yðar að sér“, sagði Randolph. „Hver sá maður, sem hefur hina minstu ögn af skynsemi og veit um vedmál yðar, hlýtur að sjá, að þér hafið haft hér hönd í bagga?“

„Í hverju, þjófnaðinum eða mörðinu?“ sagði Mitchel.

„Guð minn góður, ég veit ekki“, sagði Randolph. „Við höfum verið beztu vinir síðan við hittumst fyrst. Ég hef stadið með yður og borið traust til yðar, þrátt fyrir allt sem fjandmenn yðar hafa sagt um yður. En nú—“

„Jæja, hvað svo?“ sagði Mitchel.

hlutit
þér sk
síðar
morð
1. Da
mál í
þér vo
eftir k
þar, he
ið var
nú fun
„N
„Ég he
að það
„J
ekki eft
eins og
ég í g
miði, að
engar hlu
„Da
„N
„Dér vilj
Dá játið
„Ne
„Ég hvor
Munið þ
mitt pega

„Jæja, ég veit ekki hvað ég á að hugsa um þessa hluti“, sagði Randolph. „Dér veistuð við mig, að þér skylduð fremja glæp. Nokkrum klukkustundum síðar er þjófnæður framinn, og litlu síðar er framið morð einmitt í húsinu sem Ramaens mæðgurnar búa í. Það er kunnugt—það er önnur frásögn um þetta mál í öðru blaði, sem ég hef—það er kunnugt, að þér voruð í leiguberbergja-húsinu fullan klukkutíma eftir kl. 11.30 sama kvöldið, og á meðan þér voruð þar, heyrduð konu-hljóð úr herbergjunum sem morðið var framið í og sem líkið fanst í. Svo hafa þeir nú fundið gimsteinana, og nafn yðar er á veskinu“.

„Nafn konunnar, meinið þér“, sagði Mitchel. „Ég held, að blaðið hafi komist að þeirri niðurstöðu, að það væri nafn hennar“.

„Já, það er satt“, sagði Randolph. „Ég mundi ekki eftir því. Auðvitað var það nafn hennar, en eins og þér sjáið, þá er alt á ruglingi fyrir mér og ég í gæðshræringu. Ég kom hingað í því augnamiði, að biðja yður að segja blátt áfram að þér hafið, enga hlutdeild átt í þessu máli“.

„Það er mér ómögulegt að gera“, sagði Mitchel. „Neitið þér að gera það?“ sagði Randolph. „Dér viljið ekki halda því fram, að þér séuð saklaus? Þá játið þér í raun og veru að þér séuð sekur!“

„Nei, það geri ég alls ekki“, sagði Mitchel. „Ég hvorki játa né neita nokkrum hlut í þessu máli. Munuð þér eftir veðmáli okkar? Ég sagði yður, einmitt þegar við gerðum það, að þetta hættu-útsmabil

mundi koma, að þér munduð heyrja um einhvern glæp, sem dreygður hefði verið, og koma til mín og spyrja mig um hann. Ég varaði yður við því fyrir fram, að ég mundi neita að gefa yður nokkrar upplýsingar. Ég að eins held orð mín.

„Báðir þöggðu um hsið. Mr. Randolph virtist eiga í mikilli baráttu við sjálfan sig. Hann stakk höndunum hranalega niður í yfirfrakkvasa sína; gekk yfir að glugganum og horfði út um hann. Mitchel horfði á hann í nokkur augnablik með kátbrots á vörunum. Síðan sagði hann snöggelega:

„Óráðar samvizkan yður, Randolph?“

„Það er enginn minsti vafi á því!“ sagði Randolph hvasslega og sneri sér að vini sínum.

„Dvi farid þér þá ekki til lögregluannar og léttid á samvizkunni?“ sagði Mitchel.

„Ég ált að þau sé skylda mín, að gera það“, sagði Randolph. „En mér finst á hinn bóginn, að ég væri heigull ef ég gerdi það. Mér finst, að það væri hið sama og að svikja vin síun í trygðum.“

„Ó! þér teljið mig þá vin yðar ennþá?“ sagði Mitchel. „Jæja, kæri vinur minn—því ég fullvissa yður um, að ég met vinnu hug yðar mikils—þá skal ég s gjá yður hvað þér skuluð gera til þess að létta á samvizku yðar, en þess að skada mig.“

„Í hamingjunnar bænum gerid það þá“, sagði Randolph.

„Enginn hlutur er fyrirhafnarminni en það“, sagði Mitchel. „Farid til Mr. Barnes, og segid honum alt sem þér vitid um þetta efni.“

urn
eir
, Y
mað
um
suld
honu
pað,
við n
ingur
Rando
réttvis
ómögu
þess, a
St
byrjaði
mitt á n
að tala s
„De
frá yður
„Já,
sporvegin
komst á l
þá var mé
fara eða
tróð sér in

„En það er hið sama og að sækja yður í hendurnar á lögreglunni“, sagði Randolph.

„Nei, Mr. Barnes er ekki lögreglan—hann er einungis privat leynilögreglumadur“, sagði Mitchel. „Yður rekur líklega minni til, að hann var einmitt maðurinn sem við vorum að tala um þegar við gerðum veðmálið. Þér voruð að hæla fimleik hans og snild. Þér ættuð því að vera ánægður með að hleypa honum á slóð mína, og ég er einnig ánægður með það, ef þér samþykkið að minnast ekki á þetta efni við nokkurn annan manna. Skal þetta þá vera samningur milli okkar?..“

„Já, fyrst þér eruð ánægður með það“, sagði Randolph. „Ég má til að segja einhverjum þjóni réttvísinnar það sem ég veit um þetta máli. Mér er ómögulegt að geyma hjá mér það sem getur leitt til þess, að glæpamaður verði uppvís.“

Síðan fór Mr. Randolph burt úr hóteliu og byrjaði tafarlaust að leita Mr. Barnes uppi. En einmitt á meðan þeir Randolph og Mitchel höfðu verið að tala saman, var Mr. Barnes að ræða við Wilson.

„Þér segið, að Mitchel hafi aftur á umast burt frá yður seinni partinn í gærdag?“, sagði Barnes.

„Já, hann fór svo oft til baka aftur á yfirjarðarsporveginum, að ég misti sjónar á honum og hann komst á leat, sem ég náði ekki í. Eins og þér sjið, þá var mér ómögulegt að vita, hvort hann ætlaði að fara eða ekki, fyrir en seinasta augnablikið. Hann trúð sér inn í mannþyrpinguna og virtist vera um-“

hugað um að komast á lestina, en svo dró hann sig til baka síðasta augnablikið. Ég varð að herma þetta eftir honum hvað eftir annað við hinn enda vagnanna, en loks stökk hann upp í lest nokkra rétt þegar gæzlumaðurinn lokaði hliðinu, sem ég var við“.

„Var þetta á 42. stræti?“ sagði Barnes.

„Já“, sagði Wilson. „Hann fór með lestinni sem gengur inn á leið“.

„Veitti hann yður eftirtekt á nokkurn hátt?“ sagði Barnes.

„Ég býst við að hann hafi gert það“, sagði Wilson; „en engum hefði dóttið í hug, að hann gerði það. Hann virtist ekki hafa minstu hugmynd um, að honum væri veitt eftirför, hvað það snerti að hafa gætur á mér.“

„Ég áfelli yður alls ekki“, sagði Barnes. „Farid aftur á hótél hans og g. rið yður bezta til. Látið mig um alt hitt. Ég skal komast eftir, hvert hann er að fara á þessu leyndardómsfulla ferðalagi sínu“.

Síðan fór Wilson sína leið, en Barnes sat eftir og hugsaði hér um bil sem fylgir með sjálfum sér:

„Það er auðséð, að Wilson sér ekki við Mitchel. Það væri gaman að vita, hvort hann hefur nokkurt sérstakt augnamið með þessum blindingsleik; eða að hann er einungis bending til mín um, að það sé ekki hægt að fylgja honum eftir þegar hann vill það ekki? Ef hið síðara á sér stað—jæja, við skulum sjá til. Látum okkur nú hugsa um þessa gimsteina, sem fundust í New Haven. Þeir koma algerlega heim og

saman við lýsinguna. Að þeir fundust, gerir málið enn vandasamara aftur á ný. Ég var hér um bil kominn að þeirri niðurstöðu, að gimsteinarnir í hóli Mitchels í geymslu-hvelfingunum væru hinir stolnu gimsteinar, og þar eð þeir tilheyra Mitchel í raun og veru, samkvæmt skirteinum hans og kvittunum, þá hafi hann stolið þeim frá sjálfum sér til að vinna veðmál sitt. Hann stofnaði sér ekki í neina hættu með þessu, því að þótt hægt hefði orðið að sanna sök á hann, þá hefði ekki orðið hægt að dæma hann í fangelsi fyrir þetta; en hann hefði tapað veðfé sínu. Nú er annað samkerfi af gimsteinum fundið, og það eru auðsjáanlega hinir stolnu steinar. Það var auðséð, að Mr. Mitonel varð forviða þegar hann sá skrána, er ég hafði fundið. Ég er sannfærður um, að hann vissi ekki, að þessi skrá var til. Af því leiðir, að það getur einnig vel átt sér stað, að hann hafi ekkert vitað um þetta annað samkerfi af gimsteinum. Ef því er þannig varið, þá má vel vera að það, að þjófnaðurinn var framinn sömu nóttina sem veðmálið var gert, hafi einungis verið tilviljun. Hann segir, að hin myrta kona hafi haft fé út með hótunum um uppljóstranir, og að hann hafi fengið henni utanáskrift til gimsteinakaupmanns síns í París. Getur ekki verið, að hann hafi keypt gimsteina-samkerfi sitt einmitt að þessum kaupmanni, og getur ekki verið, að konan hafi stolið hinu samkerfinu nýlega og komið með það hingað til landsins? Það er enginn vafi á að það er nauðsynlegt, að leita þennan

gimsteina-kaupmann í París uppi. Ég hef nafn
 hans í vasabók minni, því ég skrifaði það hjá mér af
 kaupbréfinu, er Mitchel sýndi mér. Ef þessi rök
 semdafærsla er rétt hjá mér, þá hefur einhver veitt
 konunni eftirför frá Frakklandi í því skyni að stela
 gimsteinunum frá henni; eftir að hún hafði gengið í
 gegnum hættuna sem því er samfara, að lauma gim-
 steinunum inn í landið án þess að borga toll af
 þeim. Er maðurinn, sem veitti henni eftirför, vinur
 vor Mr. Thaurét? Samkvæmt þessari röksemda-
 færslu kemst maður að þeirri niðurstöðu, að Mr.
 Mitchel hafi eon sem komið er ekki drýgt glæp
 sinn. Hann gaf mér bendingu um að ég skyldi hafa
 þetta hugfast, ef ég skyldi komast að þeirri niður-
 stöðu að hann væri saklaus af þeim glæpum, sem
 þegar hafa verið drýgdir. En frjá ég hann við þá?
 Hvers vegna sýndi hann mér þennan rúbín og sagð-
 ist ætla að gefa unnaustu sinni hann? Ætlar hann
 sér að gefa henni steininn og stela honum síðan frá
 henni? Ef þetta er álormið, þá hlýtur hún að verða
 í samsærinu og gera hávaða út af þjófnadinum, svo
 að sagan um hann kemist í blöðid? Það var partur
 af samningnum viðvíkjandi veðmáli hans. En að
 þessu sleptu, hvað skal segja um hauppinn? Engin
 skýring, sem ekki kastar ljósi á atriðið viðvíkjandi
 hnappnum, er nægileg skýring.“

Þegar Mr. Barnes var hingað kominn með hug-
 leiðingar sínar, var hann trúflaður með því, að hon-
 um var sagt, að Mr. Randolph væri kominn og vildi

fa
 ol
 ta
 stó
 ol
 ley
 um
 "G
 inn
 Mr.
 Bar
 legu
 spur
 stað
 leik
 fimle
 fimle
 id þó
 að vit
 vitum
 Hann
 sýndi
 hann v
 því að
 óþægi
 "J
 játning

fa að tala við hann. Dess ber að geta, að Mr. Randolph var ekki kunnugt, að nokkur maður hefði heyrð tal hans og Mitchel's í svefnvagninum. Degar hann stóð augliti til auglitis við Mr. Barnes, var Randolph því nokkuð ruglaður, og hikaði sér.

„Ég býst við, að þér séuð Mr. Randolph“, sagði leynilögreglumadurinn og leit á nafnspjaldið, er honum hafði verið fært áður en gesturinn kom inn. „Gerir svo vel að fá yður sæti. Dér eruð hingað kominn til þess að tala við mig um þetta Mitchel's-mál?“ Mr. Randolph virtist hinn hækkaði rómur, sem Barnes viðhafði á síðesta orðinu, nærri því ónaðsýnlegur. Því að úr því Barnes gat spurt annarar eins spurningar, þá hefði hann eins vel getað gert ákvedna staðhæfingu í sömu átt. Dessi vottur um kunnugleik á erindi Randolphs styrkti álit hans eða trú á fimleik leynilögreglumanna yfir höfuð, en sérilagi á fimleik mannsins, er hann var að tala við.

„Dér vitið erindi mitt?“, sagði Randolph. „Viljið þér gera svo vel að segja mér, hvernig þér fóruð að vita það?“

„Það er talið sjálfsagt, að við leynilögreglumenn vitum alla hluti, eða er ekki svo?“, sagði Mr. Barnes. Hann sagði þetta með vingjarnlegu brosi, en svarið sýndi samt ljóslega, að Mr. Barnes vildi síður að hann væri spurður spurninga. Mr. Randolph komst því að þeirri niðurstöðu að ljúka sem allra fyrst þinu óþægilega erindi sínu, og sagði:

„Mr. Barnes, ég er hingað kominn til að gera játningu, og—“

„Ég má til að taka fram í fyrir yður“, sagði Barnes, „og minna yður á, að hvað sem þér kunnid að segja mér, þá gerid þér það af eigin hvöt og óbedid, og að ef þér sakfellið sjálfann yður að einhverju leyti, þá verður framburður yðar notaður á móti yður“.

„Ég þakka yður fyrir viðvörunina“, sagði Randolph; „en ég er hingað kominn til þess að ég verði ekki sakfeldur. Það, sem ég ætla að segja yður, er í stuttu máli þetta“. Síðan skýrði hann Barnes eins rétt og hann gat frá öllum atvikum í sambandi við veðmál hans og Mitchels. Mr. Barnes hlýddi á sögu Randolphs eins og hann hefði aldrei fyr heyrt neitt af þessu. Hann jafnvel skrifaði niður á blað ýms atviki, eins og hann ætlaði sér að hafa það sér til minnis síðar. Þegar Randolph hafði lokið sögu sinni sagði Barnes:

„Þetta er afar-undraverð saga, Mr. Randolph. Það er mjög erfitt að trúa því, að annar eins maður og Mr. Mitchel, sem vissulega lítur út fyrir að vera þrúðmenni, skyldi takast á hendur að gerast glæpamaður, einungis í því skyni að vinna peningaupphæð í veðmáli. Þér hljótið að hafa hugsað um þetta efni, og ef svo er, hljótið þér að hafa einhverja skýringu að gefa um það. Hafid þér nokkuð á móti, að segja mér skýringu yðar?“

„Mér er mesta ánægja í að gera það“, sagði Randolph með miklum áhuga. Honum þótti í rauninni mjög vænt um vin sinn, Mitchel, og þess vegna var skýring hans þannig, að hún var nokkur afsökun

fyr
fæ
ir
ein
er
ir
hlu
hve
hlu
hin
ske

Bar
gjö

ekk
„En
freis
að s
á, að
sem
borg
hvað
hlut

Bar
unni
fyrir

fyrir Mitchel. Randolph var glaður yfir að fá tækifæri til að láta leynilögreglumanninum í ljósi skoðanir sínar. „Sjáid til“, hélt hann því áfram, „það er einhver erfðasti hlutur í veröldinni að segja um, hver er og hver er ekki algerlega með öllum mjalla. Sumir lækningafróðir menn halda því fram, að nfu tundu hlutar af öllu fólkinu í heiminum sé vitskert að einhverju leyti. Ég ált, að maður sem safnar saman hlutum af einhverju tagi og notar þá til annars en hins vanalega brúks þeirra, sé að vissu leyti vitskertur“.

„Meinið þér vitskertur fyrir lögum?“ sagði Barnes. „Dað er að segja, ekki ábyrgðarfullur fyrir gjörðum sínum?“

„Hvað snertir ábyrgðina fyrir lögum, þá er ég ekki fær um að dæma um það atriði“, sagði Randolph. „En ég ált að sá vitfirring, sem ég mintist á, geti freistað manna til að fremja ólögleg verk. Ég verð að skýra hugmynd mína frekar. Dað er enginn vafi á, að frímerki hafa pyðingarmikið verðmæti. En sá sem safnar þeim eftir að búid er að brúka þau og borgar margfalt verð fyrir þau, er að mínu álti eitt-hvað geggjaður, því hann borgar tilbúid verð fyrir hlut sem er einkis virði í sjálfu sér“.

„Maður gæti sagt hið sama um málverk“, sagði Barnes. „Hið verulega verðmæti í dúknum og olfunni er ltíð, en samt borga menn þúsundir dollara fyrir olfumyndir“.

„Dað er líka nokkurhugar vitfirring, sem þó

einungis ríkisfólk getur látið eftir sér“, sagði Randolph. „En hún er ekki hin sama eins og gamla frimarkja-vitleysan. Myndir minna meun á náttúruna og hafa áhrif á alla menn með því, að þær vekja hjá mönnum endurminningar um það, sem þær eru af. Dess vegna er lögmætt brúk fyrir myndir, og það er máske rétt að borga sanngjært verð fyrir vinnu og hugvit listamannanna, er mála þær. En ef einhver borgaði þúsundir dollara fyrir eina mynd og hengdi hana svo upp í herbergi sínu, þar sem fáir nema hann sjálfur sæi hana, þann mann mundi ég álta vitskertann. Hið sama er að segja um gimsteina—“

„Já, hvað er um þá?“ sagði Barnes.

„Gimsteinar hafa reglulegt markaðsverð og hafa ákveðið pláss í veröldinni“, sagði Randolph. „En ef einhver maður fer um og kaupir sérhvern ágætan stein, sem hægt er að fá, og læsir síðan fjársjóðu sína inn í járnskápa og múrhvelvingar, sá maður er blátt áfram vitskertur.“

„Hvað kemur alt þetta við málinu, sem við vorum að tala um?“ sagði Barnes.

„Það kemur því mjög mikið við“, sagði Randolph. „Vinur minn er gægjæður hvað gimsteinafíkn hans snertir. Þótt hann sé skynsamur og skemti-
legur í öllu öðru, þá þarf maður ekki annað en minnast á gimstein af einhverju tagi til þess, að hann byrji strax á langri sögu um þennan eða hinn nafnkendan gimstein. Hin sérstaka vitsirring hans í þessu sambandi er sú, að segja sögur af glæpum,

sem drygðir hafa verið útaf sérhverjum mjög dýrum gimsteini. Hann hefur nærri fryst blóðið í æðum mltum með hryllilegum sögum um grimdarfull morð, sem drygð hafa verið til þess að eignast dýra demanta og rúbina“.

„Hugmynd yðar er þá stú, að hann hafi, með því að fylla anda sinn með hugsanir af þessu tagi, vanið sig á að setja glæpi í samband við gimsteina?“ sagði Barnes.

„Einmitt það“, sagði Randolph. „Það versta er, að við getum vanið okkur á hvað sem er. Dæmigeru allir vanalögir menn til dæmis skrefingslegir við lík dauðra manna. Það er sama hvað hugrakkur maður er, eða hvað mikið hann skopast að hugmyndirni um vofur og því um líkt, þá vill hann heldur hafa ei hvörn lifandi mann hjá sér ef hann verður að vaka hjá líki. Mjira að segja, hinn minsti bávaði í hórbergiau, til dæmis ef ísine hræpar í ís-skápuum, orsakar að hrollur fer um mann. En samt sem áður fá læknar, sem vanir eru líkskurðar-störfum, hina sönu fyrirliðingu fyrir líkum dauðra manna eins og slátrarinn hefur fyrir kjötskrokkunum, sem hann heggur sundur og selur“.

„Röksemdafærsla yðar er ekki fjarri lagi, Mr. Randolph“, sagði Barnes. „Það er ekki ómögulegt, að vinur yðar geti verið drenglundadur og blótyndur og samt haft óstjórnlega löngun til að eignast gimsteina, og að þar eð hann þekkir alla glæpi, sem drygðir hafa verið til þess að ná þeim, geti freisting-“

in til að myrða eða stela of til vill borið hann ofurlíði, þegar tækifæri býðst til að fullnægja þessari ákøfu girnd hans. Detta er undarleg veröld, sem við lifum í“.

„Álftið þér, að hægt væri afsaka mann í því líkum kringumstæðum með því, að hann væri vitskertur?“ sagði Randolph. „Ég meina fyrir lögum“.

„Nei, ég állt það ekki!“ sagði Barnes. „Ég állt, að þér hafið ef til vill rétt fyrir yður sálarfræðislega, og ég get vorkent manni sem yrði glæpamaður á þennan hátt; en hann væri sekur fyrir lögum. Að minsta kosti állt ég það. Spursmálið, sem við verðum að fá svar til, er þetta: Stal vinur yðar gimsteinunum, sem hér er um að ræða? Dér sváfud hjá horum, nóttina sem þeim var stolið; hvað álltið þér?“

„Ég veit ekki hvað ég á að állta“, sagði Randolph. „Hann hefði ekki getað farið burt úr rúminu í svefnavagninum nema að klifra yfir mig, og þótt ég sof fast, þá hefði ég átt að vakna við það. Setjum nú samt svo, að hann hefði farið burt úr rúminu og tekið gimsteinana; hvar hefði hann getað falið þá og hvernig gátu þeir komist til New Haven? Mæðal aunara orða, ég býst við að þér hafið fengið lýsingu af mannum, sem skildi handtöskuna eftir á hótelinu? Kemur hún heim og saman við lýsingu vinar míns?“

„Ég get ekki sagt um það“, svaraði Barnes. „Lýsingin er fremur óglögg. Hótel-skrifariinn segir, að maðurinn hafi verið meðalmaður á vöxt, rauðhærður og rauðskeggjaður; en dyravörðurinn, sem einnig

sá
haf
nef
nef
mer
við

hvol
sagð

Barn
þá sk
urnar
hann

I

ráði.

breifar
hélt B

„I

„I

ár“, sv

vera í N

„Ó

Boston.

„N

New Or

Und

Það er t
að þegar

sá manninn, er jafn viss í sinni sök með það, að hann hafi verið dökkhærður og skegglaus. Hin stórnafnda lýsing passar Mr. Mitchel betur en hin fyrnafnda, en það er lýsing sem á eins vel við þúsund menntu, er maður mætir daglega á Broadway, eins og við Mitchel“.

„Mér er nær að halda, þegar öllu er á botninn hvolft, að einhver annar hafi stolið gimsteinunum“, sagði Randolph“.

„Látum okkur vona það, Mr. Randolph“, sagði Barnes. „Ef yður skyldi vera nokkur fróun í því, þá skal ég segja yður það, að sem stendur eru líkurnar gægu honum ekki nógu sterkar til þess, að hann sé tekinn fastur“.

Leynilögreglumadurinn sagði þetta af yfirlögðu ráði. Hann vonaðist eftir, að Randolph yrði skrafbreifari ef hann létti á huga hans. Eftir dálitla þögn hélt Barnes áfram og spurði:

„Hafið þér ekki þekt Mr. Mitchel í nokkur ár?“

„Nei, ég hef einungis þekt hann í hálf ári“, svaraði Randolph. „Hann er ekki búinn að vera í New York full tvö ár“.

„Ó, er því svo varið“, sagði Barnes. „Er hann Boston-maður?“

„Nei, ég held að hann hafi komið hingað frá New Orleans“, sagði Randolph.

Undarleg tilfinning fór í gegnum Mr. Barnes. Það er til hjátrú, sem margir hafa í heiðri, um það, að þegar þvílíkur hrollur fer um mann, þá sé einhver

að ganga á þeim bletti, sem gróf manns verði síðar-
meir á. Þess vegna fylgir ætíð einhver draugaleg
hugsun þessum hrolli. En því er öðruvísi varið með
Mr. Barnes. Hann er laus við allskonar þvillika hjá-
trú, en samt kemst hann ósjálfrátt í einh. erja hræ-
ringu þegar þessi hrollur fer um hann, af því, að það
hefur svo oft komið fyrir, að einmitt þá hefur hann
hitt á hinn rétta leiðarvísi. Hann stanzaði því, til að
hugsa sig um. Alt og samt, sem Mr. Randolph hafði
sagt, var það, að hann héldi, að Mitchel hefði komið
tí New York frá New Orleans. Það flaug í gegnum
huga Mr. Barnes á sama veffangi, að hin myrta kona
hefði sagt honum, að hún hefði átt heima í New O-
leans. Var nokkur bending innifalín í þessu? Hafði
maðurinn (Mitchel) og konan þekst í hinni suðrænu
borg?

„Hvernig vitið þér, að hann er Suðurríkja-mað-
ur?“ spurði Mr. Barnes.

„Ó, maður uppgötvar það fljótt af framburði
hans“, svaraði Randolph. „Dæ: að auki hefur hann
sjálfur sagt, að hann sé frá Suðurríkjunum, þótt mér
virðist að hann vilji stöður tala um hið fyrra heimkynni
sitt. Eg hef óglögga hugmynd um, að hann hafi ein-
hvern tíma sagt mér, að hann væri fæddur í New
Orleans og að hann hefði einhverjar sárar endur-
minningar þaðan. En það er samt í eina skiftið, sem
hann hefur minst nokkuð á þetta efni við mig.“

„Mig langar til að spyrja yður spurningar við-
vikjandi hinum manningum, Mr. Randolph“, sagði

Bar
nokk
Tha
pekk
svara
is for
kora
trygt
hitti h
”
”
mér sk
segja y
Ég var
heyri, f
menn v
af þein
sem spil
peninga
hepnir
tvenn sp
sem spi
seinasta
dável, að
aðallega
reiknings

Barnes. „Mér þætti gaman að vita, hvort þér hafið nokkurn tíma hið hann. Ég á við mann sem heitir Thauret?“

„Alphonse Thauret?“ sagði Randolph. „Já, ég þekki hann og mér gæðjast ekki vel að honum.“

„Hvers vegna ekki?“ spurði Mr. Barnes.

„Ég get ekki beinlínis gert grein fyrir því“ svaraði Randolph. „Það má vera, að það sé einungis fordómur. En samt sem áður er oss gjarnt til að korrast fljótt að niðurstöðu um menn, og ég hef tortrygt þennan mann frá fyrsta augnablikinu, sem ég hittir hann.“

„Tortrygt hann?“ sagði Barnes.

„Já“, sagði Mr. Randolph. „Það má vera að mér skjátlist algerlega, og ég ætti máské alls ekki að segja yður söguna, en ég ætla nú samt að gera það. Ég var staddur í einum af klúbbunum, sem ég tilheyri, fyrir hér um bil tveim vikum síðan. Nokkrir menn voru að spila *whist*, og þessi Thauret var einn af þeim. Við hinir aðrir horfðum á. Upphæðin, sem spilað var um, var lítil, en samt var spilað um peninga. Thauret og félagi hans virtust vera sérlega hepnir í spilinu. Vanalega nota menn auðvitað tvönn spil, en einhverra orsaka notaðu þeir, sem spiluðu þetta kvöld, einungis ein/spil, svo að seinasta (neðsta) spilið varð tromp. Menn vita nú dável, að eftir því sem spil liggja í *whist*, hver alagur aðallega með fjórum spilum af sama lit, þá er það reikningsræðisleg víska, að ef spilin eru stökkuð

bara tvisvar, og ef sá, sem gefur, er nógu fimur til að stokka spilin þannig, að hver helmingurinn kljúfi hinn nákvæmlega í tvent í bæði skiftin, þá verður niðurstaðan sú, að meiri hlutinn af trompunum lendir hjá þeim sem gefur og félagi hans. Að dregið er, breytir þessum sannleika alls ekki. Það sem ég tók nú eftir, var það, að Thauret stokkaði þannig í hvert skifti sem hann gaf. Hann og félagi hans unnu um tvö hundruð dollara á kvöldinu. Ég ált að hann hafi svikið í spilunum“.

„Hver var félagi hans í spilinum um kvöldið?“ spurði Barnes.

„Ég þekti hann ekki“, svaraði Randolph.

„Var Mr. Mitchel viðstaddur þetta sama kvöld?“ spurði Barnes.

„Já, og hann var mér samdóma um, að Thauret væri spilahrappur. En samt getur auðvitað vel verið, að við séum að gera mannum rangt til með þessu. Degar öllu er á botninn hvolft vitum við ekki annað en það, að hann stokkaði á þann hátt, sem ég hef sagt, og að hann vann í spilunum. Síðan hef ég séð hann tapa í sama spilinum“.

„Jæja, ég er yður mjög þakklátur fyrir upplýsingarnar, er þér hafið gefið mér, Mr. Randolph“, sagði Barnes. „Ég skal segja yður það, að ef ég get sannað að vinur yðar hefur ekkert verið ridinn við þjófnadinn og morðið, þá skal mér þykja mjög vænt um það“.

Að svo mæltu stóð leynilögslumaðurinn á fæti

ur, og Mr. Randolph tók það svo, að Mr. Barnes vildi að hann færi. Degar Randolph var farinn, settist Barnes niður aftur. Hann var að velta því fyrir sér, hvort félagi Thaurets í spiliinu gæti verið glæpsbróðir hans í gimsteina þjóðum, og hvort hann væri maðurinn sem hefði s. 3. handtökuna eftir á hótelinu í New Haven. Eni hvers vegna hann hefðigert það, var óskiljanlegur leyndisráðmur.

Nokkrum mínútum áður fór Mr. Barnes burt úr húsinu, sem skrifstofa hans var í, og gekk hratt í áttina til 3. avenue; þar fór hann upp á yfirjarðar-sporveginn og inn í lest, og fór út úr vagninum á 76. stræti. Hann gekk austur strætíð dálftinn spö, hringdi klukku á hurðinni á einu húsinu þar, og var vísað inn í gestastofu með einföldum húsbúnaði í. Fáum mínútum seinna kom lagleg stúlka inn í stofuna, og virtist hún vera 24 eða 25 ára að aldri. Dau töludu saman lágt nokkra stund, en síðan fór stúlkan burt úr stofunni, og kom brátt aftur alháin til að fara út. Dau urðu síðan samferða burt úr húsinu.

Fjórum dögum seinna fékk Mr. Barnes miða, sem ekkert annað var skrifað á, en orðin: „Komidú hingað“. En hann virtist skilja hvað þetta þýddi, og lagði strax á stað til hússins á 76. stræti. Hann fór inn í sömu stofuna og áður, og stúlkan kom þangað til hans.

„Jaja“, sagði Mr. Barnes, „Hefur yður hefurast það, sem ég fól yður að gera?“

„Auðvitað“, svaraði stúlkan. „Vitið þér til, að“

mér hafi nokkurn tíma mishepnast svona erindi? Ég vona að þér setjið mig ekki á bekk með Wilson?..

„Kærið yður ekki um Wilson“, sagði Barnes.
„Segið mér sögu yðar“.

„Gott og vel“, sagði stúlkan. „Verið ekki ó-polinnóður. Ég hef mína eigin aðferð við alla hluti. Jæja, þér skilduð við mig í Madison Square-trjágarðinum, þegar við sáumst síðast. Ég setti mig þar á bekk og hafði gætur á Wilson. Tveimur klukkustundum síðar kom maður út úr hótelinu og Wilson veitti honum eftirför. Ég gat ekki að mér gert að hlæja af að sjá, hve klunnalega hann laumadist á eftir manningnum. Hann er enginn listamaður. Hvaða auli, sem var, gat hafa séð það á augnabliki, að Wilson var að elta einhvern“.

„Ég sagði yður, að þér skylduð sleppa öllum at-
hugasemdum um Wilson“, sagði Barnes.

„Ég veit það“, sagði stúlkan; „en mér þóknast nú að segja yður af honum, til þess að þér skulið meta mig þess meira. Hér var Wilson þá að elta þennan kunningja, Mitchel. Þér heyrið, að ég er búin að uppgötva nafn hans. Þér sögðuð mér ekki hvað hann hét, en það olli mér engrar áhyggju til lengdar, eins og þér getið nærri. Detta var reglu-
legasta gaman. Aðra mínútna varð Wilson að hlaupa, til þess að verða ekki of langt á eftir, en þá stanzaði Mitchel stundum svo snögglega, að Wilson nærri því rak sig á hann. Hann þekkir Wilson auðvitað nú orðið, og er bara að leika með hann. Mig

langði til að sjá Mitchel vel og greinilega í eitt skifti, svo ég stókk upp í sporvagn og komst þannig á undan honum og Wilson til 3. avenue. Ég hljóp upp stigann, upp á pallinn sem yfirjarðar-sporvegs-stöðvarnar eru á, og faldi mig þar í farþega biðar-herberginu. Eftir litla stund kom Mitchel upp á pallinn, og gekk yfir á annan endann. Wilson kom á eftir, komast á miðjum pallinum og reyndi að haga sér aðlilega, sem honum auðvitað tókst ekki. Þegar lestin kom, fór ég upp í hana, og gekk svo eftir henni þar til ég kom þangað sem M tchel var og settist beint á móti honum. Svo athugaði ég andlit hans vandlega, það getið þér veðjað um“.

„Já, Miss, og hann athugaði andlit yðar vandlega“, sagði Barnes. „Dér eruð regluleg gæs, og þér óhlyðnubust akipunum mínum. Ég sagði yður, að þér skylduð alls ekki láta þennan hárbeytta djöful sjá yður“.

„Þetta gerir ekkert til“, sagði stúlkan. „Það fór alt saman vel. Þegar við komum á 42. stræti, fór hann af lestinni, og hið sama gerði Wilson, en það gerði ég ekki“.

„Því ekki?“ spurði Barnes.

„Af því að hann hefði þá ef til vill grunað mig“, svaraði stúlkan. „Nei, herra minn; ég hélt áfram til 47. strætis, fór yfir um brautina á brúnni, og fór þar á lestina, sem gekk til baka á hinu sporinu, til 42. strætis, og beið þar á stöðvunum þegar Mitchel kom þangað í annað sinn. Hann var nú einsamall, og

hefur auðsjáanlega laumast burt frá Wilson á 34. stræti. Þar fór hann á lestina sem gengur niður eftir, og hið sama gerði ég, en nú lét ég hann ekki sjá mig. Hann fór beina leið þangað sem ferðinni var heitið, og ég á eftir honum. Það var hús nokkurt í Irving Place. Hér er númerið“. Um leið og stúlk- an talaði síðustu orðin, afhenti hún Barnes miða með strætisnafninu og húsnúmerinu á.

„Yður hefur farnast vel“, sagði Barnes um leið og hann tók við miðanum; „en hvers vegna gáfuð þér mér ekki þessa skýrslu yðar tafarlaust?“

„Ég er ekki búin með sögu mína ennþá“, sagði stúlk- an. Þegar ég tekst starfa á hendur, þá lyk ég við hann. Ímyndið þér yður, að ég mundi rekja slóð þessa manns (Mitchels) í bæli hans og láta yður svo setja Wilson á slóð hans aftur? Alls ekki. Næsta dag fór ég til hússins í Irving Place og hringdi klökkunni. Vinnukona kom til dyranna og opnaði hurðina. Ég bað um að fá að tala við húsmóðirina. Vinnukonan spurði mig hvert erindi mitt væri, og ég sagði henni að ég hefði verið beðin að koma þangað, í því skyni að vistast þar. Það var auðséð að vinnukonan væri forviða, enda var það ekki furða, því henni hafði auðvitað ekki verið vísað úr vistinni. Ég sagði henni því strax, að ég vildi með engu mót verða orsök til þess að hún misti vist sína, og spurði hana, hverskyns fólk það væri, er byggi í húsinu. Ég kom henni þannig til að tala um allt, sem ég vildi, og fékk brátt að vita, að húsið er nokkurskonar þríf.

vat skóli, þar sem nemendur hafa bæði herbergi og fæði á staðnum. Ég fékk enn fremur að vita, að þar er fjórtán ára gömul stúlka sem heitir Rose Mitchel, og að kunningi yðar Mitchel er faðir hennar. Hvernig lízt yður á það?":

„Dér eruð reglulegur snillingur, stúlka mín“, sagði Barnes. „En þér vissuð þetta fyrir tveimur dögum síðan. Dóttir létuð þér mig ekki vita þetta strax?“

„Ég fór aftur til hússins í gær, til þess að reyna að fá meiri upplýsingar“, sagði hún. „Ég sat úti í garðin um og athugaði unglingsstúlkurnar, þegar þær komu út til að fá sér ferskt loft og leika sér. Ég fékk ekkert tækifæri til að tala við Rose Mitchel, en ég komst að því, hver þeirra er hún, þannig, að hinar kölluðu hana með nafni. Ég hafði litlu ljósmynda-vélina mína með mér, og tók mynd af Rose Mitchel handa yður. Hvað segið þér nú? Hef ég sýtt tíma mínum til einkis?“

„Alls ekki“, sagði Barnes. „Dér eruð kæn, en þér verðið aldrei mikil í listinni vegna þess, að þér hafið of mikið sjálfsálit. En samt sem áður fáið þér eintómt hól hjá mér í þetta sinn. Lofið mér að sjá myndina“.

Stúlkan fór upp á loft, og kom aftur með litla, fremur ólögga ljósmynd af ungri og fríðri stúlku, og afhenti Mr. Barnes myndina. Hér um bil hálfri klukkustund síðar fór hann aftur burt úr húsinu.

VIII. KAPÍTULI.

LUCETTE.

Tveimur dögum eftir þá viðburði, sem skýrt er frá í síðasta kapítula, sagði þjónustumei Miss Remsen's húsmóður sinni frá því, að hún væri nybúin að fá þá fregn, að móðir sín væri mjög sjúk og að hún yrði þess vegna að fara heim tafarlaust. Þjónustumeiþjan sagði, að móðir sín sætti heima í Elizabeth í New Jersey. Hún æskti eftir leyfi að mega fara eins fljótt og mögulegt væri, og hún sárbað um að frændstúlka hennar, Lucette að nafni, fengi að vera í plássi hennar þangað til hún gæti komið aftur, sem hún vonaði að yrði að fáum dögum liðnum. Þegar þjónustumeiþjan var spurð um, hvort frændstúlka hennar væri verkinu vaxin, þá svaraði hún því, að hún væri það og sagði, að hún væri sérslagi vel að sér í að búa hár, því hún hefði lært það hjá franskri hárbúningu-konu nokkurri. Að vísu væri nafn stúlkuunnar Lucy, en hún hefði breytt því í Lucette til þess að gefa í skyn, að þar sem hún væri frönsk, þá hlyti hún að vera ágæt þjónustumei.

Miss Remsen áleit í huga sínum, að þessi breyting á hinu rétta nafni væri alt annað en meðmæli með stúlkunni; en þar sem þjónustumei hennar varð að yfirgefa hana svona skyndilega, og þar eð stúlkan

gat
þes

Mis

á tö

gerð

var

hún

seu s

mikl

henn

henn

þvína

”

eftir,

mey þ

”

„Ó, ég

”

hún er

meta h

þegar s

”C

útaf fyr

”O

„En ég

regluleg

sheldur

séð hár

gat komið tafarlaust, þá samþykkti hún að hafa þessi skifti.

Lucette kom seinnihluta dagsins, og geðjaðist Miss Remsen ágætlega að henni. Hún hafði átt von á tölugri, nærgöngulli stúlku, fullri af franskri tilgerð, og var þess vegna hissa þegar hún sá að þetta var hæglát og tilgerðarlaus stúlka, er sýndi strax að hún kunni vel alt sem hún átti að gera. Miss Remsen sá strax fyrsta sólarhringinn, að Lucette var svo miklu betri stúlka en hin fjarverandi þjónustumei hennar, að hún nærri óskaði að móðir hennar þyrfti hennar með í langan, langan tíma. Dora var einnig þvínær töfrud af Lucette.

„Drotning“, sagði Dora við systir sína daginn eftir, „hvernig geðjast þér að hinni uýju þjónustumei þinni?“

„Að hverri?—Lucette?“ sagði Miss Remsen. „Ó, ég held að hún dugi fullvel.“

„Dugi fullvel“, át Dora eftir systir sinni. „En hún er reglulegur gimsteinn. Ef þú kant ekki að meta hana, þá óska ég að þú arfioðir mig að henni þegar Sarah kemur aftur.“

„O! Svo þú vilt þá fara að hafa þjónustumei útaf fyrir þig?“ sagði Emily.

„O, nei! Ekki svo sérstaklega“, sagði Dora. „En ég vil hafa Lucette í húsinu framvegis. Hún er reglulegasti fjáraförður. Að hún kann að búa hár er sheldur ekki hinn eini kostur hennar, þó ég hafi aldrei séð hár þitt líta eins vel út sem nú. Hún er nýbúin.

að láta á borðið fyrir eftirmiðdags-teið, og ég hef aldrei séð það eins fallega gert. Það er undravert hvað stúlkan getur skreytt borðið með pentudúkunum.“

„O, já“, sagði Emily, „Lucette er lipur stúlka og kann vel til verka; en láttu hana ekki vita, að við höfum þetta álit á henni. Hún kynni að verða minna virði við það. Segðu mér nú, kæra Dora mín, á hvaða gestum er von í dag?“

„O, ég býst við að það verði þessi gamla þyrping“, sagði Dora.

„Og býst þú við að Mr. Randolph komi einnig?“ sagði Emily.

„Það er eitthvað leyndardómsfult við Mr. Randolph, drotning mín“, sagði Dora. „Ég þori að fullyrða það. Fyrst og fremst hefur hann ekki komið hingað í heila viku, og í gær sá ég hann koma gangandi niður eftir 5. avenue, og, hefðir þú trúað því? rétt þegar ég var í þann veginn að hneigja mig fyrir honum, þá beygði hann við og fór niður eftir einu hliðarstrætinu.“

„Hann getur ekki hafa séð þig, kæra systir, því annars hefði hann vafalaust heilsað þér“, sagði Emily. „Hann hefði orðið glaður að fá tækifæri til þess.“

„Jæja, ef hann sá mig ekki, þá hlýtur hann að vera orðinn nærsýnn alt í einu“, sagði Dora. „Það er alt, sem ég hef að segja um það atriði.“

Þáftilli stundu seinna fóru gestirnir að koma og á skamri stundu urðu stofurnar svo fullar að það,

syndi
sagði
sump
fara
hvöt,
I
leizt v
með n
þókna
hana t
hornið
þess þ
M
tafði e
Emily
gegn u
henni.
hún ha
en það
virtust
rekja ei
Hann g
mátuleg
og Dor
verid hu
inn og
loks tæ
bíða eft
horni og

syndi, að Dora hafði notað hið rétta orð þegar hún sagði þyrring. Menn koma í þessar heimsóknir sumpart af skyldurækni og sumpart af vana. Menn fara aftur burt úr þeim af þeirri sjálfsverndunarhvöt, sem öllum er meðfædd.

Dora var umsetin af fjölda af karlmönnum, sem leizt vel á hana, og hún sneiddi sig hjá Mr. Randolph með mikilli ánægju, sem nú reyndi á allar lundir að þóknast henni. Honum virtist umhugað um að fá hana til að koma með sér út úr þrönginni inn í eitt hornið á stofunni, en hún forðaðist að gera það, án þess þó að sýnast vera að forðast það.

Mr. Thuret var einn af gestunum, en hann taldi ekki lengi. Hann talaði dálitla stund við Emily um hversdagsleg efni, en þokaði sér svo í gegn um þröngslin að hlið Doru og taldi lengur hjá henni. Hann sagði ýms fegur orð við hana, orð, sem hún hafði þegar heyrt af vörum annara karlmanna, en það var samt einhver sá tónn í orðunum, að þau virtust koma frá hjartanu, en eiga ekki rót sína að rekja einungis til augnabliks löngunar að þóknast. Hann gerði þetta mjög fimlega. Hann sagði svo mátulega mikið, að engum, sízt óreyndri stúlku eins og Doru, hefði komið til hugar, að orð hans hefðu verið hugsuð fyrirfram. En þegar Thuret var farinn og gestirnir farnir að fækka, þá fékk Randolph loka tækifærið, sem hann hafði svo lengi verið að biðja eftir, að tala við Doru. Þau settust niður úti í horni og hann sagði tafarlaust:

„Miss Dora, því lofið þér öðrum eins durg, eins og þessi franski maður er, að tala ástamál við yður?“

„Eigið þér við vin minn Mr. Thaurer?“ sagði Dora og lagði áherzlu á orðið „vin“, til að gera Mr. Randolph gramt í geði, enda tókst henni það dásamlega.

„Hann er ekki vinur yðar“, sagði Randolph. „Að minn áltí er hann einkis vinur nema sjálfs sín“.

„Þetta hefur verið sagt um svo marga, að það er alls ekki nein ný hugmynd“, sagði Dora.

„En í alvöru að tala, Miss Dora“, sagði Randolph, „þér megið ekki leyfa þessum náunga að troða sér inn í vinahóp yðar, og umfram allt megið þér ekki leyfa honum að biðla til yðar“.

„Dér gerid mig forviða, Mr. Randolph“, sagði Dora. „Ég hafði enga hugmynd um, að hann væri að biðla til mín. Ég get haft upp hvert orð, sem hann sagði, og orð hans mundu varla staðfesta þessa skoðun yðar“.

„Dá kemur slægd hans fram“, sagði Randolph. „Hann er of kánn til að segja það beint út svona skjótt“. Þessi ungi spekingur (Randolph) var ekki nógu vitur til að sjá, að hann var að skemma sinn eigin málstað með því að koma svona hugmyndum inn í höfuð stúlkunnar, hugmyndum, sem ekki höfðu átt þar heima áður.

„Dér eruð vissulega farinn að verða spaugilegur, Mr. Randolph“, sagði Dora. Dér eruð eins og Don Quixote, þegar hann var að berjast við vindmylnurnar. Dér ýmyndið yður vissa hluti, og varid mig svo

við þe
lega ó
að, sem
„I
Rando
talaði u
„N
þér í þ
„E
til, að-
„G
hreinski
hafði h
játningu
Mr. Mit
sama au
honum
yrði í, es
maður.
misti þa
um mjög
spaugsyn
Ges
svefr herl
eftir í sto
„Em
og hann
þar sem
næstum á
um að þú

við þeim. Ég fullvissa yður um, að þetta er algerlega óþarft. Mr. Thaurer var alls ekki að hafast það að, sem þér sakið hann um“.

„Ég vona að þér séuð ekki reið við mig“, sagði Randolph. „Dér vitið hver orsökkin er til þess, að ég talaði um þetta við yður?“

„Nei, ég er hrædd um, að ég sé ekki eins fim og þér í því að lesa tilgang annara“, sagði Dora.

„En þér hafið þó vissulega hlöið að geta yður til, að—“

„Geta mér hvað til?“ sagði Dora og leit svo hreinskilnislega á hann, að hann fyrirvarð sig. Nú hafði hann samt ágætt tækifæri til að gera ástarjátningu sína, og hann hefði að líkindum gert það, ef Mr. Mitchel hefði ekki komið inn í stofuna einmitt á sama augnablikinu. Þegar Randolph sá hann, datt honum strax í hug hin sérstaka afstaða, sem hann yrði í, ef það sannaðist, að vinur hans væri glæpamaður. Hann hikaði sér við af þessari ástæðu, og misti þannig tækifæri, sem bauðst honum ekki aftur um mjög langan tíma. Hann svaraði með einhverju spaugsyrdi, og fór svo bráðlega burt úr húsinu.

Gestirnir voru farnir, og Dora var komin inn í svefherbergi sitt, svo Mr. Mitchel og Emily voru ein eftir í stofunni.

„Emily, drotningin mín“, sagði Mitchel, um leið og hann tók aðra hönd hennar blíðlega í báðar sínar, þar sem þau sátu á samtals-bekk í stofunni. „Ég næstum álit að mig sé að dreyma, þegar ég hugsa um að þú eiskir mig.“

„Hvers vagna það, Roy?“ spurði Emily.

„Hlustaðu á orð mín, lit'á stúlkan mín“, sagði Mitchel. „Ég er í undarlegu skepi, í kvöld og mig langar mjög mikið til að tala við þig. Má ég það?“

„Hún svaraði honum með því, að hún snart hann litillega og ástúðlega á andlitid, með þeirri höndinni sem laus var, og hneigði sig til samþykkis því, er hann hafði bedið um.

„Hlustaðu þú á mig á meðan ég geri játningu“, sagði Mitchel. „Ég er ólíkur öðrum karlmönnum, eins og ég ált að þú sért ólík öllu öðru kvenfólki. Ég hef kynst mörgu kvenfólki, bæði í höfuðborgum Evrópu og hér í mínu eigin landi; en engin kona hefur haft nokkuð svipuð áhrif á mig eins og þú. Sama augnablikid og ég sá þig, kaus ég mér þig fyrir eigin konu. Þegar ég bað þín, hafði ég ekki hina minstu hugmynd um að þú mundir neita mér, fyrir ég hafði slept orðunum og sá hve flúðjarfur ég hafði verið, og mér fanst í nokkur augnablik, að ég hefði farið alt of langt.“

„Þú varst það ekki, Roy“, sagði Emily. „Það hefur verið fyrir mér eins og fyrir þér, að biðlar hafa ekki haft meiri áhrif á mig en hafgolar. En þegar ég sá þig í fyrsta sinni, þá sagði ég við sjálfa mig: „Þetta er herra minn.““

„Gud-blessi þig, Emily“, sagði Mitchel. „En svo ég haldi áfram, þá hef ég kosið þig rétt fyrir konu, og ég kalla hminian til vitnis um, að ég skal aldrei svikja þig í nokkrum hlut. En, — og þetta er

hin
ist e
einb
til a
mál
þin?

tómt
þá se
við þ
þú þ
armál
öbifar
mál þ
þín og

”
sagði
en þú
Ég ætl
leynda
um mar
Ert þú
”E
þér, a
sem ég
strax og
”Ne
til mikill
giftast e

hin harða raun, sem ást þín verður, að þola—ég neyðist ef til vill einstöku sinnum til að segja þér ekki einhverja hluti. Álstur þú, að ást þín sé nógu sterk til að trúá því, að orsökkin til þess, að ég hef leyndarmál sem ég segi þér ekki, er astin sem ég ber til þín?.

„Roy, það sem ég ætla að segja þér er, ef til vill tömt sjálfsálit hjá mér“, sagði Emily; „en þó svo sé, þá segi ég það. Veikari ást en mín ást mundi segja við þig: „Ég treysti þér, en ég elska þig einnig, svo þú þarft ekki að hika þér við að segja mér öll leyndarmál þín“. Ég segi þér þó þá, að ég treysti þér óbifanlega, og að ég er ánægð með að vita leyndarmál þín eða ekki, rétt eftir því sem dómgreind sjálfs þín og ást til mín sagir þér að gera.“

„Ég vissi, að þú myndir tala einmitt svona“, sagði Mitchel. „Ef þú hefur sagt nokkuð minna, en þú sagðir, þá hefði það verið vonbrigði fyrir mig. Ég ætla þá að segja þér það nú strax, að það er eitt leyndarmál í lífi mínu, sem ég hef ekki trúað nokkrum manni fyrir og sem ég vil ennþá ekki segja þér. Erstu ánægð með það?“

„Efast þú um það?“ sagði Emily. „Ímyndar þú þér, að ég mundi gera aðra eina staðhæfingu og þá, sem ég hef gert, en ganga svo á bakra þyrða minna strax og á reynir?“

„Nei, drottning mín“, sagði Mitchel; „en það er til mikils mælt af kvennmanni, að biðja hana að giftast sér á meðan leyndarmál, sem ekki má segja,

á sér stað. Og það því fremur sem þeir eru til sem kunna að álíta, að eitthvað sem skömm, eða máske annað verra, fylgir sé haldið leyndu.“

„Enginn mundi voga sér að dæma svo ranglátlega um þig!“ sagði Emily.

„Dér skjátlást vissulega í því“, sagði Mitchel. „Það eru til menn, sem ekki álíta mig jafn gallalausan eins og þú gerir. Hvað mundir þú hugsa ef ég segði, þér að leynilögreglumaður hefur gætur á mér nótt og dag?“

„Ó? Það mundi ekki hræða mig“, sagði Emily. „Dú ert búinn að skýra fyrir mér alt sem stendur í sambandi við veðmálið. Ég býst við að Mr. Barnes hafi auga á þér. Eða er ekki svo?“

„Já, hann gerir það“, sagði Mitchel; „sumpart vegna veðmálsins, og sumpart vegna þess, að hann heldur, að ég hafi haft eitthvað saman við hina myrtu konu að selda. Hann hefur rétt fyrir sér í því að vissu leyti.“

„Dú meinar, að þú hafir þekt konuna?“ sagði Emily.

„Já“, sagði Mitchel; en svo beið hann við til að vita, hvort hún spyði nokkurrar annarar spurningar eftir þessa játningu. En hún meinti hvert orð af því, sem hún hafði rægt, þegar hún staðhæfði að hún treysti honum algerlega. Hún þagði því, en Mr. Mitchel hélt áfram og sagði: „Það er edlilegt, að Mr. Barnes langi til að komast eftir hvað mikið ég veit um hina myrtu konu. En það eru þýðingar-

mikle
að þv

óska

skal g

dró ha

varirna

elske þ

stúlkun.

mundi

„L

hennar

rambur

„É

óska að

Dú verð

Mr.

róm, stó

Hin stó

ið skrífa

var illa v

stóð í hin

eftir því.

laust:

„Mó

þér væru

miklar ástæður fyrir, að ég vil ekki að hann komist
sö því. Þú gætir hjálpað mér í þessu efni.“

„Þá skal ég líka gera það!“ sagði Emily.

„En þú veizt ekki ennþá hvað það er, sem ég
óska að þú gerir“, sagði Mitchel.

„Mér er sama hvað það er“, sagði Emily. „Ég
skal gera það, ef þú biður mig þess.“

„Dú verðskuldar alla ást mína“, sagði Mitchel,
dró hana blíðlega að sér og kysti hana léttan koss á
varirnar. „Ég segi þetta ekki af sjálfáliti, því ég
elske þig eins mikið og nokkur maður getur elskað
stúlku. Ef þú reyndist óverðug fyrir ást mína — þá
mundi ég aldrei elska kvenmann aftur.“

„Dú mátt treysta mér, Roy“, sagði Emily. Orð
hennar voru blátt áfram, en það var sannleiks-hiti í
ramburði þeirra.

„Ég skal strax segja þér hvað það er, sem ég
óska að þú gerir; því það verður að gerast tafarlaust.
Dú verður að vera til—Hver er þarna?“

Mr. Mitchel talaði þrjú stöstu orðin í hvössum
rómi, stóð á fætur og gekk eitt eða t.ð. spor áfram.
Hin stóra stofa var ekki vel lýst, því gasið hafði ver-
ið skrúfað nokkuð niður til að þóknast Emily, sem
var illa við mikla birtu í herbergjum sínum. Einnhver
stóð í hinum enda stofunnar, og Laði Mitchel tekið
eftir því. Það var Lucette, og hún svaraði tafar-
laust:

„Móðir yðar sendi mig hingað til að vita, hvort
þér væruð til að borða kvöldverð, Miss Emily.“

„Segðu henni, að við komum eftir fáeinar mínútur“, sagði Emily, og síðan fór Lucette burt úr stofunni.

„Hvaða stúlka er þetta?“ sagði Mitchel.

Emily skýrði honum frá hvernig það hefði atvikast, að hún hefði komið í húsið, en Mitchel sagði þá, í snauðsynlega háum róm að virðast mátti:

„Hún virðist vera eipstaklega hæg og góð stúlka. Helzt til hæg, því mér varð dálítið bylt við þegar ég sá hana, af því hún hafði komið inn svo hægt. Eigum við að fara inn að borða? Dað, sem ég sætlaði að segja við þig, getur beðið þangað til á morgun. Dað er nokkuð sem ég sætla að biðja þig að gera fyrir mig daginn eftir morgundaginn“.

Eftir kvöldverð fór Mitchel með báðar systurnar og móður þeirra á leikhúsið, og þótti móðurinni vænt um það, því henni féll sætið illa þegar Emily fór eitthvað án þess að einhver eldri kona væri með henni. Þau gengu til báðar leiðirnar, og með því að Dora og móðir hennar gengu samhliða nokkuð á undan, fékk Mr. Mitchel ágætt tækifæri til að skýra fyrir unnustu sinni hvað það var, sem hann sækti eftir að hún gerði fyrir hann. Þegar hann fór burt úr húsi þeirra mæðgna um kvöldið, sagði hann:

„Dú munt ekki sjá mig í næstu tvo daga. Ég vona að þú verðir frísk þangað til ég kem aftur að finna þig.“

Lucette, sem hafði heyrt þessi orð hans, varð þess vegna býsna forviða þegar hún sá Mr. Mitchel

kon
var
stra
bor
var
eftir
ette
aaf
undi
opna
ir he

hún
út,
ur.“
hann
hurðir
inn.
sneri
reiðug
el. „
og þér
neina
ég nú
vegna
stofu.“

koma inn í stofuna kl. 10 morgunina eftir. En hún varð enn meira forviða þegar Miss Remsen gerði þá strax heyrum kunnugt, að hún sætlaði sér að fara út í borg. Það sem Lucette þótti undarlegast af öllu var það, að Emily fór einsömul út og skildi Mitchel eftir í stofunni. Þetta sýndist í sannleika gefa Lucette svo mikið umbugsunarefni, að hún virtist komast að alvarlegri niðurstöðu og fór sjálf að búa sig undir að fara út. En þegar hún gekk fram ganginn, opnaðist stofuhurðin og Mr. Mitchel stóð frammi fyrir henni.

„Hvert eruð þér að fara, Lucette?“ sagði hann.

„Ég hef erindi að reka úti í bæ, herra,“ svaraði hún og það fór ofurstill titringur um hana.

„Komið hérna inn í stofuna áður en þér farið út,“ sagði Mitchel. „Mig langar til að tala við yður.“ Lucette þorði ekki annað en að gera eins og hann sagði og fór inn í stofuna, en Mitchel opnaði hurðina fyrir hana og beið þangað til hún var komin inn. Þá fór hann inn á eftir henni, lét hurðina aftur, sneri lyklinum í lásnum og tók hann síðan úr.

„Hvers vegna gerðuð þér þetta?“ spurði Lucette reiðuglega.

„Dér gleymið sjálfu yður, Lucette,“ sagði Mitchel. „Dér eruð vinnukona, og góð vinnukona, eins og þér hafið sýnt að þér getið verið, spyr aldrei neiona þvillkra spurninga. En samt sem áður sætla ég nú að svara spurningu yðar. Ég læsti hurðinni vegna þess, að ég vil ekki að þér farið út úr þessari stofu.“

„Ég vil ekki vera lokuð hér inni með yður,“ sagði Lucette. „Ég er heiðarleg stúlka.“

„Eginn efast um það,“ sagði Mitchel. „Dér þurftið ekki að komast í hina minstu gæðshræringu, því ég ætla ekki að gera yður hið allra minnsta mein.“

„Hvers vegna hæfið þér þá farið hér inn með mig?“ sagði Lucette.

„Einungis til þess, að geyma yður hér þangað til—jæja, segjum til klukkan tólf. Það eru hér um bil tveir klukkutímar. Þykir yður fyrir því?“

„Já, mér þykir mikið fyrir því,“ svaraði Lucette. „Ég vil ekki hafa, að vera lokuð ein hér inn hjá yður í tvo klukkutíma.“

„Það er gaman að heyra til yðar,“ sagði Mitchel. „Hvernig ætlið þér að hindra það?“

Lucette beit sig í varirnar, en sagði ekkert. Hún sá, að hún gat ekkert gert. Hún gæti auðvitað hljóðað, en Mrs. Remsen og Dora höfðu farið út á undan Emily. Hún og Mr. Mitchel voru þess vegna alein í herbergjunum. Hún gæti kallað á umsjónarmann hússins, eða á fólk úti á strætinu. Um leið og henni flaug þetta í hug, leit hún skyndilega út að glugganum. Mr. Mitchel las hugsanir hennar tafarlaust og sagði:

„Reyndið ekki að hljóða upp, Lucette, þú ert hér gerid það, þá neyðist ég til að binda fyrir minninn & yður. Dér munuð komast að raun um, að það væri mjög óþægilegt, að hafa bundið fyrir minninn í tvo klukkutíma.“

„Viljið þér segja mér, hvers vegna þér viljið halda mér hér inni?“ spurði Lucette.

„Ég hélt að ég væri búinn að segja yður það,“ sagði Mitchel. „Sannleikurinn er, að ég vil ekki að þér afjúkið þessu litla erindi yðar.“

„Ég veit ekki hvað þér eigið við,“ sagði Lucette.

„Dér skiljið það víst,“ sagði Mitchel. „Dér eruð ekki svo heimsk. Jæja, stúlka mín, þér mættuð eins vel beygja yður fyrir örlögum, sem ekki verða umflúin. Látið fara eins vel um yður og þér getið þar til kl. er 12. Dér megið lesa blöðin ef þér viljið. Í þeim er fróðleg skýrsla um morðmálið — um morð konunnar, sem var drepin uppi á efra loftinn í þessu húsi, eins og þér vitið. Hafið þér ekki fylgst með því máli?“

„Nei, það hef ég ekki gert,“ svaraði Lucette illhryssingslega.

„Það er undarlegt,“ sagði Mitchel. „Ég skal þá segja yður það, að ég áleit yður einmitt manneskju sem hefði fjarska mikinn áhuga fyrir þessháttar hlutum.“

„Jæja, en ég er það ekki,“ sagði Lucette.

Í næstu tvo klukkutíma talaði hvorugt þeirra eitt einasta orð. Mr. Mitchel sat í stórum brúkastól og bara horfði á Lucette, og var ertandi bros á audliti hans. Satt að segja var bros hans svo ertandi, að þegar Lucette hafði litið á Mitchel nokkrum sinnum og séð brosið, þá leit hún ekki á hann frammar, heldur horfði stöðugt út um gluggann og yfir um strætið.

Loks eló klukkan tólf. Þá stókk Lucette strax á fætur og sagði:

„Má ég fara nú?“

„Já, Lucette, þér megið fara nú—og skjóla hvern líta erindi yðar—það er að segja, ef það er ekki orðið of seint,“ sagði Mitchel. „Og eftir á að hyggja. Lucette, Miss Remsen bað mig að segja yður, að þun þyrfti yðar ekki við eftir daginn í dag.“

„Meinið þér, að ég sé rekin úr vistinni?“ sagði Lucette.

„Ekki beinlínis það,“ svaraði Mitchel. „Ég sagði að hún þyrfti yðar ekki við Miss Remsen álfur, að þér komið inn og farið út úr herbergjum of hávaðalaust. Hún er mjög óstykk í taugunum og henni verður hverft við að sjá yður inn hjá sér án þess að hafa heyrt yður koma inn.“

„Dér eruð reglulegur djöfull!“ sagði Lucette, fjúkandi reið, um leið og hún stókk út um stofudyrnar, sem Mitchel hafði opnað, hljóp niður stigann og út úr húsinu.

„Mér skjáladist ekki,“ hugsaði Mitchel með sjálfum sér um leið og hann settist niður aftur.

Lucette flytti sér yfir á Broadway, og fór inn í deildar telegraf stofuna á götuhorninu. Hún hripaði þar nokkrar línur á blað í flyti, bað um sendisvein, fékk honum miðann og pening með, og sá honum að flyta sér þangað, sem bréfið átti að fara. Að því búnu fór hún yfir í Madison Square og bað þar—ég var nærri búna að skrifa polinnóðlegu—su það orð

hefði vissulega ekki átt við. Hún settist á bekk; en áður en fimm mínútur voru liðnar stókk hún á fætur, og gekk aftur á bak og áfram um stund. Þá setti hún sig niður aftur, og þetta sama gerði hún upp aftur og aftur, þar til augljóst var, að hún var í illu skapi,—mjög illu skapi.

Loks sá hún að maður nálgadist hana, og þá flytti hún sér að mæta honum. Þessi maður var Mr. Barnes. Það var auðséð á honum, að hann var einnig í geðahræringu.

„Jæja, hvað gengur að? Hvers vegna eruð þér hér?“ spurði Barnes.

„Ég hef verið rekin úr vistinni!“ svaraði Lucette.

„Rekin úr vistinni? Hvers vegna?“ sagði Barnes.

„Ég veit ekki hvers vegna, en þessi djöfull, hann Mitchel, hefur komið því til leiðar,“ svaraði Lucette. „Hann lokaði mig inni í stofunni í tvo klukkutíma nú í morgun, og sagði mér síðan að Miss Remson þyrfti mín ekki við framur. Mig langaði til að rífa úr honum augun.“ Síðan sagði hún leynilögleglu-manninum alla söguna, og endaði hana með þessum orðum: „Eftir því sem mér tókst að heyrja af samtali þeirra í gærkvöldi, þá held ég að hann hafi trúað unnustu sinni fyrir leyndarmálum sínum. Hann bað hana að hjálpa sér, en rétt þegar hann var í þann veginn að segja henni hvað hann viði að hún gerði, þá varð hann mín einhvern veginn var, og lokaði sjálfum sér strax eins og skelfiskur. Ég ált nú að

það, sem hann ætlaði að biðja hana að gera, hafi stað-
ið í einhverju sambandi við lítlu stúlkuna á privat-
skólanum.“

„Við himininn, þér hafð rétt fyrir yður í því,“
sagði Barnes. „Ég skil nú allt saman. Ég var ný-
kominn heim frá húsinu, sem skólinn er í, þegar ég
fékk miðann frá yður, og kom hingað tafarlaust. Ég
fór þangað í morgun og lét sem mig langaði til að
koma stúlkubarni á skólann. Eftir dálitla stund
spurði ég hvort hún Rose, dóttir Mitchels vinar míns,
væri ekki á skólanum. „Já“, svaraði forstöðukonan,
„en hún er alveg nýfarin burt af honum.“ „Farin burt,“
sagði ég; „hvenær fór hún?“ „Hún fór burt fyrir eitt-
hvað tju mínútum síðan;“ móðir hennar kom eftir
henni í vagni og fór burt með hana,“ svaraði konan.
Skiljið þér nú ekki hvernig í öllu liggur, að á meðan
þér voruð læst inni í stofunni, þá fór Miss Remsen á
skólann og flutti stúlkuna burt þaðan.“

„En Miss Remsen er þó ekki móðir stúlkunnar?“
sagði Lucette.

„Nei, heimskingi,“ sagði Mr. Barnes. „Er þá
enginn snefill af skynsemi eftir í yður? Ætlið þér
að verða klaufi alla ævi yðar? Þetta eru afleiðingarn-
ar af óhlyðni yðar. Þér létuð Mitchel sjá yður í lest-
inni á yfirjardar brautinni, og nú rekið þér yður á
hve sling þér voruð.“

„Vitleysa, hann þekkti mig ekki aftur,“ sagði
Lucette.

„Víst þekti hann yður aftur,“ sagði Barnes. „Ég

var
árið

þess
hald

þér á

Lucette

hirzli

hann

er ha

henti

upph

sem h

var fr

urinn,

fengið

„

gjöf u

„

kvöldi,

að gim

hann le

„Í

Barnes.

„H

borin se

„Jr

var auli, að ég skyldi trúa kvennmanni fyrir jafnaríðandi málefni og þessu.“

„Ó, voruð þér það?“ sagði Lucette. „Jæja, þessi kvennaður er ekki annar eins auli og þér haldið. Ég er búin að ná hnappnum aftur.“

„Ah, það er gott,“ sagði Barnes. „Hvernig fóru þér að því að ná honum?“

„Dau fóru öll á leikhúsið í gærkvöldi,“ sagði Lucette, „svo ég bara tók mig til og leitaði í öllum hirzlum Miss Remsens pangar til ég fann hnappinn; hann var í einum af gullstáss kössum hennar. Hérna er hann.“ Um leið og hún talaði síðustu orðin, afhenti hún leynilögsglumanninum hnappinn með upphleyptu myndinni á gimsteininum í, hnappinn, sem hann hafði fundið í herberginu þar sem morðið var framið. Mr. Barnes sá að þetta var sami hnappurinn, og það var honum nokkur huggun að hafa fengið hann aftur.

„Hefur Mr. Mitchel gefið Miss Remsen nokkra gjöf nýlega?“ spurði Barnes.

„Já, hann gaf henni dýrðlegan rúbin í gærkvöldi,“ svaraði Lucette. „Miss Remsen sagði mér, að gimsteinninn væri heilmikill auður í sjálfu sér, og hann leit líka út fyrir að vera það.“

„Í hvernig umgjörð var gimsteinninn?“ spurði Barnes.

„Hann var greyptur í nál, sem ætlast er til að borin sé í hárinu,“ sagði Lucette.

„Jæja, ég hef ekkert starf handa yður sem stend-

ur," sagði Mr. Barnes. „Þarið nú heim; og munið mig um það, að halda yður saman. Þér eruð búin að gera nógan skaða nú þegar.“

„Hef ég þá ekki gert neitt gagn?“ sagði Lucette „Ég ált að þér séuð mjög smásálarlegur.“

„Já, þér hafið gert nokkurt gagn,“ sagði Mr. Barnes. „En þér munuð reka yður á það, að í þessari veröldu vigtar ein mishepnan á móti hverjum þremur fyrirtækjum, er hepnast, í álti manna. Munið það.“

IX. KAPITULI.

DAGBÓK LEYNILÖGREGLUMANSINS.

Á nýársdagsmorgun sat Mr. Barnes í brúkastól við arninn í sínu eigin, netta húsi á Staten-ey. Hann hélt á dagbók í hendinni, og var að lesa í henni með mesta athygli. Áður en vér gæggjumst yfir öxl hans, til að lesa í bókinni með honum, væri best að gefa lesaranum dálitla hugmynd um hvaða hugarástand það var, sem kom honum til að fara að ryða í bókina, er hann hélt á, þenna sér taka dag.

Eftir að Mr. Barnes hafði svo kænlega komist að því, að til var ung stúlka er hét Rose Mitchel, stúlka, sem áltíð var að væri dóttir Mr. Roberts Leroy Mitchel, og eftir hið jafn kænlega bragð að koma henni burt svo, að Mr. Barnes vissi ekki hvar hún

var n
stöðu
legt,
ef hafi
hafði
gert þ
Barnes
öðru s
maður
gerðir
meira
vinnu
Wilson
þess
njósnar
mann t
hann ve
að hin
Me
stfasti
samkvæ
þegar b
sinni far
nónn ha
sjálfan s
Hær
fylgir:
„15.
snemma

var niður komin, hafði hann komist að einni niður-
stöðu. Og niðurstöðan var sú, að það væri nauðsyn
legt, að hafa svo nákvæmar gætur á Mr. Mitchel, að
ef hann hefði enn ekki framið glæpin, sem hann
hafði veðjað um að drygja, þá skyldi hann ekki geta
gert það án þess að hann yrði uppvís. Því að Mr.
Barnes var nú farinn að skoða þetta mál frá nokkuð
öðru sjónarmiði en skyldurækninnar eingöngu. Þessi
maður, Mitchel, hafði hvað eftir annað ónytt ráða-
gerðir hans, og þess vegna var Barnes nú tvöfalt
meira áhugamál, en áður, að Mitchel skyldi ekki
vinna veðmál sitt. Þess vegna hafði Barnes látið
Wilson hætta við að vakta Mitchel, og hafði sett til
þess tvo aðra menn, sem voru þaulæðir og kænir
njósnarar. En Barnes hafði sett Wilson og annan
mann til að hafa strangar gætur á Miss Remsen, því
hann vonaðist eftir að hún yrði leiðarvísirinn til þess
að hin hórfa Rose Mitchel myndist.

Með því þetta var hinn 1. janúar, og þess vegna
síðasti dagurinn er Mitchel gat drygt glæp sinn á
samkvæmt skilmálum veðmálsins, ef hann var ekki
þegar búinn að þvi, þá vildi Mr. Barnes enn einu
sinni fara yfir skýrslurnar, sem hinir ýmsu njósnar-
n enn hans höfðu sent honum, til þess að fullvissa
sjálfan sig um, að engin yfirsjón hefði átt sér stað.

Hann byrjaði að lesa í dagbókinni það sem
fylgir:

„15. desember. Mitchel fór út úr hóteli sínu
snemma og fór yfir á Hoffman House (hótel). Hann

dvaldi þar í tvo klukkutíma, og þegar hann fór þaðan, var Thauré með honum. Deir gengu báðir upp á White Elephant, og eyddu þar fyrri hluta dagsins við að spila bírdarð. Deir átu hádegisverð á Delmonico *cafe*, og skyldu síðan kl. 2. Mitchel fór þá á hesthús, sem leigir og geymir hesta og vagna, og fékk þar hest og léttan vagn. Hann átt hvortveggja sjálfur. Hann ók hægt eftir Madison avenue, og stansaði við leiguhbergja-húsið á 30. stræti. S—.

„Það bólaði ekkert á Miss Remsen allan fyrripart dagsins. Hún er búin að fá nýja þjónustumei. Stúlkan sem áður var hjá henni, Sarah, kom til baka í gær, en húsmeðir hennar vildi ekki taka hana aftur. Það virðist auðsætt að hún skilji, að stúlkunni hafi verið móttað til að fara út á land og mæla með Lucette í pláss sitt sem frændkonu sinni. Mitchel kom þangað akandi í hinum léttu vagni sínum um kl. 2.30. Samkvæmt því, sem fyrir mig var lagt, bjó ég mig undir að fylgja honum og Miss Remsen eftir í vagni, svo þau gætu ekki heimsótt Rose litlu Mitchel og komist undan mér með því að aka hart. Fékk mér því leiguvagn, og beið í honum þegar þau sneru upp Madison avenue og óku inn í miðpart borgarinnar. Ég gat hæglega fylgt þeim eftir án þess að vekja nokkurn grun, en ég fékk ekkert nýtt að vita, þar sem þau einungis óku í gegnum skemtigarðinn, eftir St. Nicholas avenue, og heim aftur eftir Boulevard og Riverside-veginum. Hann tafði hjá Rem-

sens m
leidd he
„L
ins á k
hótel
mæðgu
„M
dagsins
sóttu þ
„L
hátt og
sótti ha
eina kl
„M
ar stúlk
einu ngi
voru hei
„18.
part dag
til skemt
ret voru
dyraverð
arklæðum
Mitchel o
samar.
um. Urð
„Mis
Hún fór t

sens mæðgnum þangað til kl. 10. Fór síðan heima
leið heim á hótél sitt. W—.

„16. des. Mitchel eyddi öllum fyrri hluta dags-
ins á klúbb sínum. Síðari hlutann var hann heima á
hóteli sínu. Kvöldinu eyddi hann hjá þeim Remsen
mæðgum. S—.

„Miss Remsen og systir hennar eyddu fyrri parti
dagsins í að fara í ýmsar búðir. Síðari hlutann heim-
sóttu þær kunningja. Voru heima allt kvöldið. W—.

„17. des. Mitchel eyddi deginum alveg á sama
hátt og í gær, að undanskildu því, að Thaurer heim-
sótti hann á hóteli hans síðari hluta dagsins og taffi
eina klukkustund. S—.

„Miss Remsen, systir hennar og tvær aðrar ung-
ar stólu fóru til Brooklyn síðari hluta dagsins, en
einngi til að fara í hinar stóru búðir þar. Þær
voru heima allt kvöldið. W—.

„18. des. Mitchel og Thaurer voru saman fyrri-
part dagsins. Mitchel og Miss Remsen gengu út sér-
til skemtunar síðari hluta dagsins. Mitchel og Thau-
ret voru á klúbb sínum um kvöldið. Ég mútaði
dyraverðinum, og mér hepaðist að komast inn í dul-
arklæðum eins og ég væri einn af klúbb-þjónum.
Mitchel og Thaurer spiluðu *whist*, og spiluðu þeir
samar. Þeir töpuðu hér um bil eitt hundrað dollur-
um. Urðu samferða heim. S—.

„Miss Remsen var heima allan fyrripart dagsins.
Hún fór út með Mitchel seinnipartinn og þau gengu

um 5. avenue. A meðan þau voru úti, heimsótti Thaurer Remsen-mæðgurnar. W—.

„19. des. Mitchel og Thaurer spiluðu *poker* allan seinnipart dagsins í einu af herbergjum klúbbs síns. Bæðir töpuðu. Það voru fjórir aðrir menn í spílinu með þeim. Einn þeirra vann mikla peninga. Ég er búinn að komast að því að sá, sem vann, er vafalaust maðurinn sem var félagi Thaurers í *whist*-spílinu, kvöldið er Randolph sleit, að hann hefði uppgötvað, að þeir hefðu sviðið í spílinu. Lýsingin af manningum sem skildi gimsteinana eftir á hótelinu í New Haven á einnig við hann. Hann heitir Adrian Fisher. Um kvöldið voru þeir Mitchel og Thaurer í sérstökum klefa á einu leikhúsinu ásamt þeim Remsen-mæðgum. S—.

„Dær Remsen-systur höfðu eftirmiðdags-te-drykkju hjá sér. Mr. Randolph heimsótti þær og taffði þar fram yfir miðdagsverð. Hann fór á leikhús með þær mæðgur um kvöldið. W—.

„20. des. Mitchel var heima á hóteli sínu allan fyrripart dagsins. Hann og Thaurer óku út síðari hluta dagsins. Ég fylgdi þeim eftir í léttum vagni. Deir stígu niður úr vagni sínum við greidasöluhúsið í skemtigardinum, fóru þar inn og drukku sösku af kampavíni. Deir töluðu saman með mikilli alvörugæfni. Ég sá að Mitchel afhenti Thaurer stranga af peninga-seðlam. Um kvöldið spiluðu þeir *whist* á klubb sínum og voru félagar; þeir töpuðu aptur. S—.

„
dagsin
hana;
húsið.

„
Patrio
Hann v
ins. V

„S

Adrian
fátækur
Spilar o
þannig
nema ei

mjög va
er leynd
henni og
gerir. I

stessi au
kunnuga
hann var
andi frá

Dæg
frá sér da
Spurning
þessar:

„Er
er fátækur
um settum

„Miss Remsen lét ekki sjá sig þar til seinnipart dagsins, að einhver ung stúlka kom að heimsækja hana; þá fóru þær systur og gesturinn á Daly's leikhúsið. Þær systur voru heima allt kvöldið. W—.

„21. des. Um morguninn fór Mitchel í St. Patricks-dómkirkju með þær Remsen-systurnar. Hann var heima á hóteli sínu allan seinnipart dagsins. W—.

„Samkvæmt skipun hef ég spurt mig fyrir um Adrian Fisher. Hann er maður af góðum ættum, en fátækur. Hann tilheyrir tveimur góðum klúbbum. Spilar oft upp á peninga. Spilar vel, og virðist lifþannig á vinum sínum. Hann á enga ættingja á lífi, nema eina systir, sem er kryplingur. Honum þykir mjög vænt um hana og er henni sérlega góður. Það er leyndardómur, hvernig honum tekst að sjá fyrir henni og láta fara eins vel um hana eins og hann geri. Þau búa saman á litlu húslófti að nr. — 50. stræti austur. Það var hann sem gerði Theuret kunnugann á klúbbum og kom því til leiðar, að hann var gerður að meðlim hans. Hann var fjarverandi frá New York frá 1. til 4. desember. Q—“

Þegar hér var komið lestrinum, lagði Barnes frá sér dagbókina og hugsaði sig um dálitla stund. Spurningarnar, sem komu fram í huga hans, voru þessar:

„Er þessi maður Fisher verkfæri Theurets? Hann er fátækur og spilar fyrir peninga. Hann er af góðum ættum, og verður að forsorga systir sína eins vel

og hún hafði átt að venjast í uppeldi sínu. Hefur Thauret komið honum til að spila peningaspil, til þess að þeir geti rúð aðra meðlimi klúbbsins í félagi? Það lítur út fyrir það; en hvers vegna er alt í einu orðið svona mikið vinfengi milli þeirra og Mitchels? Eða hefur þetta vinfengi ekki komist á eins skyndilega og vér álitum, og hafa þeir þekst lengi? Ennfremur, er Fisher maðurinn sem tók á móti handtöskunni, með gimsteinunum í, frá öðrum hvorum þessara manna og fór svo með hana til hótelsins í New Haven? Hann var fjarverandi frá New York þegar þjófmaðurinn var framinn á lestinni. Hvers vegna skildi hann handtöskuna eftir á hótelinu og vitjaði hennar svo ekki aftur? Því tapaði hann gimsteinunum þannig, eftir að búið var að stela þeim? Ásak- aði samvizkan hann alt í einu, og þegar hann sá að Thauret var að nota hann við glæp, valdi hann þá pennan veg til að smeygja sér út úr öllu saman og láta gimsteinana komast aftur til eiganda þeirra, þegar þeir fyndust á hótelinu? Þetta gerir grein fyrir hvers vegna Thauret fór af lestinni í Stamford, því hann hófur ef til vill ætlað að fara þaðan til baka til New Haven og hitta þar glæpsbróðir sinn. En þar eð Fisher hafði í millitíðinni hætt við alt saman, þá fór hann til New York, og hindraði þannig Thauret frá að ná í þýð. „En hver myrti konuna?“ Eftir þessar hugleiðingar hélt Mr. Barnes áfram lestrinum í dagbókinni eins og fylgir:

„22. d. s. Mitchel fór snemma á fatar, og blim-

sótti
húss
48. s
og sl
háde
Thau
sinn
töpu
begg
fyrir
Rand
vaxan
Deir v
er líka
Rand
ir þir
húsiu
„
Van R
þegar
einku
Það er
hefur d
Mitchel
Rawlste
veita M
eftirfór,
meðan e
svæði.

sótti Miss Remsen kl. 11 f. m. Dau fóru bæði til húss Mr. og Mrs. Van Rawlston á 5. avenue, nálægt 48. stræti. Dau töfðu þar í nærri heila klukkustund, og skildu þegar þau komu út þaðan. Mitchel át hádegisverð á Brunswick máltíðasölu-salnum og kom Thaurer þangað til að hitta hann. Deir fóru á klúbb sinn síðari hluta dagsins og spiluðu þar *whist*. Deir töpuðu báðir í spiliinu. Mitchel borgaði tap þeirra beggja, en tók skriflega viðurkenningu hjá Thaurer fyrir upphæðinni, sem hann borgaði fyrir hann. Randolph tók þátt í spilinu með þeim. Það eru vaxandi fáleikar með þeim Randolph og Mitchel. Deir varla yrða hver á annan þegar þeir hittast. Það er líka auðséð, að það er engin vinátta milli þeirra Randolphs og Thaurer. Um kvöldið voru allir þessir þrír menn í klefa þeirra Remsen-næðgna í leikhúsinu. S—.

„Miss Remsen fór með Mitchel til Mr. og Mrs. Van Rawlston fyrripart dagsins, og skildi við hann þegar þau komu út þaðan. Hún heimsótti ýmsa, einkum alpekta leiðtoga í hinu fín-samkvæmislífi. Það er auðséð, að eitthvað er í undirbúningi. Mér hefur dottið í hug, að hin horfna stúlka, Rose litla Mitchel, kunni að hafa verið falin á hendur þeim Van Rawlston-hjónum. Þess vegna leyfði ég R— að veita Miss Remsen og hinum ungu vinkonum hennar eftirför, þegar þær voru að fara í ýmsar söluúðir, á meðan ég leitaði fréttu hjá lögregluþjófinum á þessu svæði. Hann er kunnugur þjónu-stamey, sem er hjá

Van Rawlston-fólkinu, og sendir yður skýrslu nú í kvöld. Dær Remsen-mæðgur fóru á leikhúsið um kvöldið. W—.

„Mr. og Mrs. Van Rawlston eiga 3 börn, öll innan 14 ára að aldri, og er einungis eitt af þeim stúlka—hið yngsta af þeim. Þessi Miss Rmsen, er heim-sótti Mrs. Van Rawlston, var Miss Emily Remsen. Með henni var Mr. Robert Mitchel. Þau komu til þess að biðja Mrs. Van Rawlston að leyfa félagi nokkru, er Miss Remsen tilheyrir, að hafa skemtisamkomu í húsi hennar. Samkoman á að verða á nýársdagskvöld. Lögregluþjónn nr. 1666.

„23. des. Mitchel og Thaurer fóru til manns á Union Square, sem býr til búninga fyrir leikendur. Þegar þeir voru farnir þaðan, kom ég inn í búðina og sagðist vera vinur Mr. Mitchels og að ég vildi láta gera mér búning fyrir sömu samkomuna. Mér hefnadist þetta bragð, og með kænlegum spurningum komst ég að því, að það á að leika þátt úr þúsund og einni nótt á nýársdagskvöld. Það á að vera grímubúninga-leikur, og Mitchel hefur lofað að senda alla karlmennina, sem taka þátt í leiknum, til þessa sama leikbúninga-skraddara, til að fá þar búninga sína. Hann sjálfur hefur pantað þar Ali Bababúning. Thaurer pantaði eugan búning og sagðist ekki verða á skemtisamkomunni. Ég pantaði Aladdins búning. Ef þér mtlid ekki að verða á samkomunni, þá get ég asturkallað þúntunina, en ég ímyndaði mér, að þér mynduð álíta þappilegt að verða á

hen
Alad
á le
Thau
uðu

dags
Ég h
í leig
skýrt
sens
Rawl
að all
ur úr
sen ei
M
inni á
að ekk
fyrir r
„
10 f. p
fór har
vitað r
„
Dær er
í á ske
kvöld.
„3
er á I

henni. Ef þér verðið þar með töfralampann hans Aladdins, þá kundið þér að geta varpað nokkru ljósi á leyðarmálið. Fyrirgefið spangið. Mitchel og Thaurer eyddu kvöldinu á klúbb sínum. Deir spil-
uðu enn *whist*, og töpuðu eins og fyr. S—.

„Dær Remser-systur eyddu öllum fyrri hluta dagsins í hát'zku kjólasaums-búð á Madison avenue. Ég hef kynst vinnukonu, sem á heima á einu loftinu í leiguharbergjahúsinu á 30. stræti, og hefur hún skýrt mér frá, að hin nýja þjónustumei Miss Remsens hafi sagt henni, að samkoman í húsi þeirra Van Rawlston's hjónanna eigi að vera grímubúnings-leikur, að allir, sem taka þátt í honum, eigi að leika persónur úr þúsund og einni nótt, og að Miss Emily Remsen eigi að leika Scheherezade. W—“

Mr. Barnes fletti nú tveimur b'öðum í dagbók-
inni án þess að lesa þau, og áleit hann auðsjáalega, að ekkert sérlega þýðingarmikið væri í skýrslunum fyrir næstu daga. Hann byrjaði aftur að lesa.

„30. des. Mr. Mitchel kom út úr hóteli sínu kl. 10 f. m. og fór á ferjunni yfir til Jersey City; þaðan fór hann með Philadelphia hraðlestinni. Ég fór auðvitað með sömu lestinni. S—.

„Dær Remsen-systur voru heima allan daginn. Dær eru í öðnum við buninginn, er þær geta að vera í á skemtisamkomunni sem á að verða á nýrardags-
kvöld. W—.

„31. des. Telegram frá Philadelphia: Mitchel er á Lafayette-hótel. Liggur í rómnu veikur.

Læknir vitjar hans. Sendi Miss Remsen telegram að láta hana vita, að hann geti ekki orðið á samkomunni annað kvöld. S—.

„Thauret fór til leikbúninga-skraddarans í Union Square í gær og fékk þar Ali Baba-búninginu, er Mitchel hafði pantað. Thauret fékk skraddaranum bréf frá Mitchel, dags. Philadelphia í gær. Það hljóðar sem fylgir. „Vinur Thauret! Ég veiktist snögglega. Látið ekki Remsen-mæðgurnar vita að það sé nokkuð alvarlegt við sjúkdóm minn. Gerið mér þann greiða, ef yður er mögulegt, að vera á grimuleike-samkomunni annað kvöld. Ég sendi yður hér með boðsdeil minn og nokkrar línur til Mr. Van Rawlston, sem nægja til að gera yður honum kunnan. Þér megið vera í leikbúningi mínum, og skraddarinn afhendir yður hann ef þér fáið honum þennan miða. Ég veit að þér höfðuð ásett yður að fara burt úr New York, en ef þér vilið gera mér greiða, þá breytið fyrirætlan yðar og farið á samkomuna í minn stað. Ég vil ekki, að Miss Remsen sé þar án þess að einhver sé þar til að sjá um hana. Verið þess vegna hjá henni ein mikið og þér getið. Hún verður klædd sem Scheherezade. (Undirskr.) Mitchel.“

„Ég fékk þetta bréf hjá leikbúninga-skraddaranum þannig, að ég sagði honum að ég væri leynilógreglumadur og væri að elta glæpamann. Q—.“

Arnjotun B. Olson

skr
um
stað
bor
skra
unni
Barr
mále
sem
leyni
alger
lestran
fyrir,
augnal
lega le
„M
uzinn s
laust fy
eftir ley
sem á

Arnþjótur B. Olsson

X. KAPÍTULI.

ALI BABA OG HINIR FJÖRUTÍU DJÓFAR.

Degar Mr. Barnes var búinn að lesa það, sem skráð er í síðasta kapítula, læsti hana dagbók sína umhyggjusamlega inn í skáp, og lagði tafarlaust á stað til New York. Hann fór beina leið inn í miðja borgina, og stanzaði ekki fyrir en hann kom að hinu skrautlega húsi Van Rawlston's. Hann bringdi klukkunni, og þegar þjónninn kom til dyranna, heimtaði Barnes að fá að tala við húsbóndann um áriðandi málefni, enda kom hann skjótt fram í ganginn, þar sem Barnes beið hans.

„Mr. Rawlston“, sagði Barnes strax, „ég er leynilögreglumaður; get ég fengið að tala við yður algerlega heimuglega í nokkrar mínútur?“

„Auðvitað“, svaraði Rawlston. „Komið inn í lestrarherbergi mitt. Við erum alveg óhultir þar fyrir, að nokkur manneskja heyrir til okkar.“ Fáum augnablikum seinna voru þeir seztir þar inni í þægilega leðurbúna stóla, hvor á móti öðrum.

„Mr. Van Rawlston“, sagði leynilögreglumaðurinn strax, „til þess að skýra augnamið mitt tafarlaust fyrir yður þarf ég einungis að segja, að ég æski eftir leyfi yðar til að vera á grímuleikssamkomunni, sem á að verða hér í húsi yðar í kvöld. Ég skil

glögt, að yður mun pykja þetta undarleg bön, en ég fer fram á þetta algerlega vegna hagsmuna sjálfs yðar“.

„Ef þér skýrið þetta mál nokkuð frekar fyrir mér, þá má vel vera að ég verði við bön yðar með mestu ánægju“, sagði Mr. Van Rawlston.

„Dér ættuð að vita, að grímuleikur er ætíð hættuleg skemtun“, sagði Mr. Barnes. „Stórpjófaður hefur oft verið framinn á þannig samkomum— þjófarnir verið djarfir og sloppið sökum dularbúningsins, sem þeir voru í. Ég hef gilda ástæðu til að halda, að í ráði sé að fremja hér þessháttar glæp í kvöld“.

„Dað er ómögulegt, væri herra minn“, sagði Mr. Rawlston. „Engum nema fólki sem við þekkjum vel verður leyfð innganga. Félagið, sem stendur fyrir samkomunni, gefur út aðgönguviðana, en allir verða að taka af sér grímunna áður en þeim er hleypt inn í húsið. Dótt ég sé yður þakklátur fyrir viðvörðunina, þá held ég að ég purfi naumast á hjálp yðar að halda.“

„Mér pykir fyrir, að verða að segja, að yður skjátlást í þessu, Mr. Van Rawlston“, sagði Barnes. „Fyrst og fremst verður að líkindum ekki haft eins nákvæmt eftirlit með því, hverjir koma inn, þegar á kvöldið líður. Þar næst er ætíð mögulegt að komast inn, án þess að eftir því sé tekið, og þegar þjófurinn er á ~~með~~ borð kominn inn, dettur engum í hug að gruna hann. En þetta eru engar getgátur af

min
efni
fram
að s
það,

ætlar
hafa
vikun
mfnun
irbúa
yðar f

„
Rawlston
ókunn

„É
Mr. V
skyldu
til að re
verið, þ
þjófurin
okkur.
sem ég
Um leið
fætur og
Van Raw
„Bl
um, að r

minni hálfu. Ég er ekki að fmynda mér neitt í þessu efni, heldur veit ég með vissu að þjófnaður verður framinn, ef ég er ekki hér til að hindra það. Satt að segja kann að fara svo, að ég geti ekki hindrað það, þó ég sé hér.“

„Dér talið eins og þér þekkið manninn, sem ætlar að drygja glæpin“, sagði Van Rawlston.

„Ég þekki hann“, ssgði Barnes. „Menni msnir hafa stöðugt haft gætur á vissu grunsömu fólki svo vikum skiftir. Af upplýsingum frá njsnarmönnum mínum er ég sannfærður um, að það er búið að undirbúa alt til að stela frá einum eða fleiri af gestum yðar í kvöld á meðan leikurinn stendur yfir“.

„Þetta sýnist nú samt ótrúlegt“, sagði Van Rawlston. „Eins og ég hef sagt, þá kemst enginn ókunnugur inn án þess að við vitum það“.

„Ég get auðvitað ekki troðið mér upp á yður, Mr. Van Rawlston“, sagði Barnes. „En ef þér skylduð neyðast til að leita lögreglunnar á morgun, til að reyna að hafa upp á munum sem stolið hafi verið, þá verður það sjálfum yður að keuna, að þjófurinn er orðinn nokkra klukkutíma á undan okkur. Ég hef aðvarað yður. Það er hið besta, sem ég get gert. Verið þér nú sælir, herra minn“. Um leið og Barnes sagði stöðustu orðin, stóð hann á fætur og ætlaði að fara sína leið, en þá stöðvaði Mr. Van Rawlston hann og sagði:

„Búið við eitt auguablik. Ef þér eruð vissir um, að ráðabrigg er á ferðinni til að fremja þjófnað,

pá má ég auðvitað ekki vera svo fjótfær að neita hjálp yðar. Hvað ráðleggið þér mér að gera? Það er hægt að fresta samkomunni.“

„Nei, það skuluð þér alls ekki gera“, sagði Barnes. „Réttta aðferðin er sú, að halda því, sem ég hef sagt yður, algerlega leyndu. Hið æskilegasta væri, að þér, ef unt er, sleptuð því alveg úr huga yðar, svo að þjófurinn geti með engu móti gizkað sér til af látbragði yðar, að nokkur grunur sé vaknaður. Gerið eins og ég bað yður um í fyrstu, og þar sem ég þekki manninn, þá get ég haft auga á honum stöðugt, ef hann verður hér.“

„Ég býst við að ég verði að gera eins og þér æskili“, sagði Van Rawlston. „En þér verðið að vera í gæmubúningi. Ó, nú sé ég rátt! Nefndin hefur pantað nokkra græmubúninga handa þeim, sem kunna að koma án þeirra. Þér getið feugðið einn af þessum búningum.“

„Hvaða búning ætti ég að biðja um?“ sagði Barnes.

„Ó, þeir eru allir eins“, sagði Mr. Van Rawlston. „Það eru búningar hinna fjörutfu þjófa.“

„Hinna fjörutfu þjófa?“ sagði Barnes hissa. „Er það ekki sérlegur búningur?“

„Ó, nei!“ sagði Mr. Van Rawlston. „Það var uppástunga Mr. Mitchels. Hann er formaður nefndarinnar. Röksemdafærsla hans var á þá leið, að í staðinn fyrir að leggja til heilmikið af græmubúningum, sem ekkert sérstakt táknuðu, þá væri réttast að

láta
ges
svo
sem
pera

„ley
í þjó
málta
veiða

nafni
vel, k
græmu
í kvöl
inn ein
fjarri

M
vel ána
að. F
lýsing
Hann b
að mins
nokkur
þannig
einn af
að nota
var farin
hefði all


láta alla utanveltu-menn, sem aðallega verða boðs-
gestir er ekki tilheyra félaginu, vera þannig húna,
svo að þeir gætu þannig átt við kvöld-utanina,
sem er þannig ákveðin, að allir skuli leika einhverja
persónu úr þúsund og einni nótt“.



„Gott og vel, Mr. Van Rawlston,“ sagði Barnes,
„leynilögreglumaðurinn skal í eitt skifti koma fram
í þjófsgerfi. Degar öllu er á botninn hvolft, ægir
máltækið, eins og þér vitið: „Dað þarf þjóf til að
veiða þjóf.“

„Jæja, Mr. Barnes—mig minnir að þetta sé
nafnið á miðanum, er þér senduð mér? Já, gott og
vel, komið tímanlega í kvöld, og þá skuluð þér fá
grímubúninginn. Ef yður langar til að tala við mig
í kvöld, þá getið þér þekt mig á því, að ég verð bú-
inn eins og soldán, „rulla,“ sem í raun og veru er eins
fjarri mér eins og „rulla“ yðar er sjálfum yður.“




Mr. Barnes fór burt úr húsi Mr. Van Rawlston's
vel ánægður með niðurstöðuna af komu sinni þann-
ad. Fyrst og fremst hafði hann fengið nýja upp-
lýsingu. Mr. Mitchel hafði ráðið búningi gestanna.
Hann hafði komið því svo fyrir, að fjörutfu af þeim
að minsta kosti yrðu eins búnir. Gat hann hafa haft
nokkurn heimuglegan tilgang með þessu? Ef því var
þannig varið, þá þótti Mr. Barnes vænt um að vera
einn af hinum fjörutfu. Hann áleit þetta betra en
að nota Aladdin-búninginn. af þeirri ástæðu, að hann
var farinn að sjá að Mitchel var svo slægur, að hann
hefði alls ekki undrað sig yfir því, þótt hann hefði







**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

komist að því, að þessi Aladdin-búningur hafði verið pantaður. Ef svo væri, þá var enginn vafi á að það mundi rugla samsæriumennina, ef Aladdin-búninginn vantaði. Mr. Barnes var sem sé sannfærður um, að það væri fleiri en einn riðinn við glæpin, er fremja átti um kvöldið.

Klukkan var varla níu um kvöldið þegar grímubúna fólkíð fór að koma til Van Rawlston's. Húsbóndinn var í vanalegum kvöldbúningi og tók á móti gestum sínum, sem allir voru í yfirhöfnum, er haldur grímubúning þeirra og földu þannig dularbúningana, sem þeir ætluðu að nota um kvöldið. Mr. Barnes kom snemma, og hélt hann sig í ganginum, í þjófabúningi sínum, og athugaði andlit allra, sem komu, um leið og þeir gengu inn. Eftir dálitla stund sá hann Remsen-mæðgurnar stíga niður úr vagni sínum, og var Mr. Randolph með þeim. Skömmu seinna kom Mr. Thaurer inn. Hann afhenti Mr. Van Rawlston miða, og þegar hann var búinn að lesa miðann tók hann vingjarnlega í hönd Thaurer's. En svo kom þvínær jafnsnemma grunnsemis-svipur á andlit Van Rawlston's og hann leit þangað sem Mr. Barnes var, en hann sneri sér strax undan og lézt ekki taka eftir hinu spyrjandi augnaráði húsbóndans. Það var auðséð að Mr. Van Rawlston, sem ekki þekkti Thaurer, mintist orða leynilög-reglumannsins, fór að gruna, en miðinn, sem hann hafði rétt áður lesið, væri ef til vill falsður. Mr. Barnes óttaðist, að hann kynni að segja eitthvað sem

kæm
inn í
til M

um,
Thau

af Mr
vinur

M
hann
hann
Honur
einken

bergju
Mr. B
án þes
vill val

dyrnar
bergju
vandi

gera fal
um var
voru úr

brendir
ina á br
kvöldið.

hann lei
minti ha

kæmi öllu saman upp, en þá kom Miss Remsen aftur inn í ganginn, enn klædd í yfirhöfn sína, gekk beint til Mr. Thaurets og sagði:

„Sælir verið þér, Mr. Thauret. Mér þykir vænt um, að þér skylduð koma. Mr. Van Rawlston, Mr. Thauret er vinur Mr. Mitchels“.

Þetta nægði. Það var eins og það létti steini af Mr. Van Rawlston við að heyra, að Thauret væri vinur Mitchels.

Mr. Thauret var ekki í grímuleiks-búningi, en hann hafði með sér dálitla tösku og spurði nú hvar hann gæti fengið pláss til að klæða sig undir leikinn. Honum var fenginn til fylgdar einn af dröngjunum í einkennis-búningi, sem vísaði honum til eins af herbergjunum, er gestunum voru ætluð í því skyni. Mr. Barnes fór ekki inn, því ef hann hefði gert það án þess að taka af sér grímuna, þá hefði það ef til vill vakið grun. En hann var á verði í nánd við dyrnar, og sá brátt að maður kom út úr einu af herbergjunum í Ali Baba-búningi. Það var enginn vandi að þekkja búninginn, því nefndin hafði látið gera fallega skildi, sem nafn hverrar persónu í leiknum var grafið á, til að festa á búningana. Skildirnir voru úr björtu silfri, en stafirnir voru bláir að lit, brendir inn í málminn. Gestirnir áttu að bera skildina á brjóstinu, og eiga þá síðan til minningar um kvöldið. Mr. Barnes brosti undir grímu sinni þegar hann leit niður á skjöldinn á brjosti sér, því hann minti hann á lögreglupjóna-skildi.

Stofurnar voru ljómandi vel skreyttar með vana-
legri austurlanda-dýrð. Stærri stofan var nefnd *hóll
soldans*, og var búnaður hennar sannarlega konung-
legur. Það voru engir stólar, heldur mjúkir legu-
bökkir og marglit, laðandi hægindi meðfram öllum
veggjunum. Gólfíð var pakið með mjúkum ábreið-
um, fjórföldum að pykt. Veggirnir voru tjaldaðir
atlaski, sem dregið var til hliðar hér og hvar, til að
sýna spegla, er margfölduðu fegurð allra hluta í
stofunni. Neðan í loftið voru hengdir fjöldamargir
blómsveigar, og voru allskonar rósir fléttaðar í þá,
sem fyltu andrúmsloftið með ilm. Meðal blómsveig-
anna voru hengd hundruð af gyltum fuglabúrum,
með söngfuglum í, en allt var lýst upp með svo
mörgum og björtum rafmagns-ljósum, að fuglarnir
sungu oft um kvöldið allir til samans, því þeir héldu
að það væri kominn morgun.

Minni stofan sýndi *hellir Aladdins*. Stein-
stönglar, sem virtust settir skínandi gimsteinum,
hangdu niður úr loftinu. Veggirnir virtust vera úr
náttúrlegum kietti, og með fárra þumlunga millibili
skinu dýrir steinar, sem svolitlir rafmagns-lampar
voru huldur á bakvið. Einungis gólfíð var ólíkt
hellisgólfu, því það var vaxborið, til að dansa á því.
Í dálitlum afhelli, um tíu fet fyrir ofan gólfíð, lék
flokkur af mönnum mjúklega munaðarfull lög.

Samkoman byrjaði án nokkurrar sérstakrar at-
hafnar; það er að segja, þeir sem fyrst komu skemtu
sér við að dansa, skrafa saman eða spauga hver við

anna
kom
stöfu
stærri
vissi,
Rawl
fáum
Alad
kyr o
hans,
var m
Maðu

„
kann
eins o

„
M
sína í
þegjan

M
hann h
svo að
orð ma
aði sér
hafði h
minni s
því sam

„E
segði ég

annan, á meðan beðið var eftir þeim sem seiinna komu. Mr. Barnes reikaði um stofurnar, en hafði stöðugt gætur á Ali Baba. Scheherezade kom inn í stærri stofuna og leiddi soldán hana. Mr. Barnes vissi, að þetta voru þau Miss Remsen og Mr. Van Rawlston. Ali Baba fór þvínær strax til þeirra, og fáum mínútum síðar leiddi hann Scheherezade inn í Aladdinc-hellirinn til að dansa. Mr. Barnes stóð kyr og horfði á þau, en þá snerti einhver handlegg hans, og þegar hann sneri sér við sá hann, að það var maður sem var alveg eins búinn og hann sjálfur. Maðurinn sagði þá:

„Við verðum að vera mjög varasamir, því annars kann Ali Baba að uppgötva töfraorð okkar, ‚Sesam,‘ eins og hann gerði í sögunni sjálfri.“

„Ég veit ekki hvað þér eigid við,“ sagði Barnes.

Maðurinn horfði hvast á Barnes í gegnum grímu sína í nokkur augnablik, en gekk síðan burt steinpegjandi.

Mr. Barnes var í vandræðum. Hann sá eftir, að hann hafði ekki svarað með einhverri undanfærslu, svo að hann hefði fengið að heyra röddina aftur. En orð mannsins komu svo flatt upp á hann, að hann tapaði sér eitt augnablik. Ef honum skjátladist ekki, þá hafði hann heyrt rödd mannsins áður. Hann kúgaði minni sitt í nokkrar mínútur, en hrökk síðan nærri því saman þegar honum flaug í hug:

„Ef Mitchel lægi ekki veikur í Philadelphia, þá segði ég að þetta hefði verið rödd hans.“ Barnes

fylgdi manningum eftir yfir endilanga stofuna, en svo sá hann að maðurinn fór fram í ganginn, og þegar hann kom fram þanzáð sjálfur sá hann, að þar stóð að minsta kosti heil tylft af æðnum í hóp, allir í samk. búningi. Hann athugaði alla mennina nákvæmlega, en þar var ekkert einkenni sem benti til, að einn fremur en annar væri maðurinn, sem hann var að leita af. Hann gekk samt að einum manningum, upp á von og óvon, og hvíslaði að honum:

„Sesam.“

„Sesa—hvad!“ svaraði hinn, og var þetta alt önnur rödd en þess, er áður hafði yrt á hann.

„Dekkið þér ekki töfraorðið okkar?“ sagði leynilögreglumadurinn.

„Töfraorðið? Rágl! Við erum ekki sannarlegir þjófar,“ sagði hinn og sneri sér frá Barnes hléjandi. Mr. Barnes sá, að hann gat ekkert frekar að gert, og þess utan mintist hann þess, að á meðan hann var að elta þetta myraljós, þá misti hann sjónar á Ali Baba. Hann flýti sér því aftur inn í danssalinn og fann þar brátt Ali Baba, sem þó var skiliinn við Scheherezade.

Um kl. 11 var blásið í lúður, til þess að vekja athyglisallar þyrpingarinnar. Maður, sem var í verndarands-ferð, lýsti yfir því hátt og sojalt, að nú væri kominu tími til að byrja sjálfan leikinn. Allir fóru þá tafarlaust inn í hellir Aladdins, utan Scheherezade og soldáninn, en þykkum silkitjöldum var hleypt niður, svo hellirinn sást ekki úr höll soldáns.

Soldáninn lagði sig síðan út af á einn legubekk-

inn r
hægi
innar
sama
ekki
sem v
svið.
ekki
stóðu
þess s

M
teikn,
dásir
og þá
gægði
eftir,
indi s
magna
sem h
gimste
sem L
unnust

So
farman
nota vi
í hvaða
fór. R
dánle
ert truf

inn nálægt tjöldunum, en Scheherezade settist á eitt hægindið á gólfinu, rétt hjá legubekknun. Fyrir innan tjöldin var nefndin önnun kafin við að setja saman mynd úr sumu af fólkinu, en það af því, sem ekki þurfti í hana, va. falið á bakvið önnur tjöld, sem voru fagurblá að lit og mynduðu skrautlegt baksvið. Margir af gestunum, sem vissu að þeirra þurfti ekki við í myndir nokkra stund enn, fóru í kring og stóðu í þyrpingu við hinar ýmsu dyr á stofunni, til þess að sjá fyrstu myndirnar.

Mjúkur hljóðfærsláttur byrjaði, en svo var gefið teikn, og þá slokuðu öll rafmagnsljósin í höll söldátsins. Síðan voru hin gula silktjöld dregin frá, og þá sást mynd af Sindbad furmanni. Mr. Barnes gæðdist út meðfram hinum rauðu tjöldum og tók eftir, að þar sem Scheherezade sat, á hinu lága hægindi stau í hinni dimmu höll, þá snertu geislar af rafmagnsljósum inni í hellinum afar litfagran rúbin, sem hún bar í hárinu. Hann vissi strax að þetta var gimsteinninn, er Mr. Mitchel hafði sýnt honum, og sem Luette hafði sagt honum að Mitchel hefði gefið unnustu sinni.

Scheherezade fór að pylja söguna af Sindbad farmanni, stutt ágríp, sem samið hafði verið til að nota við þetta tækifæri og sem útlitasti í fám orðum í hvaða sambandi myndin stóð við það sem á eftir fór. Röðin heunar var hljómfögur og hún les aðdæanlega vel, svo að þrátt varð dauðþögn, sem ekki-ert trúfati utan orð hennar. Þegar Scheherezade

kom að vissum atriðum í sögu sinni, klappaði hún saman lófunum og þá komu strax nýir menn inn á sviðið og röðuðu sér í nýjar myndir. Þannig fylgduust áhorfendurnir með Sindbad & hinum ýmsu feiðum hans, þar til sagan var á enda og tjöldin voru dregin fyrir eitt augnablik; en svo voru þau dregin frá aftur, og þá sáuust allir sem tekið höfðu þátt í þessum parti leiksins. Þar & eftir fylgdi falleg athöfn. Sindbad kom út úr hellinum og nálgadist soldáninn og Scheherezade. Þegar hann kom til þeirra stanzadði hann, kvaddi þau að austurlanda sið, hneigði sig djúpt, með upprétta arma, og gekk síðan burt og tók sér pláss í stofunni, og varð einn af áhorfendunum þegar næsta mynd var sýnd. Sérhver af þeim, sem leikið höfðu með honum, fóru að dæmi hans, þar til allir voru komnir út úr hellinum, og næstu myndum var strax raðað niður. Scheherezade byrjaði þá aftur að pylja.

Þannig sagði Scheherezade sögu eftir sögu úr þúsund og einni nótt og persónurnar í sögunum voru sýndar, en áhorfendurnir í höll soldáns urðu æ fleiri og fleiri eftir hverja sögu, svo að brátt varð mikið lófaklapp, þegar góðar myndir voru sýndar af viðburðunum.

Loks skýrði forstöðunefndin frá, að sagan af Ali Baba og hinum fjöruþfu þjófum væri næst á prógraminu. Eftir þessa leiks var skýrt í sem fæstum orðum, og einnig hvaða þátt hver um sig tæki í honum, og svo var alt til. Með því hinar fjöruþfu þjófar

voru í raun og veru einungis til uppfyllingar í svona sjónarleik, þá áleit Mr. Barnes að hann mætti velja sér pláss hvar sem hann vildi í hóp þeirra, og stóð þess vegna, altaf á meðan á leiknum stóð, eins nærri Ali Baba og hann mögulega gat. Loks lauk Scheherezade sögunni, og þá var þeim, sem tekið höfðu þátt í leiknum, gefið teikn um að fylkja sér, ganga fram hjá soldáni og kveðja hann. Mr. Barnes reyndi að verða næstur á eftir Ali Baba í fylkingunni, og varð hissa að sjá að tveir menn aðrir voru, eins og af tilviljun, að reyna að komast í sama plássið eins og hann. Detta orsakaði rugling, í nokkur augnablik, en þegar fylkingin var komin í lag, var Barnes í röðinni á milli hinna tveggja manna, er ásamt honum höfðu verið að keppa um að ganga næstir Ali Baba.

Til þess að lesarinn skilji það, sem skeði næst, er nauðsynlegt að draga athygli hans rökvæmlega að því, hvar hver um sig, er tok þátt í leiknum, var í stofunni. Það var hálfdrimt í höll soldáns (stærri stofunni), þótt birta innan úr hellinum (minni stofunni) eyddi myrkrinu svo mikið, að það var hægt að þekkja hvort það voru karlmenn eða kvennemenn, sem gengu yfir gólfid.

Soldáninn, Mr. Van Rawlston, lá á legubekknunum, skamt frá tjaldinu milli hallarinnar og hellisins, og sneri andlitinu að tjaldinu. Scheherezade, Miss Emily Remsen, sat á hægindi hjá legubekknunum. Þau sneru bæði andlitunum að hellinum, svo að það er

skiljanlegt, að þar sem þau horfðu á móti birtunni, þá var þeim dímmt fyrir augum í nokkur augnablik ef þau litu fram í dímuna. Alli Baba og hinir fjórutlu þjófar komu nú fram úr hellinum og gekk Ali Baba í broddi fylkingarinnar. Hann stanzaði frammi fyrir soldáni og Scheherezade, hneigði sig djúpt, með handleggina útétta fyrir ofan höfuðið og hendurnar saman, en síðan tók hann hendurnar sundur, veifaði þeim aftur fyrir sig og rétti sig upp. Að því búnu gekk hann fram í hinn dimma hluta stofunnar. Næst kom hinn fremsti af hinum fjórutlu þjófum, og gekk Mr. Barnes fast á eftir honum. Maður þessi kvaddi soldán og hneigði sig djúpt. Um leið og hann gerði það, heyrðist dálftill hávaði til hlíðar. Þetta dró athygli Barnesar að sér, og hann leit í áttina, sem hávæðinn kom úr. Hann leit þannig af mannum fyrir framan sig svolstið augnablik, en þegar hann leit á hann aftur sá hann, að maðurinn gerði það sem fylgir: Þegar hann hneigði sig og rétti út handleggina, bar hann aðra höndina rétt yfir höfuð Miss Remser's, sem horfði niður fyrir sig, ef til vill í því skyni að verja eugu sína fyrir hinni sterku birtu, er streymdi fram úr hellinum. Mr. Barnes sá, að maðurinn tók hægt og gætilega utan um rúbin þrjónainn í hári Miss Remsens og dró hann fimlega úr því. Einmitt á sama augnablikinu byrjaði kirkjuklukka, skamt frá húsinu, að slá tólf á miðnætti. Þá flaug eins og elding í huga leynilögreglumansins: Þegar klukkan sló fyrsta höggið var sá tími liðinn, sem Mr. Mitchel

ha
ha
ið,
ein
mi
að
þjó
væ
han
pað
njó
klæ
sjál
blik
mun
setj
sem
pað,
pess
lfkle
stein
í geg
brag
næð g
hann
skyld
aflau
ur.
geta
hætt

hafði veðjað um að drygja glæp sinn á. Mr. Barnes
 hafði álitid að maðurinn, sem ávarpaði hann um kvöld-
 id, hefði rödd Mr. Mitchels. Hann (Barnes) hafði
 einnig komid í þetta hús með þá föstu smynd., að ein-
 mitt þessum gimsteini yrði stolið. Hann hafði smynd-
 að sér, að Thuret mundi leika þátt glæpsbróðurs og
 þjófs, á meðan aðal maðurinn í glæpnum, Mitchel,
 væri að húa til sönnun fyrir því í Philadelphia, að
 hann hefði hvergi komid nærri. Barnes áleit nú, að
 það væri auðséð, að Mitchel hefði vilt sjónir fyrir
 njónarmönnum sínum, komid aftur til New York,
 klætt sig í einn af dularbúningunum, sem hann hafði
 sjálfur undirbúið handa sér, og nú, á seinasta augna-
 blikinu, drygt glæp sinn,—framid þjófnad, sem
 mundi vekja mikið umtal, en sem ekki yrði hægt að
 setja hann í fangelsi fyrir, þótt hann yrði uppvís, þar
 sem unnusta hans, eftir undirlagi hans, mundi bera
 það, að hún hefði hjálpað honum í ráðagerð hans til
 þess að hann ynni veðmálið, eins og einnig virtist
 líklegt, þar að hún hefði ekki hreift sig þegar gim-
 steinninn var tekinn úr hári hennar. Alt þetta slaug
 í gegnum huga leynilýðreglumannsins á einu auga-
 bragði, og þegar þjófurinn fyrir framan hann hafði
 náð gimsteininum og var búinn að rétta sig upp, var
 hann (Barnes) kominn að niðurstöðu um hvað hann
 skyldi gera. Áferm hans var, að grípa manninn taf-
 atlaust og þera hevrur kunnvet að hann væri þjóf-
 ur. Mr. Barnes áleit, að Mitchel mundi auðvitað
 geta gert fullnægjandi greip fyrir aðhúfo sinni, en að
 hann mundi samt sem áður tapa veðmáli sínu.

Maðurinn, sem var fyrir framan Mr. Barnes, var í þann veginn að halda sínæ leið, og þá stókk Barnes áfram til að gripa hann; en honum til mestu undrunar greip maðurinn, sem var næst fyrir aftan hann, í hann og hélt honum föstum. Barnes barðist um til að losa sig, en hann uppgötvaði, að þar sem hann hafði verið gripinn þannig óvörum, þá gat hann ekkert að gert. Það sem honum sárnaði mest af öllu var það, að þjófurinn var að hverfa fram í dimmunu. En Mr. Barnes var ákveðinn í að láta ekki draga bust úr nefi sér, og hrópaði því og sagði:

„Kveikið á ljósunum! Það hefur verið framinn þjófnaður“.

Alt komst á ringulreið í einni svipan við þetta. Fólkið braust áfram, og Mr. Barnes fann að honum var hrundið með miklu afli á móti þyrpingunni. Hann rakst á einhvern, og féllu þeir báðir til jarðar, en ymsir aðrir duttu um þá. Alt var í uppnámi, og það leið dálftil stund áður en nokkrum kom til hugar að hleypa rafmagne-straumnum á, svo að kviknaði á ljósunum. Mr. Van Rawlston, sem skildi betur en aðrir hvað var á seyði, áttaði sig fyr en aðrir og hleypti rafmagne-straumnum á lampana. Hið skyndilega ljóshaf bætti ekki úr skák í bráðina, því allir fengu ofbirtu í augun. Þannig töpuðust nokkrar dýrmætar mínútur áður en leynilögreglumaðurinn gat losað sig úr þyrpingunni, sem hafði dottið um hann, og var það honum mesta skapraun. En lokst tókst honum það, og þá kallaði hann og sagði:

eug
urn

til a
krin
af m
Bab
að v

ingsl

Ali H
forvi
virtis
í vito
við si
bráðir
til þe
vissi r
lega þ
illi ge
við þá
væri
komas

Á
hann
nálgað
klæddu

„Dað hefur verið stolið frá Miss Remsen. Látið engan fara burt úr húsinu. Allir taki af sér grímurnar“.

Mr. Van Rawlston stókk fram að húsdýrunum, til að sjá um að enginn færi út, og folkið þyrptist í kringum Miss Remsen, til að samþryggjast henni út af missi hennar. Mr. Barnes fór að leita að Ali Baba, og varð hessa þegar hann fann hann og fékk að vita, að það var ekki Mr. Thaurer.

„Hvaða maður eruð þér?“ spurði Barnes hryssingslega.

„Ég heiti Adrian Fisher“, svaraði maðurinn í Ali Baba-búningnum. Leynilögreglumadurinn varð forviða, en honum þótti einnig vænt um, því þetta virtist staðfesta þann grun hans, að þessi maður væri í vitorði með einhverjum öðrum. Barnes réð strax við sig, að segja ekkert meira við þennan mann í bráðina, og flýtti sér þangað sem Miss Remsen var, til þess að athuga hvernig hún hagaði sér. Ef hún vissi nokkuð um þetta fyrirfram, þá lék hún vissulega þátt sinn aðdánlega, því hún virtist vera í mikilli geðshræringu, og hún talaði með miklum ákafa við þá, sem í kringum hana voru, og sagði, að það væri umsjónarnefndinni til minunar að láta þjóf komast inn í húsið með gestunum.

Á meðan Mr. Barnes var að hugsa sig um hvað hann skyldi gera, sá hann að Mr. Van Rawlston nálgadist hann, og var Mr. Thaurer með honum, nú klæddur vanalegum kvöldbúningi.

„Hvernig atvikaðist þetta, Mr. Barnes?“ sagði Mr. Rawlston. „Dví hindruðuð þér það ekki?“

„Ég reyndi að hindra það, en mér tókst það ekki“, svaraði Mr. Barnes. „Dér verð. að gæta að því, Mr. Van Rawlston, að ég er ekki alvitur. Mig grunnaði að þessi þjófnaður yrði framinn, en ég gat ekki vitað hvernig farið yrði að því, að framkvæma hann. Samt sem áður sá ég stuldinn“.

„Dví gripuð þér þá ekki þjófinn?“ sagði Mr. Van Rawlston.

„Ég reyndi að gera það, en glæpsbróðir þjófins, sem var fyrir aftan mig, greip þá í mig og hratt mér um“, svaraði Barnes.

„Dekkið þér ekki manninn á búningi hans?“ sagði Mr. Van Rawlston.

„Dví miður er mér það ómögulegt“, svaraði Barnes. „Alt, sem ég veit, er það, að hann var einn af hinum fjörutlu þjófum, og hann lék þátt sinn auðsjáanlega vel“.

„Þetta er Mr. Barnes?“ sagði Thaurer í spyrjandi róm; en svo hélt hann strax áfram og sagði: „Já, auðvitað er það hann. Við höfum hitzt tvisvar áður, held ég. Dér segið, að þjófurinn hafi verið klæddur í gervi eins af hinum fjörutlu þjófum. Mér þykir gaman að heyra það, því ég var í einum af þeim búningum sjálfur. Hvers vegna ekki biðja alla, sem voru í þeim búningum, að lofa að leita á sér?“

„Ég vil ekki heyra neitt um, að smána gesti

mfr
stra
pað
hin

Bar
Tha
að l

Mr.
sig
Ren

pað
leng
nú s
að fu
Hann
að pi
par s
ur he
piltu
ekki.
Óánæ

sér þ
„þess
dirfs
en ha

„mína með neinu þvílíku“, sagði Mr. Van Rawlston strax. „Leita á fólki í mínu eigin húsi! Ekki nema það þó. Nei, herra minn, ég vil heldur borga fyrir hinn tapaða gimstein en að láta leita á gestum mínum“.

„Dér hafid algerlega rétt fyrir yður“, sagði Mr. Barnes og horfði um leið rannsakandi augum á Mr. Thauret; „ég er viss um, að það yrði árangurslaust að leita á þeim“.

„Dér gerid eins og yður sýnist í þessu“, sagði Mr. Thauret, og svo brosti hann háðslega, hneigði sig og fór inn í þyrpinguna, sem var utan um Miss Remsen“.

Mr. Barnes sagði þá við Mr. Van Rawlston að það væri þyrpingarlaust, að hann (Barnes) væri þarna lengur og að hann ætlaði því að fara. En hann fór nú samt sem áður ekki burt fyr en hann var búinn að fullvissa sig um, að Mr. Mitchel var ekki í húsinu. Hann fór fram að útityrunum, og komst þar að því að pilturinn, sem átti að gæta þeirra, hafði ekki verið þar á verði þegar uppnámið varð inni í stofunni, heldur hefði hann verið inni að horfa á leikinn, svo að pilturinn vissi ekki hvort nokkur hefði farið út eða ekki. Mr. Barnes fór því sína leið í illu skapi og óánægður.

„Þessi náungi, Mitchel“, hugsaði Barnes með sér þar sem hann gekk hratt niður eftir strætinu, — „þessi náungi er listamaður. Að hugsa sér þá ofdirfsku, að biða þangað til seinasta augnablikið, áður en hann hefði tapað veðmáli sínu, og fremja þá þjófn-

að á þann hátt að hundrað manns gæti borið um, að hann hefði verið framinn innan hins ákveðna tíma. Í millitíðinni þykist hann hafa ágæta sönnun fyrir að hann hafi verið annarsstaðar. Veikur á hóteli í Philadelphia! Bah! Er þá enginn maður til, sem ég get treyst?“

Þegar Mr. Barnes kom á 42. stræti, fór hann í lest á yfirjarðar járnbrautinni, og að tuttugu mínútum liðnum var hann kominn á skrifstofu sína. Þar hitti hann njósnarmanninn, sem hafði fylgt Mr. Mitchel eftir til Philadelphia.

„Jæja“, sagði Barnes reiðuglega, „hvað eruð þér að gera hér?“

„Ég er viss um“, svaraði maðurinn, „að Mitchel er kominn aftur til New York. Ég kom hingað í þeirri von að ná honum, eða til þess að gera yður aðvart að minsta kosti.“

„Aðvörun yðar kemur alt of seint“, sagði Barnes hryssingslega, „Skadinn er þegar skeður. En höfðuð þér ekki vit á að telegrafa mér?“

„Ég telegrafaði yður rétt áður en ég lagði á stað“, svaraði njósnarmaðurinn. „Telegraf-skeytið var á skrifborði Barnesar og hafði ekki verið opnað. Það hafði komið eftir að hann fór af skrifstofunni á samkomuna.“

„Jæja, jæja“, sagði Mr. Barnes gremjulega. „Ég býst við, að þér hafið gert yðar bezta til. Þessi náungi hefur fjandans hepni með sér. Hvers vegna hélduð þér, að hann hefði farið aftur til New York? Var hann ekki veikur í rúminu?“

hrekki
verið
mig u
hóteli
mig h
lásinn
og þar
það.
leið“.

„I
og rey
að aftu
að hann
rúminu
Útvegi
að til N
nótt, og
tafarlau

Að
Mr. Barr
þessari,
sem hann

„Ég hélt, að þetta ferðalag hans væri ef til vill hrekkur úr honum, til að sanna að hann hefði ekki verið í New York þetta kvöld. Til þess að fullvissa mig um, hvernig í öllu lagi, bað ég um herbergi á hótelinu nálægt Mitchel vini mínum. Skrifarinn lét mig hafa næsta herbergi við hann. Ég stakk upp lásinn á hurðinni milli herbergjanna og gægðist inn, og þar eð ég sá engan í herberginu, fór ég inn í það. Dað var galtómt. Fluglinn var floginn sína leið“.

„Farið til baka til Philadelphia með næstu lest, og reynið að komast að hvenær Mitchel kemur þangað aftur“, sagði Mr. Barnes. „Dað er enginn vafi á að hann fer þangað aftur í nótt, og verður veikur í rúminu í fyrramálið eins vissulega og ég heiti Barnes. Útvegið mér sannanir fyrir, að hann hafi komið hingað til New York frá Philadelphia og farið til baka í nótt, og þá skal ég gefa yður fimtíu dollara. Farið tafarlaust“.

XI. KAPÍTULI.

MR. BARNES FÆR. NOKKUR BRÉF.

Að morgni hins 3. dags janúar færði pósturinn Mr. Barnes ýms bréf, sem þeim, er fylgjast með sögu þessari, mun þykja gaman að lesa. Fyrsta bréfið, sem hann opnaði, var stut og hljóðaði sem fylgir:

„Ef Mr. Barnes vildi koma hingað hið allra fyrsta, þá gerði hann mikinn greiða Emily Remsen“.

Hann las þetta bréf tvisvar, og opnaði síðan annað bréfið, sem hljóðaði svo:

„J. Barnes Esq.

Kæri herra.—Ég leyfi mér nú að minna yður á samtali, er við áttum í mánuðinum sem leið. Ég sé mjög mikið eftir að ég skyldi gefa í skyn, að það væri nokkur mögulegileiki fyrir, að vinur minn Mitchell gæti verið eitthvað riðinn við þjófnaðinn, sem framin var í svefnvagninum á járnbrautarlestinni. Eins og þér vitið, þá var rúbin-prjón, er var \$10,000 virði, stolið frá Miss Emily Remsen í fyrirkvöld. Ég efast ekki um það með sjálfum mér, að Mitchell hefur haft þar hönd í bagga. Ég veit að hann læzt vera veiknr á hóteli í Philadelphia, en getur það ekki verið *humbug*? Það hefði ekki verið erfitt fyrir hann að laumast þaðan hingað til New York, klæða sig í búning eins af hinum fjöru þjófum, taka gimsteininn og fara til baka til Philadelphia sömu nóttina. Það hefði verið hættulaust fyrir hann að fremja pennan þjófnað, einkum þar sem Miss Remsen hefur ef til vill verið í vitorði með honum og aðstoðað hann. Með því nú að allir hlutir eru sanngjarnir þegar um veðmál er að ræða, þá óska ég að þér tak'ð að yður að sanna fyrir mig, að Mitchell hafi framíð pennan stuld. Mig langar til að vinna þetta veðmál okkar, og mér er sama þótt ég eyði peningum til þess. Jafnvel þótt ég léti yður hafa heilt þúsund dollara,

þá m
að ein
væri t
virði.
chel.
uð dol
megið
einu þ
ég er
ingu f
Thaure
honum
vafi á
til að l
urinn e
samt se
eyða þ
Svo er
manninn
að tala
sé fátæk
ósæmile
fastlega.

Deq
bréf, hug
olph sk
látast ver

Þá mundi ég spara þúsundið sem ég veðjaði, ef þér að eins sannið sök á hann innan ársins. Auk þess væri ánægjan að vinna veðmálið mér þessara peninga virði. En það þarf slunginn mann til að sjá við Mitchell. Ég legg hér með banka-ávísun fyrir tvö hundruð doll., sem nokkurskonar fyrirfram borgun, og þér megið ávísa á mig fyrir meiri peningum, alt upp að einu þúsundi doll., ef þér þurfið þess með. Og fyrst ég er að skrifa yður, að grunur minn viðvíkjandi Mr. Thaurer var ástæðulaus. Ég hef oft haft gætur á honum síðan ég talaði við yður, og það er enginn vafi á að hann spilar svikalaust. Ég hef enga ástæðu til að láta mér þykja vænt um manninn, og sannleikurinn er, að mér er hjartanlega illa við hann. En samt sem áður neyðir réttlætis-tilfinningin mig til að eyða þeim grun, sem ég kom á hann í þessu efni. Svo er annað: Ég sagði yður, að ég þekti ekki manninn er spilaði með Thaurer kvöldið sem ég var að tala um. Ég hef kynst honum síðan, og þótt hann sé fátækur, þá er hann göfugmenni og hafinn yfir allt ósæmilegt. Hann heitir Adrian Fisher. Ég vona fastlega, að þér hjálpið mér til að vinna veðmál mitt.

Yðar einlægur,

Arthur Randolph.

Þegar Mr. Barnes hafði lokið við að lesa þetta bréf, hugsaði hann með sér: „Svo jafnvel Mr. Randolph skilur þetta einfaldnislega bragð Mitchells, að látast vera veikur í Philadelphia og koma svo þaðan

í laumi og stela gimsteini unnustu sinnar hér í New York. En það er nú samt sem áður sitt hvað að skilja bragðið, og að geta sannað það á hann. Randolph heldur, að bæði Thaurer og Fisher séu sakleysið sjálf. Já, ég er hræddur um að honum skjátlist í því. Síðan tók Barnes eitt bréfið til og las. Það hljóðaði sem fylgir:

„Philadelphia, 2. jan.

Kæri Mr. Barnes.

Fyrirgefið hvað ég geri mér dælt við yður, en ég ált að við séum farnir að kynnast hver öðrum býsna vel. Ég er rétt búinn að lesa New York-blöðin, og sé í þeim að hinum dýrmæta rúbin-prjón, sem ég gaf Miss Remsen nýlega, hefur verið stolið frá henni. Þér munið vafalaust eftir því, að ég sýndi yður gimsteininn sama daginn og ég tók hann út úr geymsluhvelfingunum, til að láta setja hann í umgjörð. Ég er mjög órólegur útaf þessum stuldi, einkum þar sem veikindi mín hindra mig frá að geta komið til New York, og lækurinn hefur sagt mér, að það verði að líða nokkrir dagar enn þá áður en ég megi svo mikið sem fara út úr herbergi mínu. Viljið þér nú gera mér mikin greiða? Gleymið að ég gerði lítið úr leynilögregluglúðinu, sem þér vafalaust eruð skínandi meðlimur af, og takið þetta mál að yður. Ég skal gefa yður eitt þúsund dollara ef þér hafið upp á gimsteininum fyrir mig, og er það ekki mikil upphæð, þegar tillit er tekið til verðmætis steinsins. Ég sendi yður hér með banka-ávisun fyrir tvö hundr.

uð doll., sem þér getið varið í kostnað, og ef yður vantar meiri peninga, þá látið mig bara vita það. Ég vildi óska, að þér gætuð skroppið hingað til Philadelphia til að tala við mig. Mér væri mesta ánægja í að geta haft tal af yður. Viljið þér gera mér þenn. mikla greiða,

Yðar einl.¶

Robert Leroy Mitchel“.

Mr. Barnes las þetta bréf þrisvar sinnum að minsta kosti, og sagði síðan upphátt, þótt enginn væri viðstaddur til að heyra orð hans: „Jæja!“ Þetta var alt og sumt sem hann sagði, en hljómurinn í röddinni var svo einkennilegur, að það hefði mátt draga ýmsar ályktanir af því. Það sem hann hugsaði með sér, en sagði ekki, var sem fylgir: „Þessi maður hefur til að bera meiri rólega ósvífn en nokkur annar maður, sem ég hef kynst á æfi minni. Hér hyður hann mér hreint og beint eitt þúsund dollara til að hafa upp á þessum rúbin, þótt hann viti að ég stóð rétt við hlið hans þegar hann stal gimsteininum. Er sjálfsálit hans svo mikið, að hann vogi sér að gera gys að mér? Er hann svona viss um, að ekki verði hægt að sanna sök á hann? Ég veit að minsta kosti, að hann var ekki í Philadelphia kvöldið sem gimsteininum var stolið, því njósnarmaður minn uppgötvaði að herbergi hans var tóm. Hann getur því undir engum kringumstæðum sannað, að hann hafi verið í Philadelphia þetta kvöld, hversu slunginn sem hann álstur sjálfan sig. Vilji ég fara til Philadelphia til að tala við hann? Nú, ég skyldi segja það! Mér

verður eins mikil ánægja í að tala við hennu, eins og mögulegt er að honum sé í að tala við mig. En fyrst verð ég að fara að finna Miss Remsen. Það getur vel verið að ég fái miklar upplýsingar hjá henni“.

Það gekk nærri heill klukkutími í það fyrir Mr. Barnes að gjinna ýmsum öðrum málum, en að því búiðu fór hann beina leið til húss Miss Remsens, og fékk strax að tala við hana.

„Dér báðuð mig að finna yður, Miss Remsen“, tók Mr. Barnes strax til orða.

„Já, Mr. Barnes“, sagði hún. „Gerðu svo vel að fá yður sæti“. Þegar leynilögreglumadurinn hafði tekið sér sæti, hélt Miss Remsen áfram og sagði: „Svo ég komi tafarlaust að efniinu, þá langar mig til að tala við yður um rúðnina, sem stolið var frá mér. Mr. Mitchel gaf mér gimsteininn, og auk þess að hann er mjög dýrmætur í sjálfu sér. Þá þykir mér mjög vænt um hann vegna gefandans. Ég vil að þér takið að yður að hafa upp á gimsteininum, og ég skal gefa yður eitt þúsund dollara ef yður tekast það“.

Mr. Barnes hafði aldrei fyr á æfi sinni fengið jafnömrg þúsund dollara boð á svona stuttum tíma. Hann brosti því ofurlítið og sagði:

„Þetta boð yðar kemur of seint, Miss Remsen. Ég hef fengið bréf frá Mr. Mitchel sjálfum, þar sem hann hefur mér einmitt hið sama og þér. Það væri nauðast rétt af mér að þiggja borgun hjá tveimur fyrir sama verkið“.

Rem

gera
inn
frá yBarn
Rem
skylMr. l
þessu
mér“

Att“

hafid
stal g
athug
lega.
Barne

inn fr

áttadi
búinn

kalla t

„Dér neitið þá að hjálpa mér?“ sagði Miss Remsen.

„Nei, þvert á móti“, sagði Mr. Barnes; „ég skal gera allt, sem í mínu valdi stöndur, til að finna þjófinn og ná í gimstein yðar. En ég þarf enga peninga frá yður.“

„Dér eruð mjög samvirkusamur maður, Mr. Barnes, og ég dáist að yður fyrir það“, sagði Miss Remsen. „Ég heiðra hvern þann mann, sem metur skyldu sína meira en peninga.“

„Ég þakka yður fyrir hin fögru orð yðar“, sagði Mr. Barnes. „En fyrst ég á nú að hjálpa yður í þessu efni, þá verðið þér að byrja með því að hjálpa mér.“

„Ég skal auðvitað gera allt, sem ég get, í þá átt“, sagði Miss Remsen.

„Segið mér þá“, mælti Mr. Barnes, „hvort þér hafið eogan grun um hver það kunni að vera, sem stal gimsteini yðar?“ Miss Remsen hikaði sér, og athugaði leynilögreglumadurinn andlit hennar vandlega. Af því hún svaraði ekki strax, spurði Mr. Barnes hana annarar spurningar:

„Funduð þér þegar maðurinn tók rúbin-prjóninn úr hári yðar?“

„Já, ég fann það“, svaraði Miss Remsen; „en ég áttaði mig ekki á hvað var að ske, fyr en hann var búinn að ná prjóninum!“

„Dví reynduð þér ekki að hindra þjófinn, eða kalla upp?“ spurði Mr. Barnes.

Hún hikaði sér aftur ofurlstið, en svo varð hún brátt ákveðin á svipinn og sagði:

„Ég veit að þér hafið rétt til að spyrja mig þessara spurninga, og ég skal svara þeim ef þér heimtið það. En áður en ég svara þeim, óska ég að þér segið mér hvort þér áltíð rétt, að ég nefni fyrir yður nafn manns nokkurs, sem ég kynni að hafa grunað-ann, þar sem ég hef einungis hinar allra lélegustu ástæður fyrir grun minnum? Kynni ég ekki þannig að gera meira ógagn en gagn, með því að beina at-
hygli yðar í ranga átt?“

„Þetta er vissulega mögulegt, Miss Remsen“, sagði Barnes; „en það er mögulegileiki sem ég sœtla mér að eiga á hættu. Ég meina, að ég vil heldur treysta reynslu minni í þessum efnum en að þér segið mér ekki grun yðar.“

„Gott og vel“, sagði Miss Remsen; „en þér verðið að lofa mér, að hrapa ekki að því að gera nokkrar ályktanir, og gera manningum, er ég nefni, ef til vill skapraun að ástæðulausu“.

„Ég lofa yður þessu“, sagði Barnes. „Ég skal ekki stíga neitt þyðingarmikið spor án þess að hafa fengið næga ástæðu til þess, auk þess sem þér segið mér“.

„Gott og vel“, sagði Miss Remsen. „Dér spurðu mig, hvort ég hefði nokkurn grunaðan, og svo því ég hefði ekki reynt að hindra þjófnaðinn. Dér mun-
ið að líkindum eftir því, að höfuð mitt var beygt nið-
ur. Í fyrstu gat ég ekki skilið hvernig á því stóð,

að
ha
sol
mé
tak
veg
hag

skil
pvi

fyrir

Mr. M
mig.
mér u
komu
villa y
Mitche
í gær,
hefði h
sá ég a
að rúbl
komst
„D
sagt yð
„J
„G

að þrjónninn virtist hreifast í hári mínu. Ég hélt, að hann hefði ef til vill flækst einhvern veginn í kápu soldánsins. Svo byrjaði klukkan að slá, og þá flaug mér strax í hug, að Mr. Mitchel væri ef til vill að taka þrjóninn, til þess að vinna veðmál sitt. Þess vegna þagði ég. Þér skiljið nú vafalaust því ég hagaði mér eins og ég gerði?“

„Já, algerlega“, sagði Barnes. „Ég á þá að skilja það svo, að Mr. Mitchel hafi ekki sagt yður frá því fyrirfram, að hann ætlaði að gera þetta?“

„Nei, hann gerði það ekki, og það er ástæðan fyrir að ég bað yður að finna mig“, svaraði hún.

„Ég skil yður ekki“, sagði Barnes.

„Nú, jæja, altaf á meðan ég ímyndaði mér að Mr. Mitchel hefði þrjóninn, setti ég tapið ekki fyrir mig. Ég meira að segja fór svo langt, að ég gerði mér upp gremju við forstöðunefndina strax á samkomunni. Ég gerði það að sumu leyti til þess að villa yður sjónir. Mig langaði til að hjálpa Mr. Mitchel í fyrirætlan hans. En þegar mér datt í hug í gær, að ef Mr. Mitchel hefði ætlað að taka þrjóninn hefði hann vafalaust sagt mér frá því fyrirfram, þá sá ég að hin fyrsta hugmynd mín hafði verið röng og að rúblinn minn væri vissulega tapaður. Þegar ég komst að þessari niðurstöðu, skrifaði ég yður.“

„Þér eruð þá alveg viss um, að Mr. Mitchel hefði sagt yður frá þessu fyrirfram?“ sagði Barnes.

„Já, algerlega viss“, sagði Miss Remsen.

„Gat hann ekki hafa óttast, að bendla yður við

þjófnað og ef til vill við stórhneyksli?“ sagði Barnes. „Dér vitið, að það gat komið fyrir, að hann yrði tekinn fastur, og að það gat líðið nokkur tími áður en hann gat sannað, að þjófnaðurinn var framinn einungis í spaugi. Hann gat hafa viljað spera yður alt umtal í þessu sambandi“.

„Hann þekkir mig betur en það“, sagði Miss Remsen og brosti um leið.

„Hvernig betur en það?“ sagði Barnes.

„Ég meina, að hann veit, að það er enginn sá hlutur til í veröldinni, sem ég vildi ekki leggja í súlurnar fyrir hann, úr því ég hef samþykkt að gefa honum sjálfa mig“, sagði Miss Remsen. „Ég er ein af þessum konum, Mr. Barnes, sem læt ekki neitt smáræði hindra mig frá að hjálpa manningum sem ég hef kosið mér“.

„Meinið þér, að þér hefðu verið viljug til að taka þátt í því með honum að verða fyrir illu umtali, og að hann vissi þetta?“ sagði Barnes.

„Já, ég meina einmitt það“, sagði Miss Remsen; „og þess vegna er ég sannfærð um að hann hefði beðið mig að hjálpa sér, ef hann hefði orlað sér að taka þjón minn“.

„Alveg eins og hann gerði við annað tækifæri?“ sagði Barnes. Hann hafði einmitt verið að leiða samtalið að þessu síðustu mínútuna, og athugaði nú vandlega hvaða ábrif orð síu hefðu á hana. En henni brá ekki hið mins., heldur sagði hún blátt áfram

„Við hvaða tækifæri?“

„Morguninn sem hann læsti þjónustumei yðar hér inni í stofunni, & meðan þér fóruð út í borg og fluttuð unga stálku nokkra úr einu húsi í annað?“

„Í hvaða annað hús?“ spurði Miss Remsen.

Þetta var óþægileg spurning fyrir leynilögreglu-
manninn, og þar sem hann svaraði ekki, brosti hún
ertnislega og sagði:

„Mr. Barnes, þér hafið enga sönnun fyrir stað-
hæfingu yðar. Yður grunar að ég hafi gert það, sem
þér segið, en þér vitið það ekki. Eins og ég sagði
áðan, þá getur hæglega komið fyrir að grunur leiði
mann afvega“.

„Það getur átt sér stað“, sagði Barnes; „en ég
held að mér skjátlist ekki mikið í þessu atriði“.

„Við skulum ekki ræða það“, sagði Miss Rem-
sen. „Látum oss halda okkur við gimsteininn. Mr.
Van Rawlston sagði mér, að þér hefðuð sagt honum
fyrirfram, að það sætti að fremja þennan þjónnað.
Vissuð þér hver mundi stela þjóninum?“

„Svo ég segi yður hispurslaust eins og er, þá
átti ég von á að Mr. Mitchel mundi taka þjóninn.
Ég álit nú að hann hafi gert það. Óskið þér eftir,
að ég haldi áfram rannsóknnum mínum í málinu? Það
getur leitt til þess að vinur yðar tæpi veðmáli sínu,
en þér eruð skyldug til að láta lögregluna vita, að
þér hafið fengið þjón yðar aftur. Það mundi gera
verk vort í sambandi við málið ónauðsynlegt, og
hann mundi vera viss um að vinna veðmál sitt“.

Mr. Barnes hafði kænlegan tilgang með þess-

um orðum sínum. Hann áleit, að ef Miss Remsen tæki berðingu hans, þá væri það sönnun fyrir að hún grunaði Mitchel enn um að hafa tekið þrjóninn. Dannig fengi hann (Barnes) að vita hið sanna álit hennar um málið. En svar hennar var sem fylgir:

„Ég get með engu móti samþykkt þetta. Það væri hið sama og að sleppa allri von um að fá gimsteininn minn aftur. Ég þer viss um, að Mr. Mitchel hefur ekki tekið hann. Ef mér skjátlást og hann hefur gert þetta án þess að trúá mér fyrir því, þá hefur hann gert mikla yfirsjón og verður að líða fyrir það. Ég er nú samt sem áður alveg viss um, að þetta reynist þvert á móti. Gerið þess vegna hið beztu, sem þér getið, í þessu máli“.

„Dér megið reiða yður á, að ég skal beita öllum kröftum mínum í þessu máli“, sagði Barnes. Og svo kvaddi hann Miss Remsen og fór stna leið.

Um kl. 6 e. m. sama dag sendi Mr. Barnes nafnseðil sinn upp á herbergi Mr. Mitchels, á Lafayettehótelu í Philadelphia. Fáum mínútum seinna var honum fylgt til herbergisins, og var Mitchel í rúminu.

„Það er mér mesta gleðiefni að þér komuð, Mr. Barnes“, sagði Mitchel þegar Barnes kom inn. „Það var einstaklega fallega gert af yður, að koma að finna mig. Ég er nærri því viljugur til að fyrirgefa yður misgerðir yðar gegn mér, fyrst þér voruð svo vænn að koma“.

„Misgerðir? Hvaða misgerðir?“ sagði Barnes.

„Munið þér eftir því þegar þér komuð að finna

mig á Fifth Avenue-hóтели viðvíkjandi hnapp, sem þér höfðuð fundið?“ sagði Mitchel. „Dér báðuð mig að sýna yður sjöunda hnappinn af samkerfi mínu. Ég samþykkti þetta gegn því skilyrði, að þér ónáðuð, að ekki unnustu mína“.

„Jæja!“ sagði Barnes.

„Dér brutuð loforð yðar—það er alt og sumt“, sagði Mitchel.

„Á hvern hátt?“ spurði Barnes.

„Fyrst og fremst mútuðuð þér þjónustumei hennar til þess að ljúga að henni og fara síðan burt frá henni, til þess að einn af njósnurum yðar gæti komist í pláss stúlkunnar. Í öðru lagi, njósnari yðar fór í pláss stúlkunnar. Afliðinginn varð sú, að Miss Remsen gat ekki tekið þjónustumei sína aftur, og hefur haft mikla armæðu við að útvega sér aðra jafngóða stálku“.

„Degar ég gerði það loforð sá ég ekki fyrir, að þvílíka nauðsyn mundi bera að höndum og raun varð á síðar“, sagði Barnes.

„Það er alveg satt!“ sagði Mitchel. „En ég sá þetta fyrir og ég varaði yður við, að þér munduð ekki græða neitt á að gera þetta loforð, þar sem þér munduð einungis fá staðfestingu á sögu minni, ef þér heimsæktuð Miss Remsen“.

„Jæja, mér þykir mjög fyrir að svona skyldi fara, og ég full íssa yður um, að það skal ekki koma fyrir aftur“, sagði Barnes.

„En það hefur komið fyrir aftur, Mr. Barnes“, sagði Mitchel.

„Hvernig?“ spurði Barnes.

„Nú, Miss Remsen getur ekki farið svo út frá húsinu á 'neinum tíma sólarhringsins, að njósnarar yðar séu ekki á hælum hennar“.

Mr. Barnes beit sig í varirnar af gremju yfir því, hve vel þessi maður pekti alt, sem hann var að gera, en hann svaraði hiklaust:

„Yður skjátlást í þetta sinn. Ég lefaði yður að ónáða ekki Miss Remsen í sambandi við vist mál, sem við vorum þá einmitt að tala um. Menn mínir hafa haft gætur á henni í sambandi við alt annað mál“.

„Hvaða annað mál?“ sagði Mitchel.

„Brottnám“, sagði Barnes.

„Brottnám? Vitleysa!“ sagði Mitchel. „Hvað í veröldinni hefur Miss Remsen numið burt?“

„Stólkuna Rose Mitchel“, svaraði Barnes.

„Og hver er þessi Rose Mitchel, með leyfi að spyrja?“ sagði Mitchel. „Er hún dóttir konunnar, sem myrt var?“

„Dað má vera, að svo sé“, sagði Barnes. „Dað er einmitt atriði, sem ég sœtla mér að uppgötva. Hún hefur nú samt sem áður verið talin að vera dóttir yðar“.

„Ah!“ sagði Mitchel. „Getið þér nú sannað, að hún sé það ekki?“

„Nei“, svaraði Barnes.

„Gott og vel“, sagði Mitchel. „Svo langt sem þekking yðar í þessu efni nær, þá var Rose Mitchel, sem talin er að vera dóttir mín, flutt úr einu vissu

húsi í annað vist hús, sem þér ekki vitið hvar er.“
 Mitchel þagnaði eitt augnablik, eins og til að njóta
 ósigurs hins, en hélt svo áfram og sagði: „Yður
 grunar, að hún hafi verið flutt, en þér getið ekki
 sannað að Miss Remsen hafi gert það. Jæja nú,
 setju n svo að Miss Remsen, konuefnið mitt, flytji
 stúlku, sem er mitt eigið barn, úr einu húsi í annað,
 hvar kemst þá brottnáms-kæran að, á meðan ég kvarta
 ekki?“

„Látum okkur hætta þessum víflengjum, Mr.
 Mitchel“, sagði Barnes. „Dér vitið mjög vel að
 þessi stúlka, sem við erum að tala um, var flutt í
 vissu ákveðnu augnamiði, því annars hefði hún ekki
 verið falin. Ef Miss Remsen hafði hér hönd í bagga,
 þá var hún að hindra rannsóknir leynilög-eglnnar,
 og það var ólöglegt verk. Þess vegna höfum vér
 rétt til að hafa gætur á henni, til þess að komast að
 öllu sem vér getum.“

„Gott og vel“, sagði Mitchel; „vér skulum þá
 veita yður leyfi til þess. Verði yður að góðu. En
 hvað snertir flutning stúlkunnar, þá var hún flutt
 vegna þess að njósnari yðar, Lucette, hafði uppgötv.
 að hvar hún var, og ég vildi ekki að hún væri
 ónáðuð.“

„A hverju vitið þér með svo mikilli vissu, að
 Lucette var njósnari minn, eins og þér komist að
 orði?“ spurði Barnes.

„Jæja, mér er sama þó ég segi yður það, þó ég
 sé ef til vill að sýna yður helzt til mikið í spilin

mín“, sagði Mitchel. „Við skulum þá byrja á byrjuninni. Í fyrsta lagi, þá vissuð þér um veðmál mitt og ég vissi að yður var kunnugt um það. Gangandi út frá þessu, hvað var eðlilegra en að ég skyldi álfta að hið fyrsta, sem þér gerðuð, yrði að láta hafa stöðugar gætur á mér? Til þess að fá að vita vissu mína í þessu efni, fór ég nokkrar ferðir á yfirjarðar-járnbrautinni, braut, sem er sérlega vel lögð fyrir þessháttar tilraunir, og niðurstaðan varð auðvitað sú, að ég komst brátt að því, hver var aðstoðarmaður yðar. Ætlið þegar ég hafði ekkert annað að gera, lék ég mér að því að laumast frá honum. Ég get fullvissað yður um það, að þér létuð mig hafa nóg að gera í nokkra klukkutíma. En svo við hverfum aftur til Lucette, þá gat ég mér til, að hið næsta spor yðar yrði að setja út njósnarmann nr. 2, til þess að komast á slóð mína þar sem njósnarmaður nr. 1 týndi henni. Ég fór að litast um eftir þessum öðrum manni. Dér sjáið, að ég viðurkenni, að ég átti ekki von á að það yrði kvennarmaður. Dér sigruðuð mig í því atriði, eða nærri gerðuð það. Ég byst ekki við, að þér hafið sagt stúlkunni, að hún skyldi láta mig sjá andlit sitt, eða hvað?“ Mr. Barnes svaraði þessu engu, þótt hann hugsaði með sjálfum sér: „Einmitt það sem ég varaði hana við, aulan þann arna“. Mr. Mitchel hélt áfram og sagði: „Að lokum skeði það einn dag, rétt þegar ég var að fara upp í lestina, að nettlega klædd ung stúlka kom út úr biðarstofunni á stöðvunum og fylgdi mér eftir upp í lestina. Ein-

ung
inn.
hon
voru
í ge
þeir
vaku
móti
Ég g
sett
nógu
af he
býst
eftir
auðvi
Rems

„
Mitch
„
sagði
hana a
væri að
„J
„É
Mitchel.
„H
„É
Mitchel.

ungis af vana gekk ég eftir lestinni fram í fyrsta vagninn. Ég ferðast ætíð í honum, af því það er svalast í honum á sumrin og minstur súgur á vetrum. Það voru ýms þversæti auk í vögnunum, sem ég gekk í gegnum, og með því að stúlkan settist ekki í eitt þeirra, heldur fylgdi mér eftir gegnum lestina, þá vaknaði hjá mér grunur. Degar hún settist beint á móti mér, athugaði ég andlit hennar nákvæmlega. Ég gleymi varla nokkurn tíma andliti, eftir að ég hef sett það á mig. Hitt annað var auðvelt. Hún var nógu slungin til að fara ekki af lestinni þegar ég fór af henni, svo ég slepti henni úr huga mínum. Ég býst við, að þetta hafi gert henni létt að fylgja mér eftir til hússins í Irving Place. En ég þekti hana auðvitað strax þegar ég sá hana aftur hjá Miss Remsen“.

„Skil ég það rétt, að þér segduð, að þessi Rose Mitchel væri dóttir yðar?“ sagði Barnes.

„Ég veit ekki hvernig þér skilduð það, en ég sagði það ekki“, svaraði Mitchel. „Ég talaði um hana alveg eins og þér, sem Rose Mitchel er talin væri að vera dóttir mín“.

„Jæja þá, en er hún dóttir yðar?“ sagði Barnes.

„Ég neita að svara þeirri spurning“, sagði Mitchel.

„Hvers vegna gerir þér það?“ sagði Barnes.

„Ég verð einnig að neita að svara því“, sagði Mitchel.

„Sjáið þér ekki, Mr. Mitchel, að þér eruð altaf að gera atferli yðar grunsamlegra?“ sagði Barnes.

„Kæri Mr. Barnes minn“, sagði Mitchel, „ég gef ekki einn eyri fyrir hvað mikla grunsemd ég vek, svo lengi sem ekki er hægt að koma með neinær sannanir gegn mér. Hvenær sem þér áltíð að þér hafið einhverjar sannanir gegn mér, þá komið til mín, og ég skal þá reyna að hrekja þær“.

„Gott og vel“, sagði Barnes. „Þér hafið beðið mig að uppgötva hver stal rúbin-prjón Miss Remsens. Ég er þegar búinn að því“.

„Þér eruð reglulegur snillingur, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Hver gerði það?“

„Dér sjálfur“, sagði Barnes.

„Rugl! Getið þér ekki gert betur en þetta?“ sagði Mitchel. „Ég, sem hef legið hér veikur í rúminu í meir en þrjá síðastliðna daga“.

„Ég hef veitt yður í þetta sinn, Mr. Mitchel“, sagði Barnes. „Dér láguð ekki veikur í rúminu hér kvöldið sem þjófnaðurinn var framinn. Dvert á móti, þér fóruð til New York, voruð þar á skemti-samkomunni og tókuð rúbin-prjóninn úr hári Miss Remsens“.

„Dér farið mjög vilt í þessu, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Ég segi yður það satt, að ég hef verið í þessu herbergi stöðugt síðan 30. desember“.

„Einn af njósnaðmönnum mínum fylgdi yður eftir hingað“, sagði Barnes. „Hann fékk sér gistingu á þessu hóteli að kvöldi hins 1. p. m., og hann

var
Har
anna
að þ

veit
arleg
dyr þ
kom

inu, c
dynna
sött,
Barne

”
Þetta
234“.

„C
hitt“, s
skift ur
á því st
Ég þót
mér efti
ast, að v
því það
hótelsin
Mér var
eftir skri
mitt, það

var látinn hafa herbergið sem er næst þessu herbergi. Hann stakk upp skrána á hurðinni milli herbergjanna og kom inn í þetta herbergi, og komst þannig að því, að þér voruð fjarverandi“.

„Dað var mjög kænlegt bragð af honum, það veit hamingjan“, sagði Mitchel. „Sá náungi á sannarlega heiður skilinn. En sagði hann yður hvaða dyr það hefðu verið milli herbergjanna, sem hann kom inn um?“

Mr. Barnes horfði alt í kring um sig í herberginu, og varð forviða þegar hann uppgötvaði, að einu dyrnar á því lágu fram að ganginum. Dað var auðsætt, að saga njósnarmannsins var vitleyssa. En Barnes flaug strax nokkuð í hug, og hann sagði:

„Dér hafið slutt yður í annað herbergi síðan. Þetta kvöld, sem ég er að tala um, voruð þér í nr. 234“.

„Og þetta herbergi er nr. 342, einu lofti ofar en hitt“, sagði Mitchel. „En yður skjátlást; ég hef ekki skift um herbergi. Ég skal skýra fyrir yður hvernig á því stóð, njósnarmanni yðar yfirsást svona herfilega. Ég þóttist vita, að njósnarmaður yðar hefði fylgt mér eftir þegar ég fór hingað. Mér var farið að leiðast, að vera svona umsetinn dag og nótt. Ég gerði því það sem fylgir: Ég ritaði nafn mitt á gestaskrá hótelsins og skrifarinn lét mig hafa herbergi nr. 234. Mér var fylgt upp í herbergið, og svo sendi ég strax eftir skrifaranum. Þegar hann kom upp á herbergi mitt, bað ég um annað herbergi, en bað skrifarann

um leið að breyta ekki herbergis-númerinu á gesta-
skránni, því ég ætti mjög áleitinn vin, sem ekki
mundi hika sér við að fara beina leið, og að mér forn-
spurdum, upp í herbergi mitt, ef hann vissi hvar það
væri. Ég sagði skrifaranum, að ég væri lasinn, og
vildi ekki láta ónáða mig. Mér var veitt bór mín.
Ég býst við að njósnarmaður y'ar hafi beðið um her-
bergi nálægt „Mr. Mitchel vini“ sínum. Skrifarinn
hefur strax álitid, að þetta væri maðurinn sem ég
vildi forðast, og þess vegna látið hann hafa herbergi
næst nr. 234, sem hann auðvitað var ánægður með,
og sem ég mátti einnig vera vel ánægður með“.

Mr. Barnes var algerlega eyðilagður yfir, hvern-
ig þetta hefði alt farið, einkum þar sem hann sann-
færðist um það til hlítar, á meðan á samtalinu stóð,
að Mitchel væri í raun og veru veikur og að hann
hefði vondan hósta. Mr. Barnes fór til baka til New
York enn ruglaðri í ríminu en áður.

XII. KAPÍTULI.

SAGA RÚBÍNSINS.

Næsta hálfan mánuðinn eftir að rúbíninum var
stolið, mintust dagblöðin oft á þjófnadinn. Þau
birtu samtöl, sem fréttaritarar þeirra áttu að hafa
haft við nærri hverja einustu nafkenda manneskju,

er ve
stons
ekki
frá m
svörui
ur gæ
við vi
teknir
tafarla
reglur
hugsa
inn, sv
um. A

En
en rúbi
finna ei
sókn sí
málið,
hendur
ardómsf
hafði rak
mjög ilt
aðal pers
inn í ein
anlega v
hefði litl
inni, en h
gott sem
niður og t

er verið hafði á samkomunni í húsi Mr. Van Rawl-
stons. Lögreglunni var brýglað útaf því að geta
ekki haft upp á þjófum. Leynilögreglumennirnir
frá miðstöðva-stofunni komu og fóru dulslega og
svöruðu engum spurningum, en það var eins og mað-
ur gæti lesið þetta á svip þeirra: „Við gætum, ef
við vildum“. Einn eða tveir menn voru jafnvel
teknir fastir í sambandi við þjófnadinn, en þeir voru
tafarlaust látnir lausir þegar þeir komu fyrir lög-
regluréttar-dómarann. Menn hættu því brátt að
hugsa frekar um þetta mál. Annar glæpur var fram-
inn, svo öll New York-borg fékk nýtt efni að tala
um. Almennigur hafði gleymt rúbin Miss Remsens.

En Mr. Barnes hugsaði nú samt um lítið annað
en rúbin-stuldinn. Hann braut heilann og reyndi að
finna einhvern þann depil, er hann gæti byrjað rann-
sóku sína frá, og þess meira sem hann hugsaði um
málið, þess meira langaði hann til að takast ferð á
hendur til New Orleans, til þess að rekja þetta leynd-
ardómsfulla mál „frá hinum endanum“, eins og hann
hafði rakið ýms önnur erfið mál. En honum þótti
mjög ilt að þurfa að fara burt frá þeim bletti, þar sem
aðal persónurnar í leiknum voru, þar sem aðal maður-
inn í einum eða öllum glæpunum að hans álitu áreið-
anlega var. Loks réð hann við sig að fara, þótt hann
hefði litla von um nokkra verulega ávexti af ferð-
inni, en hann var orðinn leiður á að vera lengur svo
gott sem aðgerðalaus í þessu máli. Hann settist því
niður og skrifaði eftirfylgjandi bréf:

„Mr. Arthur Randolph!

Kæri herra.—Með því þér hafið fengið mig til að takast á hendur að sanna, að Mr. Mitchel hafi sjálfur stolið rúbíninum, kröldið sem samkoman var í húsi Mr. Van Rawltons, þá býst ég við að þér séuð reiðubúinn til að aðstoða mig nokkuð í málinu. Dér munið sjálf sagt eftir því, að þegar ég talaði við yður í fyrsta skiftið, þá létuð þér í ljósi það álit yðar, að vinur yðar væri eitthvað geggjæður hvað snerti nafntogaða gimsteina. Yður fórust orð á þá leið, að ef maður legði dálftið að honum í því efni, þá mundi hann leiðast út í að segja sögur um gimsteina og glæpi, sem drygðir hefðu verið til að eignast þá. Mig langar mjög mikið til að heyra Mr Mitchel tala um þessa sérkreddu stna, en eins og þér vitið, þá er hann var um sig fyrir mér. Gætuð þér ekki komið því svo fyrir á einhveru hátt, að fá hann til að tala um þessi efni einhvers staðar þar sem ég get hlustað á samtalið í leyni? Ég vildi að þér mintust á stuld rúbínsins, gæfuð í skyn, ef ekki bera það beint á hann, að hann sjálfur hafi tekið gimsteininn; og ef hann neitar því, sem hann valdi laust gerir, spyrja hann þá hvort nokkur sérleg saga sé til viðvíkjandi þessum rúbín.—þ. e. hvort honum hafi nokkurn tíma áður verið stolið. Ég kynni að geta fengið einhverja bændingu af því tkn samtali, sem, þótt yður fyndist ekkert í því, gæti orðið mér að gagni. Vilji þér gera þetta fyrir mig? Muund eftir því, að þér söguð uð sjálfur, að „alt væri sanngjart“ o s.frv.

Yðar einlægur,

J. BARNES“.

upp
sfrv.

man-
Thau
Mitoh
Að þ

stuld

Thaur
ruggu

atriði

að hve

skapar

leyti he

að seg

þess í u

fyrir þe

álfst að

ur verið

mér í tr

hefði þa

væri að

þetta atr

„Dér hafi

Mr. Randolph sendi Barnes brátt miða, sem svar upp á bréf hans, og bað hann að hitta sig á klúbb sínum að kvöldi næsta dags.

Síðari hluta næsta dags kom Mr. Mitchel & Hoffman-hótelid og fór tafarlaust upp í herbergi Mr. Thaurets. Thauret var heima og gekk strax á móti Mitchel, og heilsuðust þeir alúðlega með handabandi. Að því búnu mælti Mitchel strax:

„Mig langar til að tala alvarlega við yður um stuld gimsteinsins, Thauret.“

„Ég er til að hlusta á yður með athygli“, sagði Thauret, kveikti á sigarettu og settist í þægilegan ruggustól.

„Til að byrja með, ætla ég að draga saman aðalatriði viðkynningar okkar“, sagði Mitchel. „Ég ætla að hverfa til baka til þess tíma að við gerðum félagsskapar samning okkar. Þér og ég urðum að vissu leyti heimuglegir félagar, eða það væri máské réttara að segja „peningaspils-kumpánar“. Ég lofaðist til þess í upphafi, að leggja til höfuðstól þann sem þyrfti fyrir þessa verzlun okkar, upp að vissri upphæð. Ég ált að ég hafi gert það, þrátt fyrir að þér sögðu mér í trúnaði, að þér hefðu aðferð, eða reglu, sem hefði það við sig, að komist yrði hjá tapi, eða hægt væri að halda því innan takmarka. Þer ég rétt með þetta atriði?“

„Þetta er alveg rétt, vinur minn“, sagði Thauret. „Þér hafið reynst mér ágætur heimulegur félagi, þar

sem þér hafið lofað mér að fara mínu fram, borgað reikningana og ekki spurt nokkura spurninga, fyr en nú. Á ég að skilja það svo, að yður gremjist tapið og að þér viljið fá skýringu útaf því?“

„Dér getið bráðum gefið mér skýringu um það“, sagði Mitchel. „En það er annað atriði, sem ég vil fyrst tala um. Dér lofuðuð mér, að hætta að hafa nokkur mök við Adrian Fisher.“

„Jæja?“ sagði Thaurer.

„Dér hafið ekki gert það“, sagði Mitchel. „Ég bað yður að vera í Ali Baba-búningnum á samkomunni á nýársdags-kvöld, en yður þóknast að láta Fisher hafa hann. Hvernig stóð á því?“

„Dæð verður óbrotnara að gefa fyrst skýringu um tapið, og tala síðan um Fisher“, sagði Thaurer. „Eins og yður er ef til vill kunnugt, þá hefur þessum leynilögreglumanni, Barnes, þóknast að setja njósarmann á hæla mér. Degar þannig var ástatt, áleit ég hyggilegt að gerast njósarmaður gagnvart njósaranum. Ég hef nokkrum sinnum farið á klúbbinn og tekið mér pláss þar sem ég gat haft gætur á njósaranum. Á þennan hátt komst ég brátt að því, að hann hafði komist í nákvæman kunningsskap við einn af klúbb-þjónunum. Einn góðan veðurdag kallaði ég á þjóninn, og sumpart með því að hóta honum að láta reka hann úr vistinni, en sumpart með því að múta honum með peningum, hafði ég upp úr honum hvað leynilögreglumadurinn væri að spyrja hann um. Hann sagði mér að spurningarnar væru

aðal
Ég
sérh
gerð

agar
að ti
legar
eruð
yður

chel.
tapa?

”
ér lj
rannsa
minn þ
vill ko
ur. É

”
mér nú

”
verða el
„Dér fó
uð mér
komunn
átti að f
Ég gerð
kvæma v

borgað
inga, fyr
gremjist

um það“,
um ég vil
að hafa

el. „Ég
samkom-
st að láta

skýringu
Thauret.

þur þess-
að setja
var ástatt,
gagnvart
á klúbb-
gætur á
tt að því,
vsskap við
veðurdag
í að hóta
npart með
ég upp úr
að spyrja
rnar væru

aðallega um það, hvort ég ymi eða tapaði í spilum. Ég komst að því, að hann fékk skýrslu um niðurstöðu sérhvers spils, sem ég spilaði. Á því leiddi, að ég gerði mér að reglu að tapa stöðugt í spilum“.

„Tapa peningum mínum!“ sagði Mitchel.

„Að tapa peningum okkar, úr því við erum fél-
agar“, sagði Thauret. „Dér láuð mér bara féð þang-
að til ég fæ peninga mína frá París. Dér hafid skrif-
legar viðurkenningar frá mér fyrir skuldinni. Ef þér
erud orðinn leiður á samningnum, þá skal ég borga
yður skuldina strax, þó ég eigi óhægt með það“.

„Nei, peningarir gera ekkert til“, sagði Mit-
chel. „En segið mér, hvers vegna þér álituð best að
tapa?“

„Það er mjög einfalt mál“, sagði Thauret. „Það
er ljóst af því, að leynilög reglumennirnir eru að
rannsaka þetta atriði, að þeir hafa heyrt um vinning
minn þegar Fisher spilaði með mér. Þeir hafa ef til-
vill komist að þeirri niðurstöðu, að ég sé spilahrapp-
ur. Ég vil útrýma þeirri skoðun úr huga þeirra“.

„Það er eðlilegt“, sagði Mitchel. „En segið
mér nú um Fisher. Hvað komur þetta honum við?“

„Eins og þér vitið, þá hafði ég ásett mér að
verða ekki á skemtisamkomunni“, sagði Thauret.
„Dér fóruð til Philadelphia, veiktust þar og skrifuð-
uð mér bréf þaðan, til að biðja mig að vera á sam-
komunni í yðar stað og vera í húningi yðar, sem ég
átti að fá með því að sýna skraddarannum bréf yðar.
Ég gerði þetta með þeim fasta ásetningi, að fram-
kvæma vilja yðar“.

„Hvernig stóð þá á því, að Fisher var í búningi mínum?“ spurði Mitchel.

„Ég kem nú að því atriði“, svaraði Thaurer. „Rétt áður en ég ætlaði að leggja á stað á samkomuna, kom skraddarinn til mín og sagði mér, að maður nokkur hefði komið í húð hans og spurt hann ýmsra spursinga viðvíkjandi mér; hann hefði sagst vera leynilögreglumadur og vera að elta uppi alræmdan glæpamann. Skraddarinn sýndi mannum bréf yðar. Hann iðradist eftir að hafa gert það og kom til að segja mér frá öllu saman, til þess að ég „kæmist ekki í neinn vanda“, eins og hann komst að orði. Ég sá strax, að þetta þýddi það, að Barnes ætlaði sér að verða á skemtisamkomunni, eða einhver af njósnar-mönnum hans að minsta kosti“.

„Dér höfðuð rétt fyrir yður í því“, sagði Mitchel.

„Já, en ég var ekki viss um það fyr en eftir að þjófnaðurinn hafði verið framinn og allir tóku af sér grímurnar“, sagði Thaurer. „Barnes var í dularbúningi eins af hinum fjórutfu þjófum, og ég pekti hann ekki á meðan hann hafði grímunu. Eftir að hafa fengið þessar upplýsingar, einsetti ég mér að hafa dálítið gaman á kostnað hins mikla leynilögglumanns með því, að vera í dularbúningi eins af hinum fjórutfu þjófum, í staðinn fyrir búning yðar. En það var nú samt nauðsynlegt að einhver skyldi vera í Ali Baba-búningnum, til þess að leikurinn hindradist ekki. Eini maðurinn, sem ég gat beðið að taka að sér að leika Ali Baba, var Fisher. Hann sam-

búningi

Thauret.
samkom-
að maður
nn ýmsra
get vera
lræmdan
bréf yð-
kom til
kæmist
orði. Ég
afi sér að
njósnar-

Mitchel.
n eftir að
öku af sér
dularbún-
ekti hann
ad hafa
r að hafa
ilögreglu-
af hinum
yðar. En
kyldi vera
ann hindrad-
ð að taka
mann sam-

þykki að gera það, og þetta er alt og sumt. Ég hef ekki haft neitt saman við hann að sælda síðan, það get ég fullvissað y'ur um“.

„Gott og vel“, sagði Mitchel. „Þetta er fullnægjandi skýring. Ég bið yður að fyrirgefa spurningarnar; en ég skildi ekki hvernig lá í þessu öllu saman, og ég átti heimingu á að vita það. En segið mér eitt. Voruð þér nærstaddur þegar þjófaaðurinn var framinn? Sáuð þér hvernig það atvikaðist?“

„Ég hef hlotið að vera nálægt, en ég sá það ekki“, svaraði Thauret. „Ég beið eftir tækifæri til að kyssa hönd Scheherezade, þegar Mr. Barnes kallaði upp að þjófaður hefði verið framinn og skipaði öllum að taka af sér grímurnar. Ég fór úr dularbúningi mínum, og kom til hans strax og búið var að kveikja á ljósunum“.

„Dér hefðuð átt að stinga upp á við hana að láta leita á öllum, eins og hann lét gera á lestinni“, sagði Mitchel.

„Við sánkti George! Það er einmitt það sem ég gerði“, sagði Thauret. „En hann vildi ekki láta leita. Ég býst við að reynsla hans á lestinni hafi komið honum í vafa um, hvort nokkurt gagn væri að þessháttar leit“.

Þádir mennirnir hlógu hjartanlega að þessu, eins og þeim þætti gaman að ósigrum leyndögreglu-mannaens.

„Það lítur út fyrir“, sagði Mitchel, „að Barnes hafi haft grun um að rúbin-prjóninum yrði stolið, og

að hann hafi sagt Mr. Rawlston frá því snemma um kvöldið, að þjófur yrðu meðal gestanna“.

„Gerði hann það?“ sagði Thaurer. „Það er leiðinlegt, að jafn slungnum manni og hann er skyldi ekki hepnast að ná þjófaum, eða öllu heldur þjófunum?“

Deir hlógu aftur báðir. Svo stakk Mitchel upp á því, að þeir færu báðir á klúbbinn, og það gerðu þeir. Þegar þeir komu þangað, sagði dyravörðurinn Mitchel, að Mr. Randolph væri inni í aðal-stofunni og vildi fá að tala við hann. Hann og Thaurer fóru því inn í hina miklu stofu. Mr. Randolph var þar fyrir, og stóð hann strax á fætur þegar þeir komu þan.

„Gott kvöld, Randolph“, sagði Mitchel. „Vildu þér fá að tala við mig?“

„Ó, það var ekkert ástíðandi“, sagði Randolph. „Ég kom hingað til að borða miðdagsverð, og það dyravörðinn að segja yður, ef þér kæmuð, að mig langaði til að sjá yður. Mig langar til að hafa einhvern til að borða með mér; það er alt og sumt“.

„Yður leiðist að borða einsamall?“ sagði Mitchel.

„Dér eigið kollgátuna“, sagði Randolph. „Það er ætíð leiðinlegt að þurfa að borða, nema maður hafi einhvern skemtilegan mann með sér. Mr. Thaurer, á ég að láta leggja á borð handa yður með okkur?“

„Ef þér væskið að hafa mig með, þá skal mér vera mesta ánægja í að borða með yður“, sagði Thaurer.

„Gott og vel“, sagði Randolph. „Ég skal sjá

um það. Ég þarf að skrifa bréf, og bið ykkur að afsaka mig á meðan. Hittið mig klukkan sjö í privat borðstofunni.“

Mr. Randolph fór síðan út úr stofunni og gekk upp á loft. Þar hitti hann Mr. Barnes, sem beið, hans þar.

„Jæja, getið þér komið því í lag?“ sagði leynilöggreglumadurinn.

„Já, ég er búinn að koma öllu í lag“, sagði Randolph. „Mitchel er hér, og hann kom með Thauræt með sér. Ég skil ekki í viráttunni, sem hefur orðið á milli þeirra, en það kemur ekki málinu við. Þeir ætla að borða með mér í privat borðstofunni. Ég skal einnig panta miðdagsverð handa yður, við borðið sem er rétt hinumegin við tjaldið. Ef þér hafið góða heyrn, þá ættuð þér ekki að eiga erfitt með að heyra alt sem við tölum.“

„Ég er ánægður með undirbúning yðar, og ég efast ekki um, að ég muni heyra að minsta kosti mest af því, sem fram fer“, sagði Barnes.

„Gott og vel“, sagði Barnes. „Farið nú inn í lestrarstofuna, og þar getið þér verið óhultur fyrir að nokkur taki eftir yður, ef þér skýlið yður með dagblaðinu, sem þér lesið í. Ég og gestir mínir setjumst til borðs klukkan sjö, á slaginu. Fimm mínútum síðar verður miðdagsverður yðar til, og þér getið þá farið í pláss yðar óhultur.“

Mr. Barnes gerði eins og fyrir hann var lagt, og Mr. Randolph fór niður í borðstofuna, til að fall-

komna ráðstafanir sínar. Klukkan 7, á minútunni, komu gestir hans til hans, og þeir settust allir þrír við borðið, sem báði var fyrir þá. Skömmu síðar benti diskaglamrið hinumegin við tjaldið til þess, að Mr. Barnes var seztur til borðs þar.

Á meðan þeir voru að borða þriðja réttinn, reyndi Mr. Randolph að leiða samtalið í þá átt, sem hann hafði fyrirhugað.

Hann sneri sér til Mitchels og sagði: „Ég vora að þér hafið algerlega náð yður eftir hin óheppilegu veikindi, sem hindruðu yður frá að koma á skemti-samkomuna hjá Rawlston“.

„Ó, já“, sagði Mitchel, „þau vöruðu einungis stutta stund. Hinar einu alvarlegu afséðingar af þeim voru þær, að ég gat ekki sótt samkomuna. Ef ég hefði verið þar, þá vona ég að ég hefði getað frelsað Miss Remsen frá þeirri skapraun, að missa rúbin-prjón sinn“.

„En Mitchel“, sagði Randolph, „þótt það sé eðlilegt, að manni falli illa að missa dýrmætan gimstein, þá ætti að vera létt fyrir yður að fá annan jafn góðan í staðinn“.

„Á hverju haldið þér það?“ sagði Mitchel.

„Nú, þér eigið svo marga gimsteina“, sagði Randolph. „Það er ekki langt síðan að ég var að segja við kunningja minn, að maður sem safnaði saman eins mörgum dýrum gimsteinum og þér og lokaði þá irni í múrhvelfir þu, þar sem enginn fengi að sjá þá, sé að vissu leyti geggjæður á vitinu. Mér

þótti vænt um þegar þér gáfuð Miss Remsen þennan rúbin, því ég áleit það, að þér skylduð grafa þannig upp einn af hinum huldu fjársjóðum yðar, merki um að þér væruð að fá yðar fulla vit aftur. Ég efast ekki um, að þér hafið aðra samkyns rúbína falda í einhverju horninu á hólfi yðar í múrhvelvingunum. Því ekki sækja annan rúbin þangað og gefa Miss Remsen hann?“

„Yður skjátlást, Randolph“, sagði Mitchel. „Það er ekki léttur leikur fyrir mig að útvega jafningja rúbínsins, sem stolið var.“

„Hvers vegna ekki?“ sagði Randolph. „Var nokkuð sérlegt við þennan rúbin?“

„Já; en við skulum ekki tala um það“, sagði Mitchel.

Mr. Randolph varð forviða á að Mitchel skyldi sleppa þessu efni svona snögglega, því hversu ófús sem hann var á að sýna gimsteina sína, þá hafði hann aldrei áður verið tregur til að grípa tækifærið til að tala um þá. Mr. Randolph reyndi þá nýjan veg, því hann mundi eftir bendingunum sem leynilöglegu maðurinn hafði gefið honum.

„Mitchel“, sagði Randolph, „ég þyrði nærri að veðja við yður um, að þér gætuð ekki einasta gefið Miss Remsen eins góðan rúbin aftur og þann, sem stolið var, heldur að þér gætuð í raun og veru gefið henni sama gimsteininn.“

„Ég vona að geta gert það“, svaraði Mitchel ofur hægt.

„Dér skiljið mig ekki“ sagði Randolph. „Ég meina, að ég er hálf sannfærður um, að veðikindi yðar í Philadelphia hafi verið tómir skrópar, að þér hafið komið hingað til New York og stolið gimsteininum sjálfur“.

„Vissulega?“ sagði Mitchel. „En hvaða ástæðu hafið þér fyrirjafn heimskulegri ályktun?“

„Ég álit, að þetta sé aðferð yðar til að reyna að vinna meðmál yðar“, sagði Randolph. „Ég held, að enginn annar en þér hefði getað tekið ráðin-prjóninn úr hári Miss Remsens, því hún hefði ekki polað nein- um öðrum að gera það“.

„Randolph, hinar marg-strekuðu glósur yðar um Miss Remsen í þessu sambandi, en sérslagi sú getsök yðar, að ég mundi fara frá þá það við hana að gerast meðsek í öðru eins svikabuggi, og að hún mundi samþykkja það, er mér sérlega ógefðelt“, sagði Mitchel. „Ég vona að þér fyrirgefði mér þó ég segi, að það eru daufar góðgerðir að bjóða gesti yðar“.

„Ó, mér var fjarri skapi að móðga yður, góði vinur, það get ég fullvissað yður um“, sagði Randolph. „Við skulum auðvitað hætta að tala um þetta efni“.

Það varð nú nokkur þögn. Mr. Randolph var í standandi vandræðum að finna veg til að koma Mitchel til að tala um gimsteininn. Hann fann með sjálfum sér, að honum hefði ekki orðið neitt ágengt. En Mr. Barnes faust samt alt annað, því hann hefði nú loks komist að ákveðinni niðurstöðu. Hann dró

það af hljóðnum í rúdd Mitchels, þegar hann talaði síðustu orðin, að hvaða þátt sem hann hefði átt í stuldi gimsteinsins, þá væri Miss Remsen saklaus. Barnes var að brjóta heilann um, hvort samtalið mundi aftur leiðast að hinum tapaða gimsteini. Það hefði ef til vill ekki orðið ef Thaurer, sem hafði varla sagt orð frá því að máltíðin byrjaði, hefði ekki brotið upp á málefnið aftur og sagt:

„Fyrirgefðu mér, Mr. Mitchel, en það sem þér sögðuð áðan, að það væri eitthvað sérlegt við hinn tapada rúbín, hefur vakið mikla forvitni hjá mér. Ef þér hafði engar privat ástæður fyrir að vilja ekki gera það, þá bið ég yður að segja mér sögu rúbínsins, ef hann á nokkra sögu“.

Það varð dálftil þögn, og Mitchel horfði niður á disk sinn á meðan og virtist vera að hugsa sig um. Mr. Randolph var sérlega glaður yfir, að Thaurer hafði komið honum til hjálpar á svo óvæntan hátt, og þegar hann tók eftir hikinum á Mitchel, þá virtist honum að það mundi vera sterkur bardagi í huga hans milli öflugrar löngunar að tala um uppáhalds-málefni sitt og einhverrar varkárnis-raddar, sem hvíslaði að honum, að það væri betra að þegja. Leynilygglumadurinn beið einnig all-spentur, og hélt bita á gaffli sínum miðja vega milli disks síns og munnsins.

„Jæja, herrar mínir“, sagði Mitchel loks, „ég skal segja ykkur söguna“. Mr. Barnes stakk bitanum upp í sig og tugði hann ánægjulega. „En áður en ég byrja söguna“, hélt Mitchel áfram, „þá skulum

við drekka saman eitt glas; drekkið þetta rúbín-rauða vín og heitið mér því, að þið skulið ekki segja neinum manni það sem ég segi ykkur. Ég set þetta skilyrði einungis vegna þess, að mig langar ekki til að fá það óþægilega orð á mig, að ég sé að fara með lygasögur, sem vafalaust yrði ef einhver fréttaritari skyldi heyra söguna og birta hana nú, á meðan öllum er þjófnadur gimsteinsins í fersku minni“.

Deir Randolph og Thaurer drukku úr glösum sínum með Mitchel og lofuðu því, sem hann fór fram á. Að því búnu tók Mitchel aftur til máls sem fylgir:

„Til þess að þið kunnið enn betur að meta þennan gimstein, ætti ég að byrja með því að gefa skýringu um rúbína yfir höfuð, útlista fyrir ykkur mismuninn á hinum sönnu austurlenzku rúbínum, sem mjög sjaldgæft er að séu stórir, og hinum lélegri sýnishornum, sem kallast *spinels*. En ef ég gerði það munduð þið bera mér á bryn, að ég væri að raupa af þeirri þekkingu, sem ég hef fengið við að gefa mig við sérkreddu minni. Þess vegna ætla ég að byrja tafarlaust á sögu hins tapaða gimsteins.— Menn vita ekki með vissu hvar þessi rúbín fanst í fyrstu, og ég veit ekki annað um sögu hans framan af en það sem mér hefur verið sagt. Þið getið trúað eins miklu eða litlu af henni eins og ykkur sýnist. Saga rúbínsins byrjar þá um sömu mundir og Moses fanst í sefinu við Nílár-bakka, því dóttir Faraós gaf Móses hann síðar. Dannig fáum vér fyrst fregnir af

honun
ig til
ur þess
fjársgjó
færi.

Egypta
sér það
sérlegt
prestar
og þann
til anna
atriði.

þessara
fullkom
samt, að
hver ann

„Æ
olph fr
um?“

„Ég
chel. „
bætt lit
komst gi
eignaðist
Degar Au
lands-dro
ástríðu þe
gimsteina
finn. D

honum í húsi Egyptalands-konunga. Það var einnig til annar gimsteinn, sem var nákvæmur gagnpartur þessa rúbíns. Farað geymdi þann stein meðal fjársjóða sinna, og bar hann sjálfur við hátiðleg tækifæri. Þegar Móses og Gyðingar fluttu burt af Egyptalandi, höfðu þeir huan tapaða rúbín burt með sér þaðan. Í margar aldir þar á eftir kom ekkert sérlegt fyrir í sögu rúbínsins, en það er sagt að æðstu prestar Gyðinga hafi geymt hann í samkunduhúsinu, og þannig hafi hann gengið í erfðir frá eiani kynslóð til annarar. Ég má ekki gleyma einu einkennilegu atriði. Það þykir mest varið í hinn djúpa, rauða lit þessara steina. Litur hús tapaða rúbíns er nú hinn fullkomaasti, sem til er í veröldinni. En sagan segir samt, að hinir tveir gimsteinar, sem voru gagnpartar hver annars, hafi framan af haft fölan, rórauðan lit.“

„Ætlist þér til að við trúum því,“ greip Randolph fram í, „að liturinn hafi dökknad með tímanum?“

„Ég bið ykkur ekki að trúa neinu,“ svaraði Mitchell. „En það var ekki tíminn, sér álit“ er að hafi bætt lit hans. Þegar Jerúsalems-borg var unnin, komst gimsteinninn í hendur Rómverja, og þannig eignadist Antoníus hinn rómverski hann síðar. Þegar Antoníus var að biðla til Cleopötru Egyptalands-drottningar, uppgötvaði hann hina óstjórnlegu ástríðu þessarar sérlegu konu að eignast dýrðlega gimsteina, og hann var svo djarfur að gefa henni rúbíninn. Þar sem hann óttaðist, að það kynni að verða

auðvelt að rekja það til hans, að hafa gefið henni steininn. Þegar hans yði saknað, sem vafalaust yrði, þá sagði hann henni heimulega frá áformi sínu, og batt steininn þess vegna um hálsinn á dúfu, sem flaug með hann beina leið til hallar Cleóþötru, er beið eftir fuglinum uppi á þaki hallarinnar. Þegar dúfan var nærri komin heim, þá réðst fálki á hana, svo Cleópatra skipaði þinni bogaskyttu sinni að drepa fálkann með ör. Skyttan reyndi að gera þetta, en örin hitti dúfuna, sem féll blæðandi og dauð við fætur drotningarinnar. Hún tók strax gimsteininn, sem var blóði drifinn og litaður djúpum rauðum lit í þv. "

„En, Mr. Mitchel,“ sagði Thauré, „rúbin getur þó vissulega ekki dregið í sig blóð.“

„Þetta er saga gimsteinsins,“ sagði Mitchel, og var hljómurinn í rúdd hans svo einkennilegur, að maður gat nærri smyðað sér, að ást hans á gimsteinum hefði haft svo mikil áhrif á hann, að hann hefði drukkið í sig nokkuð af hjátrúnni viðvikjandi þeim. Hann talaði eins og hann tryði sögunni. Mr. Barnes fór að skilja betur hvað Mr. Randolph hafði meint þegar hann sagði, að löngun Mitchels, að eiga fátægta gimsteina, gæti freistað hans til að drygja glæp. Mr. Mitchel hélt áfram og sagði:

„Ég þarf ekki að hafa uppsöguna um Cleóþötru. Hún er of alkunn til þess. En það er einn atburður, sem hefur ekki verið ritaður í hina algengu sögu um lífsferil hennar. Egypzkur prestur nokkur hefði fengið óstjórnlega ást á henni, og undir augnabliks-

áhrifun
einn da
hún he
hvað he
sem rik
svaraði
líff pitt
alvitrir.
míns, og
Hönni ti
ég gert,
eigið, er
Hann til
rúbinsins
ungs, alt
er í líkka
mér,“ sag
ur skipun
„Pre
stal gims
steininn, k
bragð er þ
ist við rú
að steian l
dúfunnar.
þessi stein
steinninn s
sama lit og

gefið henni
falaust yrði,
mi sínu, og
u, sem flaug
er beið eftir
dúfan var
svo Cleó-
þrepa fálk-
ta, en þrin
við fætur
eininn, sem
um lit í því.“
rúbín getur

Mitchel, og
mailegur, að
á gimstein-
hann hefði
jandi þeim.
Mr. Barnes
hafði meint
að eiga fá-
drygja glæp.

n Cleóþtru.
nn atburður,
gu sögu um
okkur hefði
augnabliks-

Áhrifum dirfðist hann að segja henni frá ást sinni
einn dag, þegar þau voru einsömul. Það virtist sem
hún hefði ofarllítið gaman af ástarhita hans og spurði,
hvað hann, fátækur prestur, hefði að bjóða henni,
sem ríkir konungur sóttust eftir. Í Örvinglan sinni
svaraði hann, að hann gæti gefið henni líf sitt. „Ég á
líf þitt áður, sagði hún. En þið prestarnir þykist vera
alvitrir. Finna handa mér gagapart hins mikla rúbíns
míns, og þá kann ég að hlusta á ástabænir þínar.“
Henni til mostu undrunar sagði maðurinn: „Það gæti
ég gert, ef ég þyrði það. Gimsteinninn, sem þér
eigið, er einungis kominn þangað sem hann á heima.
Hann tilheyrði Faraó ött sinn. Hann átti gagapart
rúbínsins, og gekk hann í ættir frá konungi til kon-
ungs, allt niður til Rómesezar mikla. Gimsteinninn
er í líkkistu hans.“ „Farðu og sæktu hann handa
mér,“ sagði Cleopatra þurlega, og var þetta öllu frem-
ur skipun en bón.

„Presturinn fór öttaleginn inn í pyramíduna og
stal gimsteininum. Þegar hann fékk Cleóþtru
steininn, hrópaði hún upp og sagði: „Hvaða heimsku-
bragð er þetta? Heldur þú að þessi föli steinn jafn-
list við rúbín minn? Presturinn skýrði fyrir henni,
að steinn hennar hefði verið litadur rauður í blóði
dúfunnar. „Ah, það er rétt!“ sagði hún. „Þá skal
þessi steinn einnig fá dýpri rauðan lit. Þú lofaðir
mér að gefa mér líf þitt. Ég heimta það nú, og
steininn skal liggja í biði þínu, þér til hann fær
sama lit og hinn!“ Hún framkvæmdi hóttun sína, og

hinir tveir rúbínar urðu aftur algerlega með sama lit.“

„Hvaða dæmalaus fjarstæða!“ hrópaði Randolph.

„Segið þetta ekki,“ sagði Thaurer; „við getum ekki sagt um, hvað getur komið fyrir í þessari veröldu.“

Mitchel hélt sögunni áfram og sagði.

„Rúbíninn skifti næst höndum þegar Cleópatra fyrirfór sjálfri sér. Ein af þjónustumeyjum hennar stal báðum rúbínunum, en stúlkan var sjálf flutt til Rómaborgar sem fangi og seld þar í þrældóm. Maðurinn, sem keypti stúlkuna, uppgötvaði rúbínana hjá henni og tók þá af henni, og drap hana síðan heimlega, til þess að hún skyldi ekki geta sagt neinum, að hún hefði haft gimsteinana. Síðan hafa rúbínar þessar verið nefndir ‚hinir egypzku gimsteinar.‘ Ég þarf ekki að þylja upp fyrir ykkur hina löngu skrá af morðum, ránum og stuldum, sem hefur átt sér stað í sambandi við hina tvo gimsteina, þó ég hafi skrifaða skýrslu yfir það altsaman, og yfir nöfn allra, sem drepnir hafa verið í sambandi við þá. Ég læt nægja að segja, að í fjöldamörgu ár hafði enginn maður hag af að eignast gimsteinana. Það hefur ætíð verið ómögulegt að selja þá, þar til ég keypti þennan rúbín sem ég gaf Miss Remsen, og er það í fyrsta skifti sem annar þeirra hefur verið boðinn til sölu á ærleggan hátt. Fram að þeim tíma höfðu allir, sem áttu gimsteinana, fmiast stolið þeim eða myrt eigendur þeirra, og þorðu ekki að kannast við að þeir hefðu þá. Annað sérlegt í sambandi við gimsteina þessa

er þ
þeir
í ve
asna
þrát
og s

segið
segja
hver
götvi

„en þ
steina
benda

„
„
gimste
stöðva
ið dre
og pið
var frá
löggeg
og rúb
sem ég
„A
voru í,
þess, að
M

er það, að engum hefur tekist að fela þá svo vel, að þeir fydust ekki. Deir hafa verið faldir milli steina í veggjum, þeir hafa verið saumaðir undir húð & asna. og faldir á ýmsum jafn-ólíklegum stöðum, en þrátt fyrir það hefur næsti þjófurinn ætíð fundið þá og stolið þeim.“

„Ah, þetta er merkilegt,“ sagði Thaurer. „En segið okkur nú hispurslaut, fyrst við höfum lofað að segja engum það sem við heyrum, áltíð þér að einhver sú náttúra fylgi gimsteinunum, að menn uppgötvi þá eins og ósjálfrátt þar sem þeir eru faldir?“

„Ég get ekkert um það sagt,“ svaraði Mitchel; „en það er eitthvað af því, sem sagt er um þessa gimsteina. Og það sem skéð hefur nú nýlega virðist benda í þá átt, að svo sé.“

„Hvað meinið þér?“ sagði Thaurer.

„Jæja, mín vanalega forvitni viðvíkjandi stórum gimsteinum leiddi mig til að fara á aðal-lögreglustöðvarnar þegar þessi kona, Rose Mitchel, hafði verið drepin, eftir að stolið hafði verið frá henni. Eins og þið munið, þá fundust gimsteinarnir, sem stolið var frá henni, skömmu seinna og, eru enn í höndum lögreglunnar. Mér var leyft að skoða gimsteinana, og rúbinninn í samkerfinu er vafalaust maki rúbínsins sem ég átti.“

„Áltíð þér að það, að taskan, sem gimsteinarnir voru í, fanst svo fljótt, hafi átt rót sína að rekja til þess, að rúbinninn var í henni?“ sagði Thaurer.

Mr. Thaurer virtist hafa mjög mikiun áhuga fyr-

ir þessu atriði, en Mitchel ypti að eins öxlum, sem svar upp á spurninguna, þó það virtist ljóst, að hann hefði þetta álit. Mr. Barnes var að brjóta heilann um það, hvort áhugi Thaursets ætti sína að rekja til þess, að þar sem hann hefði stolið gimsteinunum, þá væri hann hissa yfir svo undarlegri skýringu um, hvernig á því stæði, að þeir hefðu fundist svo fljótt á hótelinu, þar sem hann hefði falið töskuna. En næstu orð hans virtust reka þá hugmynd á flóttu. Thaurset sagði sem sé:

„Dér kunnid að hafa trú á pessháttar hlutum, Mr. Mitchel, en ég, sem hef einungis hugmyndir þessara tíma, get ekki trúað á pessháttar hugmyndir. Sá sannleiki, að gimsteinarnir hafa ætíð fundist þegar þeir hafa verið faldir, hefur leitt þá, sem þekkja sögu þeirra, til að villast á viðburða-keðju og álta hana sönnun fyrir yfirnáttúrlegu afli steinanna sjálfra. Ég held að ég gæti hæglega gefið skýringu yfir, hvernig stóð á því, að þeir fundust ætíð þótt þeir væru faldir.“

„Mér þætti vænt um, ef þér vilduð gera það,“ sagði Mitchel.

„Hafið þér ekki lesið Edgar Poe's sögu um bréfið, sem var stolið og falið?“ sagði Thaurset. „Leynilögreglumönnum hefnadist ekki að finna bréfið, þótt það væri altaf fyrir augunum á þeim, en annar maður fann það. Hann fór eftir hinni réttu hugsunarreglu, að með því þjófurinn vissi að að leit yrði gerð, og að fyrst yrði leitað á hinum afskektustu

st
ast
brá
gey
gef
und
að l
þet
um
en f
mað
Deg
tapa
þjófu
nú sy
Thau
á ver
pessu
lögreg
þeir e
bréfið
fundist
slagi se
sett í p
hverfu

stöðum, þá skyldi hann fela það á sem allra einfaldastan hátt. Maðurinn kom inn í herbergin, og fann bréfið í grjóti sem óopnuð bréf voru vanalega geymd í. Þetta er nú gáfulega hugsað, en Mr. Poe gefur okkur dálftin sérstakan málarekstur og um leið undarlegt, sérstakt dæmi. Hann vildi sýna og sanna að leynistaðir væru ekki góðir felustaðir, og sýndi þetta því með sögu sinni. Um leið lýsir hann slingum þjóf, sem leiddi æfða leynilögreglumenn afvega, en faldi samt bréfið á þeim stað, sem fyrsti gáfaður maður fann það strax. Þetta er hið sérstaka dæmi. Þegar hluturinn er smár, eins og á sér stað með hinn tapaða rúbin, þá er einungis einn staður til, sem þjófurinn getur falið hinn stolna mun á “

„Og hvaða staður er það?“ sagði Mitchel, sem nú sýndi að hann var farinn að hafa áhuga fyrir tali Thaurets.

„Á sér sjálfum, því þú gat þjófurinn ætíð verið á verði fyrir leitarmönnum,“ sagði Thauret.

„Ó, þér gleymdið því, að Edgar Poe gerði fyrir þessu,“ sagði Mitchel. „Hann lætur dularklædda lögreglumenn sitja fyrir þjófunum í sögu sinni, og þeir eru látnir binda þjófinn og leita á honum. Ef bréfið hefði verið á honum, þá hefði það vissulega fundist.“

„Alls ekki,“ sagði Thauret. „Bréfið var í umslagi sem hafði verið snúð, og síðan hafði það verið sett í póstinn, svo að póstmarkið var sett á ranghverfu umslagsins. Þetta vörudust leynilögreglu-

mennirnir ekki þegar þeir skoðuðu í bréfa-grindina. Detta hefði einnig leitt þá afvega þegar þeir leituðu í vösum þjófsins, ef bréfið hefði verið þar saman við önnur bréf, sem einnig var skrifað utan á til hans. Ef bréfið hefði hinsvegar verið í vösum þjófsins, þá hefði maðurinn, sem loks fann það, ekki fundið það á þann hátt að gera hávaða úti á stræti, og þannig draga að sér athygli mannsins, sem stóð við glugganar. Það hefði jafnvel orðið örðugt fyrir hann að geta sér til, að bréfið væri í vösum þjófsins. Auk þess væri þetta léttur leikur hvað rúbininn snertir, með því hann er hlutur sem maður getur losað sig við án nokkurs fyrirvara.“

„Það er alveg satt,“ sagði Mitchel, „en——“ Hann pagnaði eitt augnablik og virtist vera í þöknunum. En hann náði sér brátt aftur og sagði: „Hvað var ég að segja? Ég hef mist þráðinn í samtali okkar.“

„Mr. Thuret var að gefa í skyn, að þjófurinn gæti geymt rúbininn á sér,“ sagði Randolph.

„Já, einmitt það,“ sagði Mitchel. „Ég man það nú. Jæja, ég segi þá að það það væri mjög varasamt. Ef ég hefði stolið gimsteininum, eins og þér gáfuð í skyn að ég hefði gert, Randolph, þá álit ég að ég hefði kunnad betra ráð en það.“

„Ah, það er farið að verða gaman að þessu,“ sagði Randolph. „Segið okkur -nú hvernig þér munduð hafa falið gimsteininn, ef þér hefðuð tekið hann?“

„Þetta er of bein spurning,“ sagði Mitchel. „Ég vil ekki svara henni. Veggirnir hafa stundum eyru, eins og þér vitið. Hann sagði þetta á svo einkennilegan hátt, að Randolph varð ekki um sel sem söðggvast. En Mitchel hélt þá strax áfram og sagði: „En ég skal nú samt segja ykkur það, að þjófurinn, hver sem hann er, skal ekki hafa neitt gagn af stuldinum.“

„Dví ekki?“ sagði Thaurer.

„Vegna þess, að það eru engir aðrir gimsteinar, en þessir tveir, í allri veröldinni, sem hafa jafn algerlega fullkominn lit eins og þeir. Sannleikurinn er, að þessir tveir steinar eru mælikvarðinn, sem allir aðrir rúbínar eru virtir eftir. Dví er haldið fram, að talshátturinn, dúfu-blóðs rúbín, eigi rót sína að rekja til þess, að annar af þessum gimsteinum fékk hinn djúpa blóðlit sinn á þann hátt, sem ég hef skýrt frá. Gimsteina-kaupmenn skera stundum dúfur á háls, til þess að bera saman litinn á blóðinu og lit rúbínanna, sem þeir eru að verðleggja. Þetta þýðir það, að það er ekki hægt að selja hinn stolna gimstein í hinni núverandi mynd hans, vegna þess, að hann mundi strax þekkjast, og ég hef látið alla hina meiri gimsteina-kaupmenn vita, að hinum „egyptzka rúbín“ mánnum hafi verið stolið. Ef einhver reyndi að láta skera rúbíninn sundur í smærri steina, þá mundi gimsteina-slíparinn strax segja frá því, vegna þess að verðlaunin, sem ég hef boðið, eru miklu hærra en borgunin sem hann fengi fyrir að skera rúbíninn sundur og slípa stykkinn upp aftur.“

„Setjum svo, að þjófurinn sjálfur væri gimsteina-skurðar-maður?“ sagði Thaurer.

„Jafnvel þó svo væri, mundi hinn fullkomni litur steinsins sýna sérhverjum gimsteina-kaupmanni, sem brotin af rúbíninum væri boðin til kaups, að hinn ‚egypzki gimsteinn‘ hefði verið skorinn í sundur og slípaður upp,“ sagði Mitchel.

„Þjófurinn gæti nú samt verið mjög polinmöður maður, og sá nær ætíð takmarki sínu, sem kann að bíða,“ sagði Thaurer.

„Það er satt,“ sagði Mitchel. „En minnst þeirra orða minna, að sá, sem nú hefur hinn ‚egypzka gimstein,‘ mun aldrei selja hann.“

„Einkum ef sá maður erud þér sjálfur,“ sagði Randolph.

„Einmitt það,“ sagði Mitchel.

Samtalið leiddist nú að öðrum efnum, og skömmu síðar var miðdagsverðurinn á enda og hinir þrír menn skildu.

Rétt þegar Mr. Barnes var í þann veginn að fara út úr hinni miklu borðstofn, afhenti einn af þjónum honum miða. Mað því hann áleit, að miðinn væri frá Mr. Randolph, oppaði hann miðann tafarlaust og las það sem fylgir, mjög undrandi:

„Þegar Mr. Barnes er á hleri í næsta skifti, þá ætti hann að athuga nákvæmlega, hvort spegill sýoir það sem er beggja vegna við tjald, sem hann kann að álíta að skyli honum.

MITCHEL.“

„Fjandinn hafi það nú alt sama,“ tautadi Barnes við sjálfan sig. „Mér þætti fróðlegt að vita, hvað langt samtalinu var komið þegar hann uppgötvaði, að ég var hinumeginn við tjaldið. Var niðurlag ræðu hana, það, að hann hefði aðvarað alla gimsteina-kaupmenn, talað mér til sé:stakra hagsmuna, til þess að koma mér til að álfta, að einhver annar en hann sjálfur hefði stolið gimsteininum? Ef svo var, hvers vegna lætur hann mig nú vita að hann sé mig?“

Arnjotun B. Olson

XIII. KAPÍTULI.

MR. BARNES FER SUÐUR.

Mr. Barnes fór nú að gera vissar rannsóknir við vikjandi fortíð Mr. Alfonsæ Thauræts. Þegar hann fékk að vita af gestaskránni á Hoffman House, hvaða dag hann hefði fyrst komið á hótelið, þá sá hann, að það var hér um bil mánuði áður en Þjófnadurinn var framinn á járnbrautar-lestinni. Mr. Barnes hafði upp á „express“-manninum, sem hafði flutt farangur Thauræts á hótelið, og fékk þannig að vita, að farangurinn hafði komið af ensku gúfuskipi nokkru, en samt var nafnið Thauræt ekki á farþega-krá skipans. Þar sem það var nú samt áreiðanlegt, að hann hafði komið til New York með nefnu skipi, þá var

augljóst, að nafnið „Thauret“ var ekki hans rétta nafn, heldur nafn sem hann hafði tekið sér eftir að hann kom til New York. Mr. Barnes tók afskrift af farpega-skránni, til athugunar síðar. Hann leitaði á farpega-skrám allra skipa, sem komið höfðu til New York í tvo mánuði næst á undan að Rose Mitchel var myrt, en fann hvergi nafn hennar.

Þar sem Mr. Barnes áleit, að Thauret hefði einhver mök við vini sína í útlöndum og hélt, að hann gæti fengið einhvern leiðarvísi af póstmörkunum á þvílíkum bréfum, þá setti hann út menn til að athuga bréf hans. En þótt skrifarinn á hótelinu (Hoffman House) gæfi honum daglega skýrslu um bréf Thaurets svo vikum skifti, þá kom ekkert bréf til hans frá útlöndum. Hvað peninga snerti, þá virtist Thauret hafa nóg af þeim, því hann borgaði fyrir herbergi síu og fæði reglulega með ávísunum á þjóðbanka, sem var skamt frá hótelinu, og sem leynilög-reglumáðurinn fékk upplýsingar um að hann hefði lagt mörg þúsund dollara inn á.

Eftir að hafa þannig gert langar rannsóknir, varð Mr. Barnes eyðilagður yfir að þurfa að játa fyrir sjálfum sér, að hann hefði ekki uppgötvað neitt annað en það, að Mr. Thauret hafði komið yfir um hafið undir öðru nafni en því, sem hann gekk undir í New York, og jafnvel þetta sannaði mjög lítið.

En þótt Mr. Barnes mishepnudust tilraunir sínar í þessu efni, þá hepnudust honum tilraunir sínar í aðra átt, sem hann hafði gert á sama tíma. Þessar

r
h
s
h
L
m
fá
ho
hö
sen
kon
sen
kon
hátt
bók
þess
múta
mitt
upp
til að
I
bók,
heppi
Aven
Mr. M
væri u
Da
möðleg
Barnes

rannsóknir voru gerðar í þeirri von að uppgötva, hvar hin unga stúlka, Rose Mitchel, var niður komin, stúlkan, sem hafði verið svo fimlega falin. Hann hafði lagt fyrir Lucette hvað hún skyldi gera, og Lucette, sem var mjög umhugað um að komast sér í mjúkinn við Mr. Barnes, hafði gert sitt ýtrasta til að fá þær upplýsingar, sem hann vildi fá. Það, sem honum var umhugað um að ná í, var sýnishorn af rithönd Rose litlu Mitchel. „Farið aftur í húsið, þar sem hún var“, hafði Barnes sagt við Lucette, „og komist aftur í kunningsskap við sömu vinnukonuna, sem kom til dyranna og þér töluðuð við þegar þér komuð þangað fyrst. Utvegið þannig á einhvern hátt sýnishorn af rithönd Rose litlu. Gömul skrifbók dygði ágætlega í þessu skyni“. Lucette fylgdi þessum fyrirskipunum bókstaflega, og með því að múta vinnukonunni á stúlkna skólanum náði hún einmitt í það, sem leynilögreglumáðurinn hafði stungið upp á, skrifbók, sem Rose litla Mitchel hafði notað til að æfa sig á við skrift.

Þegar Mr. Barnes var búinn að ná í þessa skrifbók, klypti hann úr henni sýnishorn, er hann áleit heppilega, og mútaði síðan póstpiltinum á Fifth Avenue-hótelinu til að skoða nákvæmlega öll bréf til Mr. Mitchels, þar til hann fyndi bréf sem skrifað væri utan á með sömu rithönd og var á sýnishorninu.

Það var ekki fyren í marz mánuði, að þetta polinmöðlega verk bar nokkra ávexti. Þá lét pilturinn Barnes vita það einn góðan veðurdag, að þetta bréf,

sem hann hefði svo lengi átt von á, væri loks komið. Póstmarkið á bréfinu sýndi, að það hafði verið sett í póstin í smábænum East Orange, í New Jersey-riki.

„Nú, svo það er staðurinn, sem unginn er falinn á“, sagði Mr. Barnes við sjálfan sig, þegar hann fékk þessar upplýsingar. Síðan gerði hann Lucette boð að finna sig, og sendi hana til East Orange. Hann gaf henni eftirfylgjandi fyrirskipaþir:

„Hana nú, stúlka mín, ég ætla að gefa yður eitt tækifæri enn til að bæta fyrir brot yðar. Þér skuluð fara til East Orange og hafa upp á hinni ungu Rose Mitchel. Líklegasti staðurinn, til að komast á snöðir um hvar hún er niður komin, er pósthúsið þar. Ég skal láta yður hafa miða til póstmeistarans, sem mun verða yður að liði. Ef annaðhvort Mitchel eða Miss Remsen skyldi skrifa stúlkunni, þá mun póstmeistarinn láta yður vita það. Hið annað verður auðvitað létt fyrir yður.“

„En setjum svo“, sagði Lucette, „að bréfin til Rose litlu verði send til hennar í umslagi til fólksins, sem hún er til heimilis hjá, hvað á ég þá að taka til bragðs?“

„Nú, heimskingi, ég sendi yður einmitt þangað til þess að ráða fram úr því“, sagði Barnes. „Með því póstmeistarinn þar er kunningi minn, þá gæti ég fengið utanáskriftina, ef skrifað væri utan á bréf til hennar, án þess að senda yður þangað. En ég hef litla von um, að skrifað verði utan á bréf til hennar sjálfrar. Við vitum, að stúlkan er í East Orange;

pa
ið
syn
ekk
fran
part
yðar
áður
aðrin

og f

Orlea
Mitch
liðu v
M
bergi
gengið
væri á
litið á
og var
„M
lögregl
Charles
uppi af
líklegt
bráðum
leynilög
kænsku
nokkurn

þar er einungis ákveðinn fjöldi af húsum. Þér verð
ið að rannsaka hvert einasta af þeim, ef það er nauð-
synlegt. Farið nú yðar leið, og ef þér uppgötvið
ekki stúlkuna, þá hef ég ekkert með yður að gera
framar. Ég læt yður hafa þetta ætlunarverk sum-
part til þess, að þér getið bætt fyrir fyrri yfirsjón
yðar, og sumpart af því, að þér hafið séð stúlkuna
áður og eigið því hægra með að þekkja hana, en
aðrir“.

„Ég skal áreiðanlega finna hana“, sagði Lucette
og fór sína leið.

Að viku liðinni var Mr. Barnes kominn til New
Orleans, og var að reyna að komast eftir hver æfisaga
Mitchels og hinnar myrtu konu hefði verið þar. Það
liðu vikur á þess að honum yrði nokkuð ágengt.

Morgun einn seint í aprilmánuði sat hann í her-
bergi sínu og var að hugaa um, hve illa honum hafði
gengið í þessu máli, og var ekki laust við, að hann
væri að láta hugfallast útaf þessu, en þá varð honum
litið á smágrein í blaðinu *Picayune*, sem hann hélt á
og var að blaða í, og hljóðaði greinin sem fylgir:

„Mr. Barnes, hinn nafntogaði New York-ley-
ni-lögreglumaður, er hér í borginni og heldur til á St.
Charles-hótelinu. Það er álitð, að hann sé að leita
uppi afar-hættulegan glæpamann, og það er ekki ó-
líklegt að þeir, sem unna þessháttar íréttum, fái
bráðum að heyra söguna um það, hvernig hinn frægi
leynilögreglumaður hefur með fimleik sínum og
kænsku kastað ljósi á leyndardómsfullan glæp-
nökkurn“.

Grein þessi vakti bæði gremju og undrun hjá Mr. Barnes. Hann hafði ekki sagt nokkrum manni í New Orleans hið sanna nafn sitt, og gat því ekki gizkað á, hvernig fréttaritararnir höfðu uppgötvað hver hann var. Á meðan hann var að brjóta heilann um þetta, var honum fært nafnspjald, sem á var rit- að nafnið

„Richard Sefton“.

Mr. Barnes mælti svo fyrir, að gestinum yrði vísað til herbergisins, og að dálitilli stundu liðinni kom ókunungur maður inn í herbergið. Hann var dökkur að yfirlit, svarthærður, mógýgður og virtist vera um 35 ára að aldri. Maðurinn hneigði sig kurteislega og sagði:

„Ég ált að þér séuð Mr. Barnes“.

„Fáið yður sæti, Mr. Sefton“, sagði Barnes purlega, „og segið mér síðan hvers vegna þér áltið að ég sé Mr. Barnes, þar sem nafn mitt á gestaskrá hótelsins er James Morton“.

„Ég ált ekki að þér séuð Mr. Barnes“, sagði komumaður og tók sér sæti alveg ófeiminn. „Það var ónákvæmt hjá mér, þegar ég komst þannig að orði. Ég veit að þér eruð Mr. Barnes“.

„Ó, vitið þér það!“ sagði Barnes. „En, með leyfi að spyrja, hvernig vitið þér að ég er Mr. Barnes?“

„Af því að það er starf mitt, að vita hverjir menn eru“, sagði Sefton. „Ég er leynilöggræglumaður eins og þér sjálfur. Ég er hingað kominn til að aðstoða yður“.

„Dér kominn til að aðstoða mig!“ sagði Barnes.
 „Dað er vissulega vel gert af yður. En fyrst þér eruð svo afar-slingur, þá hafð þér ef til vill ekkert á móti að segja mér, hvernig þér vitið að ég þarfnast aðstoðar yðar, og í hverju tilliti.“

„Mér er mesta ánægja í að gera það“, sagði Sefton. „Dér þarfnist aðstoðar vegna þess—fyrirgefnið að ég segi það—að þér eruð að rannsaka mál sem tíminn er yður mjög dýrmætur í, og þér hafð þegar eytt hér um bil sex vikum til ónýtis. Ég segi eytt þeim til ónýtis, því þér hafð ekki komist að neinu, sem verður yður að gagni í leit yðar.“

„Í leit minni að hverju?“ sagði Barnes.

„Dér eruð ekki sérlega vingjarnlegur, Mr. Barnes“, sagði Sefton. „Dáltil bróðurleg kurteisiseftti þó að eiga sér stað milli okkar. Ég kem til yðar sem vinur, og langar einlæglega til að aðstoða yður. Ég hef vitað í nokkurn undanfariann tíma, að þér voruð hér í borginni. Og ég hafði auðvitað haft sögur af yður áður. Hvaða leynilögreglu maður er til, sem ekki hefur heyrt um yður? Ég eyddi þess vegna heilmiklu af fristundum mínum í að hafa auga á yður. Ég gerði það til þess að sjá, hvernig þér höguðuð rannsóknum yðar, og til þess ef til vill að læra eitthvað af aðferð yðar. Á þennan hátt komst ég að því, í fyrsta lagi, að þér eruð að gera rannsóknir viðvskjandi nafninu Mitchell, og, í öðru lagi, viðvskjandi nafninu Leroy. Ég hef blátt áfram lagt tvo og tvo saman og getið mér til, að þér séuð að

reyna að fá einhverjar upplýsingar um Leroy Mitchell. Hef ég rétt fyrir mér í þessu?“

„Áður en ég svara spurningu yðar, Mr. Sefton, verð ég að fá einhverjar frekari sannanir fyrir, að þér viljið mér vel og að þér séuð maður æm mér er óhætt að treysta“, sagði Barnes. „Hvernig á ég til dæmis að vita, að þér séuð leynilögreglumadur?“

„Það er alveg satt“, sagði Sefton. „Hérna er einkenni mitt. Eg tilheyrir deildinni hér í borginni.“

„Það dugir, eins langt og það nær“, sagði Barnes, „en hvernig getið þér sannað mér, að þér hafið gilda ástæðu til þess að aðstoða mig?“

„Dér eruð maður sem erfitt er að hjálpa, það veit hamingjan“, sagði Sefton. „En hvaða annað augnamid gæti ég haft en vinsamlegt augnamid?“

„Ég er ekki reiðubúinn til að svara þeirri spurningu“, sagði Barnes. „Ég get ef til vill gert það síðar“.

„Jæja, þá!“ sagði Sefton. „Dér getið leitað yður allra þeirra upplýsinga um mig, sem þér viljið. Ég þoli það vel, það megid þér vera viss um. En sannleikurinn er, að mig langaði til að hjálpa yður, þó ég hafi auðvitað engan rétt til að troða mér upp á yður. Þar sem þér segið, að þér þurfið mín ekki með, þá ætla ég——“

„Ég sagði ekki, að ég vildi ekki þiggja aðstoð yðar“, greip Mr. Barnes fram í. „Dér megid ekki álitá mig ruddalegan. Ég er blátt áfram leynilögreglumadur, og er varkár af vana. Ég mundi auð-

vita
fyrir
fyrir
með
myn
að m
Ef y
hver
strax
sækj
ad sa
„Ég á
svo er
að fáu
verst,
hér í b
„V
giers,
inu þar
eina ást
fonna ha
væði a
peninga
„V
spurði E
„Já
segja, ég

vitað ekki tala í trúnaði við mann, sem ég hittí í fyrsta skifti, og þannig gera honum kunnar nokkrar fyrirætlanir mínar. En það er öðru máli að gegna með yður. Þér hljótið að hafa haft ákveðna hugmynd um, í hveru hátt þér búist við að geta aðstoðað mig, því aðvarna hefðuð þér ekki komið til mín. Ef yður er alvæla og þér viljið mér vel, þá sé ég ekki hvers vegna þér getið ekki upplýst mig um það nú strax, hvert aðal-augnamið yðar var með að heim-sækja mig.“

„Það skal ég gera, þó ekki væri til annars en að sanna að tilgangur minn er góður,“ sagði Sefton. „Ég ált að þér séuð að leita að Leroy Mitchel. Ef svo er, þá get ég bent yður á veg til að finna hann að fáum klukkutínum liðnum eða, ef alt gengur sem verst, að einum eða tveimur dögum liðnum.“

„Vitið þér af manni, sem heitir Leroy Mitchel, hér í borginni?“ sagði Barnes.

„Já,“ svaraði Sefton. „Hann á heima yfir í Algiers, og vinnur í einu járnbrautarvagna-verkstæðinu þar. Hann er reglulegt fyllisvín, og það er eina ástæðan fyrir, að það kynni að verða örðugt að finna hann. Þegar hann er ódrukkinn, er enginn værdi að finna hann, en strax og hann nær í nokkra peninga, legst hann strax í drykkjuskap.“

„Vitið þér af konu, Rose Mitchel að nafni?“ spurði Barnes.

„Já, vissulega,“ svaraði Sefton. „Það er að segja, ég þekki eittsinn konu með því nafni. En

hún hefur ekki verið í New Orleans svo árum skiftir. Það var sú tíð, að nærri hver sem var hér í borginni hefði getað vísað yður á hana. Ég sé nú að þetta er maðurinn, sem þér viljið finna, því hann var eittsinn talinn að vera eiginmaður þessarar konu.“

„Eruð þér vissir um það?“ sagði Barnes.

„Alveg viss um það,“ svaraði Sefton.

„Hvar og hvenær get ég fundið þennan mann?“ sagði Barnes.

„Hann vinnur í verksmiðjum Louisiana & Texas járnbrautarfélagsins yfir í Algiers,“ sagði Sefton. „Dér getið fundið hann á þann hátt, að snúa yður til verkstjórans.“

„Mr. Sefton, það má vera að þér hafið gefið mér upplýsingar sem verði mér að gagni,“ sagði Barnes. „Ef að reynist mér þannig, þá skulið þér ekki þurfa að ídrast þess. Ég ætla að rannsaka þetta atriði sjálfur. Dóttir mín er ekki geri yður að trúnaðarmanni mínum sem stendur, þá verðið þér að álta, að orsökkin til þess sé öllu fremur varkárni, en vantraust á yður.“

„O, það er ekki léttur leikur að koma mér til að þykkið,“ sagði Sefton. „Ég mundi fara eins að og þér gerið, ef ég væri í yðar sporum. En þér munuð komast að raun um, að ég er vinur yðar. Dér megið treysta því, að ég hjálpi yður, hvenær sem þér heimið það af mér. Ég ætla mér ekki að gera yður ónæði afur, fyr en þér sendið eftir mér. Ef þér sendið mér miða á aðalstöðvar lögreglunnar, þá kemst hann fljótast til mín. Og verið þér nú sælir.“

„Verið þér sælir, Mr. Sefton, og þakka yður fyrir,“ sagði Barnes og rétti honum höndina, því honum fanst, að hann hafa ef til vill verið óþarflega ókurteis við gest sinn.

Mr. Sefton tók í hönd hans með hlylegu vinarbrosi, sem er svo algengt hjá hinum innfæddu Suðurfkjá mönnum.

Degar Barnes var orðinn einsamall, fór hann strax að búa sig undir ferð yfir til Algiers, því hann var fastákvæðinn í því, að eyða ekki meiri tíma til ónyttis. Hann kom yfir til verksmiðjanna rétt eftir að mennirnir vora hættir að vinna og farnir til miðdagsverðar. En verkstjórinn sagði honum, að Leroy Mitchel hefði unnið þar fyrripart dagsins og mundi vinna seinnipartinn, svo Mitchel beið polinmóður.

Degar verkamennirnir komu til baka kl. 1, benti verkstjórinn Barnes á mann, sem hann sagði að væri Leroy Mitchel. Þessi náungi var svipljótur, og ef hann hafði nokkurn tíma á æfinni verið þrúðmenni, þá hafði hann fallið svo lágt af drykkjuskap, að hann bar þess engin merki framar. Mr. Barnes gekk að mannum og spurði, hvenær hann gæti fengið að tala við hann. „Nú strax, ef þér borgið fyrir það,“ sagði maðurinn ósvífnillega.

„Hvað meinið þér?“ spurði Barnes.

„Ég meina einmitt það sem ég segi,“ svaraði maðurinn. „Okkur er borgað hér eftir klukkutímanum, sem við vinnum, svo að ef þér viljið fá nokkuð af tíma mínum, þá verðið þér að borga fyrir hann

samkvæmt kaup-taxta verkamanna-félagsins," sagði maðurinn og hló, eins og hann hefði komið með einhverja sérlega myndni.

„Jæja," sagði Barnes, sem strax sá hverskyns maður það var, er hann átti við, „ég skal þá vista yður til að vinna verk, sem ég hef handa yður, og borga yður tvöfalt kaup á meðan þér vinnið fyrir mig.“

„Nú eruð þér að tala af viti," sagði maðurinn. „Hvort eigum við að fara?“

„Ég held ég megi fara með yður á hótelið, sem ég gisti á," sagði Barnes. Og með því maðurinn var þessu samþykkur, fóru þeir þangað. Dagar Barnes var aftur kominn upp á herbergi sitt, var hann á-nægðari, og maðurinn gerði sig vafalaust heimakominn þar, því hann valdi sér ruggustól, til að sitja í, og hvíldi fæturna á gluggastokknum.

„Jæja, þá," tók Barnes til máls, „mig langar til að spyrja yður nokkurra spurninga. Eruð þér reiðubúinn að svara þeim?“

„Það er undir því komið hverjar þær eru," svaraði maðurinn. „Ef þér spyrjið ekki neinna ósvífinna spurninga, eða spurninga sem ég ált ekki meira virði að svara en nemur hinu tvöfalda klukkutíma-kaupi, er þér hafið lofað mér, þá er ég til að svara.“

„Gott og vel," sagði Barnes. „Viljið þér þá segja mér, hvort þér hafið nokkurn tíma þekt konu sem kallaði sig Rose Mitchel?“

„Nú, það er ekki laust við það," sagði maður-

in
ey

um

dái
und
Bar

stur
Svo
legt
tekt.

„Kon
er ég
þeim
þeim.

”
beið ó
hann v

”
til þess
sagði I
hann e
fyrir að
stæðan

inn. „Ég bjó saman við hana þangað til hún hafði eyðilagt mig.“

„Vitið þér hvar hún er nú?“ sagði Barnes.

„Nei, það veit ég ekki, og kæri mig heldur ekki um að vita það,“ svaraði maðurinn.

„Setjum svo, að ég segi yður, að hún væri dáin, og að hún hefði látð eftir sig eitt hundrað þúsund dollara, sem enginn gerir kröfu til?“ sagði Barnes.

Maðurinn stókk á fætur eins og hann hefði verið stunginn, og stóð og glápti á leynilögreglumanninn. Svo blfstraði hann lágt og langdregið, og slægðarlegt leiftur kom í augu hans, sem Barnes veitti eftirtekt. Löks tók maðurinn til máls og sagði:

„Þú engir brekkir undir þessu?“

„Ég er að segja yður sannleikann,“ sagði Barnes.

„Konan er dauð, og eignir, sem nema upphæðinni, er ég nefndi, eru þar sem ég get náð þeim handa þeim manni sem sannar, að hann sé réttur erfingi að þeim.“

„Og hver skyldi það vera?“ sagði maðurinn og beið ópolinnóður eftir svarinu, en Mr. Barnes sá, að hann var hér að spila út góðum trompum.

„Nú, Mr. Mitchel, ég er einmitt hingað kominn til þess að komast eftir, hver er hinn rétti erfingi,“ sagði Barnes. „Ég fýndaði mér að hann, hver sem hann er, mundi verða viljugur til að borga mér vel fyrir að sanna, að hann væri erfinginn, og það er á staðan fyrir, að ég er að leita að honum. Ég lagði

stað með þá hugmynd í höfðinu, að ég kynni að finna mann hennar. Hann mundi hafa löglega kröfu til arfsins“.

„Ég skil sta,“ sagði maðurinn, settist niður og virtist ver djúpum þakum. Leynilögreglu- maðurinn áleit bezt að biða eftir, að maðurinn tæki aftur til máls, sem hann gerði líka brátt.

„Heyrið þér mig,“ hrópaði hann, „hvað mikið viljið þér fá fyrir að útvega mér þessa peninga?“

„Ég get alls ekki útvegað yður þá nema með því móti, að þér séuð eiginmaður hinnar dáu konu,“ sagði Barnes.

„Jæja, ég er eiginmaður hennar,“ sagði maðurinn. „Sagði ég yður eldri, að ég bjó saman við hana þangað til hún eyðilagði mig?“

„Já, en voruð þið löglega gift?“ spurði Barnes.

„Nú, auðvitað,“ sagði maðurinn. „Hef ég ekki sagt yður, að ég er eiginmaður hennar?“

„Þá tek ég yður fastann í nafni réttvísinnar,“ sagði Barnes. ur leiⁿ og hann stökk skyndilega á fætur og stóð yfir manningum.

„Takið mig fastann,“ sagði maðurinn og stökk á fætur, náföður af ötta. „Fyrir hvað?“

„Rose Mitchel hefur verið myrt, og maðurinn, sem drap hana, hefur svarað þér hafið leigt hann til þess,“ sagði Barnes.

„Hann er búvaður lytill“ sagði maðurinn.

„Ég vona, yðar vegna, að svo sé,“ sagði Barnes. „En þar sem þér jatið, að þér séuð eiginmaður hennar, þá eruð þér maðurinn sem ég er að leita að. Ég

verð að fara með yður til New York“.

„En, heyrðu mig“, sagði maðurinn, sem nú var orðinn lafhræddur, „hér er stórkostlegur misskilningur á ferðum. Ég hef verið að ljúga að yður; ég er ekki eiginmaður konunnar, og ég heiti ekki Mitchel“.

„Þessi saga hjálpar yður ekki, kunningi“, sagði Barnes. „Mr. Sefton, leynilögreglu maðurinn hér í borginni, bentu mér á yður“.

„En hann er einmitt maðurinn sem leigði mig til þess, að fá yður til að halda, að ég væri Mitchel“, sagði manntetrið.

Mr. Barnes hló með sjálfum sér þegar hann sá hve vel bragð hans hafði hepnast. Hann hafði altaf grunað, að New Orleans-leynilögreglu maðurinn væri að leiða sig afvega, og nú sá hann tækifæri til að koma með krók á móti bragði og ná í dýrmætar upplýsingar.

„Þetta er mjög ótrúleg saga“, sagði Barnes því, „en ef þér segid mér allt, sem þér vitið, þá má vera að ég trúi yður“.

„Þér getið reitt yður á, að ég skal segja yður upp alla söguna eins og hún er, til þess að komast úr þessari klípu“, sagði maðurinn. „Fyrst og fremst er hið rétta nafn mitt Arthur Chambers. Ég var eitt sinn talsvert ofarlega í mannfélaginu, átti almikla peninga og var heiðarlegur maður. En deyðju-skapur breytti öllu saman. Nú getur hver sem er keypt mig fyrir fátíða dollara, og það er einmitt það sem Sefton gerði. Hann kom til mín fyrir hér um

bil viku síðan og sagði mér, að hingað í borgina væri kominn leynilögreglumaður úr Norðurríkjunum, sem væri að nasa eftir þessum Mitchel. Hann sagði, að það væri þýðingarmikið fyrir mann sem hann þekti í New York, að hindra rannsóknir þessa leynilögreglumanns að norðan; að hann hefði verið fenginn til að gera það; að því væri einhvern veginn svo varið, að það væri þýðingarmikið að hefja tímann sem mest“.

„Dér segið“, greip Barnes fram í fyrir manningum, „að Sefton hafi sagt yður, að hann væri leigður til þess af einhverjum í New York, að leiða mig á villistigu?“

„Það er einmitt það sem hann sagði mér“, svaraði Chambers. Mr. Barnes var ekki í neinum vandræðum með að gizka á, hver hefði leigt Sefton til að gera þetta, og enn einu sinni dáðist hann að varkárni og kærsku-ráðum Mr. Mitchels.

„Haldið áfram“, sagði Barnes.

„Sagan er nærri búin“, sagði Chambers. „Sefton leigði mig til að látast vera Mitchel, og hann sagði mér reglulega trúllasögu um konu nokkra, Rose Mitchel að nafni, og átti ég að koma yður til að gleypa söguna“.

„Hvernig var sagan?“ spurði Barnes.

„Heyrið mig“, sagði Chambers, sem hafði nú aftur náð sjálfstrausti sínu og lægð við það, að hann var úr allri hættu fyrir að vera tekinn fastur, „þér kærðið yður ekki um þá trúllasögu. Dér vilduð miklu fremur heyra hina sönnu sögu, eða er ekki svo?“

„Auðvitað“, sagði Barnes.

„Jæja, ég er gamall í hettunni hér, það er ég vissulega“, sagði Chambers. „Það hafa ekki margir hlutir skeð í hálfmína-bænum (New Orleans), sem ég gæti ekki munað, ef mér væri borgað nógu vel fyrir það.“

„Heyrið mig, kunningi, þér eruð ekki að eiga við Sefton nú“, sagði Barnes. „Segið mér það sem ég vil fá að vita, og ég ef sannfærist um að það, sem þér segið mér, sé sannleikur, þá borga ég yður fyrir það. En ef þér reynið að leika á mig, þá skal ég svei mér velgja yður.“

„Ég er ánægður með þetta“, sagði Chambers. „Setjum þá svo að ég byrji á því, að segja yður, að þessi Rose Mitchel, sem þér segið að hafi verið myrt, þektist hér aðallega með nafninu Rose Montalbon. Hún var vanalega kölluð ‚La Montalbon‘ hér syðra.“

„La Montalbon?“ át Barnes eftir hinum. „Var hún þá leikkona?“

„Leikkona?“ át Chambers eftir. „Jæja, ég býst við að hún hafi verið það, talsvert. En ekki í leikhúsi eða á leiksviði. Nei, hún hafði peningaspilshelvíti á Royal-stræti. Og það var skrautlegt sem konungshöll, og margur ungur heimskingi tapaði hinum síðasta fimm centa peningi sínum í því húsi.“

„En hvað hafið þér að segja um Mitchel?“ sagði Barnes. „Vitið þér hvort hann stóð í nokkru sambandi við hana?“

„Ég get ekki sagt yður það alveg fyrir vist“

sagði Chambers. „Dað var eitthvað leyndardómsfult við það. Ég fór oft í þetta hús á Royal-stræti, og ég þekti Mitchel að vissu leyti. Hann var æfinlega að flækjast þar. Svo sást hann þar ekki um tíma, og svo kom hann aftur í leitirnar og var þá kallaður eiginmaður La Montalbon's. Sú saga gekk, að hann hefði verið giftur annari stúlku, en yfirgefið hana. Ég held að hún hafi verið ung *creole** stúlka, en ég heyrði aldrei nafn hennar“.

„Heyrðu þér getið um nokkurt barn, stúlku-barn?‘ sagði Barnes.

„Dað var annað undarlegt atriði í þessu máli“, sagði Chambers. „Dað var til stúlkubarn, sem nefndist Rose. Sumir sögðu að *creole*-stúlkun ætti það, en La Montalbon staðhæfði ætíð að hún ætti það“.

„Hvað varð um Mitchel?“ spurði Barnes.

„Hér um bil ári eftir að farið var að kalla Mitchel mann hennar La Montalbon, strauk hann burt—hvarf“, sagði Chambers. „Nokkrum árum seinna kom annað undarlegt fyrir. Barninu var stolið. La Montalbon bauð há verðlaun fyrir að fá það aftur, en hún fékk það aldrei. Fyrir hér um bil þremur árum síðan fór apilahúsi hennar að hnigna; hún fór að tapa peningum á því, og svo hvarf hún að lokum“.

„Ef þessi saga er sönn, þá getur hún verið býana þýðingarmikil“, sagði Mitchel. „Haldið þér

*) *Treoles* nefnist fólk sem fætt er í Suðurríkjunum, af spönskum foreldrum.—RITSTJ. LÖGB.

að þ
han

Cha
men
einn

„Dei
Ég þ
sem r
og þe
mér fi
verið
ég ge

„
„

svarað
creole-
bandi v
ið á v
hvað un
um þen
því hún
hann til

„G
húsnúm
getið fer
piltinn.

að þér þektuð þennan Mitchel aftur, ef þér sæjuð hann?“

„Ég get ekki sagt um það fyrir vist“, svaraði Chambers. „En, eftir á að hyggja, það voru tveir menn, sem kallaðir voru Mitchel, og báðir nefndus einnig Leroy.“

„Eruð þér vissir um þetta?“ sagði Barnes.

„Já, nokkurn veginn viss“, svaraði Chambers.

„Deir voru systkina-synir. Hinn maðurinn var yngri. Ég þekti hann ekki sjálfur. Hann var af því tagi sem maður kallar kristilegra ungmenna-félagspilta, og þess vegna ekki alveg af sama tagi og ég. En mér finst ég muna eftir, að hafa heyrt, að hann hafi verið ástfanginn í *creole*-stúlkunni. En, heyrið mig, ég get sagt yður hver getur frætt yður um alt þetta.“

„Ó, hver er hann?“ sagði Barnes.

„Það er gamall maður, sem nefnist Neuilly“, svaraði Chambers. „Hann vissi um alt viðvikjandi *creole*-stúlkunni, og hlytur því að vita um alt bandi við þessa Mitchels. Ég held, að hann hafi verið á valdi þessarar La Montalbon. Hún vissi eitt-hvað um hann, og notaði það til að kúga út úr honum peninga, eins og hún gerði við marga aðra. Með því hún er nú dauð, þá getið þér ef til vill fengið hann til að segja yður alt saman.“

„Gott og vel“, sagði Barnes. „Útvegið mér húsnúmer hans, og vitið síðan hvaða upplýsingar þér getið fengið um þennan hinn Leroy Mitchel, góða piltinn. Uppgötvið hvað varð af honum, og skal ég

borga yður það vel. Í millitíðinni megið þér með engu móti láta Sefton vita, að þér séuð ekki að koma fram ráðagerð hans“.

„Heyrið þér, félagi, ég skil nú hvað þér eruð að fara“, sagði Chambers. „Dér grunuðuð Sefton, og hafid þagað spiliu þannig, að þér hefðuð alt saman upp úr mér. Jæja, þér gerðuð það laulega, og nú er g líka með yður. Verið þér sælir. Degar ég finn yður næst, þá skal ég hafa einhverjar fréttir handa yður“.

Daginn eftir gerði Barnes sér ferð til húss þess r Mr. Neuilly bjó í. Hann var ógiftur og var orðinn gamall, en var samt enn fallegur og fyrirmannlegur maður. Mr. Neuilly tók á móti Mr. Barnes með tignarlegu látbragði, og bað hann kurteislega að skýra erindi sitt.

Mr. Barnes vissi varla fyrsta augnablikin, hvernig hann setti að byrja á erindinu; en loks tók hann til máls og sagði:

„Mr. Neuilly, ég kem að heimsækja yður vegna málefnis réttvísinnar. Eg nef hikað mér við að gera það, til þess að gera yður ekki ónæði. Að ég geri það er ársakast af því, að allir aðrir vegir, sem ég hef reynt, hafa mishepnast.“

„Haldið áfram, herra minn,“ sagði húsbóndinn og hneigði sig.

„Ég er að leita vissra upplýsinga um konu sem nefndist La Montalbon, og——“ sagði Barnes. En þegar hann nefndi þetta nafn, kom á augabragði

br
ris
ku

kv
set
eit
hva
alt
mar

ið þ
að s
Bar
han

Bar
leið
blik,
aftur

nokk
að ég
þér a

Mr. M
breyt
hafði
um þ

breyting á andlit og svip Mr. Neuilly's. Hið gest-risnilega brot hvarf. Hann reis á fætur og sagði kuldalega:

„Ég veit ekkert um þá konu, og ætla því að kveðja yður;“ að svo mæltu gekk henn á stað og ætlaði út úr herberginu. Mr. Barnes varð ráðalaus eitt augnablik, en hann sá, að hann varð að taka eitt-hvað til bragðs tafarlaust, ef hann ætti ekki að missa allt tækifæri til að fá nokkrar upplýsingar hjá þessum manni, og sagði því:

„Bíðið við eitt augnablik, Mr. Neuilly; þér viljið þó vissulega ekki neita mér um, að aðstoða mig í að sanna sök á hendur morðingja hennar.“ Eins og Barnes átti von á, kom Mr. Neuilly til baka þegar hann heyrði síðustu orðin.

„Morðingja hennar?“ hafði Mr. Neuilly upp eftir Barnes. „Meinið þér, að hún hafi verið myrt?“ Um leið og hann sagði þetta, stanzaði hann eitt augnablik, en svo gekk hann hægt að stóla sínum og settist aftur á hann.

„Rose Montalbon var myrt í New York fyrir nokkrum mánuðum síðan,“ sagði Barnes. „Ég ált, að ég sé nú kominn á slóð hins seka manns. Viljið þér aðstoða mig?“

„Það er komið undir kringumstæðum,“ sagði Mr. Neuilly. „Þér segið að konan sé dauð. Það breytir afstöðu minni í þessu máli mjög mikið. Ég hefði ástæður—gildir ástæður—til að neita að tala um þetta efni við yður. En ef konan er dauð, þá

eru mótbáruur mfnar þar með horfnar.“ Barnes fanst að hann skildi þetta. Hér var einn af þeim mönnum, sem La Montalbon hafði drotnað yfir með ótta hans, eins og Chambers hafði sagt þorum.

„Það sem ég bið yður um, Mr. Neuilly, er mjög einfalt,“ sagði Barnes. „Annaðhvort getið þér eða getið ekki gefið mér þær upplýsingar, sem ég æski að fá. Dektuð þér mann er nefndist Leroy Mitchel, og sem var eigiumaður þessarar konu?“

„Ég þekti hann mjög vel,“ svaraði Mr. Neuilly. „Hann var fantur af svörtustu tegund, þrátt fyrir að hann hefði látbragð fagaðs þrúðmennis.“

„Vitið þér hvað varð um hann?“ sagði Barnes.

„Nei,“ svaraði Mr. Neuilly. „Hann fór skyndilega burt úr borginni, og kom aldrei aftur.“

„Dektuð þér Rose litlu Mitchel?“ spurði Barnes.

„Já, hún sat oft á hné mínu,“ svaraði Mr. Neuilly. „Þessi maður, Mitchel, var faðir hennar. Hann kreinkti eina af hinum yndislegustu stúlkum, sem nokkurn tíma hefur verið til.“

„Dektuð þér þessa stólku?“ spurði Barnes.

„Vissuð þér hvað hún hét?“

„Já,“ svaraði Mr. Neuilly.

„Hvað hét hún?“ spurði Barnes.

„Það er leyndarmál, sem ég hef vandlega geymt í of mörg ár til þess, að vera nú viljugur til að segja ókunnugum manni það,“ svaraði Mr. Neuilly. „Dér verðið að koma með sterkar ástæður fyrir, að ég segi yður nafnið, áður en ég geri það.“

„Ég skal skýra fyrir yður ástæður mínar, að vilja vita það,“ sagði Barnes. „Þessi maður, Mitchel, er nú í New York, og er í þann veginn að giftast yndislegri og góðri stúlku. En ég ált að hann hafi myrt Rose Montalbon, eða Mitchel, til þess að ryðja henni af braut sinni. Ég held, að hún hafi verið að kúga fé út úr honum með hótunum. Auk þess hefur hann nú þetta barn, dóttir sína, hjá sér.“

Mr. Neuilly stökk á fætur, og gekk um gólf stundarkorn í mikilli geðshræringu. Loks stanzaði hann og sagði:

„Dér segið, að hann hafi barnið hjá sér nú?“

„Já, hér er myndin af stúlkunni,“ sagði Barnes um leið og hann fékk honum ljósmyndina, sem Lucette hafði tekið af Rose litlu.

Mr. Neuilly horfði um hríð á myndina og taut- aði fyrir munni sér: „Mjög líkt! mjög líkt henni!“ Svo þagði hann um stund, en sagði síðan:

„Og þér áltíð, að hann hafi myrt þessa konu, hana Montalbon?“

„Já, ég ált það,“ svaraði Barnes.

„Það yrði hræðilegt að hengja föður þessarar stólku,“ sagði Mr. Neuilly. „Hvílík svívirðing! Hvílík svívirðing fyrir hana! En réttvísinn er réttvísinn!“ Hann virtist öllu heldur vera að tala við sjálfan sig, en við Mr. Barnes. Alt í einu sneri hann sér að Barnes og sagði:

„Ég get ekki sagt yður nafnið, sem þér viljið fá að vita; en ég skal fara með yður til New York, og

ef þessi saga yðar reynist sönn, þá skal ég gera alt, sem í mínu valdi stendur, til þess, að réttvísinni verði fullnægt. Þessi fantur, Mitchel, má ekki fá tæki-færi til að eyðileggja framtíð annarar ungrar og saklausrar stúlku.“

„Dað er gott,“ hrópaði leynilögreglumaðurinn, sem var mjög ánægður yfir ávöxtunum af þessari heimsókn sinni. „En það er eitt atriði enn, Mr. Neuilly, sem mig langar til að spyrja yður að. Hvað vitið þér um annan Leroy Mitchel, sem sagt er að einnig hafi verið hér?“

„Ég hittir hann aldrei, þó ég vissi að hann var til,“ svaraði Mr. Neuilly. „Dað var einhver leyndardómur í sambandi við hann, sem ég aldrei gat botnað í. Ég heid að hann hafi verið ástfanginn í sömu stúlkunni og hinn. Hvað sem um það er, þá varð hann brjáláður skömmu eftir að hún dó, og er nú á vitskertra-spítala. Hann getur aðvitað ekki orðið okkur að neinu liði.“

Eftir að hafa talað sig saman um það við Mr. Neuilly, hvar þeir skyldu hittast aftur, fór Mr. Barnes til baka á hótél sitt, til þess að búa sig undir ferð sína norður til New York. Þegar hann kom upp í herbergi sitt, beið Chambers þar eftir honum.

„Jæja, kunningi,“ sagði Barnes við hann, „hvers hafð þér orðið vís?“

„Einkis sem yður mun þykja vænt um, því er nú ver,“ svaraði Chambers. „Ég hef einungis upp-götvað þennan annan Mitchel. Hann er vitskertur,

og e
engl
sem
ur á
usta

Barn

Cham
það v
mynd

„
hafð
hundr
ur me

„
óska y
A
graf-sk

„E

Síð

York, o
ið fékk
hljóðaði

„Ba
gamli er
verðið p

og er á spítala hér í útjaðri borgarinnar. En það er enginn vafi á, að þessi náungi norðurfrá er maðurinn, sem þér eruð að leita að. Það er sagt að þessi maður á spítalanum hafi orðið vitlaus útaf því, að unusta hans sveik hann.“

„Fénguð þér að vita hvað stúlkan hét?“ spurði Barnes.

„Nei, ég gat ekki fengið að vita það,“ svaraði Chambers. „Það virðist vera eins vel falið eins og það væri ríkis-leyndarmál. Detta gefur yður hugmynd um hvað *creole*-drambið er.“

„Gott og vel,“ sagði Barnes. „Ég ált að þér hafið þjónað mér með trúmensku. Hérna er eitt hundrað dollara seðill handa yður. Erud þér ánægður með borgunina?“

„Já, hæst ánægður,“ svaraði Chambers. „Ég óska yður allrar velgengni, og verið þér sælir.“

Að klukkutíma liðnum var Barnes afhent telegraf-skeyti, er hljóðaði sem fylgir:

„Hef fundið barnið.

Lucette.“

Síðari hluta dagsins lagði Barnes á stað til New York, og var Mr. Neuilly með honum. Sama kvöldið fékk Mr. Robert Leroy Mitchel telegraf-skeyti, er hljóðaði sem fylgir:

„Barnes lagður á stað til New York. Neuilly gamli er með honum. Ef síðarnefndi veit nokkuð, verðið þér að vera varkár.

Sefton.“

Eftir að Mr. Mitchel hafði lesið þetta, lauk hann við að klæða sig, notaði telegraf-skeytið til að kveikja sér í sigarettu, og fór síðan, með unnustu sína á leikhúsið.

XIV. KAPÍTULI.

HJÓNAVÍGSLA, SEM TAFIÐ VAR FYRIR.

Á meðan Mr. Barnes var suður í New Orleans, uppgötvuðu njósnarmenn hans í New York lítið eða ekkert gagnvart þeim, sem þeir áttu að hafa gætur á. Sannleikurinn var, að frá sjónarmiði leynilög-raglumannsins hafði framferði fólksins, er gætur voru hafðar á, verið mjög viðburðalítið og hversdagslegt. Það fór í þessar vanalegu heimsóknir, fór á leikhúsin jafn oft og vanalega, fór í eftirmiðdags-tedrykkjur, í stuttu máli, það hafaði sér algerlega eins og hvert annað efnað fólk er vant að gera. En samt liðu þessar vikur okki án þess að neitt sérlegt gerðist. Hið þýðingarmesta, sem gerðist, var ef til vill að tiltaka brúðkaupsdag þeirra Mr. Mitchels og Miss Remsen. Dagurinn, sem þau sætluðu að gifta sig, var hinn 5. maí, sami dagurinn sem Mr. Barnes og Mr. Neuilly voru væntanlegir til New York.

Öðgin yirtust þannig vera að flóta fyrir aðalviðburði, sem átti að ske sjálfan brúðkaupsdaginn.

Í New Orleans var leynilögreglumaður að leita að sönnunum, er hann vonaðist eftir að gera sannað með að viss maður væri sekur um hryllilegan glæp, einmitt á sama tíma sem fugur stúlka var að binda trygðir við manninn og treysti honum takmarkalaust, en margar hendur unnu að því að útbúa brúðarskartíð, sem hún ætlaði að vera í þennan ánægjulega dag. Maðurinn sjálfur bar sig eins og hann væri algerlega áhyggjulaus. Hann virtist álfta sig lausan við alla hættu, og hann tók á móti hamingju sinni eins og hann verðskuldaði hana.

Í sambandi við þá atburði, sem voru óðum að nálgað, er fróðlegt fyrir lesarann að fá að vita, hvern sérlega Dora Remsen hagaði sér á þessu tímabili. Eins og lesarann mun reka minni til, hafði Randolph forsómað tækifæri, er hann fékk til að tjá henni ást sína, og að hann varaði hana við Mr. Thaurer, sem manni er ekki mætti treysta. Það má ætla, að þeir sem gefa þannig ráð hafi einhverja hugmynd um, að þeim verði fylgt. En fjöldamargar æfisögur mundu þó sýna, að þessháttar ráð hafa sjaldan verið þegin eða þeim fylgt. Sannleikurinn er, að það má segja, að margt fólk hefur svo gott verið rekið í fadminn hvort á öðru með því, að vitringar þessa heims hafa verið að blanda sér inn í ástamál þess, fólks, sem ef það hefði verið látið afskiftalaust, hefði annars ef til vill borist burt hvert frá öðru á strauum tímats. Að minsta kosti virtist ráðlegging Randolphs hafa all. Önnur áhrif en hann ætlaðist til. Mr. Thaurer var

ekki einasta orðinn daglegur gestur í húsi þeirra Rømsen-mæðgna, heldur virtist hann kærkominn gestur þar. Hann var vissulega mjög skemtilegur maður, og látbragð hans og framganga óviðjafnanlegt. Hann hafði ferðast mikið, og hafði ekki einasta séð heiminn, heldur veitt honum nákvæma eftirtekt, sem er alt annað. Afleiðingin af þessu var sú, að hann hafði ætíð ótæmandi sjóð af skemtilegum og skrifnum sögum á reiðum höndum, og samræður hans voru svo aðlaðandi, að hann vakti mesta eftirtekt af öllum í samkvæmum þeim, er hann var í. Það vakti miklar og sívaxandi áhyggjur hjá Randolph, að Dora var ætíð í þeim hóp sem hlustaði á þessar sögur Thaursets. En það, sem hann var órólegastur út af, var það, að eftir að hann hafði eytt miklum tíma í að reyna að finna einhverja stórgalla á karakter mannsins, þá varð hann að jata fyrir sjálfum sér, að hann hafði ekkert annað á móti Mr. Thaurset en fordóm sjálfs sín. En þessi fordómur var samt eins mikill og áður, ef ekki meiri. Hann réð loks við sig að tala við Mr. Mitchel um þetta efni, og gerði það einn eftirmiðdag, þegar stofur þeirra mæðgna voru fullar af gestum og meðbiðill hans var, eins og vant var, miðdepillinn í nokkrum hóp af fólki, sem hlustaði á hann með mesta athygli.

„Mitchel“, tók Randolph til máls, „hvernig í ólukkanum fór þessi náungi, Thaurset, að kynna þessari fjölskyldu?“

„Dora kyntist honum einhverna vegina í húsi

einhvers af kunningjafólki sínu, að ég held“, svaraði Mitchel. „En því spyrjið þér að því?“

„Hvers vegna? Getið þér spurt að því“, sagði Randolph.

„Get ég? Auðvitað get ég spurt að því. Ég spurði yður—hvers vegna?“ sagði Mitchel.

„Ég verð að lýsa yfir því, Mitchel, að annað hvort eruð þér eins blindur eins og leðurblaðka, eða þér sjáið ekkert í veröldinni annað en Miss Emily“, sagði Randolph. „Sjáið þér ekki hættuna, sem yngri systirin er í með því, að umgangast þennan mann?“

„Jæja, Randolph, svo ég segi yður eins og er, þá get ég ekki séð hættuna“, sagði Mitchel. „Hver er hættan?“

„Nú, setjum svo — setjum svo að hún fengi ást á honum, setjum svo að hún skyldi giftast honum!“ sagði Randolph.

„Jæja, setjum svo, hvað svo?“ sagði Mitchel.

„Hvað svo?“ át Randolph eftir. „Dér munduð gera heilögum manni gramt í geði. Dér talið um það eins tilfinningarlaust að stúlkan skyldi eyðileggja framtíð sína, giftast manni—manni, sem er ekki neitt—eins og þér munduð tala um skot á billiard-borði.“

„Randolph, vinur minn, leyfið mér að gefa yður ráðleggingu“, sagði Mitchel. „Þegar maður vill giftast stúlku, þá eru tvær þyðingarmiklar reglur, sem maður verður að fylgja, en sem ég held að þér fáið forsómað báðar.“

„Hvað eigið þér við?“ sagði Randolph.

„Áður en ég skýri það fyrir yður, ætla ég að spyrja yður einnar spurningar“, sagði Mitchel. „Er það rétt til getið af mér, að þér viljið giftast Doru sjálfur?“

„Jæja, þessi spurning er bysna nærgöngul“, sagði Randolph. „En ég ætla mér nú samt að játa sannleikann. Það mundi olla mér mikillar sælu, ef ég næði ástum hennar“.

„Gott og vel; þá skal ég segja yður hverjar þessar reglur eru“, sagði Randolph. „Fyrri reglan er sú, að tala aldrei illa um meðbiðil manns. Síðari reglan er sú, að verða ekki of seinn að biðja stúlkunnar, sem maður vill fá“.

Randolph starði fast á Mitchel í nokkur augnablik, en tók síðan í hönd hans og prýsti henni innilega. Hann sagði blátt áfram: „Dakka yður fyrir“, og gekk síðan yfir að hópnum þar sem Dora var. Hann notaði sér ofullitíð hlé, sem varð á samtalinu, beygði sig yfir Doru og sagði lágt við hana:

„Get ég fengið að tala nokkur orð við yður?“

Hún leit upp á hann, og var auðsjáanlega forviða yfir hljómunum í rödd hans; en svo spurði hún:

„Er það mjög áriðandi?“

„Mjög áriðandi“, sagði Randolph hiklaust, en hún afsakaði sig síðan fyrir binu fólkinu og lofaði honum að leiða sig inn í næsta berbergi, þar sem hún settist við hlið hans á legubekk samkvæmt bendirgu frá honum. Eftir stutta þögn, meðan bæði huguðu sig um alvarlega, tók hann til máls og sagði:

„Mig langar til að biðja yður að hlusta á mig með athygli þar til ég er búinn, Miss Dora. Ég f-mynda mér að þér vitíð, að ég elska yður“. Hann stanzadi eitt augnablik, en hún titraði ofurlítið við orð hans, roðnaði og lét höfuðið hníga. Hann hélt svo áfram og sagði: „Ég hef að vísu aldrei áður sagt yður þetta með orðum, en þér eruð kvennaður og hljótið því að hafa lesið í hjarta mitt fyrir löngu. Þið, kvænnfólkið, eruð ætíð svo fimar í öllu þess-háttar. Ég er bara karlaður, og þess vegna hefur mér ekki tekist að lesa í hjarta yðar. Ég veit í rauninni alls ekki hvort yður þykir nokkuð vænt um mig. Ég hélt einusinni, að því væri þannig varið, en í seinnitíð — jæja, það gerir nú ekkert til, svo ég ætla ekki að fara út í það. Í stuttu máli er það, sem ég vildi segja, þetta, að það mundi gera sjálf-an mig afar-sælann, ef þér vilduð verða konan mín einhvern tíma. Á móti lofa ég, að elska yður og þjóna alla æfi mína. Og svo—held ég—að þetta sé alt, sem ég hef að segja. Dora—litla unnustan mín-viljið þér, þorið þér að trúá mér fyrir sjálfri yður?“

Hann hafði tekið hönd hennar blíðlega á meðan hann var að tala, og það, að hún hafði hvorki varnað því né dregið höndina til baka, hafði aukið honum hug til að viðhafa blíðuorðin, er hann viðhafði í enda biðils-ræðu sinnar. Hún h'kaði sér dálitla stund, en svo dró hún höndina hægt að sér og leit á hann—og var ekki laust við, að tár blikaði í augum hennar—og sagði ofur lágt:

„Er yður mjög ant um, að þetta verði?“

„Já, mjög ant um það!“ svaraði Randolph. „Ég get ekki útmálað fyrir yður, hve ant mér er um það“. Hann reyndi að taka hönd hennar aftur, en hún hamlaði honum frá því. Svo bar hún aðra spurningu upp fyrir honum:

„Peningar hafa enga þýðingu fyrir yður í þessu máli, eða er ekki svo?“ sagði hún.

„Miss Remsen, þér mógðið mig“, sagði Randolph.

„Nei, nei!“ sagði hún í flýti; „þér misskiljið mig. Ég átti ekki við peninga mína. Ég get ekki skýrt þetta fyrir yður, en samt sem áður verðið þér að svara spurningu minni. Væri yður sama þó að — ó, hvernig á ég að fara að segja það? Setjum svo að ég gerði nokkuð, sem kostaði yður mikla peninga—“

„Ó, nú skil ég“, sagði Randolph og það hjarnaði yfir honum. „Dér meinið, að þér séuð eyðslusöm. Látið það ekki olla yður áhyggju eitt augnablik. Dér megið kosta mig eins mikla peninga og þér getið mögulega eytt. Ég skal aldrei kvarta undan því.“

Það virtist sem heilmikilli byrði væri létt af henni við þessi orð hans, en hún tók ekki strax til máls. Angu hennar hvörfluðu burt frá honum, og þar sem hann fylgdi þeim eftir stó hann að þau hvíldu á Mr. Thaurét. Afbrýðissemis stingur kom í hjarta hans. Hann var í þann veginn að taka aftur til máls, þegar hún snéri sér við og sagði í geðsbrærringu, sem hún var að reyna að bæla niður:

„Ég vona að þér reidist mér ekki, og að þér hugsið ekkert vont um mig. Það er viss hlutur, sem ég get ekki gefið skýringu um, en sem þér munduð ekki hafa neitt á móti, ef ég mætti skýra málið fyrir yður. En þar til ég get sagt yður alt um þetta efni, get ég ekki—get ég með engu móti—svarað yður. Vilduð þér, munduð þér vera fáanlegur til að biða?“ Hún sagði þetta í nokkurskonar bænarróm.

„Hvað lengi?“ spurði Randolph, sem enn var hálf gramt í geði og var að brjóta heilann um hvort þessi hlutur, sem hún gat ekki sagt honum, stæði í nokkru sambandi við Mr. Thaurer.

„Mundi yður pykja fyrir—ef ég hæði yður að biða þangað til—jæja, segjum þangað til um nýár?“

„Það er langur tími“, sagði Randolph, en ef það er vilji yðar, þá er ekki um annað að gera.“

„Ó, þakka yður fyrir!“ sagði hún, og ekkert meira; en rödd hennar lýsti mikilli gleði, það stóðu tár í augum hennar, og í eitt stutt gleði-augnablik fanst honum að það væri ást í hjarta hennar, og að þessi ást vera til hans. Í geðshræringu, sem hann gat ekki ráðið við og sem hún virtist ekki gera neina tilraun til að halda í skefjum, dró hann hana að sér og þrýsti mjúkum kossi á varir hennar. Þótt hún yfirgæfi hann strax og færi tafarlaust til Mr. Thaureris, sem tók hlylega á móti henni, þá var Randolph ánægður í hjarta sínu. Það er eitthvað—það má kalla það segulafi ef manni sýnist—en það er eitt


hvað sem tengir hjórtu sannra elskenda saman, svo að geðsbræring í öðru vekur samsvarandi tilfinningu hjá hinu. Hinn undarlegasti sannleiki í þessu efni er, að þótt maður ímyndi sér að maður sé reglulega ástfanginn, þá er maður það ekki fyrir en maður hefur fengið þessi augnabliks skeyti, sem Kúbido sendir yfir telegraf ástarinnar. Eftir það er maður kominn í ánaudina. Hin sanna dómgreind er farin. Maður getur komist að þeirri niðurstöðu í hinni einmanalegu næturkyrð, að manni hafi yfirétt, að stúlkan, sem blut á að máli, muni aldrei gera mann sælan, að hún hafi þennan eða hinn ókostinn, en það hefur enga þýðingu aðra en þá, að maðurinn þjáist. Þessi eina ör hefur drepit karlmiensku hans og hann hefur ekki vald yfir framferði sínu. Strax og hann hittir þessa konu aftur, þá er sama hvernig hún breytir hvað það snertir, að ást hans blossar upp að nýju. Dótt stúlkan fari illa með hann, látist ekki sjá hann, þá kemur það fyrir ekkert; hún dregur hann að sér.



Dannig var því varið með veslings Randolph. Hann þjáðist mjög mikið hinar mörgu vikur á eftir. Hann kallaði ást sína öllum hinum óskemtilegustu nöfnum, sem afbrýðisemi gat fundið upp. En endurminningin um þetta eina augnablik—þegar Dora virtist hafa á þennan óljósa, ólýsanlega hátt gefið sjálfa sig algerlega á vald hans, gefið honum sig með sál og líkama — var þá vön að fljúga sem leiftur í gegn um huga hans, og þá þagnaði skynsemi hans strax og hann sagði við sjálfan sig:

“Hún hefði ekki gert það, sem hún gerði, ef hún væri óeinlæg. Hún elskar mig, en það er eitt hvað, er ég skil ekki, sem gerir það að verkum, að hún fer þannig með mig. Hún sagði mér að því væri þannig varið, og að þegar hún gæti sagt mér hvernig lagi í öllu saman, þá mundi mér ekki missa það neitt. Jæja, ég verð að vera þolinmóður og bíða. Ég verð að bera traust til hennar; hún hlýtur að vera, hún er einlæg og trúföst!“ En svo læddust sömu gömlu efasemdirnar inn hjá honum smátt og smátt aftur, og þjáningar hans urðu jafn sárar og áður.




Hér um bil mánuði síðar en samtalið, sem skýrt er frá hér að ofan, átti sér stað, varð nokkuð svipað samtali milli Doru Remsen og Mr. Thaurets. Hann hafði heimsótt þær Remsen-mæðgur síðari hluta dagsins, og hittist þá svo á að Dora var ein heima, og hafði hann þannig gott næði til að tala við hana. Hann talaði við hana um alla þá hluti sem hún hafði áður haft mesta yndi af að heyra, og hún naut samtalsins mjög mikið þegar hann alt í einu, rétt þegar rökkrið var að byrja og ofurlitit fór að dimma í stofunni, beindi talinu í viðkvæmari átt. Hann talaði um sjálfan sig, um hið undanfarna umflakkandi lífsitt, um það, að hann væri einmana í veröldinni og sætti engin sættmenni á lífi. Hann gat þess, eins og af tilviljun og án þess að leggja nokkra áherzlu á það, að hann væri af aðalsættum. Svo dró hann upp mæðumkunar-vekjandi mynd af manni, sem, þótt







**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

0
11
LE 28
E 32
E 25
E 22
E 20
E 18
6

11
11
10
E 10
E 8

hann væri í eðli sínu sérlega blíðlyndur, væri neyddur til að lifa á starlausu lífi, vegna þess, að það væri engin æm hann gæti snúið sér að til þess, að fá þesskonar hugsvölun hjá. Síðan spurði hann hana blíðlega, mjög blíðlega, hvort hún hefði nokkurntíma hugsað um þetta sjálf, og hvort hún hefði nokkurntíma þráð samfélag við einhvern, sem gæti verið henni alt í öllu. Þessi málafærsla hans var mjög falleg að hlusta á, og hún hlýddi á ræðu hans eins og hún hefði mikil áhrif, en svar hennar var ekki algerlega eins og hann hafði auðsjáanlega vonast eftir að það yrði.

„Ó, já“, sagði hún, „ég hef hugsað um allt þetta, svona á óákveðinn hátt. En eins og þér vitið, þá hef ég elskað hina fögru drotningu mína (Emily) svo lengi, að ég get ekki hugsað mér lífið án hennar. Og samt sem áður—það kom hér skjálfti í rödd hennar—,mun ég nú missa hana bráðum. Hún ætlar að fara burt um tíma, og þá byst ég við að ég finni til þessa tómeika, sem þér mintust á. Svo að ef yður langar til að fá að vita hinar sönnu skoðanir mínar í þessu efni, þá verðið þér að biða þangað til eftir brúðkaupið“. Hún sagði þessi orð með rödd sem fól í sér djúpa meiningu, og Mr. Thauret virtist taka orð hennar sem bendingu, því hann breytti strax umtalsefninu. Hann fór burt skömmu seinna. Það var nærri sigurbróss-bros á andliti hans þar sem hann gekk niður eftir strætinu. En um það fékk Mr. Barnes samt enga skýrslu, því njósnarmaður hans var að baki Thaurets, og gat því ekki séð andlit hans.

á le
Tha
talin

Tha
geta
eigi

arar
honu

leiddi
að seg
þegar
gekk
ráðið
ar dag
dætra.
miljóu

„I
vildi b

„K
legt að
eins hei
sér ekki
menn k
fyrirtæk
stjórna

Fáum kvöldum seinna var Mr. Mitchel gangandi á leið heim til hótels síns frá klúbbum og var Mr. Thaurer með honum, og þá beindi hinn stórnafndi talinu að þeim Rømsen, systrunum.

„Þær eru vissulega töfrandi stúlkur“, sagði Thaurer, „en maður þarf að vera ríkur til þess að geta gíft hvorri þeirra sem er. Ég býst við, að þær eigi ekkert fyr en móðir þeirra deyr“.

Mr. Mitchel áleit að hann skildi augnamið þessarar óbeinlínis spurningar, og af eigin ástæðum þótti honum vænt um að fá tækifæri til að svara henni.

„Ó, alls ekki“, sagði hann. „Faðir þeirra arleiddi þær hverja um síð að fállegri fjárupphæð, satt að segja fær hver þeirra um sig fimtstu þúsund dollara þegar þær gífta sig. Meiribluti auðs föður þeirra gekk auðvitað til ekkjunnar, en hún getur einungis ráðið höfuðstólunum á meðan hún lifir, því eftir hennar dag á hann að skiftast jafnt á milli þessara tveggja dætra. Ég held að höfuðstóllinn sé eitthvað um hálf miljón dollara“.

„Dér eruð heppinn maður“, sagði Thaurer. „Ég vildi bara óska að ég hefði lukku yðar“.

„Kæri Thaurer minn“, sagði Mitchel, „er möglegt að jafn gáfaður maður og þér eruð trúð á aðra eins heimsku og það sem menn kalla lukku? Hún á sér ekki framar stað en hið gagnstæða, það, sem menn kalla óhamingju. Sérhverjum manni hepnast fyrirtæki sín rétt eftir því hve símur hann er að stjórna lífi sínu. Dér öfunduð mig af að gíftast Emily,

og þó er Dora systir hennar alveg eins töfrandi, og ennþá ríkari“.

„Miss Dora er vissulega töfrandi.“ sagði Thaur-et, „en þú gerir mig ekki heppinn sem biðil hennar. En hvað meinið þér með því að segja, að hún sé ríkari?“

„Gætið þér nú að,“ sagði Mitchel; „systir Doru ann henni mjög mikið, og hefur lofað að gefa henni tíu þúsund dollara daginn sem hún (Dora) giftir sig, með vissu skilyrði.“

„Hvaða skilyrði er það?“ sagði Thaur-et.

„Að hún (Emily) verði ánægð með mann Doru,“ sagði Mitchel.

Það varð þögn í nokkrar mínútur, en svo tók Thaur-et áttur til máls og sagði:

„Jæja, þegar þess er gætt, að þér ætlið bráðlega að giftast Emily Remsen og verðið þú og eini karlmaðurinn í fjölskyldunni, þá býst ég við að áhrif yðar hefðu mikla þýðingu. Ef ég skyldi vilja giftast Miss Doru, þá býst ég við að þér munduð mæla með mér?“

„Það er ekki ný hugmynd fyrir mig að þér biðlið til hennar, það get ég fullvissað yður um,“ sagði Mitchel. „Alt, sem nauðsynlegt er að ég segi, er það, að þegar þér fáið samþykki Doru sjálfar til ráðahagsins, þá fáið þér samþykki mitt.“

„Þakka yður fyrir“, sagði Thaur-et, og var auðséð að hann sagði þessi orð í geðshræringu, sem hann þó reyndi að bæla niður. Eftir það talaði hvorugur

pei
hót
sitt
vin
höf
ver
svip
mik

ákve
gefir

mæð
til að
og d
ekki
dýrð
og ra
var k
voru p
en bl
hvítun
Thaur
um, en
mjúkle
og bjó
barminn
því bl
hún alt

peirra orð fyr en þeir buðu hver öðrum góða nótt við hótél Mr. Mitchel's. Þegar Mr. Thaurét kom á hótél sitt, fór hann strax upp á herbergi sitt, kveikti sér í vindli og reykti, og hlés reykjjarhringna upp yfir höfuð sitt þar til löngu eftir miðnætti. Hann virtist vera að byggja loftkastala, og að dæma af ánægju-svipnum á honum, hljóta þeir kastalar að hafa verið mikilfenglegir.

Þannig stóðu sakir þegar dagurinn rann, sem ákveðið hafði verið að þau Mitchel og Emily yrðu gefn saman í hjónaband.

Alt var á tjái og tundri á heimili þeirra Remsen-mæðgna. Brúðarmeyjarnar komu snemma, hjálpuðu til að búa brúðurina, og stóðu síðan í kringum hana og dáðust að henni mjög fagnandi. Dora réði sér ekki af fögnuði. Henni höfðu verið sendir tveir dýrlegir blómvendir, og var annar úr blóðrauðum og rauðhvítum blómum, frá Mr. Randolph, en hinn var búinn til úr ýmiskonar fögrum blómstrum, og voru þar á meðal þrjár skínandi fallugar Calls-liljur, en blómvöndurinn var bundinn saman með löngum, hvítum silkiborða. Þessi vöndur var gjöf frá Mr. Thaurét. Dora stóð um stund og dáðist að blómunum, en síðan leysti hún rauða blómvöndinn sundur mjúklega, tók nokkur blóm af hverjum lit úr honum og bjó til úr þeim litin vönd, sem hún síðan nældi í barminn & kjól sínum, upp undir hálsmálinu. Með því blómin voru svona nálægt andliti hennar, fann hún altaf ilm þeirra og mundi altaf eftir þeim. En

rétt áður en hún fór burt úr húsinu, tók hún samt Calla-blómin og hélt á þeim í hendinni, er hún hafði glófa á.

Áður en dagurinn var liðinn, kom dálítið sorgaratriði fyrir, sem hún var ekki einasta saklaus af, heldur vissi ekkert um. Í trúðningnum sem varð, þegar hún fór inn í kirkjuna, strukust hin rauðu blóm af brjósti hennar, og veitti hún því ekki eftirtekt sökum geðshræringarinnar, sem hún var í.

En Mr. Randolph, aðstoðarmaður brúðgumans, tók glögt eftir, að hún hafði blóm og að það voru ekki blómin sem hann hafði sent henni. Hann spurði hana að, síðar um daginn, hver hefði gefið henni þessi blóm, er hún bar í hendinni, og sagði hún honum eins og var; og þótt hann gerði enga athugasemd útaf því, þá svaf hann lítið nóttina á eftir. Það þarf ekki meira til en þetta, að menn líði þjáningar.

Emily var klædd—en, hana nú, hvi skyldi ég reyna að lýsa því, sem enginn annar en Worth gat hafa búið til og einungis auðugt fólk getur veitt sér? Ef lesarinn getur hugsað sér perlulitt silki, með hinum allra fegursta blæ og af beztu tegund, og bætir svo þar við hinum fegustu kniplingum, og svo við hvorttveggja miklu af smágjörvum rósahnútum, og minnst þess síðan, sem ég gaf í skyn, að Worth hefði búið kjólinn til, þá getur lesarinn ef til vill gert sér hugmynd um alt sem ég get sagt honum. Að minsta kosti get ég sagt það, að þegar brúðurin kom inn í kirkjuna, leidd af hinum afar-göfuglega

mar
vin
föð
í k
sner
aðd
hóli
Emi
sem
segj

ið in
eftir
hver
að, e
héltu
að b
teika
legt á
ian að
kirkju
fyrir f
svo ór
um all
orgeli
ar liðu
að ótt
væri í
sér an

manni Mr. Van Rawlston, er hafði, sem ástfólgnæsti vinur föður hennar, verið beðinn að ganga henni í föður stað við þetta tækifæri, þá horfði sérhver kona í kirkjunni lengi á brúðurina og kjól hennar, og sneri sér síðan að grannkonu sinni, til að láta í ljósi aðdáun sína. Einnfremur vil ég segja það, að alt hólid til samans var ekki nægilegt til þess að lýsa Emily Remsen til hlitar, því hún leit að öllu leyti út sem „konungleg drottning“, eins og Dora var vön að segja með aðdáun við alla í mörg ár á eftir.

En þegar brúðurin og föruneyti hennar var komið inn, fór fólk, eins og eðlilegt var, að skimast um eftir brúðgumanum, og undraði sig yfir að sjá hann hvergi. Fólkid fór að hvíslast á og spyrja hvað annað, en enginn gat gefið fullnægjandi svar. Sumir héldu, að einhver misskilningur hefði átt sér stað og að brúðurni og vinum hennar hefði verið gefið teika of snemma um, að koma inn. Þetta var óþægilegt ástand fyrir þau, því þar sem þau voru komin inn að altarinu, gátu þau auðvitað ekki farið út úr kirkjunni aftur. Af þessu leiðdi, að þau bara stóðu fyrir framan altarið og biðu. Loks fóru allir að verða svo órólegir, að það varð smátt og smátt dauða-þögn um alla kirkjuna, að undanteknu því, að leikið var á orgelið. Fólkid var agndofa, og þar sem mínúturnar liðu, án þess að brúðguminn kæmi, fór það loks að óttast, að eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir, eða væri í þann veginn að ske, og hélt því nærri niðri í sér andanum. Fésainir nánir vinir brúðhjónanna

læddust úr sætum sínum, en maður í einkennisbúningi varði dyrnar að herbergi prestsins, og fengu menn ekki annað út úr honum en það, að engum væri leyft að fara inní herbergið.

En á meðan á þessu stóð, fór fram stuttur, en hrifandi, leikur inni í herberginu. Rétt þegar brúðguminn og föruneysi hans var í þann veginn að fara úr herberginu, inn í sjálfa kirkjuna, var vagni ekið að kirkju-dyrnunum með geysihraða, en út úr vagninum stókk Mr. Barnes. Hann flytti sér inn í kirkjuna, og ruddist fram hjá dyraverðinum inn í herbergi prestsins. Strax og hann sá brúðgumann og vini hans, gerði hann þá forviða með því að segja:

„Guði sé lof fyrir, að ég varð ekki of seinn“.

„Eruð þér alveg viss um það?“ sagði Mitchel með ertandi rósemi.

„Ég er hingað kominn til þess að hindra þessa hjónavígslu“, sagði leynilögsglumamaðurinn í nokkurri geðshræringu.

„Að tefja hana, meinið þér“, sagði Mitchel. „Dér eruð nú að gera það, því ég setti að vera á leiðinni að altarinu, til þess að hitta brúður mína þar“.

„Ég endurtek það, að ég er hingað kominn til að hindra þessa hjónavígslu fyrir fult og alt, og—“, sagði Barnes.

„Heyrið mér eitt augnablik, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Við megum ekki spilla einni mínútu, og ég vil ekki að þér segið meira upp yfir alla. Lofið mér að tala fyrir yðar hönd. Dér hafið ástæður, sem

mi
gif

Bar

með
þér
sem
Mit

Bar

sagð

úr va
sem
an up

sagði

ekki
chel f
kl. 2
kröfu
held a
ég up
herrar
vinir k
unni.

mig grunar hverjar eru, til þess að vilja ekki að ég gifti mig. Hef ég rétt að mæla?“

„Ég hef sagt hér um bil hið sama og það“, sagði Barnes.

„Ef ég get sannað yður, að þér vinnið ekkert með því að hamla að vígslan hafi framgang, viljið þér þá lofa henni að fara fram, og gera síðan það sem yður sýnist, í staðinn fyrir nú strax?“ sagði Mitchel.

„Auðvitað, en yður er það ómögulegt“, sagði Barnes.

„Enginn hlutur er ómögulegur, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Gerið svo vel að lesa þetta“.

Um leið og Mitchel sagði þetta, tók hann upp úr vasa sínum samanbrotið blað og afhenti Mr. Barnes, sem tók við því hálf ólundarlega, las það og leit síðan upp forviða.

„Þetta er skammarlegt, Mr. Mitchel, og—“, sagði Barnes.

„Og þér hafið heitið mér því, að blanda yður ekki frekar inn í þetta mál sem stendur“, greip Mitchel fram í. „Ef þér viljið hitta mig á hóteli mínu kl. 2 í dag, þá skal ég fullnægja sérhverjum öðrum kröfum, sem þér kunið að hafa á hendur mér. Ég held að þér vitið, að yður er óhætt að treysta því, að ég uppfylli loford mitt. Og svo skulum við nú fara, herrar mínir“. Að svo mæltu fór Mr. Mitchel og vinir hans út úr herberginu og gengu inn eftir kirkjunni. Mannfjöldanum þar létti mjög mikið við að

sjá þá, en Barnes sat eftir algerlega ráðalaus. Síðan byrjaði hjónavígslan, og að hálfri klukkustund liðinni óku þau Mr. og Mrs. Mitchel frá kirkjunni til Fifth Avenue-hótelsins. Mr. Barnes beið ekki eftir, að þau færu úr kirkjunni, heldur flýtti sér burt skömmu eftir að hann hafði lesið blaðið, sem Mitchel hafði fengið honum. Blaðið var giftingar-vottorð og var dagsett daginn áður, en giftingin hafði farið fram á skrifstofu borgarstjórans. Hvaða ástæðu sem Mr. Barnes hafði til að hindra giftinguna, þá hafði telegraf-skeytið frá Sefton gert M. Mitchel möglegt að draga enn einu sinni bust úr þefi leyndæglumannsins, á þann hátt að ganga í borgaralegt hjónaband áður en hjónavígslan færi fram í kirkjunni

XV. KAPÍTULI.

MR. MITCHEL SKÝRIR NÖKKRA HLUTI.

Strax og Mr. Barnes kom til New York, úr New Orleans-ferð sinni, fór hann á skrifstofu sína. Hann varð dálítið hissa, er hann kom þangað, á því, að Lucette var þar fyrir.

„Jæja, til hvers komuð þér hingað?“ sagði hann þurlega við hana.

„Ég kom hingað til þess“, sagði stúlkan, „að ég gæti gefið yður skýrslu mína undir eins og þér kæm- uð. Það þolir enga bið.“

aus. Síðan
ustund lið-
kirkjunni til
ekki eftir,
tti sér burt
sem Mitchel
r-vottorð og
haffi farið
ástæðu sem
na, þá hafði
tchel mögu-
f löynilög-
borgaralegt
í kirkjunni

„Hvað er nú á ferðum?“ sagði Barnes.
„Ráðagerð yðar, að fá upplýsingar gegnum
pósthúsið í East Orange, hefnadist ekki“, sagði
Lucette. „Póstmeistarinn sagði, að þótt hann vildi
gjarnan gera yður greiða, þá væri hann hræddur um
að það, er þér fóruð fram á, gæti álitist hið sama sem
að hnyssat í bréf manna í póstinum. Að þér yrðuð
að fá leyfi frá póstmála-ráðgjafanum. Ég byrjaði
því leit mtna eftir hinni bændinguunni, er þér gáfuð
mér, og byrjaði að rannsaka sérhvert hús í bænum.
Þetta var erfitt verk, en ég fann stúlkuna á endanum.
Það er ekki til neins að gefa yður nákvæmari skýrslu
nú um þetta atriði, því það er búið að flytja stúlkuna
burt aftur. Mitchel fór til East Orange í gær, og
fór með stúlkuna til New York“.

„Dú fylgdud þér honum ekki eftir, til að fá að
vita hvar hann skildi hana eftir?“ sagði Barnes.

„Ég gerði það, og í þetta sinn er ég viss um að
hann grunadi ekki, að ég væri á hælum hans“, sagði
Lucette. „Hann skildi stúlkuna eftir hjá þeim Rem-
sen-mæðgunum“.

„Hjá Remsen-mæðgunum?“ sagði Barnes.
„Hvað getur það átt að þýða?“

„Það veit ég ekki“, sagði Lucette. „En Mit-
chel og Miss Remsen ætla að gifta sig í St. Patriks-
dómkirkjunni kl. 10 f. m. nú í dag“.

„Dau gera það ekki ef ég get hindrað það“, sagði
Mr. Barnes og flytti sér til kirkjunnar alt hvað hann
gat, en niðurstæðan varð sú sem frá er skýrt í síðasta
kapítula.

LUTI.

ork, úr New
sina. Hann
ð, á því, að

sagði hann

lkan, „að ég
og þér kæm-

Klukkan tvö kom Mr. Barnes á Fith Avenue-hótelid, og var Mr. Neuilly með honum. Þeim var fylgt upp á herbergi Mr. Mitchels, og tók hann á móti þeim eins vingjarnlega og þeir hefðu verið brúðkaupsgestir hans. Hann byrjaði talið í fremur spaugandi tón og sagði:

„Ah, Mr. Barnes, mér þykir mjög vænt um, að ég hef nú meiri tíma til að sinna yður. Eins og þér skiljið, var mesti asi á mér þegar við sáumst í morgun. Þér heimsóttuð mig á mjög óhentugum tíma, en ég er hræddur um, að ég hafi verið helzt til eruttur í spuna“.

„Mr. Mitchel, ég er ekki í því skapi að pola rugl“, sagði Barnes. „Ég fullvissa yður um, að þetta er mjög alvarleg heimsókn. Þessi maður, sem með mér er, er Mr. Neuilly frá New Orleans og hann er kominn alla þessa leið til þess að hjálpa til að réttvísni hafi framgang“.

„Mér er mesta ánægja í að hitta yður, Mr. Neuilly, það get ég fullvissað yður um“, sagði Mitchel um leið og hann nálgadist hinn og rétti honum höndina svo hjartanlega, að öldungnrinn tók í hana, þótt hann hefði hugsað með sér, að hann vildi heldur taka upp glóandi kol, en taka í hönd mannsins er hann áleit að hefði kreinkt dóttur gamals vinar síns í Suðurríkjunum. Mr. Mitchel virtist ekki taka eftir geðhræringu öldungsins, heldur bauð hann gestum sínum sæti, settist sjálfur í þægilegan stól og hélt áfram ræðu sinni: „Jæja, Mr. Barnes, ég er að brjóta

heilann um það, hvort það sé mögulegt, að þér hafið rakið slóð rúbíns konunnar minnar alla leið til New Orleans?·

„Ég hef ekki verið að leita að honum“, sagði Barnes. „Ég býst við að þér vitið, hvers vegna ég vildi hindra giftingu yðar?“

„Jæja nú, nei; ekki upp á hárl“, sagði Mitchel. „Hver var ástæða yðar?“

„Ef þér vissuð ekki ástæðuna, hvers vegna giftuð þér yður þá í gær?“ sagði Barnes.

„Ég gæti svarað því, að menn gera oft hið sama og ég gerði“, sagði Mitchel; „en ég ætla að vera einlægur við yður og segja yður, að mér hafið ekki komið þessi aðferð til hugar, fyr en ég frétti að þér væruð á leiðinni heim. Þá datt mér í hug, að þér kynnuð að taka það í höfuðið — þér lálið stundum undarlegar hugmyndir, það verðið þér að játa — að ég ætti ekki að gifta mig rétt sem sterdur. Ég þekti yður nógu vel til þess, að trúa því, að ef þér hefðuð þesskonar hugsanir, þá munduð þér ekki hika yður við að skerast í leikinn. Ég gerði yður ekki rang til í þessu, því þér reynduð einmitt að gera það, eins eins og þér vitið. Af þessu leiddi, að þar sem ég hafið ásett mér að giftast í dómkirkjunni einmitt á tímanum, sem ákvæðinn hafið verið, þá gekk ég í berhögg við málefnið og taldi unnustu mína á að giftast mér í gær. Þetta er öll saga, það get ég fullvissað yður um. Og hvert var nú augnamið yðar?“

„Þér vitið það ofur vel, og þessi saga yðar er

bara látalæti“, sagði Barres. „Dér vitið mjög vel, að ég ætlaði mér að nota Miss Emily Ramsen sem vitni gegn yður, og að ég gat ekki gert það eftir að hún var orðin M^{rs}. Mitchel.“

„Oh! Jæja, já; ég jata, að mér datt þe'ta í hug, Mr. Barnes“, sagði Mitchel. „Og nú — hvað ætlið þér svo að taka til bragðs í þessu máli?“

„Fyrst og fremst ætla ég að taka yður fastann, fyrir að nema hurt barnið, sem var í umsjón Rose Montalbon“, sagði Barnes. Hann átti von á, að Mitchel sýndi á einhvern hátt, að hann yrði forviða, en þetta urðu vonbrigði.

„Já“, sagði Mitchel rólega; „og hvað svo?“

„Síðan skal ég neyða yður til fyrir dómatólunum að láta uppskált, hvar hún er falin og koma með hana fyrir réttinn“, sagði Barnes.

„Ég held, að þetta yrði býsna erfitt fyrir yður, ef ekki stæði svo á, að ég hef ekkert á móti að gera það“, sagði Mitchel. „Satt að segja ætla ég mér að breyta algerlega afstöðunni frá því, sem þér ímyndið yður hana, og koma strax með barnið. Emily!“ kallaði hann upp, og þá kom kona hans strax inn í herbergið með mjög fagra unglingsstólku. Mr. Mitchel síðd á fætur, tók í hönd stálkunnar, leiddi hana rólega til M^{rs}. Neuilly og sagði: „Rose, þetta er Mr. Neuilly. Hann var ástfólginn og góður vinur móður þinnar, og hefur komið hingað alla leið frá New Orleans til þess að sjá þig. Ég held að hann vildi gjarnan kyssa þig, en er ekki svo, Mr. Neuilly?“

Mr. Neuilly virtist vera í mikilli geðshræringu Hin afarfallega unglingsstúlka, sem stóð frammi fyrir honum, flutti til hans endurminningar frá löngu liðinni tíð. Hún minti hann á aðra stúlku, sem hann hafði séð vaxa upp frá því hún var barn, þar til hún varð fulltí á mæri; hann hafði í ungdæmi sínu elskað móður hennar, ömmu stúlkunnar sem nú stóð frammi fyrir honum. Amman hafði ekki tekið ástumu hans, en ást hans til hennar hafði verið orsök í, að hann hafði verið ógiftur alla æfi. Hann sá nú svip á andliti hinnar ungu stúlku sem minti hann á báðar þessar konur—móðurina og ömmuna—er hann hafði unnað báðum. Hann deð hina ungu stúlku að sér þegjandi og kysti hana einn koss. Svo stóð hagn á fætur—hann hélt enn í hönd hennar—og leiddi hana að hurðinni að næsta herbergi; hann kysti hana þar aftur—á ennið í þetta skifti—bað hana að biða í næsta herbergi og lokaði hurðinni á eftir henni þegar hún var komin inn í það. Þá sneri hann sér við, með bræði í hjarta sínu og niðurbælda ákefð í röddinni og hrópaði:

„Mr. Mitchel, þér eruð annaðhvort hinn fyrirlitlegasti fantur, sem til er á jörðinni, eða að hér á sér stað einhver hræðilegur misskilningur. Skýrið þetta efni, maður, því ég verð að fá að vita sannleikann tafarlaust!“

„Verð er orð, Mr. Neuilly, sem ég sagðan hlyði“, sagði Mitchel, „En ég veit hvornig þér hafið þjáðst, og hef enga löngun til að lengja þetta samtali einu

augnabliki lengur en er algerlega nauðsynlegt. Fyrst af öllu verð ég samt að skilja kringumstæðurnar. Hverjar áltíð þér og hann Mr. Barnes hérna að þær séu?'

„Ég skal skýra það í stuttu máli“, sagði leynilögregluáðurinn, með því skilyrði, að konan yðar fari burt úr stofunni“.

„Konan mín er nú partur af sjálfum mér“, sagði Mitchel og lagði handlegginn utan um mitti hennar, þar sem hún stóð við hlið hans. „Dér þurfið ekki að hika yður hið minsta við að tala. Hún hefur lofað, að taka hlutdeild í lífi mínu og kjörum og taka mig eins og ég er. Hún ætlar að byrja þetta starf sitt strax. Haldið áfram ræðu yðar“.

„Jæja þá“, sagði Barnes. „Ég veit nú að Rose Mitchel, sem myrt var, pektist í New Orleans sem Rose Montalbon, og að hún var kona yðar. Ég hef einnig komist að því, að þér dróguð unga „creole“-stúlku á talar, móður stálkubarnsins, sem nýfarið er út úr stofunni. Að þegar þér yfirgáfuð móðurina, þá dó hún úr sorg, og að þér leyfðuð þessari konu henni Rose Montalbon, að taka stálkubarnið og láta það heita hennar eigið barn, þótt þér næmuð það burt frá henni síðar. Rose Montalbon grunaði, að þér ætluduð að giftast aftur, og hún heitstrengdi að hindra það. Það, að hún kom til New York þegar þér voruð í þann veginn að gifta yður, hlýtur að hafa ógnað yður. Skiljið þér merginn í málinu? Menn hafa framið morð af minni ástæðum. Ég ált því, að

ég hafi nægilegar líkur móti yður til þess að taka yður fastann“

„Já, þér gætuð tekið mig fastann fyrir minni líkur en þetta“, sagði Mitchel. „Dessháttar á sér dags daglega stað. En til þess að sanna sök á mig, yrðuð þér að sanna allt þetta.“

„Hvernig vitið þér, að ég get ekki sannað það?“ sagði Barnes.

„Af þeirri einföldu ástæðu, að staðhæfingar yðar eru allar rangar“, sagði Mitchel.

„Gott og vel, Mr. Mitchel“, sagði Barnes, „en þér verðið að sanna að svo sé.“

„Ég er alveg reiðubúinn til að gera það“, sagði Mitchel. „Samkvæmt sögu sögn yðar nam ég barnið burt fyrst og fremst. Þér hafið rétt fyrir yður einungis að nokkru leyti í þessu atriði. Ég tók barnið burt frá Rose Montalbon, og ég gerði það með leynd og með valdi, eins og þér kunnið að segja. En ég hafið hign fylsta rétt til að gera það.“

„Dér játið þá, að þér séuð faðir stúlkunnar?“ sagði Barnes.

„Nei, þvert á móti, ég neita því, og þetta er einmitt hinn veiki punktur í sögu yðar“, sagði Mr. Mitchel. „Öll röksemdafærsla yðar byggist á því, að ég hafi dregið móður stúlkunnar á tálár og að Rose Montalbon hafi haft mig á valdi sínu. Sannleikurinn er, að ég er ekki faðir stúlkunnar, og Rose Montalbon hafið mjög lítið tækifæri til að kúga fé út úr mér.“

„En þér játuðuð fyrir mér, að þér hefðuð látið

hana gera það“, sagði Barnes; „að þér hefðuð borgað henni mikla fjárupphæð í gímsteinum“.

„Það er satt“, sagði Mitchel, „en samt sem áður lét ég hana ekki kúga mig“.

„Mr. Mitchel, ég gleymi sjaldan orðum manna“, sagði Barnes. „Dér sögðuð mér, daginn sem við vorum í geymsluhvelvingunum, að þér hefðuð verið á valdi konunnar, að hún hefði getað ljóstað upp vissu hneykali, sem hefði getað haft það í för með sér, að það hefði slitnað upp úr trúlofun yðar. En nú segið þér samt, að þér hafið ekki verið á valdi konunnar og að þér hafið ekki látið hana kúga fé út úr yður. Hvernig getið þér samrýmt jafn gagnstæðar staðhæfingar?“

„Tvær gagnstæðar staðhæfingar geta báðar verið sannar, með því móti að nokkur tími líði á milli þess, að þær eru gerðar“, sagði Mitchel. „Degar ég jataði, að ég hefði verið á valdi konunnar, þá áleit ég að svo væri, og þess vegna sagði ég þá satt. Degar ég segi nú, að ég hafi ekki verið á valdi hennar, þá segi ég einnig satt. Á tímabifinu, sem leið á milli þessara staðhæfinga, lærði ég að þekkja geðslag hennar, sem nú er orðin eiginkona mín. Það er alt og sumt. Ég veit nú, að þótt Rose Montalbon hefði hástúnað sögu sína út um alla veröldina, þá hefði það ekki veikt traust konunnar minnar á mér hið minsta, ef ég hefði sagt henni mína hlið á málinu“.

„Í guðanna bænum, herrar mínir“, greip Mr. Neuilly fram í, „hættið þessari stælu og komist að

sjálfum sannleikanum. Ég er mjög ópolinmóður að fá að vita hið sanna“.

„Já, Roy“, sagði Emily, „því ekki segja söguna blátt áfram eins og hún er, og láta allan sannleikann koma í ljós?“

„Það er einmitt það sem ég selta mér að gera“, sagði Mitohel. „Ég hef bara verið að skemta mér öga við að skilmast í orðum við Mr. Barnes. En það er grimdarlegt gagnvart Mr. Neuilly, sem ég vona samt að fyrirgefi mér. Til þess að byrja á byrjuninni, verð ég að hverfa til baka til þess tíma er ég var unglingur í New-Orleans. Ég fékk ást á ljóm- andi fagurri, ungri stúlku“. Hann prýsti hönd konu sinnar um leið og hann sagði þetta, og hún prýsti hönd hans á móti, eins og til að láta hann vita að hún skildi það. „Ég held ég þurfi ekki að nefna nafn móður hennar Rose, Mr. Neuilly, nema þér hafð þegar gert það“.

„Guð forði mér frá, að hafa sagt frá því leyndarmáli“, sagði öldungurinn.

„Ég smyndaði mér ekki, að þér hefðuð gert það, því ég veit að þér eruð áreiðanlegur maður, þótt ég haf aldrei fyr hitt yður“, sagði Mitohel. „Dér verðið ef til vill hessa á þessa í stadhæfingu, en hún er engu að síður sönn. Ég er ekki maðurinn, sem þér álstið að ég sé. Hann er nú á vitskertra spítala, en við erum systkina-synir. Ég veit að menn álfta, að ég sé vitskerti maðurinn, en það er villa, sem hún Rose-Montalbon útbreiddi í einhverju augnamiði. Sann

leikurinn er þessi: Þegar ég var unglingur í skóla, fékk ég ást á skólasystir minni, móður hennar Rose litlu. Rétt áður en ég fór að heiman úr Suðurríkjunum, til þess að ganga á Harward-háskólann, sagði ég hinni ungu unnustu minni—hún var þá einungis fimtán ára gömul—að ég ætlaði að giftast henni þegar ég hefði lokið námi mínu á háskólanum og kæmi heim aftur. Þetta var fyrsta ást okkar beggja. Ég átti frænda, sem var tíu árum eldri en ég og sem var bæði fríður maður og ríkur, en hann var gefinn fyrir peninga-spil og drakk mikið. Þessi kona, Rose Montalbon, hafði peningaspils-stofur, eins og þér vituð, og þessi óhepni frændi minn var stöðugur gestur þar, eins og nærri má geta. Kvöld eitt, þegar hann var mjög drukkin, taldi hún hann á að giftast sér, og var sóttur prestur, sem gaf þau saman heimuglega. Það liðu nokkrir dagar áður en ölvíman rann algerlega af frænda mínum, og hafði hann þó algerlega gleymt giftingunni. Þessi svikabruggs-djöfull, hún Montalbon, minti hann ekki á giftinguna, heldur fór smátt og smátt og stöðugt að telja honum trú um, að það væri bezt fyrir hann að gifta sig. Hún jafnvel stakk upp á konufni handa honum, engri annari en hinni ungu unnustu minni. Augnamið hennar í þessu var tvöfalt: féginni og hefnd. Með því að leiða frænda minn út í fjölkvæni, og með vígsluvottorð sjálfrar sín sem vopn, gat hún hæglega kúgað fé út úr honum. Hefndin var gagnvart nánustu sættingjum unnu minnar, sem hún þóttist eiga

er
br
fj
cr
lok
Da
kú,
var

mín
hinn
mín
liðin
bréf
og s
að R
og fr
sinn;
sins.
inu á
mér.
hjarta
á hinn
heim r
að kon
varð of
kona d
New O
„É

eitthvað grátt að gjalda. Henni hepnadist svika-brugg sitt. Frændi minn var falletgur maður, ég var fjarverandi, og þegar hann hafði kynst hinni töfrand *creole*-stálku varð hann svo áfjádur biðill, að hún fór loks að hlusta á þónorð hans og giftist honum síðan. Þá var frændi minn á valdi Rose Montalbon, og hún kúgaði fé út úr honum í fimm ár; en áður en sá tími var liðinn, fæddist Rose litla.

„Á þessu tímabili hafði ég lokið háskólanámi mínu, en fór ekki heim til New Orleans aftur, vegna hinna sáru vonbrigða, er ég varð fyrir þegar unnusta mín hafði gíft öðrum manni. Þegar þessi 5 ár voru liðin, var ég í Parísar-borg, og þá fékk ég átaka-legt bréf frá hinni ungu konu, fyrverandi unnustu minni, og sagði hún mér í því, hvíllsk hörmung hefði skeð, að Rose Montalbon hefði sýnt giftingar-vottorð sitt og frænda míns og heimtað hann sem eiginmann sinn; hún hafði þannig svívirt dóttur fjandmanns síns. Hin unga kona bað mig fyrirgefningar í bréfinu á því ranglæti, sem hún hafði framið gagnvart mér. Ég las á milli línanna og skildi óþsprungins hjarta, vein lambsins, sem hafði verið skilið eftir úti á hinni frosnu heiði til að deyja þar. Ég flýtti mér heim með eina aðal-bugsun í hjartanu, og hún var sú, að koma frau hefnd á hendur frænda mínum. En ég varð of seinn; því ekki einasta var hin unga, ófarsæla kona dáin, heldur var frændi minn horfinn burt frá New Orleans.

„Ég frétti, að frændi minn hefði farið eitthvað

vestur í land, og fór ég þangað til að leita hans. Ég frétti til hans í hinum og þessum staðnum við og við, en það virtust Órjúfandi Órlög að hann væri nýfarinn burt, þegar ég þóttist viss um að ég mundi ná honum. Þannig liðu fimin ár, og þá hitti ég hann loka-ins. Ég bar strax glæp hans á hann og heimtæði hefnd. Hann hló einungis að mér og neitaði að berjast við mig. Ég lét hann þá vita, að ég mundi drepa hann við fyrsta tækifæri, sem gæfi, þegar ég gæti gert það á þann hátt, að það virtist sem ég ætti hendur mínar að verja, eða hvenær sem ég gæti það án þess að grunur félli á mig að hafa myrt hann“.

„Eruð þér ekki að játa á yður morðgjarn hugarfar“, greip Mr. Barnes fram í, „að játa, að yður hafi verið morð í huga?“

„Ef öllum mönnum væri hegnt fyrir hugsanir sínar, Mr. Barnes, þá mundi hópur glæpamannanna aukast býsna mikið“, sagði Mitohel. „Þér getið ekki komið fram ábyrgð gegn mér fyrir neitt nema verk mín. Loks fékk ég tækifærið. Ég fylgdi honum eftir dimt kvöld eitt, er hann lagði af stað í nýja átt til að leita málma. Við vorum sem sé í náma-héraði nokkru. Hann hélt áfram mestalla nóttina, og ég veitti honum stöðugt eftirför. Í dögunina vorum við staddir margar mílur frá öllum manna-bygðum. Þá lét ég hann vita hver ég var, og heimtæði aftur að hann berðist. Hann sá að mér var full alvara, og að það var ekkert undanfæri að berjast við mig upp á líf og dauða. Undir þessum kringum-

hans. Ég
við og við,
ri nyfarinn
li ná hon-
hann loks-
g heimtaði
neitaði að
ég mundi
þegar ég
em ég sætti
gæti það
hann“.

jarnt hug-
að yður

hugsanir
mannanna

Dér getið
eitt nema

ylgdi hon-
að í nýja

é í náma-
a nóttina,

dögunina.

n manna-
og heimt-

r var full
berjast við,

kringum-

stæðum barðist hann auðvitað, eins og hinn versti
heigull verður að gera, þegar hann er króður þann-
ig. Hann kaus að nota skambissur, þótt ég vildi
heldur að við berðumst með huffum. Ég verð að
játa, að mig langaði til að geta stungid hann hvað
eftir annað. Mig langaði til að sjá lifandi blóð hans
renna við hvern sting. Mér fanst svo ónóg, að standa
nokkuð frá og senda litla blykúlu í áttina til hans.
En ég kannaðist samt við rétt hans til að velja vopn-
in, og ásetti mér að miða skambissunni eins vel og
ég gat á hann og senda kúluna beint. Dér sjáid, að
ég var ekki að hugsa um líf sjálfs mín. Ég hafði
gert þessa hefnd hið eina augnamið mitt, og eftir að
hafa komið henni fram, fanst mér að ég eiga ekkert
ógert í veröldinni. Af þessu leiddi, að ég átti von á
að geta hæglega drepid hann, og mér var sama hvort
kúla hans bæfði mig í hjartað eða ekki. Ég vonaði
ef til vill að hún gerði það. Rétt þegar við vorum í
þann veginn að byrja bardagann, kom nokkuð fyrir,
sem þvínær algerlega dró dug úr mér og sem breytti
allri niðurstöðunn. Hann lét skambissu sína sfga
niður og sagði:

„Bíð við eitt augnablik; ég ætla að biðja yður
bónar. Ég er viss um að þér drepid mig. Dér hafið
verið svo lengi að leitast við að ná lífi mínu, að ég
er viss um að þér náid því nú. Þetta eru örlög. En
ég hef einnig þjáðst síðastliðin fimm ár. Bónin,
sem ég ætla að biðja yður, er sú, að þér lofid mér því,
að ná barninu mínu úr klónum á þessum kvenndjöfi,
ef ég dey“.

„Barninu yður“, sagði ég og saup hveljur. Ég hélt að það hefði dáið“.

„Það var ein lygasagan hennar Montalbon“, sagði frændi minn. „Litla stúlkan lifði og Rose Montalbon tók hana. Ég hef búið til erfðaskrá mína, og arfleitt barnið mitt að öllum auð mínum; þér munuð finna erfðaskrána í treyjuvasa mínum. Dótt undarlegt sé, þá nefndi ég yður sem framkvæmdar-mann erfðaskrárinnar. Ég vissi, að þér höfðuð elskað mórur litlu stúlkunnar minnar, þó ég taki guð til vitnis um, að ég vissi það ekki þegar ég giftist henni. En nú er ég til, ef þér eruð til“.

„Dannig stóðum við andspænis hver öðrum og skutum hver á annan. Hin óvæntu tíðindi, sem frændi minn hafði sagt mér, gerðu það að verkum, að ég miðaði skambissu minni illa, svo að í staðinn fyrir að hæfa hann í hjartað, eins og ég hefði hæglega getað gert, hitti kúla mín hann í höfuðið. Hann féll, og ég þaut þangað, sem hann lá, til að vita, hvort hann væri mikið særður. Honum blæddi mikið, og ég batt um sárið í flýti og stöðvadi blóðrásina. Síðan fór ég til næsta námahóps, fékk mér menn og sjúkra-börur og þannig bárum við frænda minn til þorpsins. Þar í þorpinu var námamaður, sem þóttist hafa lesið læknisfræði, og stundaði hann frænda minn. Hann náði kúlunni úr höfðinu og komst að raun um, að undin var ekki mjög djúp, en höfuðskelinn var brotin. Frændi minn lá veikur í tvo mánuði, en fór svo smátt og smátt að batna. En vit hans var alger-

lega farið. Ég fór með hann til New Orleans og kom honum þar á vitskertra-sptala, og þar hefur hann verið ávalt síðan“.

„Gott og vel, Mr. Mitchel“, sagði Mr. Barnes. „En hvaða sannanir hafði þér fyrir, að þér séuð ekki faðir litlu stúlkunnar og vitskerti maðurinn saklaus frændinn, eins og svo margir álfta að sé?“

„Nú, til að byrja með“, sagði Mitchel, „þótt við berum sama nafnið, þá erum við algerlega ólíkir í sjón að sjá. Ég held að Mr. Neuilly muni játa, að hann hefði ekki þekt mig, og hann þekti hinn seka mann vel. En við skulum tala um það atriði síðar. Ég er ekki neitt hræddur um, að ég geti ekki sannað hver ég er. Of margt fólk í New Orleans þekkir mig til þess. En svo ég haldi áfram sögu minni, þá ásetti ég mér að ná barninu á mitt vald. Ég vissi, að Rose Montalbon mundi veita alla mögulega mót-spyrnu og að það yrði erfitt fyrir mig að sanna sögu mína. Þar að auki vissi ég, og það réði mestu, að ég gæti ekki fengið löglegt vald yfir stúlkubarninu nema ég létu uppskált leyndarmálið um fæðingu þess, e þá hjá því vildi ég komast, bæði vegna stúlkunnar sjálfar og vegna móður hennar. Þess vegna stal ég stúlkunni um um hábjartan dag úti á strætum borgarinnar. Leynilögreglumenn voru sendir út til að leita mig uppi, en Mr. Barnes getur ef til vill borið um, að ég er ekki mjög hræddur við þessháttar menn. Hann skilur nú líka ef til vill betur en áður hvernig á því stendur, að ég þekki nokkuð til aðferð-

ar leynilögreglumanna. Ég hafði mig undan þeim í tvö ár, þar til þeir uppgáfust, trénuðust upp við leitina og hættu henni. Þá fór ég erlendis, því ég verð að segja yður, að á meðan verið var að leita að mér, var ég mjög nálægur. Mér þótti gaman að leiknum. Hann hafði þau áhrif, að ég gleymdi sorgum mínum, eða lét mig hafa nóg að starfa. Ég var í Evrópu þangað til ég kom til New York fyrir nokkrum tíma síðan. Skömmu eftir að ég kom hingað fékk ég bréfið frá Rose Montalbon og myndina, sem ég sýndi yður. Ég þekti myndina, þótt ég auðvitað hefði ekki þekt undirskriftina, sem var Rose Mitchel. Ég óttaðist konuna ekki hið minsta, en ég átti von á að hafa skæmtun af því, hvað hún yrði eyðilögð þegar ég segði henni, að hún mætti gera sitt versta til. En ég var ekki búinn við því sem skeði. Þegar hún hitti mig, byrjaði hún ræðu sína sem fylgir:

„Ég hef alls ekkert áform í þá átt að kúga fé út úr yður, þótt ég gæti ef til vill gert það. En ég hef nokkuð það til sals, sem ég ímynda mér að yður langi til að kaupa. Ég spurði hana hvað það væri, og hún svaraði:

„Vottorð um giftingu frænda yðar og móður barnsins; vottorð um giftingu hans og mín, sem er dagsett fyr en hitt; og þriðja vottorðið um giftingu mína og annars manns, sem var lifandi þegar ég flekði frænda yðar út í að giftast mér.“

„Guð minn góður!“ hrópaði Mr. Neuilly; „ef hún hafði þessi skjöl, þá mundu þau sanna, að hjóna-

band hennar og frænla yðar var ólögmeitt, og af því leiddi einnig, að hjónaband hans og móður Rose litlu var algerlega rétt og lögmeitt“.

„Þetta er alveg rétt“, sagði Mitchel. „Ég borgaði konunni (Montalbon) tíu þúsund dollara, eða jafngildi þessarar upphæðar, fyrir skjöl þessi. Voru þau ekki þess virði?“

„Sannarlega eru þau það“, sagði Mr. Neuilly. „Ég skyldi gefa þá upphæð tvöfalda fyrir þau“.

„Ég skal nú sýna yður hve ósvífin konan var“, sagði Mitchel. „Hún sagði, að ef ég neitaði að borga sér upphæðina, sem hún heimtaði, þá ætlaði hún sér að gera kröfu til mín sem eiginmanns síns, sýna giftingarvottorðið og láta mig sanna, ef ég gæti, að hún hefði gíft frænda mínum, en ekki mér. E'ns og þér skiljið, þá hefði þetta orðið mjög óþægilegt fyrir mig, og þar sem skjölin voru vel verð upphæðarinnar, sem hún heimtaði, með því að þau hreinsuðu blett af nafni frænda míns, konu hans og barns þeirra, þá borgaði ég henni upphæðina“.

„Ég verð aftur að heimta af yður“, sagði Barnes, „að þér sannið, að þér séuð ekki eiginmaður Rose Montalbon“.

„Sýnir ekki það, að hún seldi mér þessi skjöl, að ég var það ekki?“ sagði Mitchel.

„Alls ekki“, svaraði leynilögreglumáðurinn. „Setjum svo, að þér væruð í raun og veru eiginmaður Rose Montalbon, en hefðuð viljað eiga Miss Remsen, þá munduð þér gjarnan hafa borgað konunni

verðið er hún setti á skjöl sem sönnuðu, að hjónaband hennar og yðar hefði verið ólögmætt. Það hefði að líkindum orðið erfitt fyrir yður að sanna, að hún setti annan eiginmann á lífi, ef þér hefðuð ekki vitað nafn hans, jafnvel þó hún væri búin að gefa yður í skyn, að þessi fyrri maður hennar væri til.

„Ég verð að segja það, Mr. Barnes, að þér eruð eins trúartregur og Tómas var“, sagði Mitchel. „En ég sœtla að láta yður í té dálitla viðbótar-sönnun“. Að svo mæltu gekk hann að skrifborði sínu, og kom aftur með skjöl nokkur. „Hér er játning, sem ég fékk konuna til að undirskrifa um leið og ég gerði samninginn við hana. Þér sjáið, að játningin staðfestir sögu mína. En þér getið sagt, að jafnvel þessi skriflega *játning* sé tilbúningur. Hér er því ef til vill betri sönnun. Þetta er vottorð um giftingu frænda míns og Rose Montalbon, Mr. Neuilly“, sagði Mitchel um leið og hann afhenti honum skjalið. Eins og fólk oft gerir, þá hefur konan límt mynd af sér og frænda mínum á skjalið. Ég spyr yður nú að því, Mr. Neuilly, hvort þetta er ekki mynd af mannum, er þér pektuð?“

„Þér hafið rétt að mæla, Mr. Mitchel“, sagði Mr. Neuilly. „Ég þekki andlitið fullkomlega vel. Þetta er myndin af mannum, sem ég hef altaf álitid að hefði verið algerður fantur. En ég verð nú að viðurkenna, að það hefur verið syndgæð meira á móti honum, en hann hefur syndgæð sjálfur. Hinn eini glæpur hans var drykkjuskapurinn, og vandræðin, er

bjónaband
að hefði að
hún sætti
vitað nafn
ur í skyn,

pér eruð
ohel. „En
r-sönnun“.
u, og kom
g, sem ég
ég gerði
ogin stað.
Invel pessi
því ef til
giftingu
Neuilly“,
m skjalið.
mynd af
ður nú að
af mann-

sagði Mr.
el. Detta
álitid að
nú að við-
a á móti
Hinn eini
ræðin, er

eyðilögðu líf konu hans og hans sjálfs, voru að kenna
illmannlegu svikabruggi, sem hann var saklaus af.
Mér þykir mjög vænt um, að þessu er þannig varið,
því það er nú engin hættu á, að hin ástækra litla
stúlka hafi tekið nokkura spillingu í arf frá honum“.

„Heyrið mér, Mr. Barnes“, sagði Mitchel, „hvað
segir þér nú um allt þetta mál?“

Svar Mr. Barnesar átti að gera tilheyrendum
hans hverft við, en það hafði lítil áhrif. Hann sagði:

„Mr. Mitchel, hver álitid þér að hafi myrt Rose
Mitchel?“

„Ég álit að ég sé ekki skyldugur til að svara
þeirri spurningu“, sagði Mitchel tafarlaust.

„Verið þér sæl“, sagði leynilögreglumadurinn
þurlega. „Ætlið þér að koma með mér, Mr. Neuilly?“

Áður en öldungurinn gat svarað, tók Mrs. Mit-
chel til máls og sagði:

„Farið ekki burt, Mr. Neuilly. Þér hafið enn
ekki fengið tækifæri til að tala neitt við Rose litlu,
og þar að auki þætti mér mjög vænt um, að þér yrð-
uð í heimboði okkar í kvöld.“

„Ha! Ha! Mr. Barnes!“ sagði Mitchel. „Er
hún ekki hæfileg kona handa mér? Hún tekur vitni
yðar af yður, því ég held að þér ætlið að verða eftir
hjá okkur, Mr. Neuilly, eða er ekki svo?“

„Mér er sannarleg gleði í að verða eftir“, sagði
Mr. Neuilly. „Ég er viss um, að þér afsakið mig
undir svona kringumstæðum, Mr. Barnes, og fyrir-
gefið mér, eða er ekki svo?“

„Auðvitad; þér gerið rétt í að verða eftir“, sagði Mr. Barnes. „Ég skil við ykkur öll í gleði ykkar. Eg vona að hún verði endingargóð. Verið þér sæl“. Og svo fór hann sína leið.

„Mér þykir í rauninni fyrir“, sagði Mitchel, „en þessir leynilögreglumenn gera sér ætíð svo góðar vonir um sigur. Bara hugsaðu þér það, drotning, að hann heldur, eða hann hélt, er ef til vill réttara, að þú værir kona mörðingja. Hvað segir þú um það?“

Hún svaraði honum einungis með því að kyssa hann blíðlega á ennið, og fór síðan út og sótti Rose litlu.

Arnþjotur B. Olsson

XVI. KAPÍTULI.

MR. BARNES UPPGÖTVAR DÝRMÆTAN LEIÐARVÍSI.

Strax eftir brúðkaup sitt lögðu þau Mr. Mitchel og kona hans á stað vestur í land, og höfðu þau ásett sér að eyða hveitibraudsöðugum stnum í hinum nafatogaða Yosemite-fal, en lofað Mrs. Remsen og Doru að hitta þær í White Mountain-héraðinu áður en sumarið væri um garð gengið. Með jólmánaðar byrjun fóru þau Van Rawlston-hjónin til Jefferson, í New Hampshire-rtki, lítils bæjar, sem stendur við rætur Pliny-fjallgarðsins, en þaðan er ljómandi útsýni til Presidential-fjallgarðsins, sem er einungis í

eftir“, sagði
 gleði ykkar.
 í þér sæl“.

Mitchel, „en
 svo góðar
 brotning, að
 réttara, að
 um það“
 að kyssa
 og sótti

DA RVÍSI.

Mr. Mitchel
 þú þau ásett
 inum nafn-
 a og Doru
 þú áður en
 úlmánaðar
 Jefferson, í
 stendur við
 ómandi úti
 einungis í

10 mílna fjarlægð. Um miðjan mánuðinn (júlí) gerði Mr. Randolph sér ferð til nefnds bæjar, og brá honum ákaflega í brún þegar hann steig út úr póstvagninum, sem flutti hann frá járnbrautarstöðvunum til Waumbeck-hótelsins og sem kom þangað um klukkan 8 að kvöldinu, við að rekast þar á Mr. Thuret, sem heilsaði honum kunnuglega. Það var auðséð, að meðþiðill hans sætlaði sér ekki að forsóma neitt tækifæri til að vinna Doru Remsen sér fyrir konu.

Sá, sem hefur nokkurn smekk fyrir náttúru-fegurð, getur ekki annað en unað sér vel í Jefferson. Bærinn er í rauninni einungis ein húsaröð, með stræti fyrir neðan, nokkuð uppi í fjallshlíðinni. Dannig blasir við manni frá öllum hótélunum langur og fagur dalur. Og frá svölunum framan við Waumbeck-hótelið getur maður í heidskrú veðri hæglega talið að minsta kosti 35 fjallshjúka, þó ekki sé þar í innifalin Grænufjöll, yfir í Vermont, er sjást einungis sem blá lína í fjarska út við sjóndeildarhringinn.

Mount Washington er auðvitað tilkomumesti hnjúkurinn, sem maður sér, og sem menn dást mest að. Sá sem ekki hefur komið í þetta hér.ð mundi smynda sér, að maður yrði brátt leiður á að sjá sömu fjöllin dag eftir dag; en þessu er alls ekki þannig værið. Öll fjöllin, en sérslagi Mount Washington sýna sig stöðugt í nýrri mynd. Allar breytingar á veðrinu og loftinu breyta útliti þeirra. Skuggar hinna svífandi skyja, slrif sólaruppkomu og sólseturs, tunglsljósið, þokuslæðingur, sem hylur gnápur

fjallanna, mistur og regn, alt þetta orsakar svo margbreytta líti og myndir, að auga þess, sem hefur einhverja fegurðar-tilfinningu, þreytist aldrei á því.

Dora var málari í öllu eðli sínu, enda hefði maður komist að því ef maður hefði heyrt á tal hennar, þar sem hún sat úti á svölunum hjá Mr. Randolph hálfri klukkustund eftir að hann kom til hótelsins. Í gleði sinni yfir að vera hjá Doru og hlusta á tal hennar, mundi hann hafa gleymt því algerlega að Thaurer var til, ef hann (Thaurer) hefði ekki setið í ganginum við endann á svölunum, og þannig líka notið skemtunarinnar af tali hennar.

„Það er raunalegt“, sagði Dora við Randolph, „að þér skylduð ekki koma hingað í gær. Þér hafði þess vegna farið á mis við hina mikilfenglegustu sjón, sem mannglegt auga hefur nokkur tíma séð. Ég býst við að þér hafði ekki, á leiðinni upp hingað, séð neina fegurð í regnsteyppunni, sem kom hér seinni-partinn í dag?“

„Nei, alls ekki“, svaraði Randolph. „Hvernig sem það var nú hér upp til fjalla, þá gerði regnið ekki dalina neðra neitt meira aðlaðandi. Sannleikurinn er, að mér hefur fundist þessi dagur reglulega fáll.“

„Það var skaði að þér skylduð ekki vera hér, í staðinn fyrir í hinum leiðinlegu járnbrautarvögnum“, sagði Dora. „Ég segi yður það satt, að ég á ekki til orð sem lýsa hinum dýrðlegu myndum, er ég hef skemt mér við. En ég ætla nú samt að reyna að

svo marg-
hefur ein-
því.

hefði mað-
tal hennar,
Randolph
í hótelsins.
lusta á tal-
gerlega að
ekki setið í
þannig líka

Randolph,
Dér hafði
englegustu
rentíma séð.
Upp língað,
hér seinni-

„Hvernig
erði regnið
Sannleik-
gur reglu-

vera hér, í
svögnum“,
þú á ekki til
er ég hef
á reyna að

lýsa þeim. Dér megið ekki fara á mis við þetta al-
gerlega. Má ég reyna að lýsa því fyrir yður?“

„Auðvitað; mér þykir mjög vænt um að þér
gerið það“, sagði Randolph.

„Jæja, þá; horfið út yfir dalinn“, sagði hún.
„Hvað sjáið þér?“

„Ég sé, að mánninn hellir fögrum geislum út yfir
stöðuvatnið“, sagði hann.

„Einmitt það“, sagði Dora og hló dátt. „Dað
er einmitt sú skrifna villa, sem ég fmyndaði mér að
þér munduð lenda í. Detta, sem þér sjáið, er alls
ekkert stöðuvatn. Dað er mistur, eða öllu heldur
ský. Ef ég hefði ekki sagt yður þetta, þá hefðuð
þér orðið hissa í fyrramálið, þegar þér hefðuð séð, að
stöðuvatnið yðar var orðið að trjám og engjum. En
svo ég byrji sögu mína, þá fóru að draga upp ský á
loftinu um klukkan 4 í dag; það var nú mjög gaman.
Sólin skein björt hér, en við sáum að það var helli-
rigning yfir frá, í áttinni þar sem Lancaster er. Regn-
ið færðist hægt og hægt í áttina til okkar. Sumir
karlmennirnir fóru að veðja um það, hvað langt yrði
þangað til regnið kæmi hingað. En svo kom annar
hótel-eigandinn út, og gerði okkur öll forviða með
því að segja, að það mundi að líkindum rigna yfir í
Presidential-fjallgarðinum fyrri en hérna. Okkur
virtist þetta mjög undarlegt, eins og þér skiljið, því
hvers vegna mundi regnið stökkva yfir okkur og fara
yfir í hin miklu fjöll?“

„Nú, en gerði regnið það?“ sagði Randolph.
„Dað virðist ómögulegt“.

„En það er samt einmitt það sem skeði“, sagði Dora. „Þetta gerist á þann hátt sem fylgir: Í hvert skifti sem regnskúr kemur úr áttinni frá Lancaster, þá reka regnskyin sig á Pliny-fjallgarðinn, þegar þau koma hingað yfir um, og klafna í sundur, svo hér rignir ekki. Síðan reka þau sig á hlöðarnar í Presidential-fjallgarðinum og velta til þeka niður í dalinn, sem við erum í. Ég segi yður það satt, að það er einkennileg sjón, að sjá skyin þeytast í algerlega gagnstæðar áttir“.

„Sæjs, en þegar öllu er á botninn hvolft, þá gat ekki verið nein mikil fegurð í regninu“, sagði Randolph. „Það hlýtur að hafa hulið alt útsýnið“.

„Já, en hugsíð yður hvað sérlegt það var, að allir þessir miklu höjúkar skyldu hverfa alt í einu. Ekkert fjall sýnilegt í neinni átt. En svo voru þrumurnar. Ó! þær voru mikilfenglegar. Það, hvernig þrumuhljóðið veltur úr einum stað í annan og bergmálár, gefur manni góða hugmynd um stórkostlegan bardaga, þar sem heyrast drunur úr mörgum fallbissum. Það kom líka nokkuð á eftir, er styrkti þessa samfkingu, sem ég vildi óska að ég gæti lýst. Það var eftir að regnskúrin var um garð gengin og hin bjarta kvöldsólin skein aftur yfir landið. Reyndi að hugsa yður myndina. Hugsíð yður, að þér sætuð einmitt þar sem ég sit nú og horfðuð að Presidential-fjallgarðinum, en sólin að ganga undir blóðrauð að baki okkar. Mount Washington hafði hrist skyin af kollinum á sér, og var fjallið nú umvafið skrautleg-

um dyrðarljóma, skfnandi, tvöföldum friðarboga. Annar endi bogans virtist koma alveg upp úr dalnum þarna, en hinn endinn hvarf bakvið Starr King-fjallið. Hin svifandi ský, sem enn voru dökk og þrungin, þyrluðust áfram með allmiklum hraða og voru ekki langt frá jörðinni, og með því sólin var að sfga niður undir sjóndeildarbringinn, köstuðu skyin svifandi skuggum á rætur Mount Washington, en í gegnum rifurnar milli skyjanna sló blóðbrauðum geislum af sólinni á ýmsa parta fjallsins, sem orsakadi fagrar tilbreytingar á hinum grænu trjám og dökku klettum. Ó, ef bara góður málari hefði séð þetta. En það hefði nú samt verið gagnslaust, því engin mannleg hönd gæti málað jafn stórkostlega fegurð. Á milli okkar og fjallanna kom aftur fram lfsking hervallarins. Til og frá risu litlir skýflókar upp frá trjátoppunum, og hófu sig upp á loftið lft og reykur, svo maður gat fmyndað sér, að þau væru reykir af fjölda mörgum herbúða-eldum. Ó! alt þetta var blátt áfram undursamlegt“.

„Það var það sannarlega“, sagði Thauret, „og lýsing yðar gerir það aftur ljós lifandi fyrir mér“.

„Síðan kom hið fallege, langa rökkur“, hélt Dora áfram, án þess að gefa orðum Thaurets nokkurn gaum. „Það var undur fagurt. Þessir litlu skýflókar ar runnu smátt og smátt saman og nýir hófu sig upp af jörðinni, unz, þegar dimt var orðið og mánninn kom upp, þeir höfðu myndað þetta fagra vatn, því þegar öllu er á botninn hvolft, þá er stöðuvatnið yð.“

ar reglulegt vatn, samansafnað í skyjunum eða pokunni, sem grúfir yfir láglandinu, og þarna er nú allt saman. Þér getið að minsta kosti haft ánægjuna af að horfa á það“.

Randolph hafði líka ánægju af því. En það, sem hann hafði mesta ánægju af, var sælan að vera hjá Doru. En hann naut nú þeirrar sælu ekki lengi, því Mrs. Remsen kom og fékk hann til að fara með sér upp í danssalinn, til þess að gera hann kunnugann nokkrum af hinum ungu stúlkum, sem voru að dansa þar hver við aðra og við 12 til 14 ára gamla piltu, af því þær höfðu ekki völu á öðru betra.

Ef Mr. Randolph gramdist að Thaurset skyldi vera fyrir þarna á hótelinu, þá var hinum síðarnefnda ekki betur við komu meðbiðils síns. Þar sem Thaurset var nú einsamall eftir hjá Doru, og með því hann áleit að hún væri í þannig skapi, að það væri gott tækifæri til að halda áfram bóunorði sínu, þá ásetti hann sér að vekja aftur máls á því, áður en meðbiðill hans fengi ráðrúm til að tala einleiga við hana. Hann færði stólu sinnu nær henni, og byrjaði á málefnum þvínær formálalaust.

„Miss Dora“, sagði hann, „munið þér eftir samtali mínu við yður fyrir nokkru síðan? Ég meina samtalinu um að vera einmana, og lönguninni eftir að eiga sér vin á lífsleiðinni?“

„Ó, já“, sagði hún hreinskilnislega. „Hvers vegna spyrjið þér að því? Óskið þér að halda því samtali áfram nú?“

„Ef yður þóknast, vildi ég gera það“, sagði hann. „Dér munið eftir, að þér sögðuð, að þér gætuð betur svarað mér eftir að systir yðar væri orðin gift“.

„Vegna þess. að ég hélt, að ég mundi sakna hennar svo mikið og verða svo einmanaleg sjálf, eða var ekki svo?“ sagði Dora. „Jæja, ég hef auðvitað saknað ‚drotningar‘ minnar mjög mikið, en ég get varla sagt, að mér hafi fundist ég vera einmana. Dér hafið séð um það, og ég er yður vissulega þakklát fyrir það. Dér hafið verið mjög vænn við mig“.

„Dér: álstið það? Dér viðurkennið það?“ sagði Thaurer, og lýsti rödd hans nokkrum ákafa.

„Nú, já! Hví skyldi ég ekki gera það, fyrst það er satt?“ sagði Dora.

„Auðvitað“, sagði Thaurer; „én, eins og þér vitið, þá dylja svo margar ungar stúlkur tilfinningar sínar. Ég meina, að það er álstið svo nauðsynlegt nú á dögum, að kvennfólk bæli niður tilfinningar sínar“.

„Bæla niður!“ sagði hún og bló dátt. „Álstið þér, að það yrði nokkurntíma mögulegt að bæla mig niður?“

„Nei, vissulega ekki, og ég vona einlæglega að það komi aldrei fyrir“, sagði Thaurer. „En þótt þér hafið ekki verið einmana eða leidd, þá hafið þér ef til vill hugsað dálftið um hitt málefnið, um ástina, meina ég“.

„Ó! Um það!“ sagði Dora.

„Það er spursmál sem mér finst varða mestu, og sem mig langar til að fá álit yðar um“, sagði Thaurer. „Álitið þér að þér munduð verða sælli eða ófarsælli, —ef þér væruð gift?“

„Það er spursmálið“, sagði Dora. „Það væri komið undir—manninum mínum, eða er ekki svo?“

„En setjum svo að við skyldum—“

„Nefnið engin nöfn, ef yður þóknast“, sagði Dora. „Ég get með engu móti látið mér koma til hugar að setja svo. Ég hef heitið að gera það ekki“.

„Heitið að gera það ekki“, át Thaurer eftir henni. „Ég skil yður ekki“.

„Ég meina, að ég hef gert veðmál“, sagði Dora. „Álitið þér, að það sé ljótt af mér að veðja? Auðvitað álituð þér það ekki. Jája, ég hef gert sérlegt veðmál við Bob—Mr. Mitchel, eins og þér skiljið. Ég kalla hann nú orðið Bob, og ég gerði það stundum áður. Það er að segja, ég gerði það þegar ég vildi fá hann til að gera eitthvað fyrir mig. Honum fanst þá að hann tilheyrta fjölskyldu okkar. Jája, en nú skal ég segja yður um veðmálið. Stundum þegar Emily var ekki heima, lézt Bob þra að biðla til mín. Hann sagði, að það væri góð æfing fyrir mig; að það kendi mér að þekkja háttu heimsins, og fram eftir þeim götunum. Ó, Bob er skritinn maður, en hann er mjög skemtilegur. Fellur yður ekki vel við hann?“

„Já, fjarskalega vel“, sagði Thaurer. „En þér hafði ekki sagt mér hvert veðmálið var, ennþá“.

„Ég kem nú að því“, sagði Dora. „Jæja, dag einn, þegar hann var að leika biðil minn og ég var að gera mitt bezta til að leika minn þátt, þá skellið hann alt í einu, og sagði: ‚Dora, ég þori að veðja við yður um, að þér verðið trúlofuð innan misseris eftir að við Emily gittum okkur‘. ‚Hvað miklu viljið þér veðja um það?‘ sagði ég. ‚Eins miklu og þér viljið‘, svaraði hann. Ég spurði hann þá að, hvort hann vildi veðja eitt þúsund dollara um það, en hann blístraði, og sagði að ég væri fjárglæfra-stúlka. En ég ált að þetta væri nú ekkert fjárglæfra-spil, því að ég var alveg viss um að vinna. Ég vildi auðvitað hafa veðmálið hátt. Við sömdum svo um þetta, og hann skrifaði veðmálið á blað. Ég skal sýna yður það einhverntíma, ef þér viljið. Ef ég er ekki trúlofuð fyrir hinn 1. janúar næstkomandi, þá verður Bob að borga mér eitt þúsund dollara.“

„Og þér eruð ákveðin í að vinna þetta veðmál?“ sagði Thaurer.

„Auðvitað er ég ákveðin í því“, svaraði Dora.

„Ég er ung ennþá, og get því vel staðið við að biða svona lengi, það er ég viss um. Það verður nógur tími eftir það að útvega mér eiginmann.“

„Það gerði þá engan mun, hvað umhugað biðli yðar væri að fá svar strax?“ sagði Thaurer.

„Vissulega ekki“, sagði Dora. „Ef að einhver karlmaður elskaði mig ekki nógu mikið til þess, að biða í nokkra mánuði eftir svari mínu, þá mundi ég álíta að ég væri heppin að vera laus við hann. Auk

þess gæfi þessi tími mér gott tækifæri til að læra að þökkja biðil minn“.

„Setjum svo—en nei—ég bið yður þessa“, sagði Thaurer Miss Dora—Dora—ég er tryltur af ást til yðar, ég elska yður af öllu hjarta, og—“

„Jæja, en segið ekki meira“, sagði Dora. „Ef því er þannig varið, sem þér segið, að þér séuð tryltur af ást til mín, elskið mig af öllu hjarta, nú, þá er enginn vafi á, að þér viljið biða eftir svari mínu þangað til í janúar“. Hún sagði þetta fremur þurlega, og vonir Mr. Thaurers féllu allmikið, en þær stigu aftur upp í sóttithita við það, að hún sagði blíðlega: „Nú, ég ætlaði ekki að meiða tilfinningar yðar. Þér megið ekki álíta mig harðbrjósta, en ég verð að vinna þetta veðmál. Mér er nú samt ekki eins ant um peningana eins og um ánægjuna af, að geta sannað Bob, að ég hef nokkurt vald yfir sjálfri mér. Ef þér elskið mig, þá sjáið þér vissulega ekki eftir þeirri ánægju fyrir mig?“

„Nei, nei, sæta mín“, sagði Thaurer. „Hafið þetta eins og yður þóknast. Ég skal biða. En segið einungis, að það sé nokkurt tækifæri fyrir mig, að fá ósk mína uppfyllta“.

„Nú, auðvitað, allir hafa tækifæri“, sagði Dora. „En ég má ekki segja yður hvað mikið tækifæri þér hafið, því ef ég geti það, þá ynni ég ekki veðmál mitt hreint og svikalaust. Og nú verð ég að bjóða yður góða nótt“. Að svo mæltu fór hún sína leið. Hin síðustu orð hennar klingdu í eyrum hans og hann

huggaði sig við þau. Því hvað annað gat hún meint en það, að hann hefði gott tækifæri; því of hið gagnstæða átti sér stað, hvernig gat það, að segja honum sannleikann, hindrað hana frá að vinna veðmál sitt? En samt sem áður reyndi hann, eftir því sem vikurnar liðu, að fá ákveðnara svar hjá henni, en honum hepnadist það aldrei. Hann lifði samt í hinni sælu vonum um sigur, og beið eins polinmóðlega og hann gat.

Randolph var blátt áfram vansæll allan tímann. Áttið þegar hann var hjá Dora var hún góð við hann, vingjarnleg við hann, og talaði oft við hann svo blíðlega, að hjarta hans titraði. En honum tókst ekki heldur að fá neitt annað út úr henni en sömu gömlu beiðnina, að hann skyldi vera polinmóður og biða. Hann beið líka, en ekki polinmóðlega.

En á meðan þessir kunningjar vorir höfðust við þarna í New Hampshire, og í stuttu máli frá því þau Mitchel og Emily giftust, var Mr. Barnes í New York og hélt stöðugt áfram að rannsaka allt er horum virtist standa í einhverju sambandi við leyndarmálið, eða leyndarmálin, sem hann hafði árangurslaust verið að reyna að greiða úr. Hann hafði sannfærst um eitt atriði svo algerlega, að það var ekki minsti vafi á því framar. Og þetta atriði var það, að Mr. Fisher hefði engan þátt átt í þjófnadinum á járnbrautarlestinni. Njósnaarmenn hans höfðu komist að því, að Fisher hafði verið fjarverandi frá New York í þrjú daga einmitt á þeim tíma, sem glæpurinn var framinn, en það hafði reynst, við frekari rannsóknir, að einmitt

þetta létti öllum grun af honum. Með fimlegum rannsóknnum tókst njósnarmanni Barnesar að uppgötva, að Fisher hefði bara farið á andaveiðar þessa daga, og verið í þeim hluta landsins, sem gerði alveg ómögulegt, að hann hefði á nokkurn hátt verið riðinn við þjófnadinn. Það hefði ekki verið erfitt að uppgötva þetta einfalda atriði ef Fisher hefði ekki haldið þessari ferð sinni leyndr. Þetta þæffist um stund fyrir njósnarmanninum, en loks fylgdi hann Fisher eftir út úr borginni, og var með honum í raun og veru á samskyns ferðalagi síðar. Eftir að þeir komu til baka, komst hann að ásvæðunni fyrir þessum leynilegu ferðum Fishers, sem var sú, að hin veikburða systir hans var fjarskalega á móti öllu dýra- og fugls-drápi, hvort heldur var til skemtunar eða sem atvinna. Og það var til þess að koma ekki í bága við þessa kreddu systur sinnar, að Fisher fór leynilega í veiðiferðir sínar. Njósnarmaðurinn fékk að vita hjá manningum, sem hafði leigt Fisher veiðihundana, að hann hefði notað þá í desember. Svo að þetta slepti Fisher algerlega út úr málinu, eða að minsta kosti sýndist svo. Það var samt enn mögulegt, að hann væri meðsekur í rúbin-þjófnadinum, þótt ekkert annað en það að hann var í húsinu, er þjófnadurinn var framinn, vektí grun á honum. En Mr. Barnes slepti honum ekki algerlega úr reikningnum í því máli.

Dannig mátti í rauninni heita, að lögreglumanninum miðaði ekkert áfram í þessum málum, og hann

var eyðilagður yfir að verða að játa það með sjálfum sér. Loks kom honum samt nokkuð nýtt í hug, sem, þess meira sem hann hugsaði um það, töfraði hann enn meira. En hann komst samt að þeirri niðurstöðu, að hann yrði að geyma að nota þessa nýju hugmynd sína þar til Mitchel kæmi aftur til borgarinnar. Barnes fanst, að hann mundi skemma fyrir sér með því að leita Mitchel uppi og ónáða hann á skemtiferð hans.

Mr. Mitchel og kona hans héldu ekki það loford sitt, að koma til White Mountains í New Hampshire, heldur lengdu þau dvöl sína vestur í landi, svo að það var komið fram í nóvember mánuð áður en þau komu heim aftur, og settust þau að á Fifth Avenue-hótelinu til bráðabirgða. Nokkrum dögum síðar sendi Mr. Barnes nafspjald sitt upp á herbergi Mitchels, sem tók honum mjög vingjarnlega, eins og vant var.

„Hafið þér nokkrar fréttir að segja mér af rúbin konunnar minnar?“ sagði Mitchel um leið og hann tók vingjarnlega í höndina á Barnes.

„Nei, Mr. Mitchel“, sagði Barnes. „Mér þykir yfir, að verða að játa, að mér er algerlega ómögulegt að sanna nokkra af hugmyndum mínum viðvikjandi honum. En ég hef komist að fastri fyrirætlan, og kann yður að virðast hún undarleg. Ég er hið að kominn til þess, að biðja um liðveizlu yðar í morðmálinu.“

„Aðvitað skal ég aðstoða yður í því“, sagði

Mitchel. „Sagði ég yður ekki þegar í upphafi, að ég skyldi gera það? Hef ég ekki ætíð verið reiðubúinn til að tala afdráttarlaust við yður?“

„Já, það hefði þér verið“, sagði Barnes; „en hvernig gat ég komið til yðar og beðið yður um líðveizlu á meðan ég áleit, að þér hefðuð drygt glæpin sjálfur?“

„Á ég þá að skilja yður svo, að þér grunið mig ekki nú orðið um það?“ sagði Mitchel.

„Já, ég hef loksins komist að þeirri niðurstöðu og ég vildi bara óska að ég hefði gert það fyr“, sagði Barnes.

„Hafið þér nokkuð á móti að segja mér, hvers vegna þér hafið breytt skoðun yðar í þessu efni?“ sagði Mitchel. „Dér hafið sagt mér svo mikið sem virtist gera mig grussaman, að mér er forvitni á að heyra hina hlið málsins“.

„Auðvitað skal ég segja yður þetta“, sagði Barnes. „Ég heyrði veðmál yðar. Svo var þjófnadurinn framinn á lestinni, og síðan morðið hér í New York. Og þar á eftir var hinn annar gimsteinstuldur framinn. Allir þessir glæpir voru dryggðir innan tíma-takmarksins, sem þér tiltókuð. Dér dryggðuð auðvitað einn af glæpum þessum. Það virðist líklegast, að þér hafið stolið hinum sérstaka rúbin, því með því, að gera það, dryggðuð þér glæp sem ekki væri hægt að hegna yður fyrir, einkum þar sem þér hafið síðan gíft konunni, sem honum var stolið frá. Jafnvel áður en þér gíftust henni mundi

hún hafa verið fús á að bera það, að þið hafið komið ykkar saman um þetta, og að það væri einungu's bragð til að vinna veðmáli? Er ekki þetta rétt hugsunarfræði?"

„Rétt hugsunarfræði?“ át Mitchel eftir bonum. „Já; en ég játa auðvitað ekkert viðvikjandi því, hvað satt sé í þessu.“

„Annarhvor eða báðir þessir stuldir eru lítilsverdir í samanburði við morðið“, sagði Barnes. „Ég hef ásett mér að komast fyrir það, ef ég get. Sem stendur á lít ég, að sami maðurinn hafi framið þjófnaðinn á lestioni og myrt konuna. Það er nú til einn leiðarvísir, sem ég hef ekki getað rakið, en sem ég er sannfærður um að hlýtur að leiða mann-beint til morðingjans, ef hægt er að rekja hann.“

„Og hver er þessi leiðarvísir?“ spurði Mitchel.

„Hnappurinn, sem ég fann í herberginu“, sagði Barnes. „Hann er þyðingarmikill. Það, að hnappurinn skuli vera alveg af sama tegi og hnappa-samkerfi yðar, er of mikill samhljóðan til þess, að því fylgi ekki skýring sem lýsi þetta málefni.“

„Á hvorn hátt búist þér við að ég geti aðstodað yður í þessu atriði?“ sagði Mitchel.

„Á meðan ég smyndaði mér að þér væruð sekur, áleit ég að þér hefðuð logið að mér, þegar þér sögðu, að sjöundi hnappurina í samkerfinu væri Shake-speare-þjónninn, sem konan yðar á. Það er ástæðan fyrir, að ég áleit þyðingarmikið að ná hnappnum aftur; négu þyðingarmikið til þess að koma þjósnara

mínum, hegni Lucette, inn í hús þeirra Remsen-
mæðgna og mæla svo fyrir, að hún næði hnappnum
ef mögulegt væri. Þar sem ég nú ált yður saklaus-
an af morðinu, þá hef ég komist að þessari niður-
stöðu: Þegar ég sagði yður frá þessum hnapp, áður
en þér vilduð minnast á hann, þá báðuð þér mig að
lofa yður að skoða hann. Eftir að þér voruð búnir
að því, fenguð þér mér hann aftur og brostuð glá-
lega. Ef hnappurinn hefði verið vitni gegn yður, þá
sé ég nú að það hefði útheimt afarmikin taugastyrk
að sýnast svo áhyggjulaus, og sérilagi að fá mér hann
aftur. Spurningin, sem ég óska nú að bera upp
fyrir yður, er sú, hvað það var, sem þér sáuð á hnapp-
num og sem sannfærði yður um, að hann tilheyrði ekki
samkerfi yðar?'

„Fyrst og fremst vissi ég, Mr. Barnes“, sagði
M. tohel, „að það voru einungis til þrjár hnappar, sem
voru eins, því á hinum þremur voru alt öðruvísi
myndir, og á hinum sjöunda var mynd Shakespeare's.
Með því ég vissi þannig að ég hafði alla hnappana í
samkerfinu, þá sá ég að ég var ekki í neinni hættu“.

„Og í öðru lagi“, sagði leynilögreglumadurinn,
„þá var greinilegur mismunur á hnöppunum, og það
geiði yður ennþá úruggari. Hef ég rétt fyrir mér
essu?'

„Mr. Barnes, þér verðskuldið að yður hagnist
rannsókn yðar, og ég vona að svo verði“, sagði Mit-
tohel. „Ég skal aðstoða yður alt hvað ég get. Þér
hafið rétt að mæla. Það er mismunur á hnöppunum.
Hafið þé hnapp yðar á yður?'

„Já“, svaraði Barnes og tók hnappinn upp úr þung sínum.

„Haldið sjálfur á honum ofurlitla stund“, sagði Mitchel. „Þegar Miss Remsen pantaði þessa hnappa, þá skipaði hún svo fyrir, að ofursmár stafur skyldi kænlega grafinn í hárið á sérhverjum af myndunum á Romeo og Juliet hnöppunum. Á Romeo-hnappana skipaði hún að grafa ‚R‘, því hún kallar mig Roy. En á Juliet-hnappana skipaði hún að grafa ‚Q‘, því ég kalla hana Queen (drottningu). Þessa stafi sér enginn ókunnugur maður, en eftir að maður hefur skoðað þá í stækkunargleri, getur maður hæglega fundið þá með berum augum á eftir. Takið nú þetta stækkunargler og athugið hnapp yðar, rétt neðst á hárinu, niður undir hálsinum á myndinni. Svona! Hvað sjáið þér nú?“

„Við himininn!“ hrópaði leynilögreglumadurinn; „þetta er afar-þýðingarmikið. Þetta er Juliet-hnappur, og ef hann væri sinn af samkerfi yðar, þá ætti að vera ‚Q‘ á honum. Ég held, að það hafi verið gerfi tilraun til að búa stafinn til, en verkfærið, sem notað var, hafi sloppið til, svo að hann hafi mishepnast, að það hafi flaskast út úr stafnum, svo að hann heldur sér ekki. Ég efast um, að þér hafið séð nokkurn staf þarna þegar þér skoðuðuð hnappinn með berum augum, daginn sem ég sýði yður hann fyrst.“

„Þér hafið rétt að mæla“, sagði Mitchel. „Ég leitáði einungis að þessu ‚Q‘ með auganu, og með því ég fann það ekki, var ég ánægður.“

„Þetta er alvarlegt atriði“, sagði Barnes. „Það er augstýllegt, að sami maðurinn, sem bjó þennan hnapp til, bjó einnig hnappa yðar til. Hann skemdi þennan hnapp, og bjó svo annan til í staðinn. Maðurinn sem bjó hnappinn til, eða manneskjan sem eignaðist hann, skal veita að gefa mér skýringu um, hvernig hnappurinn komst inn í herbergið, sem konan var myrt í. Þér verðið nú að segja mér, hvar hnappar þessir voru keyptir“.

„Ég skal gera það með einu skilyrði“, sagði Mitchell.

„Segið mér hvert það er“, sagði Barnes.

„Skilyrðið er það, að hvaða svo uppgötvun sem þér gerid, þá verðið þér að segja mér frá henni áður en þér stigið nokkurt frekara spor, og að þér stigið ekki það spor fyrri en eftir 1. janúar næstkomandi, nema að það sé algerlega nauðsynlegt“.

„Þér eigið við, að taka engan fastann?“ sagði Barnes.

„Það er einmitt það, sem ég meina“, sagði Mitchell. „Þér þurfið ekki að stíta að lofa þessu. Ég skal ábyrgjast yður, að maðurinn sleppi ekki. Ég veit hver hann er“.

„Þér vitið hver hann er?“ át Barnes eftir. Hann var forvið á, að Mitchell skyldi jafn þetta.

„Já, ég þekki hann“, sagði Mitchell. „Það er að segja, ég er algerlega viss um, að ég þekki hann. Ég skal segja yður það nú strax, að þar sem ég vissi með sjálfum mér að ég var saklaus, þá stóð ég betur

nokkurs í París á blað, ásamt númerinu á búið þeirra. Hann afhenti Mr. Barnes blaðið, en tók síðan aðra pappírs-örk og hélt áfram að skrifa.

„Nú, Mr. Mitchel“, hrópaði Barnes, „þetta er sama kaupmanna-félagið sem seldi yður gimsteinna yðar; ég meina gimsteinana sem eru svo líkir samkerfinu, er stolið var. Ég hef þegar skrifast á við þetta félag, og það svaraði mér því, að það gæti engar upplýsingar gefið.“

„Já, ég skil það“, sagði Mitchel. „Ég lagði svo fyrir, að það gæfi engar upplýsingar.“ Mr. Mitchel brosti um leið og hann sagði þetta, og Barnes skildi að hann átti hér við mann, sem gleymdi engum varúðarreglum. „Gætið þér nú að“, hélt Mitchel áfram, „ég vissi, að þér sáuð nafn gimsteinna-kaupmannanna á reikningnum. Hvað var þá líklegra en að þér munduð snúa yður til þeirra, til að fá upplýsingar? Augnamið mitt frá upphafi hefur ekki verið það, að hindra að réttvísni hefði framgang, heldur að tefja svo tísmann, að ég ynni veðmál mitt. Dess vegna telegraferaði ég félaginu þessi orð: „Svarið engu, sem Barnes er ritaður undir, fyr en þér heyríð frá mér aftur.“ Þetta er fremur langt hafþræðs-skeyti en ég sé ekki eftir fáeinum dollurum. Búið, sem ég skrifaði þeim á eftir, hafði auðvitað þau áhrif, að félagið gaf yður engar upplýsingar. Þetta var mjög einföld aðferð. En á hinn bóginn hefur mér ekki tekist að fá fullnægjandi svar frá félaginu, og ég állt að það útheimti mann þar á staðnum til þess að grafa

upp það, sem við viljum fá að vita. Ég állt að þér sjálfur séuð einmitt maðurinn, sem ætti að gera það. Degar félagið fær þetta bréf, sem ég er nybúinn að skrifa, þá mun það aðstoða yður alt sem það getur, og hérna er banka-ávisun fyrir fimm hundruð doll. í kostnað yðar“.

Mr. Barnes ætlaði að neita peningunum, en Mitchel lagði að honum, að hann skyldi állta, að hann væri frá þessu augnabliki reglulega í þjónustu sinni viðvikjandi morðmálinu, „þótt þér hafið auðvitað“, bætti hann við hlæjandi, „frfar hendur að klára þjófnáðarmálin“.

Mitchel og Barnes kvöddust með handabandi þegar þeir skildu, og það bar ekki á öðru en að báðir væru hæstánægðir með samtalið og öll viðskiftin.

Arnþjotur B. Olson

XVII. KAPITULI.

NÝARS MIÐDAGSVEIZLA.

Hinn 1. janúar kom, og hafði Mr. Mitchel engin skeyti fengið frá Mr. Barnes. Degar Mitchel spurði eftir Barnes á skrifstofu hans, þá fékk hann ekkert annað svar en þetta: „Yfirmaðurinn er ekki í borginni“. Og Mitchel gat engar upplýsingar fengið um, hvænær Barnes mundi koma heim, eða hvert ætti að skrifa honum eða telegrafara. En fáum dögum áður

hafði Mitchel samt sent honum reglulegan boðsdeil í miðdagsveizluna 1. janúar, með pósti, og skrifaði utan á umslagid til íbúðarhúss hans. Mr. Mitchel pötti illt, að fá ekki neina vísbendingu um, hvort leynilögreglumadurinn mundi koma í veizluna eða ekki. En samt sem áður leyddist Mitchel til að halda áfram veizlu-undirbúningi sínum og reida sig á þá veiku von, sem var um, að Barnes kæmi fram á sjóðarviðid síðasta augnablikid. Mitchel vonaði að svo færi, því annars hlut ráðagerð hans, viðvikjandi þessu kvöldi, að fara út um þúfur að nokkru leyti.

Miðdagsverðurinn átti að byrja kl. 10 um kvöldid, í hinum nafntogaða Delmonico's-sal, og hafði Mitchel leigt þar privat borðstofu. Það vantaði einungis 10 mínútur í tímann, sem ákveðid hafði verið að setjast til borðs, og þá voru allir gestirnir komnir, að Barnes undanskildum. Veizlugestirnir voru: Mr. Van Rawlston, Mr. Randolph, Mr. Fisher, Mr. Newilly—sem hafði ásett sér að vera í New York yfir veturinn—, Mr. Tháuret, og nokkrir fleiri karlmenn.

Klukkan átti einungis eftir hálfa mínútu í tíu þegar dyravörðurinn kallaði upp nafn Mr. Barnesar og hann kom inn í herbergid, klæddur fallegum kvöldsmkvæmisbúningi. Það kom sigurhróssvipur á andlit Mitchels þegar hann sá Barnes koma inn, og hann flýtti sér fram að dyrunum, til að taka á móti þessum gesti sínum. Allir, sem viðstaddir voru, skildu hvors vegna leynilögreglumanninum var boðid, því það var nú orðid alkunnugt, að veðmálið átti

að útkljást klukkan 12 þetta kvöld. Strax eftir að Barnes og hinir aðrir höfðu heilsaat, skipaði Mitchel þjónunum að opna borðstofuna, og á meðan á því stóð, tókst honum að tala nokkur orð einslega við leyndögreglumanninn.

„Segið mér í ftyti, hefur yður hepnast erindi yðar?“ sagði M. tchel.

„Já, algerlega“, svaraði Barnes.

„Ágætt!“ sagði Mitchel. „Skrifið nafn mannsins á sedil, og ég skal fá yður sedil með nafni mannsins á, sem ég álst að sé hinn rétti.“

Mr. Barnes gerði þetta. Síðan fengu þeir hver öðrum sedil sinn, litu á þá, og þrýstu síðan hönd hver annars á einkennilegan hátt. Sama nafnið var á báðum sedlumum. Síðan fóru þeir inn í borðsalinn með hinum öðrum. Því hafði verið hagað þannig til, að Mr. Barnes sat við hlið Mr. Thaurets, en við hina hlið leyndögreglumannsins sat Mr. Fisher.

Það þarf varla að taka það fram, að miðdagsverðurinn var hinn ánægjulegasti og að allir núta hans vel, þótt því sé ekki að neita, að allir biðu þess fremur óþreyjufullir að klukkan yrði tólf. Það er þess vegna ef til vill bezt að komast strax að yfirlýðingunni, sem allir voru þarna samankömdir til að heyrja. Síðasti rétturinn var um garð genginn, og það var búið að láta kaúð og hneturnar á borðið, þegar klukkan tilkynti, að tífinn, sem allir þræðu, væri nú kominn. Strax þegar klukkan sló fyrsta höggið, stóð Mr. Mitchel upp. Hann og allir gest-

irnir þögdðu þartil klukkan var búin að slá, en þá tók Mitchel til máls og sagði:

„Herrar mínir, þér hafið allir sýnt mér þá góða vild, að þiggja boð mitt að vera viðstaddir þegar ég ynni fjótsfærnislegt veðmál, er ég gerði fyrir þrettán mánuðum síðan. Dað er máske undarlegt, að ég skuli hafa unnið veðmálið—því ég lýsi yfir því, að ég hef unnið það—þegar þess er gætt, að tíminn, sem tiltekinn var, er þrettán, tala, sem hjátrúarfullu fólki hættir við að setja í samband við ógæfu, eins og við allir vitum. En til að sýna, að ég tek ekkert mark á því líkum hégiljum, þá tiltók ég tímann þannig af ásettu ráði, og nú í kyð'd, á augnablikinu sem sker á veðmálinu, erum við hér þrettán“. Hann þagnaði hér eitt augnablik, og maður gat séð að ýmsir af gestunum töldu þá, sem viðstaddir voru, til þess að sanna færa sjálfa sig um, hvort þetta væri satt. Síðan hólt Mitchel áfram og sagði: „Hjátrúin viðvíkjandi þrettán við miðdagsveð er ákveðin, og það er álitid að einn af þeim þrettán, er sitja til borðs, muni deyja innan árs. Þess vegna mæli ég nú fyrir skál og tegi: „Lengi lifi allir, sem hér eru viðstaddir—þeir sem verðskulda það“. Þessi síðustu orð, er hann sagði eftir ofurlitna stana, hafði ákveðin áhrif á gestina. En þessi skál var samt drukkin þegjandi.

„Med því að sumir af þeim, sem viðstaddir eru, vita ekki ef til vill upp á hér hvert veðmál mitt var“, hólt Mitchel áfram, „þá verð ég að skyra frá, að fyrir þrettán mánuðum síðan vorum við Mr. Randolph vin-

er minn staddir í svefnvagni á járnbraut milli Boston
 og New York. Hann Mr. Barnes hérna var ryðjón
 að veida glæpamanninn Pettingill svo læglega,
 hann, sem hefur síðan verið fundinn sekur. Bóðin
 voru að hæla Mr. Barnes fyrir þetta, og hið sama
 gerði Mr. Randolph með mörgum og fögrum orðum.
 Ég hélt því fram, að ástæðan fyrir því, að lögreglu-
 mönnum tækist að veida glæpamenn, væri mestmegni-
 is sú, að glæpamennina skorti næga vitsmuni til að
 keppa við hina kunnáttumeiri móttökumenn sína.
 Ég bauð Mr. Randolph að veðja við hann um, að ég
 gæti drygt glæp innan mánaðar frá þeim tíma, án
 þess að ég yrði uppvis að því innan árs eftir þann
 mánuð. Upphæðin, sem ég bauð að veðja, var eitt
 þúsund dollarar og Mr. Randolph veðjaði þessari
 upphæð við mig. Ég gerði það að skilyrði við veð-
 málið, að það yrði að sanna sök á mig innan hins
 ákveðna tíma, þrettán mánaða, en hefði ég samt ver-
 ið tekinn fastur innan þessa tíma og sök sönnuð á
 mig á eftir, þá hefði ég álitid að ég hefði tekið veð-
 málinu. Það er ástæðan fyrir, að ég beið svo ó-
 þreyjufullur eftir að Mr. Barnes kæmi. Ég hafði
 ekki séð hann í nokkuð langan tíma, og það var
 mögulegt að hann gæti verið undir það búinn, að
 taka mig fastann síðasta augnablikid og væri búinn
 að útvega sér næg gögn til að sanna sök á mig á eft-
 ir. En ég hef nú bæði sloppið við að vera tekinn
 fastur og að sök væri sönnuð á mig, herrar minnir, og
 samt sem aður hef ég drygt glæpinn, sem ég veðjaði
 um að ég skyldi drygja.

„Dér verðið að sanna það“, sagði Mr. Randolph, „og samkvæmt samningi okkar verður það að hafa verið glæpur sem mikið var talað um!“

„Dér hafið étt að mæla, vinur minn“, sagði Mitchell, „en ég mun geta sannað allt þetta. Fyrir undarlega tilviljun var þjófnadur framinn aðmu nóttina og á sömu lestinni, sem við gerðum veðmál okkar, og annar þjófnadur var framinn svo að segja á síðustu mínúttinni áður en hann tiltekni mánuður var liðinn. Þannig voru tveir glæpir drygdir innan þess tíma, sem um var samið, og leynilögreglumadurinn, Mr. Barnes, hefur sett nafn mitt í samband við báða þessa glæpi í huga sínum. En til þess að þið skiljið nú kringumstæðurnar betur, verð ég að hverfa til baka til þess, sem ég vil nefna byrjunina. Fyrir mörgum árum síðan kom nokkuð fyrir á lífsferli mínum sem gerði það að verkum, að ég kyntist aðferð þeirri er leynilögreglumann viðhafa, og þá fékk ég hugmyndina, sem leiddi mig út í þetta veðmál, — þá hugmynd, að þegar glæpamanninum hefur tekist að komast hjá að gætur hafi verið hafðar á höfum á meðan hann var að drygja glæp sinn, svo að ekkert vitni er til sem gæti sannað, að það hefði séð hann drygðan, þá sé leynilögreglumadurinn þvínær ráðalauss, þar til hann uppgötvar augnamiðið með að frömjá glæpin. Hef ég ekki rétt fyrir mér í þessa, Mr. Barnes?“

„Að þekkja augnamiðið glæpsins er auðvitað mikil hjálp“, sagði Barnes, „en mikið er komið undir kringumstæðunum“.

„Dað er satt“, sagði Mitchel. „Éu það er samt þyðingarmikið að þekkja augnamiðið. Af þessu ályktaði ég þannig, að ef einhver maður nálgadist annan mann, sem hann væri allsendis ókunnugur, að næturþeli á afviknum stað, berði hann í höfudid og dræpi hann á þá hátt, kæmjst síðan heim til sín, án þess að nokkur maður sæi hann, þá væri það algörlega komið undir glæpamanninum sjálfum, hvort hann fyndist nokkurn tíma eða ekki. Ég vildi fá tækifæri til að reyna þetta; það er að segja, mig langaði til að drýgja glæp einungis til að reyna það, hvort leyniðreglumeunirnir gætu oppgötvað mig á eftir. Einn vandráðin voru, að heiðarlegur maður kynoker sér við jafn vitavert fyrirtæki. Svo árum skifti gat ég þess vegna ekki séð neinn veg til þess, að uppfylla ósk mína, þar til tækifærið barst upp í hendurnar á mér af eintómri tilviljun. Þjónar, fyllið glösin aftur“.

Mitchel beið við á meðan verið var að þessu. Þjónarnir báru kampavín í kring, og þegar þeir komu að Mr. Thauret, þá bað hann um að fylla einnig Burgundyvins-glas sitt. Mitchel var aftur byrjaður að tala þegar þjónninn kom með hið rauða vín og fyllti glas Thaurets með því, eins og hann hafði beið um. Mr. Barnes bað þjónninn þá að fylla einnig glas sitt með sama víninu, og sagði um leið ofurlágt við Thauret: „Ég má ekki drekka of mikið af kampavíni“.

„Eins og þið vitið“, hélt Mitchel áfram, „er það

ein af kreddum mínum, að safna gimsteinum. Fyrir nokkrum árum síðan fékk ég að vita, að dyrblegt samkerfi af gimsteinum væri til sals. Sagan segir, að riskur Austur-India aðalsmaður hafi safnað þessum gimsteinum saman, til að gefa konunni sinni. Þeir voru af allra bestu tegund, og voru tveir af hverri tegund, sem áttu algerlega saman hvað snerti stærð, hvernig þeir voru í lögum og að lit. Nokkru seinna eignaðist aðalsmaðurinn tvær dætur við konu sinni, tvíbura, og dó móðirin rétt eftir að þær fæddust. Dæturnar uxu upp og giftust báðar í einu. Þá tók faðir þeirra gimsteina-samkerfið og skifti því á milli dætranna, og gaf hverri um sig einn stein af hverri tegund. Við þetta lákkuðu gimsteinarnir í verði, því að eiga fleiri gimsteina, sem eiga saman að öllu leyti, eykur verð þeirra. Eignamissir freistaði annarar konunnar til að bjóða gimsteina sína til sals. Þeir voru fengnir gimsteina-kaupmanni í París í hendur í þessu skyni, og hittist svo á, að ég hafði einmitt keypt mikið af gimsteinum í gegnum sama manninn. Hann tók ekki einasta að sér að selja gimsteinana, heldur að láta þúa til ágæta eftirlíkingu af þeim, úr tiltölulega ódýru efni, svo að konan hélt eftir hinum upprunalegu umgjörðum og skreytti sig eftir sem áður með því, sem vinir hennar álitu að væri hinir sönnu gimsteinar. En ég keypti gimsteinana sjálfa. Systir hennar fékk nokkru seinna að vita leyndardóminn, og þegar hún sá, að hún gat haldið áfram að bera gimsteina-skart sitt, þótt hún

m. Fyrir
 þýðilegt
 þau segir,
 að þessum
 máni. Deir
 af hverri
 erti stærð,
 ru seinna
 konu sinni,
 r fæddust.
 Þá tók
 því á milli
 af hverri
 ir í verði,
 n að öllu
 stadi ann-
 ra til sals.
 í París í
 ég hafði
 um sama
 selja gim-
 lskingu af
 onan hélt
 reytti sig
 álitu að
 gimstein-
 einna að
 hún gat
 þótt hún

gerði sér peninga úr gimsteinunum sjálfum, þá fékk hún sama gimsteina-kaupmanninn til að gera sér sama greiða og systur sinni. Mér var auðvitað enn meira hugleikið að ná í stóra gimsteina-samkerfið, því með því að eignast það, uxu gimsteinarnir í hinu samkerfinu mikið í verði. Ég keypti þess vegna einnig stóra samkerfið.

Mr. Mitchel stanzaði ofurlitla stund, til þess að lofa tilheyrendum sínum að ná sér eftir undrunina þess því, að fá að vita, að gimsteinarnir, er stólið þess í verði, voru eign hans.

„Þetta gimsteina-samkerfi var sent til mín frá París í gegnum Boston-tollhúsið“, hélt Mr. Mitchel áfram. „Ég ráðstafaði því þannig við gimsteina-kaupmanninn vegna þess, að mér hafði reynt það svo áður, að það hefur minni töf í för með sér, að fá hluti í gegnum það, en í gegnum New York-tollhúsið. Með því að umbodsmáður minn í Boston hafði tilkynnt mér, að alt væri undirbúið til að afhenda gimsteinana, þá fór ég þangað til þess að veita þeim móttöku. Ég lét veskið, sem gimsteinarnir voru í, í einkennilega handtösku, er ég hafði látið búa til handa mér, og fór með þá á Vendome-hótelid, sem ég hélt til á. Síðar um daginn rakst ég á Mr. Randolph, og samdist svo um með okkur, að ég fór með honum á leikhúsið um kvöldið. Hann hafði ákveðið að leggja á stað til New York með miðnætur-hraðlestinni, og fylgdi ég honum á járnbrautarstöðvarnar. Við stóðum þar og biðum eftir, að rúðin kæmi.

að okkur, að kaupa farseðla, og getið þið nærri hve forviða ég varð, þegar ég tók eftir því, að kona nokkur gekk fram hjá mér og fór upp í lestina með handbaku n. s. í hendinni. Það gat enginn vafi leikið á, að þessu var þannig varið, því handtaskan var einkennileg, bæði að lögun og lit. Ég skildi það auðvitað strax, að það var búið að stela frá mér. Það var þyðingarlaust fyrir mig að fara til baka á hótelið, því ég hefði einungis eytt tíma til ónyttis með því. Ég hugsaði sem svo, að ef svo ólsklegur hlutur skyldi eiga sér stað, að önnur taska væri til, sem væri alveg eins og mín taska, þá væri mín óhult á hótelinu. Mr. Randolph varð þess vegna forviða þegar ég sagðist ætla að verða honum samferða til New York, en ég gerði það, og fengum við báðir pláss í sömu deildinni í svefnvagninum í lestinni. Á meðan ég var að hugsa um, hvað ég ætvi til bragðs að taka í þessu máli—vitandi, að eftir að lestin legði á stað, kæmist þjófurinn ekki af henni fyrr en við kæmum til New Haven—þá byrjaði Mr. Randolph að hæla Mr. Barnes, og þá flaug það í huga minn eins og leiftur, að hér væri tækifærið fyrir mig að prófa hugmynd mína. Ég ásetti mér að stela minni eigin eign frá þjófum. Ég vissi, að þó þetta kæmist upp um mig þá væri ekki hægt að setja mig í fangelsi fyrir það, og að ef það kæmist ekki upp um mig, þá ynni ég ekki einasta veðmál mitt, heldur fengi ég einnig að njóta skemtunarinnar og ánægjunnar, sem ég hafði æstkt eftir í þessu sambandi. Það kom samt nokkuð

fyrir, sem hætt var við að ónýtti þessa ráðgjörð mína. Það hittist sem sé svo underlega á, að Mr. Barnes kom upp í sömu lestina, sem við Mr. Randolph vorum á, kom í sama svefnvagninn, var fengið rúm í næstu deild við okkur og heyrði á tal okkar. Þetta hafði ég auðvitað ekki tekið með í reikninginn“.

„Dér tókuð það nú samt með í reikninginn“, greip Mr. Barnes fram í.

„Dér meinið, að ég neitaði að segja Mr. Randolph hvað ég ætlaði mér að gera, og að ég sagði, að það gæti verið, að einhver heyrði á tal okkar, jafnvel einhver leynilögreglumaður?“ sagði Mitchel. „Þetta er satt, en ég hafði enga hugmynd um, að þessu væri þannig varið. Þetta var einungis sérleg varkárni hjá mér og sýnir, að vér getum aldrei verið of varkárir í tilraunum vorum að gæta leyndarmála vorra. En nokkru seinna heyrði ég, að þér fóruð á fætur, Mr. Barnes, og þegar ég gægðist gegnum tjöldin fyrir deild okkar Mr. Randolphs sá ég, að þér sátuð, eða öllu heldur láguð, vakandi í rúmi í deildinni á móti okkur og höfðuð fortjaldið hálfopið. Ég komst strax að þeirri niðurstöðu, að þér hlytuð að vera leynilögreglumaður. Rekkjunautur minn, Mr. Randolph, sofnaði brátt, en þar sem ég átti á hættu að missa eitt hundrað þúsund dollara virði af gimsteinum, gat ég ekki sofið. Ég var önuum kafinn að hugsa um, hvað ég skyldi taka til bragðs. Ég held nú samt að ég hafi hlötuð að blunda svolftið, því ég veit, að mér varð hærilt við það að uppgötva, að

lestin var stönguð. Ég leit út um gluggann á deild okkar—til allrar hamingju lá ég nær glugganum—og sá, að lestin var komin á járnbrautarstöðvarnar í New Haven. Mér flaug strax í hug, að þjófurinn kynni að fara af lestinni þar. Ég var í þann veginn að fara á fætur, en þá tók ég eftir því, mér til mikillar undrunar, að maður laumadist meðfram hliðinni á lestinni. Ég var þeim megin í lestinni sem vissi frá þeirri hliðinni, sem farþegarnir mundu fara af henni, og hið tortryggilega atferli mannsins kom mér til að hafa gætur á honum. Hann var svo nálægt mér, þegar hann fór fram hjá glugga mínum, að ég hefði getað snert hann með hendinni, ef glugginn hefði verið opin, og um leið og hann fór fram hjá sá ég glögt, við birtuna af rafmagnsljósi einu, að hann bar handtöskuna mína í hendinni. Það hafði eftir þessu nú þegar verið stolið af þjófinum. Maðurinn gekk að kolabyrðu, sem var meðfram vagnsporinu, beygði sig niður og tróð töskunni á bakvið byrðuna. Svo kom maðurinn til baka, og fór upp lestina aftur. Ég sagði við sjálfan mig: „Þessi náungi er leikinn glæpamaður. Hann ætlar sér að vera á lestinni, ef nauðsynlegt er, þangað til að búid er að uppgötva þjófnaðinn, og jafnvel losa að leita á sér. Síðan ætlar hann sér að koma hingað í mestu makindum, og taka töskuna með gimsteinunum í.“ Ég sá, að ég varð að taka eitthvað til bragðs tafarlaust. En ég vissi, að ef ég færi fram úr rúminu og út úr vagninum, þá mundi leynilögreglumadurinn sjá

mig. Ég lyfti því glugganum upp ofur hægt, og fór úmlega út um hann og niður á jörðina. Ég flytti mér þangað sem handtaskan var, tók hana í snatri og hljóp með hana að endauum á járnbrautarstöðva-húsinu, og fann þar pláss, sem ég gat troðið henni langt inn undir pallinn. Síðan klifraði ég aftur inn um gluggann á deild okkar í vagninum, og ég get fullvissað ykkur um, að ég svaf vært eftir það“.

Gestirnir klöppuðu saman lófunum, til að léta í ljósi ánægju sína yfir frásögunni um, hvernig þjófnaðurinn var framinn, og Mr. Mitchel hveigði sig fyrir þeim. En svo tók hann aftur til máls og sagði:

„Þið við, vinir mínir, ég er ekki búinn með söguna ennþá. Konan, sem hafði stolið gimsteinunum frá mér, var svo framúrskarandi ósvífin, að skýra lestarstjórann frá tapi sínu, eða ég setti máskulega úr að segja að hún var svo reið, að hún greip til þessa örprifa-ráðs. Ég hef ástæðu til að álíta, að maðurinn sem faldi handböskuna bakvið kolabyrduna hafði verið í vitorði með konunni, og að með því hún hafði grunað hann um, að hafa stolið gimsteinunum frá sér, þá hafði hún verið viljug til að bera vitni á móti honum, ef hann næðist, og treysta því, að hún slyppi sjálf með því að gerast vitni hins opiðbera. Þegar lestin var að renna inn í New York, skipaði Mr. Barnes svo fyrir, að leitað væri á öllum farþegunum í svefnvögnunum. Mér þótti gaman að því, það segi ég satt. Mér fanst það svo skringilegt að leita að því í New York, sem ég vissi að var í New

Haven. En jafnframt var mér mjög umhugað um, að komast til baka til New Haven eins fljótt og mögulegt var. Þess vegna bauð ég Mr. Barnes að borða morgunverð með mér. Ég lét sem mér væri áhugamál að hann samþykkti, að hann yrði eini lög reglumáðurinn sem rekti slóð mína, en í raun og veru vildi ég komast að því, hvort hann gæti strax sett njósnarmann á hæla mér; það er að segja, hvort hann hefði njósnarmann á Grand Central járnbrautarstöðvunum þá þegar. Ég komst brátt að því, að þessu var þannig varið. Ég neyddist þess vegna til að fara á hótél mitt, eins og ég hefði enga löngun til að fara aftur burt úr borginni. En svo slapp ég frá njósnarmanninum með hjálp brúnna, sem liggja svo þægilega yfir um yfirjarðar-járnbrautina. Ég fór til New Haven, fann handtöskuna, þar sem ég hafði falið hana, og kom henni í geymslu í járnskápaum í hóteli nálægt járnbrautarstöðvunum. Augnamið mitt með þetta er augsefnilegt. Ég vissi, að þjófn- aðarsagan mundi komast í blóðin, og með því að haga mér grunsamlega á hótelinu—ég var auðvitað í dularbúningi—vissi ég, að athygli manna myndi leiðast þangað. Þetta skeði líka, og afleiðingin varð sú, að gimsteinarnir voru afhentir lögreglustjórninni til varðveislu, komust á hinn allra óhultasta stað, sem þeir gátu verið á, hvað mig snerti. Herrar mínir, þetta er sagan um glæpinn sem ég drygði. Alt, sem útheimtist nú, er, að sýna viðurkenninguna frá tollhúsinu í Boston og sölubrúfið frá gimsteinakaup-

manninn í París, til þess að fá aftur eign mína, gimsteinana. Erud þér ánægður með þetta, Mr. Randolph?"

„Algerlega ánægður“, sagði Mr. Randolph. „Dér hafid unnið veðmálið hreint og beint, og ég hef banka-ávisun á mér fyrir upphæðinni, er við veðjudum um, sem þér verðið að þiggja, ásamt lukkuóskum mínum í tilefni af, að yður hefur hepnast svo vel.“

„Ég þakka yður alútlega fyrir“, sagði Mr. Mitchel um leið og hann tók við ávisuninni. „Ég tek við ávisuninni af því, að ég þarf á henni að halda tafarlaust, eins og yður mun verða ljóst að dálftilli stundu líðinni. Ég verð nú að segja yður hina sönnu sögu um síðari eða rúbin-stuldinn.“

Allir gestirnir urðu mjög hissa við þessi orð Mitchels. Mr. Thauret virtist verða ofurlítið órölegur. Hann dreypti svolítið á rauðavins-glassi sínu, og lagði síðan lófann yfir glassið og hélt honum þar nokkur augnablik.

„Dið munið allir eftir“, hélt Mr. Mitchel áfram, „að ég lá veikur í Philadelphia þegar Ali Baba skemti samkoman var haldin. Ég ált að það sé slingasti hluturinn, sem ég hef gert í öllu þessu máli. Hver maður, sem hefði séð mig, hefði vafalaust sannfærst um, að ég væri í raun og veru veikur, og samt sem áður var hósti minn afséðing af meðöllum, sem lækur minn gaf mér inn samkvæmt sérstakri beiðni minni, og í augnamíði sem ég skýrði fyrir honum. Ég gat mér til, að njósnarmaður hefði veitt mér eftir-

för til Philadelphia, og ég gerði þannig ráðstafanir, að ekki var hægt að hafa of nákvæmar gætur á mér, eins og Mr. Barnes veit. En ég átti samt von á, að Mr. Barnes kæmi sjálfur til Philadelphia, eftir það sem skeði á samkomunni, til þess að sjá mig, og átti þessi tilbúna veiki mín að villa honum sjónir. En ég er nú kominn fram fyrir suma viðburðina, er snerta málefnið. Eftir að þjófnaðurinn var framiinn á járnbrautarlestinni, var konan, sem stolið var frá, myrt. Það virtist vera undarleg tilviljun, að hún hélt til í sama húsinu sem konan mín þá átti heima í. Ég vissi, að njósnarmaður fylgdi mér eftir frá leikhúsinu til hússins, er þær Remsen mæðgur bjuggu í, kvöldið sem morðið var framið. Ég vissi líka að það voru aðrar kringumstæfur, sem köstuðu sterkum grun á mig í sambandi við morðið. En ég stóð betur að vígi en leynilögreglumadurinn, því ég vissi að maðurinn, er stal gimsteinunum frá konunni og fann þá ekki þegar hann fór aftur til New Haven til að sækja þá, hlaut að vera afskaplega reiður. Með því að maðurinn eðlilega dæmdi konuna eftir sjálfum sér, hefur hann álitid, að það væri að minsta kosti mögulegt, að hún hefði sjálf tekið gimsteinana úr handtöskunni. Var þá ekki mögulegt að maðurinn—gangandi út frá að þetta hafi getað átt sér stað—hafi farið til konunnar, játað að hann hafi stolið handtöskunni og reynt að fá hana til að meðganga, að hún hefði gimsteinana? Og þegar honum tókst ekki að fá hana til að meðganga þetta, gat hann þá ekki í

bræðis kasti, eða til að hindra hana frá að „segja eftir“, eins og það er kallað, hafa skorð hana á háls?“

„Yður skjátlást hér, Mr. Mitchel“, sagði leynilögregluþátturinn. „Konan var myrt í svefn. Engar ryskingar áttu sér stað“.

„Jafnvel þó svo væri, getur maður hugsað sér að þessi laumulegi þjófur hafi komist inn í húsið og drepð konuna, svo að hann gæti í makindum leitað að gimsteinunum, og einnig til þess að losa sig við félag, sem hann þurfti ekki framar með“, sagði Mitchel. „Að minsta kosti leit ég þannig á málið, og ég var enn fremur sannfærður um, að ég þekti manninn“.

Þegar Mitchel talaði síðustu orðin, rétti Mr. Thaurer út löndina til að taka vínglas sitt, en áður en hann náði til þess, hafði Mr. Barnes tekið það og drukkið til botns. Mr. Thaurer virtist verða óskugrár í framan af reiði, og þá kom líka sjónleikalegt atvik fyrir, sem engir aðrir en þessir tveir menn vissu um. Mr. Thaurer sneri sér að Barnes og virtist í þann veginn veita honum ákúrur, en þá hallaði Barnes stól sínum ofurlítið aftur á bak og sýndi honum hið glansandi hlaup á marghlepju, sem hann hélt á í hendinni undir borðinu. Þetta tók ekki nema fáein augnablik, og strax á eftir virtust þessir tveir menn vera alveg eins og hinir gestirnir og hlusta með áhuga á sögu Mitchels.

„Dar sem ég segi, að ég hafi álitid, að ég þekti manninn“, hélt Mr. Mitchel áfram, „þá veit ég að ég

er að gera staðhæfingu sem þið viljið gjarnan að ég skyri. Fyrst og fremst sá ég þennan náunga, sem faldi handtöskuna á New Haven-járnbrautarstöðvunum. En samt sá ég andlit hans einungis augnablik, og hefði þess vegna ekki verið viss um að þekkja hann aftur. Ég selta nú að leiða athygli ykkar að þeim sannleika, að mjög smá atvik vekja stundum grun hjá manni, grun sem, ef maður notar hann sera leiðbeiningu, getur leitt til þess, að leyndarmál skyrast. Áður en þjófnaðurinn var framinn á lestinni, hafði ég hitt mann nokkurn á klúbb mínum eitt kvöldið, eða öllu heldur séð hann vera að spila þar, og fékk ég þá hugmynd um hann, að hann hefði svik í frammi í spilunum. Nokkrum dögum eftir að þjófnaðurinn var framinn, hitti ég mann þenna aftur, og var Mr. Barnes þá viðstaddur, og þá átti fróðlegt samtál sér stað. Ég var dæltið afsíðis og lézt vera að sinna alt öðru, en var í raun og veru að brjóta heilann um, hvar ég hefði séð andlit þessa manns áður, sem kom mér svo kunnuglega fyrir. Ég hafði auðvitað séð hann á klúbbum, hugsaði ég með mér, en samt sem áður hafði ég það einhvern veginn ósjálfrátt á tilfinningunni, að ég hefði einnig séð hann annarsstaðar. Alt í einu heyrði ég hann játa, að hann hefði verið á lestinni sem þjófnaðurinn var framinn á, sömu nóttina, og að hann hefði verið fyrsti maðurinn, sem leitað var á. Ófurlitilli stundu seinna band hann að veðja við Mr. Barnes um það, að hinar ýmsu hugmyndir, er menn höfðu gert sér

um á hvern hátt þjófurinn hefði falið gimsteinana, væru rangar. Þessi orð hans sannfærðu mig um, að þjófurinn stæði frammi fyrir mér. Þá hafði ég ekki frétt neitt um morðið. Það má ekki gleyma því, að ég var sjálfur flæktur í net grunsemdar af líkum, svo að fyrir utan skyldu máta gagnvart mannfélaginu var lífsnaudsýnlegt fyrir mig, til þess að frelsa sjáfan mig, að geta sannað sekt þessa manns, og þess vegna tók ég upp all-þræfð ráð. Ég gerði þennan náunga að vini mínum. Ég bauð honum til herbergja minna kvöld eitt, og bar það þá upp á hann, að hann hefði sviðið í spilum á klúbbum. Hann gerði sig líklegan til að verða vundur útaf þessari ákæru minni, en ég var mjög stiltur og rólegur, og hef ef til vill gert honum hverft við með því, að stinga uppá, að við gengjum í félag til að fá hina ríku meðlimi klúbbsins. Ég gaf honum í skyn, að ég væri ekki nærr eins ríkur eins og menn álitu að ég væri, og að ég hefði grætt það fé, sem ég setti, við spilaborðin á meginlandi Evrópu. Hann játadi þá, að hann hefði vissa „spila-áferð“, og eftir það létum við sem við værum góðir vinir, þótt ég efnist um, að hann hafi nokkurn tíma trúað mér til hlítar. Ég fékk að vita hjá honum, að maðurinn sem var félagi hans í spiliinu, er hann sveik í, væri algerlega saklaus, og ég lét þenna nýja vin minn lofa mér því, að spila aldrei framár við manninn, því ég hafði uppgötvað, að leyningreglumenn hefðu frétt um þetta spil og vissi, að þeir mundu þess vegna hafa gætur á báðum þess.

um mönnum þegar þeir spiluðu. Ég vildi heldur vera félagi sjálfur í spilum við þvillk tækifæri. Þegar ég var þannig búinn að ná trausti þessa náunga að nokkru leyti, var ég undir það búinn að framkvæma þá stóru ráðagjörð mína, að gabba leynilögreglumanninn, svo að ég gæti unnið veðmál mitt og veitt þann, sem ég hafði grunaðan, í gildruna um leið. Ég hafði furðið upp á, að koma Ali Baba-skemtisamkomunni í gang. Ég sýndi Mr. Barnes dag einn rúblinn, sem ég gaf komunni minni skömmu síðar. En um leið sagði ég honum, að ef hann skyldi komast að þeirri niðurstöðu að ég væri saklaus af þjófnadinum á lestinni, þá væri ekki úr vegi fyrir hann að muna eftir því, að ég ætti þá eftir að drygja glæpinn samkvæmt samningi mínum. Svo ráðstafaði ég því þannig, að skemtisamkoman yrði á nýársdagskvöld, sama kvöldið sem mánuður minn endaði. Ég vissi, að alt þetta mundi koma leynilögreglumanninum til að álíta, að ég ætlaði mér að stela frá unnustu míni, drygja glæp sem ég gæti hæglega sloppið hjá hegningu fyrir með hjálp hennar. En þar dæmdi hann ekki rétt um mig. Ég hefði ekki viljað blanda nafni hennar inn í þannig lagað málefni fyrir þessum meiri upphæð. Hún vissi ekki hið allra minsta um fyrirætlanir mínar, en þó henni væri þá ekki kannugt um hin nákvæmari atvik við þjófnadinn á lestinni, þá kom ég því einhvern veginn inn hjá henni, að veita þjófnum ekki mótsþyrnu, sem hún kann að hafa smyndað sér að væri ég. Eftir að hafa þannig

búið gildruna út, egndi ég hana með því að lokum, að biðja unnustu mína að bera rúbsn-prjóninn í hárinu á samkomunni. Ég fór til Philadelphia og gerði mér upp veiki. Svo slapp ég frá njósnarmanninum og kom til New York. Ég bjóst við, að Mr. Barnes yrði á Ali Baba-samkomunni, og hafði ég ráðstafað hlutunum þannig, að ef hann yrði þar, þá hlýti hann að verða í einum af búningum hinna fjörutfu þjófa. Ég hafði boðið mannum, sem ég hafði grunaðan, að leika Ali B. ba, en hann var svo kær, að fé annan mann til að vera í þeim búningi, og var sjálfur í búningi eins af hinum fjörutfu þjófum. Þetta neyddi mig til að ganga á milli allra, sem voru klæddir þeim búningum, og tala við þá, og ég var svo heppinn, að þekkja bæði hann og Mr. Barnes á rödd þeirra. Í síðasta þættinum af leiknum reyndi Mr. Barnes til að nálgast Ali B. ba, sem hann auglýnilega hafði altaf gætur á, og varð hann þá af tilviljun næst fyrir ofan manninn sem ég hafði grunaðan. Ég óttadist að Mr. Barnes mundi hindra ráðagjörð mína, svo ég tróð mér inn í fylkinguna rétt fyrir aftan hann. Áform mitt var, að freista mannsins, sem ég hafði grunaðan, til að stela rúbsn-prjóninum, því, ef hann gerði það, mundi það að minsta kosti sannfæra mig um, að grunur minn var á gildum rökum byggður. Þetta var ef til vill heimskuleg ráðagjörð, en hún hefnadist samt. Ég hafði ráðstafað hlutunum þannig, að allir yrðu að ganga fram hjá soldáninum og kveðja hann auðmjúklega. Og með því að unnusta mín sat

á gólfinu, var rúðin-prjónunin í hári hennar mjög handhægur fyrir alla, sem fram hjá gengu, og hver sem þekti hið mikla verðmæti steinsins og ágirtist hann, gat hæglega tekið prjóninn. Ég átti fullkomlega von á, að maðurinn, sem ég hafði grunaðan, mundi gera það, enda sá ég að hann dró prjóninn mjög fimlega úr hári unnustu minnar. Mr. Barnes gekk strax áfram og ætlaði að grípa þjófinn, en ég greip aftan í leynilögreglumanninn og hélt honum föstum, fleygði honum síðan inn í þyrpinguna fram undan okkur, og slapp burt úr húsinu í uppáminu, sem varð út úr öllu saman“.

Mr. Mitchel stanzaði hér, og allir þögðu í nokkur augnablik. Öllum fanst einhvern veginn á sér, fremur en að þeir vissu nokkuð um það, að sorgarleikur kynni að vera í nánd. En Mr. Thaurer rauf þögnina og sagði:

„Ætlið þér ekki að segja okkur nafn þessa laumu þjófs?“

„Nei“, svaraði Mr. Mitchel tafarlaust. „En það er rangt af yður að kalla grunaða manninn laumuþjóf. Ef glæpir væri viðurkennt starf, eins og fjárhættuspil í Wall-stræti er nú orðið álitid, þá væri þessi maður talinn djarfur starfsmaður“. Ég verð að játa, að ég dáist að hugrekki hans. En það dygði varla fyrir mig að nefna nafn hans, þar sem ég stend ekki svo að vígi, að ég geti sannað, að hann sé hinn seki maður“.

„Mér skildist að þér segja, að þér hefðuð séð hann stela rúðin-prjóninum“, sagði Thaurer.

„Já, ég sé hann gera það“, sagði Mitchel; „en þar sem ég sjálfur hafði verið grunaður um að hafa gert það, þá hefðu ekki orð mín eins verið nægileg. En nú skal ég segja ykkur, hvað ég hef gert í málinu síðan. Dýðingarmesta sporid fyrir mig var, ef til vill, að hindra, að gimsteinninn yrði seldur. Þetta var ekki erfitt, þar sem steinninn þekktist um alla veröldina. Ég gerði öllum gimsteina-kaupmönnum aðvart um, að gimsteininum hefði verið stolið, og ég lét manninn, sem ég hafði grunaðan, vita, að ég hafði gert þetta. Þar næst vildi ég draga að þessa þæru á hann þangað til í kvöld, stundina, sem útkljáð yrði um veðmál okkar Mr. Randolphs. Ég uppgötvaði brátt, að maðurinn, sem ég hafði grunaðan, væri ekki á móti skapi að giftast ríkri Bandaríkja-stúlku. Hann spurði mig kænlega viðvíkjandi því, hvað mikin auð hún mágkona mín litla stæði til að fá, og ég svaraði á þann hátt, að ég komst að því, að hann mundi leggja alla krafta sína fram til þess að ná í hana. Þá gerði ég það sem ég hefði ef til vill ekki átt að gera, en mér faust ég vera herra kringumstæðanna og geta ráðið viðburðunum. Ég veðjaði við Doru um það, að hún yrði búin að trúlofa sig fyrir kvöldið í kvöld, og ég gerði það að skilyrði, að ef einhverjir bæðu hennar á þessu tímabili, þá skyldi hún hvorki játtast né neita nokkrum biðli. Ég sagði henni einnig, að með þessu móti hjálpaði hún mér talsvert til að vinna veðmál mitt, þó ég neitaði henni um, að segja henni greinilega á hvern hátt hún hjálpaði mér til þess“.

Þetta er skýringin á því hvað Dora meinti, þegar hún spurði Randolph að, hvort peningar hefðu þýðingu á metunum hjá honum gagnvart ást hennar. Þegar hún gerði veðmálið við Mr. Mitchel var henni gramt í geði við Mr. Randolph, sem hikaði sér við að komast í tengdir við vin sinn (Mitobel) á meðan hann grunaði hann um hina alvarlegri glæpi. Þetta var orsökkin til, að hann hafði gefið sig minna við Doru en áður, svo að henni hafði ekki komið hann til hugsar sem biðill þegar hún veðjaði við Mitchel. En þegar hann lýsti yfir ást sinni við hana, þá sá hún í hvaða bobba hún var komin og var í mestu vandræðum, en hún var samt ákveðin í að vinna veðmál sitt, og hagaði sér því á þann hátt sem áður hefur verið skýtt frá.

En þótt Mr. Mitchel hefði ekki nefnt nafn glæpamannsins, þá vissu ýmsir af þeim sem viðstaddir voru, þegar hér var komið söguuni, við hvern hann átti. Og Mr. Randolph sagði með allmiklum ákafa:

„Þetta útskýrir—“, en svo þagnaði hann, vandræðalegur.

„Já“, sagði Mr. Mitchel brosandí, „þetta skýrir allt það, sem þér voruð í vandræðum með að skilja. Verið nú ánægður, þótt þér hafið orðið að bíða þennan tíma, því þér munuð ekki einasta fá meyna, heldur fá Doru hana sem veðfé, og þú getur afur, unnið af mér. Herrar mínir, eigum við að drekka skál Mr. Randolphs, óska honum langa lífdaga og að vonir hans rætist?“

Skálin var drukkin, en allir þögðu. Gestunum fanst einhvern veginn að þeir vera bundnir. Þeir vissu, að það var enn von á meiru, og biðu óþreyjufullir eftir því. Mr. Mitchel tók þá aftur til máls og sagði:

„Herrar mínir, þetta er nú endir sögu minnar, að öðru en því, að ég fékk Mr. Barnes til að taka við þeim þráðum af líkum og sönnunum, er ég hafði fundið, og fól honum að rekja þá og greiða úr þeim, ef hann gæti það. Eigum við ekki að heyra skýrslu hans um þetta efni?“

Arnnyjotur B. Olson

XVIII. KAPÍTULI.

MR. BARNES SEGIR SÍNA SÖGV.

Mr. Barnes stóð þá á fætur, tók til máls og sagði:

„Herrar mínir, ég er einungis óbröttinn maður, og hef valið mér þann starfa í lífinu sem sumir hafa tilhneigingu til að hæðast að, en sem mér finst blátt áfram skylda sérhvers þess sem hefur hiða sérstöku hæfilegleika, er útheimtast fyrir þennan starfa. Hann, sem hefur veitt okkur svo rausnarlega í kvöld, er eini í ljómandi góðan leynilögreglumann, en ég býst við að honum finnist, að hann hafa pyðingarmeiri skyldur að uppfylla í mannfélaginu. Ég bið ykkur að

irgefa hvernig og ávarpa ykkur, því ég er enginn
 þumaður; en ég skal skýra ykkur frá því litla, sem
 hefi gert í þessu máli, og ég setla að byrja á því
 segja, að ef ég hefði ekki notið hinnar álymætu
 toðar Mr. Mitchels, þá hefði ég ekki afkastad noinu
 men málefni“.

Ég fann einkennilegan hnapp í herberginu þar
 morðið var framið, og líktist hann svo mjög
 kerfi af hnöppum sem Mr. Mitchel á, að mér virt-
 þetta benda til, að hann hlyti að vera riðinn við
 þinn á einhvern hátt. Ég eyddi miklum tíma í
 ekja alla þræði, sem ég gat fundið í þessu sam-
 di, og eyddi ég ekki þeim tíma öllum til einkis,
 ég uppgötvaði, að hið sanna nafn hinnar myrtu-
 u var Rose Montalbon, og hjálpaði það mér mik-
 síðari rannsóknum mínum. Loks slepti ég samt
 örlega þeirri hugmynd, að Mr. Mitchel væri sek-
 og játaði þetta afdráttarlaust við hann. Þá sagði
 Mitchel mér nafn kaupmannafélagsins í París,
 hnappar hans höfðu verið pantaðir hjá, og síðan
 ég austur yfir Atlantshaf“.

„Hnappurinn, sem ég fann og hafði með mér,
 ofurlitid gallaður. Þetta var leiðarvisirinn, sem
 þyrjaði rannsókn mína með. Fyrir meðmælingar-
 , sem Mr. Mitchel lét mig hafa, fékk ég gim-
 akaupmennina til þess að ljá mér lið sitt. Þeir
 mig hafa nafn mannsins, sem hafði gert hinar
 eyptu myndir á gimsteinna í hnöppunum, er
 létu búa til og seldu, en þeir vissu ekkert um

gallaða hnappinn. Þeir vissu ekkert hvað orðið var af manningum, og það tók mig meira en mánuð að hafa upp á honum, jafnvel þó lögreglan í París legði mér lið sitt í leitinni. Loks fann ég samt manninn, og hann sagði mér, að hann hefði selt vini sínum gallaða hnappinn. Ég fann þennan vin mannsins eftir nokkra leit, og játaði hann að hann hefði eitt sinn átt hnappinn, en sagðist hafa gefið konu nokkurri hand. Ég eyddi enn nokkrum tíma í að leita þessa konu uppi, en þegar ég fann hana, þekti hún hnappinn og sagði, að önnur kona hefði stolið honum frá sér, kona, sem hún staðhæfði að væri *creole*-kona. Dannið komst ég að lokum á slóð hennar Rose Montalbon, því það var nafnið sem hún notaði á Frakklandi. Það var hægra að rekja slóð hennar undir þessu nafni. Ég fékk brátt að vita, að hún hefði verið í einhverju sambandi við mann sem nefndist Jean Molitaire. Og þá var vandalaust fyrir mig að komast að því, að Molitaire hafði verið í þjónustu gimsteinakaupm. í París, er seldu hnappana, og að hann hefði verið sá af skrifurum þeirra er hafði umsjón á sendingu á vörum, sem þeir seldu og sendu burt. Það var hann sem hafði skrifað hinar tvær lýsingar af gimsteina-samkerfinu, þá sem ég fann í herbergi hinnar myrtu konu, og hina sem Mr. Mitchell hafði í vörzlum sínum. Þetta var tortryggilegt atvik, en ég veit nú hvernig á því stóð, að sama höndin var á báðum skránum, atriði, sem ég hafði verið í miklum vandræðum með hvernig á stóð. Það

hefur verið upplýst, að Mr. Mitchel hafi eitt sinn keypt nokkur pyðingarmikil skjöl að Rose Montalbon, borgað henni þau í demöntum og vísað henni til sömu gimsteinakaupmannanna í París, til að selja þá“.

„Ég gerði það sumpart til að hafa hana burt úr landinu“, sagði Mr. Mitchel, „og sumpart til að geta fengið demantana aftur, í gegnum kaupmennina, enda tókst mér það“.

„Deir skýrðu mér frá því“, sagði Mr. Barnes. „Dað var þegar hún tók á móti peningum sínum hjá kaupmönnum, að hún veitti Molitaire eftirtekt. Dað leið ekki langur tími frá því að konan fékk peningana þar til síðara gimsteina-samkerfið var selt Mr. Mitchel. Þessi skrifari, Molitaire, vissi náttúrlega um gimsteina-kaupin, því hann bjó um gimsteinana þegar þeir voru sendir til flutninga-félagsins, er átti að afhenda þá í Boston. Hann hlýtur þá að hafa fengið konuna til að fara með sér vestur yfir Atlantshafið og verið búinn að brugga það, að stela gimsteinunum frá Mr. Mitchel strax og hann tæki þá út af tollhúsinu. Að þessu er þannig verið sést greinilega á því, að þremur dögum eftir að gimsteinarnir voru afhentir flutninga-félaginu sagði Molitaire upp vistinni hjá kaupmönnum, og frá þeim tíma hefur enginn maður orðið var hvorki við hann né konuna í París, og slóð þeirra hvarf gersamlega“.

„Af þessu dragið þér þá ályktun, Mr. Barnes, að þau hafi fylgt gimsteinunum eftir yfir haufið“, sagði Mitchel.

fi eitt sinn
ose Montal-
að henni til
að selja þá“.
ana bur. fr
til að geta
onnina, enda

Mr. Barnes.
m sínum hjá
ire eftirtekt.
n fékk pen-
var selt Mr.
i náttúrlega
gimsteinana
gains, er átti
þá að hafa
yfir Atlantz-
að stela gim-
n tæki þá út
ð sést greini-
gimsteinarnir
Molitaire upp
m tíma hefur
n né konuna í

, Mr. Barnes,
r yfir haúð“

„Auðvitað geti ég það“, sagði Barnes. „Karl-
maðurinn og kvennmaðurinn skildu þegar þau komu
yfir um hringað, til þess að vekja engan grun. Kon-
an fékk aðgang að herbergjum í sama húsinu, sem
unnusta yðar var í, með svikum, en Molitaire hafði
aðsetur sitt á Hoff oan hótelinu, sem er mjög nálægt
hótelinu er þér hélduð til á. Strax og þér fóruð til
Boston, til að sækja gimsteinana, fylgdu þau yður
eftir pangað og fengu sér auðvitað herbergi á sama
hótelinu þar, sem þér settust að á. Þér fenguð gim-
steina yðar út af tollhúsinu og fóruð með þá á her-
bergi yðar, og á meðan þér voruð úti í borginni fóru
þau, Molitaire og konan, inn í herbergi yðar og stálu
gimsteinunum. Hugmynd yðar um, hvað morðing-
inn hafðist að eftir að þér voruð búinn að ná gim-
steinunum aftur, er að líkindum algerlega rétt.
Hann kom til baka frá New Haven til New York, til
að leita að gimsteinunum, í þeirri von, að konan
hefði ekki látið þá í handtöskuna, eða, öllu heldur,
að hún hefði tekið gimsteinana úr töskunni, sem þér
sjálfur létuð þá í. Ég held að það sé nú ekkert at-
riði eftir, sem ekki hefur verið skýrt til hlftar“.

„Fyrirgefið mér“, sagði Mr. Thauret við leyni-
lögreglumanninn, „ég held að yður skjátlist mjög í
þessu. Að mínu áliti hafið þér enn ekki sýnt, að
þessi maður— hvað nefnduð þér hann nú aftur? Jean
Molitsire, eða var ekki svo? Jája, ég get ekki séð,
að þér hafið rakið glæpin til hans“.

„Ég álit nú samt, að ég hafi gert það“, sagði Mr.
Barnes.

„Yður hefur ekki tekist að gera mér það ljóst ennþá“, sagði Mr. Thuret, jafn stillilega og rólega eins og hann væri hér að ræða málefni er honum kæmi eiginlega ekkert við, og sem honum væri því hér um bil sama um. „Þér sögðuð að þessi kona, hún Montalbon, hafi fyrst veitt þessum manni, Molitaire, eftirtekt þegar hún seldi kaupmönnum demanta stina; síðan sögðuð þér, að þau hefðu bæði horfið burt úr París; að konan hafi aftur komið í leitirnar í New York; en hvernig hafði þér sannað, að þessi Molitaire hafi ekki farið—látum oss segja til Rússlands?“

„Nei“, sagði Mr. Barnes, „hann fór alls ekki til Rússlands. Setjum svo, að ég segi yður, að ég hafi snuðrað uppi þann sannleika, að þetta Molitaire-nafn væri einungis falsnafn, og að hið sanna nafn mannsins sé Montalbon? Þegar við svo minnumat þess, að nafn konunnar hafði verið skorið úr öllum fötum hennar eftir að hún var myrt, er það þá ekki þýðingarmikil bending?“

Þessi ræða Mr. Barnesar vakti talsverða undrun, en Mr. Thuret varð ekki hið minsta hverft við. Hann sagði mjög rólega:

„Allir hlutir eru þýðingarmiklir—en hvernig útleggið þér þetta atriði, ef svo væri að þér gætuð sannað það?“

„Þessi Molitaire var í raun og veru eiginmaður hinnar myrtu konu“, sagði Barnes. „Dau rifust fyrir mörgum árum síðan, og hún fór til New Or-

leans og kom þar á fót peninga-spilahúsi, því hún hafði lært þá iðn af manni sínum. Þegar þau hittust aftur af hendingu í París, þá þekkti hún mann sinn. Og þegar þessi náungi svo fékk þá hugmynd að fylgja gimsteinunum eftir yfir um hafid, þá átti það við fyrirætlanir hans, að látast sættast aftur við konu sína, svo að hann gæti notað hana sem verkfæri. Það er skiljanlegt, að það var honum í hag, að hylja Montalbon nafnið með því, að skera það úr fötum konunnar, eftir að hafa myrt hana“.

„Fyrirgefið mér, að ég held áfram þessari röksemdafærslu“, sagði Mr. Thaurer, „en mér þykir svo gaman að því. Þér gerid mig forviða með því, Mr. Barnes, hvað þér eruð fimur að lesa út verk manna. En eruð þér nú algerlega viss um, að þetta sé rétt hjá yður? Setjum svo, að konan hefði fyrir löngu síðan skorið nafnið úr fötum sínum sjálf, gert það einhvern tíma þegar hún gekk undir fölskum nöfnum, mundi þetta atriði yðar þá ekki tapa nokkru af þýðingu sinni, eða finst yður það ekki? Það er svo erfitt að lesa þessar sannanir, sem einungis eru byggðar á líkum, eins og þér vitið sjálfur. Þegar þér svo hafid mist þennan hlekk úr festinni, hvernig getið þér þá sannað sekt á þennan Molitaire, eða Montalbon? Það, að hann var eiginmaður þessarar konu, er enginn glæpur í sjálfu sér“.

„Nei“, sagði Mr. Barnes, sem nú var kominn að þeirri niðurstöðu, að það væri komið meir en mál að binda önda á þessa þrætu. „Það, að hann var eigin-

maður hinnar myrtu konu, hefur enga þýðingu útaf fyrir sig. En þar sem ég náði í ljósmynd af þessum Molitaire, mynd, sem hann hafði skilið eftir í ógáti í herbergjunum, er hann hafði búið í; og þegar ég svo þekki, að það er sami maðurinn sem Mr. Mitchel hafði grunaðan um morðið, og sem hann narraði til að ganga í þá gildru að stela rúbninum; og þegar ég svo, er ég kom til baka til New York frá Frakklandi, finn hinn stolna rúbn á mannum sjálfum og næ honum af honum,—þá hefur maður nú sannanir í höndum, sem hafa mikla þýðingu“.

„Hafið þér náð rúbninum?“ sagði Mr. Mitchel forviða.

„Já, hann er hérna“, sagði Mr. Barnes og rétti Mr. Mitchel rúbninn. Mr. Thuret beit sig í varin-ar, en hélt sjálfum sér samt í skefjum með hinum sterka vilja sínum.

„Mr. Barnes“, sagði Mr. Mitchel, „mér þykir mjög mikið fyrir að verða að gera yður vonbrigði, en þetta er ekki rúbninn minn“.

„Eruð þér viss um það?“ sagði leynilögreglu-maðurinn, og það var gletnis-geisli í augum hans.

„Já“, svaraði Mr. Mitchel; „en þér eigið jafn mikið hrós skilið eftir sem áður, því þó þetta sé ekki rúbninn, þá er þetta steinninn sem stolið var. Ég á eftirlitlingu úr ódýru efni af öllum gimsteinum mínum, og þegar ég var að gera þessa litlu tilraun viðvikjandi ráðvendni náungans, þá kærði ég mig ekki um að nota jafn dýrmætari gimstein, eins og

rúðinn sjálfur er, fyrir agn. Þess vegna notaði ég eftirlíkinguna af rúðinum, og þetta er hún. Hæ hvornig náðuð þér steininum?“

„Ég er búinn að vera nokkra daga í New York“ svaraði Mr. Barnes. „Ég hef notað þennan tíma til þess, að hafa sjálfur gætur á Mr. Montalbon. Í gær varð ég forviða, þegar ég varð þess var, að hann fór inn á aðal skrifstofu lögreglunnar hér í borginni, það um leyfi til að mega skoða hina stolnu gimsteina og sagði yfirmanninum, að ef hann fengi að skoða gimsteinana, þá kynni hann að geta gefið upplýsingar, sem gerðu þetta undarlega leyndarmál skiljanlegra. Honum var veitt það, sem hann bað um. Mig grundaði strax, að einhver svik byggju undir þessu, svo ég fékk samskyns leyfi til að skoða gimsteinana og hafði með mér mann, sem hefur vit á gimsteinum og þekkir hvort þeir eru sannir eða ekki. Þessi rannsókn okkar leiddi til þess, að það komst upp, að hinn bír Afni fantur hafði skoðað gimsteinana um stund og komið ár sinni svo fyrir borð um leið, að hann skifti á eftirlíkingunni, er hann stal á skemtisamkomunni, og hinum sanna rúðin í samkerfinu á lögreglustöðvunum og sem stolið hafði verið á járnbrautarlestinni á leiðinni frá Boston til New York.“

„Við Júpiter“, sagði Mr. Mitchel, „hann er leikinn glæpamaður! Ég á yður þá það að þakka, þegar alt kemur til alls, að ég hef fengið rúðinn minn aftur, eða, öllu heldur, að ég hef ekki tapað honum; en segið okkur nú, hvornig þér fóruð að ná gimsteininum?“

„Ég heyrði Montalbon segja eitt sinn, í samtali við aðra“, sagði Mr. Barnes, „að hygginn þjófur bæri hinn stolna mun á sér, svo að ekki væri hægt að finna muninn án þess að hann (þjófurinn) vissi af því. Af þessari ástæðu var ég sannfærður um, að Montalbon mundi sjálfur fara eftir þeirri reglu. Þegar ræðurnar voru komnar svo langt hér í kvöld, að augsnilegt var, að öllu saman yrði ljóst að upp, þá lét maðurinn, sem er hér viðstaddur, gimsteininn ofan í rauðavíns-glas sitt, því þar var rúbininn vel falinn, í hinu samlita vini, og létt fyrir þjófinn að taka hann þar aftur, eða gleypa hann. Hann ætlaði sér einmitt að gleypa rúbininn dálftilli stundu síðar, en ég greip glas hans í fýti og drakk vinið úr því, og náði rúbininum þannig auðvitað upp í munninn á mér. Og svo tek ég yður nú fastann, Mr. Montalbon, í nafni réttvísinnis“, bætti Mr. Barnes við og tók um leið utan um handlegginn á manningnum, sem kallaði sig Thaurer. Þegar hinir aðrir gestir heyrðu þetta og sáu, stukku þeir allir á fætur í mikilli geðhræringu, því þeir áttu von á ryskingum. En öllum til mestu undrunar breiðði Thaurer (Montalbon) sig ekki hið minsta í nokkur augnablik, og síðan tók hann til máls og sagði, ofur hægt og skýrt:

„Herrar mínir, við höfum hlustað á ýmsar sögar hér í kvöld; viljið þið nú hlusta á mína sögu, og fella engan dóm í málinu í nokkrar mínútur?“

„Já, við skulum hlusta á sögu yðar“, sagði Mr. Mitchel, sem dáðist að hugrekki og taugastyrk.

n, í samtali
þjófur bæri
ri hægt að
(inn) vissi af
ður um, að
eirri reglu.
ér í kvöld,
jóstað upp,
gimsteininn
rúðininn vel
þjófinn að
dann ætlaði
stundu síðar,
vinið úr því,
í munninn á
Mr. Montal-
arnes við og
nninum, sem
gestir heyrðu
mikilli geðs-
n. En öllum
ontalbon) sig
og síðan tók
ýrt:

ýmsar sögur
sögu, og fella
?“
er“, sagði Mr.
og taugastyrk.

mannsins. Allir settust þá niður aftur, að undan-
skildum leynilögreglumanninum, sem stóð rétt á
bakvið fanga sinn.

„Ég verð að gera yður það ómak, að fylla glasið
mitt aftur“, sagði Thaurer við einn af þjónum, og
eftir að þjónninn hafði gert eins og fyrir hann var
lagt, saup Thaurer á glasinu, eins rólega og ekkert
væri um að vera, og tók síðan til máls og sagði:

„Ég skal ekki þreyta ykkur með langri skytlu.
Ég ætla blátt áfram að gera staðhæfingu. Mannfé-
lagið, það er að segja hið mentaða mannfélag vorra
tíma, gefur ilt auga og hegðir þeim mönnum sem
það nefnir „glæpamanna flokkinn“. En hvað margir
menn hafa nú samt nokkurn tíma rannsakað hið nú-
verandi ástand, prófað orsakirnar sem liggja til þess,
að glæpamenn eru til í mannfélaginu? Lífsferill
glæpamannsins er ekki svo aðlaðandi, að nokkur
maður mundi velja sér hann af frjálsum vilja, ég
meina, nokkur maður sem hafur verið gæddur síð-
ferðislegu eðli. Því er auðvitað óþruvísi varið með
þá menn, sem ekki eru gæddir neinni síðferðis-til-
finning af náttúrunnar hendi. En ef einhver maður
er fæddur án síðferðis-tilfinningar, hverjum er það að
kenna? Er það að kenna einstaklingnum sjálfum,
eða undangengnum orsökum, sem innibinda í sér
bæði foreldri og kringumstæður? Við kennum í
brjósti um mann sem er spiltur af meðfæddri syki,
en við fordæmum hinn manninn, sem er fæddur með
síðferðislegri spillingu, þótt ástand hans sé samvar-“

andi og maður geti rakið það til samskyns orsaka. Ég er einn af þessum mönnum, sem eru fæddir síðferðislega spiltir. Ég játa að ég er það, og ég hef ætíð verið glæpamaður, að minsta kosti hvað snertir það, að afla mér fjár með því sem menn nefna ólögleg meðul. En þér munuð segja, Mr. Barnes“, hélt Thauret áfram og sneri sér eitt augnablik að leynilögreglumanninum—og dró athygli hans þannig að sér, svo að hann (Thauret) gat, án þess að hinn veitti því eftirtékt, laumað ofurlitilli hvítri pillu í vínglas sitt—, að ég hafi verið í þjónustu gimsteina-kaupmannanna. Já, hvað sem ég er, þá hefur það ætíð verið augnamið mitt, að koma fram sem listfengur eða leikinn glæpamaður, eins og Mr. Mitchel játaði fyrir fáum mínútum síðan að ég væri. Með því að láta virðast, að ég hefði ofan af fyrir mér á ráðvand-an hátt, sló ég ryki í hin skörpu augu lögreglunnar í París, svo að þótt grunur legðist oft á mig, þá var lögreglunni algerlega ómögulegt að sanna nokkurn hlut á mig. Og nú, á meðau ég hef verið að látast skýra alt saman fyrir ykkur, þá hef ég ekki skýrt neitt. Ég hafði blátt áfram ásett mér að hindra, að mögulegt yrði að sanna á mig glæpina, sem á mig eru bornir, eins og ég líka geri, svona“.

Um leið og Thauret talaði síðasta orðið, greip hann upp vínglas sitt með svo skjótri hraifingu og drakk úr því til botns, að Mr. Barnes gat ekki hindr-

að það, þótt hætt reyndi það. Og að tíu mínútum
liðnum var Thaurer, eða Mortalbon—hinn leikni
glæpamaður—liðið lík.

[ENDIR.]

Arnjotun B. Olson



